



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

**„Sól gerði eigi skína“**

*Stoðsagnir með nafnhætti í fornnorrænu*

**Ritgerð til M.A.-prófs**

**Heimir Freyr Viðarsson**

**Maí 2009**

**Háskóli Íslands**  
**Íslensku- og menningardeild**  
**Íslensk málfræði**

# **„Sól gerði eigi skína“**

*Stoðsagnir með nafnhætti í fornnorrænu*

**Ritgerð til M.A.-prófs**

**Heimir Freyr Viðarsson**

**Kt.: 311083-4579**

**Leiðbeinandi: Þórhallur Eypórsson**

**Mái 2009**

## Ágrip

Eins og lengi hefur verið vitað eru dæmi þess í fornnorrænu að **stoðsagnir** á b.v. *feta, gera, knega, nema, ráða* og *tjá* séu notaðar í umritunum á aðalsögn í persónuhætti, ekki síst í kveðskap. Sama notkun í lausamáls-textum hefur hins vegar vakið minni athygli í málfræðilegri umræðu og því hafa stoðsagnir með nafnhætti einkum verið tengdar bragfræðilegri uppfyllingu í kveðskap. Í elstu textum, fornnorskum og forníslenskum, bregður öllum þessum sögnum fyrir og hér eru færð rök fyrir því að ekki sé rétt að greina þær á sama hátt. Stoðsögnin *gera* sker sig skýrt úr fram á 13. öld, bæði í kveðskap og í lausamáli, og kemur fram í umhverfi þar sem aðalsögn er sett í **brennidepil**. Stungið er upp á að nefna þessa notkun sagnarinnar **gjörðarstoð** til marks um líkindi við áherslumerkingu *do* í ensku. Frá 13. öld gætir aukinnar tilhneigingar til þess að *gera* sé beitt í umhverfi þar sem erfitt er að koma auga á áherslumerkingu og er þá með nafnháttarmerki. Þetta er túlkað þannig að **endurtúlkun** hafi orðið á setningagerðinni og að stoðsögnin og aðalsögnin *gera* hafi runnið saman.

Setningagerðin er greind með hliðsjón af kenningum um hliðstæð fyrirbæri í tungumálum heims, ekki síst innan lögmála- og færíbreytukenningar og naumhyggjustefnu. Litið er á uppkomu gjörðarstoðar í fornnorrænu sem beina afleiðingu þess að hert merking neitunarhengilsins *-a/-(a)t* hvarf og færsla í brennidepilslið varð ógagnsæ, sbr. **gagnsæislögmálið**. Á því stigi hrynur afleiðsla setningar ef sögn með merkingargrind er sett í brennidepil sem felur jafnframt í sér andstæðu. Í samræmi við hagkvæmniskilyrði er stoðsögninni *gera* því skotið inn í stað markaðrar færslu aðalsagnar. Innskotið er greint sem lokaúrræði þar sem gripið er í **jaðar** fyrri lokins áfanga, höfuð **sL**, þegar afleiðslan hrynur og *s*<sup>o</sup> gátar sterkan brennidepilsþátt sagnar. Við útskrift fær *s*<sup>o</sup> sjálfgefið hljóðform merkingarhlutverksins gerandi.

# Efnisyfirlit

Inngangur	3
<b>1 Gjörðarstoð í fornnorrænu lausamáli</b>	<b>7</b>
1.1 Fyrri skrif . . . . .	7
1.2 Lýsandi yfirlit: lausamál (12.–14. öld) . . . . .	10
1.2.1 Tegundir umhverfis . . . . .	12
1.2.2 Tegundir setninga . . . . .	16
1.2.3 Setningafræðileg staða . . . . .	18
1.2.4 Aðrar stoðsagnir en <i>gera</i> í lausamáli? . . . . .	19
1.3 Breytingar á gjörðarstoð í handritum . . . . .	22
1.4 Tvíræðni í formgerð . . . . .	25
1.4.1 <i>gera</i> sem stoðsögn eða aðalsögn . . . . .	25
1.4.2 <i>gera</i> með nafnhætti í orsakamerkingu . . . . .	29
<b>2 Gjörðarstoð í fornnorrænum kveðskap</b>	<b>31</b>
2.1 Lýsandi yfirlit: kveðskapur (9.–14. öld) . . . . .	32
2.1.1 Merkingarfræðileg atriði . . . . .	34
2.1.2 Setningafræðileg atriði . . . . .	42
2.1.3 Bragfræðileg atriði . . . . .	46
<b>3 Almenn um gjörðarstoð og önnur mál</b>	<b>51</b>
3.1 Vestur-germönsk mál . . . . .	51
3.1.1 Enska . . . . .	51
3.1.2 Hollenska . . . . .	54
3.1.3 Þýska . . . . .	56
3.2 Rómönsk mál . . . . .	58
3.3 Málgerðafræðilegt yfirlit . . . . .	59
<b>4 Fræðilegar greiningar á gjörðarstoð og tengdum fyrirbærum</b>	<b>63</b>
4.1 Gjörðarstoð og sagnbeyging (B-bás) . . . . .	63
4.1.1 Samtímaleg greining . . . . .	63
4.1.2 Söguleg greining . . . . .	68
4.2 Gjörðarstoð og formliðir tengdir neitun og áherslu . . . . .	71
4.2.1 Neitun, andstæðuliður og brennidepilsliður . . . . .	71
4.2.2 Neitun í ákvarðara og/eða höfði neitunarliðar . . . . .	75
4.3 Gjörðarstoð og spurnarfærsla (T-bás) . . . . .	80
4.4 Gjörðarstoð og færsla fallháttá (ákvarðari T-báss) . . . . .	81

<b>5 Greining á fornnorrænu</b>	<b>85</b>
5.1 Tillaga að naumhygginni greiningu á fornnorrænu . . . . .	85
5.1.1 Gjörðarstoð í stað sagnfærslu í brennidepilslið . . . . .	85
5.1.2 Takmarkanir á færslum í brennidepilslið . . . . .	92
5.2 Fleiri setningagerðir með færslum í brennidepilslið . . . . .	96
5.3 Niðurstaða . . . . .	98
<b>Tilvísanir</b>	<b>103</b>
<b>Viðauki I</b>	<b>111</b>
<b>Viðauki II</b>	<b>113</b>

## Inngangur

Það er velþekkt staðreynd að beyging aðalsagna í ensku lýtur ákveðnum takmörkunum sem birtast m.a. í því að skjóta þarf inn *do* í setningum með neitun, andstæðuáherslu og spurnarfærslu. Aðalsögnin stendur þá óhreyfð í sagnlið í nafnhætti:

- (1) a. John **did** not **go**. (*neikvæð staðbæfingarsetning*)  
(\*John went not)
- b. Mary is mad because he did not go.  
– But he **DID go!** (*andstæðuáhersla*)  
(\*But he WENT!)
- c. **Did** he **go?** (*já-/nei-spurnarsetning*)  
(\*Went he?)

Í málfræðilegri umræðu gengur þessi notkun sagnarinnar *do* venjulega undir nafninu „*do*-support“ (sbr. t.d. Chomsky 1991) en verður hér nefnd **gjörðarstoð**. Eins og lesendur geta fullvissað sig um væri í íslensku höfð persónubeygð aðalsögn í öllum þessum dæmum, líkt og í stjörnumerktu svigasetningunum. Flestir teldu að það sama gilti um forníslensku en svo er hins vegar ekki. Í fornnorrænum textum, einkum frá 12. og fram um miðja 13. öld, bregður fyrir lítt kunnri setningagerð meðal norrænna mála með *gera* og nafnhætti í umhverfi ekki alls óskyldu enska dæminu í (1b). Um þessa setningagerð er sýnt dæmi í (2) úr texta frá 12. öld:<sup>1</sup>

- (2) Bý(fcop) f(agþi). Far þu til arenar oc mél þetta. Bý(fcop) bvþr þer at þu stullir þic oc hverfir aftr í farveg þin. Diacnin **gerþi eigi fara** oc hlo at malí bý(fcopf). (Viðræður Gregors, útg. Þorvaldur Bjarnarson 1878:94<sub>10</sub>; AM 677 4<sup>o</sup> [1200-1225])

Samhengið í (2) er að biskup skipar djákna að fara og biðja á nokkra óláta að hemja sig. Djákninn lætur hins vegar ekki segjast, *gerir eigi fara* ‘fer ekki (fet)’ og hlær að biskupi. Dæmi af þessu tagi koma fyrir í ýmsum öðrum textagerðum frá 12. og 13. öld, ekki aðeins elstu miðaldertextum þýddum úr latínu eins og í (2).<sup>2</sup> Sem dæmi mætti nefna hómiliur, postulasögur, heilagra manna sögur, lögbókartexta, konungasögur, fornaldarsögur Norðurlanda og jafnvel Íslendingasögur:

- (3) a. Ef maðr a fe at mane. enda mæla þeir sva með ser. at hann scyli eiga fe þat í lande hans. oc scilia þeir þat eigi gör en sva. Nu **gör hin eigi gialda** feet. þa a han þan kost ef hann vill. at stefna um feet til gialda. oc til ut gongu. oc lata varþa utlegð. (Grágás, útg. Vilhjálmur Finsen 1879:443<sub>9</sub>; AM 334 fol [c1260-70])
- b. Á bó þeim es at røkiom heiter var mvinát gert amóti póli biscope. þetta fymar fem viþa anars staþar. Ener qveyqvor voro lagþar vnder mvinaz efnu. oc alt vandlega til bvæt. þa **gerþe non viþ taca**. oc voro qveykornar onytar rónar (Jarteinabók Þorláks byskups, útg. Larsson 1885:9<sub>2</sub>; AM 645 4<sup>o</sup> [c1220])
- c. nv er sa ockar vinr mestr er til þess helldr at við sé m sem sattastir. oc iafnhalldnir af ollo. en með því at þer afrøkiz oc **gørit eigi fara** sem þer hafit fyr at næðsynligri orþsendingo minni. scalltv við því bvaz at ec

<sup>1</sup>Vitnað er stafrétt til dæma í útgáfum en leturbreytingum (skáletrunum) þar sem leyst er úr böndum er ekki haldið. Í aldursákvörðunum texta (m.v. upphaflegan ritunartíma) er einkum farið eftir *Íslenskri bókmenntasögu* (ÍB) I-II, sbr. viðauka II. Einnig er tekið mið af norskrri málsögu Seips (1955), einkum um hin allra elstu kristilegu rit sem óvissa ríkir um hvort telja beri norsk eða íslensk. Af þessum ástæðum er því venjulega talað um *fornnorræn* rit í þessari ritgerð, nema sérstök ástæða sé til þess að greina að *fornnorsku* og *forníslensku*. Athugið að aldursmörkun innan hornklofa aftan við tilvísun miðast við **aldur handrits** sem varðveitir dæmið, ekki meintan ritunartíma textans. Aldur handrita miðast alfarið við handritaskrá *Ordbog over det norrøne prosasprog* (ONP) í rafrænni gerð.

<sup>2</sup>Latneski frumtextinn sýnir jafnframt að setningagerð með *gera* á sér enga beina samsvörun:

- (1) Quod quando diaconus eius audivit spreuit irridens. (Dialogus Gregorii III, útg. Donnini 1988:404-405)

Í latínu er hægt að nota sögnina *facere* ‘gera’ með nafnhætti en aldrei í sömu merkingu og í dæmi (2) í meginmáli. Sú setningagerð í latínu hefur iðulega orsakamerkingu, sem í fornnorrænu væri táknuð með sögninni *láta*. Í mjög hráum fornnorrænum þýðingum bregður slíkrri orsakamerkingu einnig fyrir með *gera*, sbr. §1.4.2.

- mon gera lið a hendr þer. ... (Sigurðar saga slembidjákns, útg. Finnur Jónsson 1932:429<sub>29</sub>; GKS 1009 fol [c1275])
- d. Ok at þesse veizlu dreckr Atle brudlaup til Gudrunar. Enn **aldri giordi** hugr hennar **vid** honum **hlegia**, ok med litilli blidu var þeirra samvista. (Völsunga saga, útg. Olsen 1906-08:89<sub>20</sub>; NKS 1824 b 4° [c1400-1425])
- e. Þa verðr mikil orrosta oc long oc mikit mannfáll. ihuarra tuegiu lið. oc felr þo meira af villcina monum firir þvi at nordian konungr hævir lið minna. oc margir hava heima sætið. oc **gerðu æigi veita** honum. oc sua lavk þessi orrostu at Nordian konungr kom aflotta oc allir hans menn fara usigr. (Þiðriks saga af Bern, útg. Bertelsen 1905-11:II-67<sub>15</sub>; Holm perg 4 fol [c1275-1300])

Dæmin fela nær iðulega í sér eitthvert forskilyrði (e. *presupposition*) sem síðar er ekki uppfyllt. Yfirleitt eru skilyrðin sýnileg í nánasta textasamhengi, svo sem í fyrirskipun einhvers eða vegna kvaða sem settar eru með lögum. Minnst hefðbundnar handbækur um fornnorrænt mál á slík dæmi er yfirleitt talað um *umritun* á persónuhætti aðalsagnar, sbr. t.d. Falk & Torp (1900), Nygaard (1905) og Iversen (1972). Í þeirri nafngift felst að dæmin hafi sjálf enga merkingu umfram samsvarandi dæmi með aðalsögn í persónuhætti. Jafnframt er ýjað að því að setningagerðin tengist kveðskap, sbr. t.d. Wimmer (1870), en Konráð Gíslason (1872, 1897) kveður setningagerðina vera með neitun í lausamáli en að í kveðskap sé hana að finna í öllum tegundum setninga, sbr. einnig Fritzner (1896) og Nygaard (1905). Í kveðskap eru einnig dæmi um ýmsar aðrar sagnir sem taka þátt í (meintum) umritunum, svo sem *feta*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá*.

Ef *gera* með nafnhætti væri einfaldlega umritun í elstu fornnorrænum textum væri ekki við því að búast að hún takmarkaðist við eitthvert tiltekið umhverfi eða væri algengari í setningum með neitun en í venjulegum fullyrðingarsetningum. Öll dæmin í fornnorrænu lausamáli eiga sér það hins vegar sameiginlegt að tákna einhvers konar andstæðuáherslu, ýmist með eða án neitunar. Þetta er að hluta til svipað umhverfi og í ensku, sbr. (1) og §3.1.1. Ennfremur er ekki rétt að líta á *gera* sem umritun á *persónuhætti* (eða tíð), þar sem einnig eru samsvarandi dæmi um að *gera* sé sjálf í fallhætti undirskipuð háttarsögninni *munu*.

Gjörðarstoð í tengslum við áherslu- eða brennidepilsmerkingu í fornnorrænu býður upp á ýmsar fræðilegar vangaveltur þar sem hliðstæð setningagerð í ensku hefur verið ákaflega fyrirferðarmikið umræðuefni undanfarna áratugi. Þetta á ekki síst við um kenningafræðilega umræðu vegna tengsla gjörðarstoðar við sagnbeygingu í tungumálum heims. Allt frá fyrstu greiningu Chomskys (1957) á gjörðarstoð í ensku sem málfræðilegs neyðarúrræðis (e. *last resort*) hefur hún gegnt lykilhlutverki í að kortleggja leiðir tungumála til þess að láta í ljós sagnbeygingu og eðli málfræðilegra fyrirbæra á b.v. neitun, andstæðuáherslu, sagnfærslu og spurnarfærslu. Þannig hafa t.a.m. Lightfoot (1979), Pollock (1989) og Roberts (1993) reynt að sýna fram á skýr tengsl milli ríkrar sagnbeygingar í tungumálum og gjörðarstoðar, einkum með hliðsjón af enskri málsögu en einnig t.d. af þeim mun sem kemur fram á skandinavísku meginlandsmálunum, íslensku og færeysku (sjá t.d. Roberts 1993, Vikner 2000 og Höskuld Þráinsson 2001, 2007:58-64).

Á svipaðan hátt hefur verið reynt að tengja fyrirbæri líkt gjörðarstoð og andstæðuáherslu í öðrum málum (sjá t.d. Cho 1994, Hagstrom 1996 og Jäger 2006), byggt m.a. á þeirri kenningu að fyrir neðan beygingarlið í setningafræðilegri formgerð sé andstæðuliður (sbr. Laka 1990) sem geti hindrað sagnbeygingu. Sterk gagnrýni á þá kenningu að gjörðarstoð tengist ríkulegri sagnbeygingu kemur fram hjá Benincà & Poletto (2004a) með hliðsjón af norður-ítalskri mállýsku, monnsku. Monnska er mállýska með ríka sagnbeygingu en þrátt fyrir það er skyldubundin gjörðarstoð með færslu í T° í spurnarsetningum.

Fornorrænu dæmin vekja ýmsar spurningar. Þrátt fyrir að dæmin líkist á yfirborðinu gjörðarstoð í ensku kann að vera eðlismunur á *do* og *gera*, enda sér ekki merki slíkrar setningagerðar í yngra máli. Margt kemur hér til álita.

- (4) *Hvernig ber að greina setningagerðina gera + nafnhátt í fornorrænu?*
- Er um að ræða einfalda formgerð þar sem nafnháttinn ber að túlka sem andlag *gera* eða er nafnhátturinn ekki innan sömu setningar?
  - Er um að ræða lyftingar- eða stýringarsögn?
  - Tengist fyrirbærið liðfellingu sagnliðar eða ósögðum andlögum?

Ef nafnhátturinn er ekki innan sömu setningar og *gera* er ekki hægt að líta á sögnina sem málfræðilega (hjálp)arsögn líkt og *do* í ensku, sem þar hefur málfræðilegu hlutverki að gegna við tákun tíðar. Fornorræna leyfði liðfellingar og núlliði mun víðar en leyfist í nútímamálunum (sbr. t.d. Nygaard 1905, Þóru Björk Hjartardóttur 1993, Faarlund 2004) og því væri mögulegt að formgerð dæmanna væri önnur en virðist blasa við, þ.e. að sögnin væri þrátt fyrir allt aðalsögn. Þetta atriði tengist einnig umhverfinu sem *gera* kemur fram með:

- (5) *Hver eru skilyrði þessarar setningagerðar í fornorrænu lausamáli?*
- Kemur setningagerðin aðeins fyrir með neitun?
  - Með neitun, er alltaf um herta neitun að ræða? (Án neitunar, er alltaf um áherslumerkingu að ræða?)
  - Er munur á auka- og aðalsetningum?
  - Er munur á sögnum eða tegundum sagna?
  - Er munur m.t.t. færslna og markaðrar orðaraðar, t.d. í spurnarsetningum?
  - Eru dæmi um svipaða notkun annarra sagna en *gera* líkt og í kveðskap, þ.e. sagna á b.v. *feta*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá*?

Ef *gera* væri einfaldlega aðalsögn, sem gegndi engu sérstöku málfræðilegu hlutverki, kæmi mjög á óvart að hún væri fyrst og fremst með neitun og í hertu samhengi. Ef setningagerðin væri setningafræðilega skilyrt er við því að búast að hún kæmi skyldubundið fram í tilteknu umhverfi, t.d. vegna færslna í tiltekna formlíði (e. *functional projections*) sem gert er ráð fyrir í setningafræðilegri formgerð. Í ljósi þess að setningagerðin kemur fyrir í lausamáli vakna einnig eftirfarandi spurningar um svipað/sama fyrirbæri í kveðskap:

- (6) *Hver eru skilyrði þessarar setningagerðar í fornorrænum kveðskap?*
- Eru skilyrðin þau sömu og í lausamáli?
  - Eru dæmi um þessa setningagerð í kveðskap sem ekki eiga sér hliðstæðu í lausamáli?
  - Er munur á *gera* andspænis öðrum hjálpar- eða stoðsögnum á b.v. *feta*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá*?<sup>3</sup>

Niðurstaða athugunar minnar á *gera* með nafnhætti í fornorrænu er að setningagerðina beri að greina á svipaðan hátt og gjörðarstoð í ensku, þó að fornorræn gjörðarstoð komi ekki fram í jafn víðu setningafræðilegu umhverfi og sú enska.<sup>4</sup> Ennfremur er ekki eðlilegt að telja saman ýmsar sagnir með nafnhætti eins og venja hefur verið að *gera*, sem einkum sé beitt til uppfyllingar í kveðskap. Þessar sagnir mynda ekki samstæðan flokk og hegða sér á ólíkan hátt setningafræðilega, merkingafræðilega og bragfræðilega. Stoðsögnin *gera*, þ.e. *gera* með nafnhætti en ekki aðalsögnin, sker sig skýrt úr hópi hinna sagnanna í kveðskap út 12. öld en eftir það gætir aukinnar tilhneigingar til þess að nota *gera* í umhverfi þar sem engin áherslumerking er sýnileg. Á svipuðum tíma kemur fram breyting í lausamáli sem endurspeglast einnig að einhverju leyti í breyttu umhverfi en þó ekki síst í notkun nafnháttarmerkis, sbr. §1.2.1. Breytingar á dæmum um gjörðarstoð í handritum, sbr. §1.3, renna frekari stoðum undir að á 13. og 14. öld verði breyting.

Þetta þrennt tel ég benda sterkt til þess að endurtúlkun verði á formgerð *gera* með nafnhætti, sennilega um miðja 13. öld, þar sem *gera* er túlkuð sem aðalsögn sem tekur með sér nýjan tengilið sem fyllilið (samsett

<sup>3</sup>Orðið *stoðsögn* er í þessari ritgerð haft um sagnir á b.v. *gera* og *tjá* sem taka með sér nafnhátt (einkum í umritunum) en óljóst er hvort beri að telja til hjálpar- eða háttarsagna.

<sup>4</sup>Sjá yfirlit um athugun á kveðskap og lausamáli í viðauka I. Í meginmáli er allajafna ekki tekið fram hvort dæmin eru einnig skráð í forn málsorðabókum en þær upplýsingar er að finna í viðauka II. Sjá einnig nmlsgr. 1 um aldurstáknun handrita innan hornklofa.



formgerð, tvær setningar). Sú setningagerð á aftur ekkert skylt við málfræðilegu lyftingarsögnina *gera* í dæmum um gjörðarstoð og getur komið fram í hvaða setningafræðilega umhverfi sem er. Endurtúlkunin tryggir jafnframt að hvorki íslenska né norska gátu þróast á svipaða leið og enska, því að samsetta formgerðin er ekki í neinum tengslum við aðalsögnina sem stendur í fallhætti og leysir þ.a.l. ekki af hólmi hefðbundna sagnbeygingu.

Sú greining á fornnorrænni gjörðarstoð sem hér er stungið upp á tengist hugmyndum um færribreytur og hagkvæmni eins og þær birtast í naumhyggjustefnu (e. *minimalist program*), sbr. t.d. Chomsky (1995), með viðbótum sem rekja má til Rizzis (1997) um að tengiliður hafi meiri formgerð en venjulega er talið. Litið verður á fornnorræna gjörðarstoð sem afleiðingu (tak)markaðrar færslu í brennidepilslið (e. *focus phrase*), sem samkvæmt Rizzi er inni í tengilið. Niðurstaða málgerðafræðilegrar athugunar Jägers (2006) er á þá leið að almennt í tungumálum heims sé tilhneiging til þess að gjörðarstoð komi fram vegna setningafræðilegra færslna sem tengjast t.d. áherslu, brennidepli eða spurningum, sem samkvæmt þessum hugmyndum eru í tengilið.

Tilgáta mín er sú að hægt sé að tengja veiklun brennidepilsliðar/-þáttar táknun hertrar neitunar með neitunarhenglinum *-a/(a)t*, sem krafðist færslu í  $T^{\circ}$  (sbr. Þórhall Eypórsson 1995, 2002). Í ljósi þess að hengillinn fól í sér *berta* neitun með sögnum (sbr. Jespersen 1917) túlka ég þessa skyldubundnu færslu nánar tiltekið sem færslu hengilsneitaðrar sagnar í brennidepilslið, innan TL. Mín athugun bendir til þess að á 12. öld fari slík neitun að takmarkast við hjálpar- og háttarsagnir, en að áherslumerking neitunar með aðalsögnum sé jafnan táknuð með *gera*. Þetta hef ég til marks um að ógagnsæi komi fram í færslum sagna í brennidepilslið samkvæmt gagnsæislögmáli Lightfoots (1979) og hann hafi því ekki bolmagn til þess að draga til sín sagnir með hlutaverkagrind (e. *thematic grid*), sbr. styrkleika BL í ensku (sjá t.d. Pollock 1989, 1997, Chomsky 1991, Roberts 1993, Benincà & Poletto 2004a).

Efnisskipan er sem hér segir: Í upphafi 1. kafla verður vikið að fyrri skrifum um *gera* með nafnhætti í fornnorrænu. Í 1. kafla er veitt yfirlit yfir notkun þessarar setningagerðar með *gera* í lausamáli og í §1.2.4 um aðrar sagnir með nafnhætti í lausamáli sem handbækur benda á að séu notaðar líkt og *gera*. Í 2. kafla er yfirlit yfir notkun *gera*, auk sagnanna *feta*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í eddu- og dróttkvæðum. Niðurstaðan í þessum köflum er að *gera* hegði sér á annan hátt en hinar sagnirnar. Áður en kemur að greiningu á fornnorrænni gjörðarstoð (með *gera*) er í 3. kafla veitt yfirlit um hliðstæða setningagerð innan sem utan germönsku málaættarinnar, auk málgerðafræðilegs yfirlits Jägers (2006). Í 4. kafla verður fjallað um fræðileg álitamál í tengslum við greiningar á gjörðarstoð yfirleitt. Í þeim kafla birtist jafnframt sá fræðilegi bakgrunnur sem byggt er á í greiningartillögum 5. kafla. Að lokum er samantekt og niðurstaða.

# 1 Gjörðarstoð í fornnorrænu lausamáli

## 1.1 Fyrri skrif

Í handbók Nygaards (1905) um norræna setningafræði er stuttlega fjallað um þá setningagerð sem hér mun ganga undir nafninu *gjörðarstoð* en Nygaard nefnir umritun með hjálparsögn á persónuhætti aðalsagnar. Samkvæmt honum er umritun af þessu tagi algengust í setningum með neitun. Nygaard (1905:222-223, 1917:33, „anm.“), sýnir eftirfarandi dæmi (sjá tilv. þar):

- (7) a. nú **gerir** konungr **at sjá**, at þar ríðr riddari Samson (Þiðriks saga af Bern)
- b. þá fylgði Jóhannes honum sem þeir er fastast **gerðu** honum **fylgja** (Postula sögur)
- c. Hallkell faðir hans **gerði** eigi **fara** til móts við hann (Heimskringla)
- d. þeir **gerðu** hvergi **at ganga** (Heilagra manna sögur)
- e. **gerðit** hon hjúfra né höndum **slá** (Guðrúnarkviða I)
- f. svá beið hann sinnar ljóssar kvánar ef **koma gerði** (Völundarkviða)
- g. **tjá** buðlungi **blæða** undir (Helgakviða Hjörvarðssonar)
- h. eigi **gerir** hugr minn **hlæja** við honum (Völsunga saga)
- i. Þá settist Glúmr í öndvegi ok **gerði** eigi á brott **ganga** (Víga-Glúms saga)

Samkvæmt Lund (1862:362, „Anm. 1<sup>a</sup>) er þessi setningagerð ekki óalgeng, sérstaklega í skáldamáli, og komi fram með sögnum á b.v. *gera, nema, taka, ná, ráða, geta og verða*.<sup>5</sup> Falk & Torp (1900:198, F&T) nefna *gera* með nh. í fornnorrænu og vitna til Íslenskrar hómiliúbókar, þar sem bent er á samsvarandi notkun í ensku og þýsku alþýðumáli, auk hliðstæðu í norsku og dönsku þar sem hert er á nafnhætti (kjarnafærsla fallháttá). Engar upplýsingar eru hins vegar um setninga- eða merkingarfræðileg skilyrði.

Í nýútkominni handbók Faarlunds (2004) um norræna setningafræði er hvergi minnst á þessa setningagerð. Iversen (1972) nefnir umritun með *gera* og tilfærir eitt dæmi úr Heimskringlu, sbr. (7c). Þar kemur ekki annað fram en að setningagerðin sé algengari en sárasjaldgæf umritun með *vera* í dvalarmerkingu (sjá Iversen 1972:§165.1 „anm.“). Fornmálsorðabækur á borð við Lexicon Poeticum (LP), fornmálsorðabók Fritzners (1896, F) og Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar (1874, C&V) geta einnig dæma af þessu tagi og greina sem umritun.<sup>6</sup> Fritzner (1896:*gera*, 15) segir dæmin einkum vera í setningum með neitun eða í skilyrðissetningum og bætir við að í fimm þeirra dæma sem hann getur er nafnháttarmerkið *at* á undan nafnhættinum „medens dette i Alm. fattes“. Hjá C&V (*göra*, merking C, III) kemur fram að einvörðungu í kveðskap og fornu lausamáli (einkum í lagatextum) komi *gera* fyrir sem hjálparsögn með nafnhætti.

Ellegård (1953:26-27, nmlsgr. 54) og Auwera & Genee (2002) minnst í framhjáhlaupi á fyrirbærið og vísa á dæmi í fyrrnefndum fornmálsorðabókum; Ellegård bendir jafnframt á umfjöllun hjá Grimm (1837). Samkvæmt Grimm (1837:95) er *gera* notuð sem *hjálparsögn* í fornnorrænu rétt eins og í þýsku alþýðumáli. Hann nefnir svipuð dæmi og sýnd eru hjá Nygaard (1905), öll úr kveðskap en aðeins eitt með neitun.

Í kveðskap eru í svipuðu samhengi notaðar sagnirnar *gera, gerask, \*knega, nema, ráða* og *tjá* (sbr. Nygaard 1867:38-39), auk sagnarinnar *feta* (sbr. C&V, Fritzner og LP).<sup>7</sup> Ekki er ljóst að þessar sagnir beri að flokka

<sup>5</sup>Lund bætir við að oft felist viðbótarmerking í þessum dæmum: „Dog ligger der ofte en bibetydning i udrykket, idet det styrende ords betydning mere eller mindre forsvinder og det bliver til en blot formbetegnelse. *þót hinn geri eigi svara þessum orðum*, Grág. I, 69. — *eigi gerir hugr minn hlæja við hánum*. Fornald. I, 122 [...]“. Sennilega er átt við málfræðivæðingu (e. *grammaticalisation*) á *gera* en óljóst er hvort hún er talin tengjast t.d. neitun eða áherslu.

<sup>6</sup>Fritzner bætir því við, án frekari skýringa, að umritun á sögn í persónuhætti tíðkist einnig í alþýðumáli (*Folkesprog*). Trúlega er átt við sömu notkun og hjá F&T(1900:198).

<sup>7</sup>Nygaard (1867) telur *gera(sk)* og *tjá* þó aðeins til gjörðarstoðar (umritunar) en hinar telur hann upp með öðrum „málfræðilegum“ sögnum á b.v. háttarsagnirnar *mega, kunna, ætla, vilja* og *munu* og ýjar því óbeint að því að dæmi með *\*knega, nema* og *ráða* séu annars eðlis en hin. Sögnin *\*knega* er ekki varðveitt í nafnhætti og nafnháttarmynd hennar er því endurgerð.

saman, t.d. segir Grimm (1837:95) að eiginleg merking *nema* sé ‘taka’ (lat. *capere*) en hún geti einnig merkt ‘hefjast, byrja’ (lat. *coepisse*), sbr. einnig Fritzner (1896:*nema*, 6). Lund (1862:358–359) nefnir einnig að þessar sagnir hafi sjálfar merkingu.<sup>8</sup>

Konráð Gíslason (1872) minnst á *gera* í grein sinni um formleg einkenni dróttkvæðs kveðskapar. Í kveðskap setur hann *gera*, að því er virðist, í beint samband við aðrar umritanir sem beitt er í dróttkvæðum. Fyrst ræðir Konráð (1872:288–290) um **umritun á nöfnum** þar sem t.d. *Þórðr* verður *Þórröðr*, og vitnar þar til orða Snorra Sturlusonar um að slíkri umritun sé beitt til þess að kveðandinn haldist (sbr. Konráð Gíslason 1872:288). Þar leyfist skáldum því að brjóta upp einingar sem annars mynda órjúfanleg heild, vegna þess að bragarháturinn krefst þess. Því næst fjallar Konráð (1872:291) um **umritun með kenningum** þar sem þekkt hugtak er brotið upp með líkingamáli, t.d. ef *auga* er umritað sem *tungl ennis*. Þá vísar Konráð (1872:291) sér að **umritun á sögnum**:

- (8) Det er bekjendt, hvorledes Engelsk omskriver sine Verber ved Hjælp af *d o* i spørgende, negtede og forsikkrende Sætninger. Det er fremdeles bekjendt — for ikke at tage flere Exempler — hvorledes Verbet *t h u n* bruges omskrivende i tydsk Folkesprog og tydsk Poesie (som: *i c h t h a t g e h e n f o r i c h g i n g*). I den ældste oldnordiske Prosa tjener Verbet *g e r a* undertiden til Omskrivning, f. Ex. *þ ó t t h i n n g e r e e i g i s v a r a þ e s s o m o r ð u m* (*om endog den anden ikke svarer saaledes*) Grágás ved V. Finsen §38 (I 69<sub>6–7</sub>). Men oldnordisk Poesi har, foruden *g e r a*, mange andre omskrivende Verber og synes at kunne anvende Verbalomskrivning i alle Arter af Sætninger.

Greinilegt er að Konráð þekkir til fleiri mála en ensku og þýsku með einhverja tegund af gjörðarstöð. Eins og víðar kemur fram að *gera* með nh. fyrirfinnst í elsta lausamáli, að mati Konráðs *annað veifið*, „undertiden“. Konráð nefnir engin sérstök (kjör)skilyrði fyrir setningagerðina í lausamáli, svo sem neitandi skilyrðissetningar eins og í Grágásardæminu. Eitthvað slíkt hlýtur Konráð þó að hafa í huga þegar hann segir umritun í kveðskap koma fyrir með fjölda annarra sagna en *gera* og í *öllum gerðum setninga*.<sup>9</sup>

Wimmer (1870:129, §159–60 „anm. 4“) nefnir *gera* í sömu andrá og samsetta tíðarmyndun með t.d. *hafa* og *munu* en minnst aðeins á notkun *gera* í kveðskap. Wimmer telur í því sambandi sögnina *gera* (*göra*) með m.a. sögnunum *ráða* og *láta* sem umritun á nútíð og þátíð. Orðabók Sigfúsar Blöndals (1920–1924:*gera*, C III) kveður *gera* með nh. koma býsna oft fyrir í lagamáli miðalda og í kveðskap. Í orðabók yfir sagnir í Grágás eru tilfærð 27 dæmi um *gera* þar sem hún er notuð með nafnháttarfyllilið (sjá Beck 1983:334–335). Dæmin eru öll með neituninni *eigi* og Beck segir sögnina herða á neituninni („verstärkend in der Verneinung“).

*Íslensk orðabók* (ÍÓ) sýnir eftirfarandi dæmi um sögnina *gera*, án nokkurra athugasemda um staðbundið, fornt eða úrelt málfar (11. merking):<sup>10</sup>

- (9) „*hjálparsögn með nh. með eða án nafnháttarmerkis*“
- hesturinn **gerir** bæði **að bíta** og **slá**
  - hann **gerði fara**
  - eins og **fara gerir**
  - gerðu** (gerið þið) svo vel **að koma** (ganga inn...) (*í kurteislegu boði eða skipun*)

<sup>8</sup>Lund telur upp eftirfarandi sagnir með nafnhætti án nafnháttarmerkis: *skulu, kunna, vilja, muna, mega, verða, eiga, göra, nema, taka, ná, geta, leita, hluta, knega, ráða, feta* og *tjá*. Þessar sagnir eru sagðar auka við merkingu nafnháttarins og tákna t.d. vilja, getu, skyldu, vana, ætlun, upphaf o.fl. Athyglisvert er að *gera* (*göra*), ásamt *feta, knega, ráða* og *tjá* skuli hér taldar með.

<sup>9</sup>Sjá einnig Konráð Gíslason (1897:29) þar sem talin eru upp ýmis málfræðileg atriði sem einkenna kveðskap og þannig dregin skörp skil milli hans og lausamáls. Þar á meðal nefnir Konráð *gera*. Vissulega sé *gera* notuð í t.d. Grágás en í kveðskap séu mun fleiri sagnir notaðar í slíkum umritunum, t.a.m. *feta, geta, knega, ná, nema, ráða* og *una*. Sagnirnar *ná* og *una* eru a.m.k. ekki ótvíræðar stóðsagnir í eddukvæðum (sjá t.d. Kellogg 1988:327, 462) og verða ekki til umfjöllunar hér.

<sup>10</sup>Kristín Bjarnadóttir (p.s.), sem vann að endurskoðun ÍÓ fyrir 3. útgáfu, tjáir mér að merkingar um fornt/úrelt og staðbundið málfar séu ekki áreiðanlegar þar sem þær vantar.

Stirðnaða sambandið (*eins og fara gerir* ‘eins og verkast vill’ í (9c) er dæmi um færslu sagnar í fallhætti með *gera*-innskoti, sem var möguleg í forníslensku, sbr. §1.2.3 og §4.4.<sup>11</sup> Við hinar stoðsagnirnar hefur ÍO yfirleitt þær skýringar að um sé að ræða hjálparsagnir í skáldamáli, nema *knega* sem er sögð fornt mál eða úrelt. Um *feta* segir að hún sé „óeiginleg hjálparsögn“ og merkingin ‘geta’. Hinar sagnirnar virðast því vera taldar án sérstakrar merkingar, eða „merkingarrýrar“, sbr. skýringar við *tjá*. Um *nema* er sérstaklega tekið fram að hún sé „mest til uppfyllingar“.

Í þeim tilvikum sem eftirheimildir geta annarra stoðsagna (eða umritana með nafnhætti) í lausamáli, t.d. með *gera*, *knega*, *nema* og *ráða*, á það helst við um elstu texta, sbr. Fritzner (1896) og C&V (1874). Dæmi eru sárafá en mikilvægt er þó að þær koma sannarlega fyrir utan kveðskapar með nafnhætti. Um *feta* og *tjá* í lausamáli hafa F og C&V engin dæmi en dæmi eru um *knega*, *nema* og *ráða*:<sup>12</sup>

(10) *knega*

10 dæmi: norsk lög (8), Elucidarius (1), Clemens saga (1).

- a. þá **kná grafa** þat í kirkjugarði útanverðum (norsk lög; F, C&V)  
‘then it can be buried in a churchyard’ (C&V)
- b. hann **knátte** engo **bergja** af himneskom sætleik (Elucidarius; F, C&V)  
‘he did not taste’ (C&V)

(11) *nema*

2 dæmi: Postula sögur (1), Þiðriks saga af Bern (1).

(F: *faa* ‘fá’; C&V: *an auxiliary verb, emphatic* ‘hjálparsögn til áherslu’.)

- a. ek **nam eigi trúá** á þat er hann sagði (Postula sögur; C&V)
- b. Falka hestr Þiðreks **nemr** þetta **at sjá** (Þiðriks saga af Bern; F, C&V)

(12) *ráða*

2 dæmi: Íslendingabók (1), Óláfs saga helga (1).

- a. þau lög sem hann **réði upp at segja** (Íslendingabók; F, C&V)  
(= hann upp segði) (F)
- b. þat skolo lög vera, sem hann **réd upp at kveða** (Óláfs saga helga; F, C&V)  
(= sem hann kvað upp) (F)

Ef til vill er vart að undra að málfræðingar hafi í seinni tíð almennt lítið veitt þessum setningagerðum eftirtekt í lausamáli. Mörg dæmin sem sýnd eru í eftirheimildum eru úr kveðskap eða fornum þýðingum helgum, hvort tveggja textum sem varla teldust mjög ákjósanlegir í hefðbundnum setningafræðirannsóknum. Þýddum textum er hætt við beinum áhrifum úr frummálinu og teldust því sennilega áhugaverðara rannsóknarefni í þýðingafraði en málfræði og dæmi úr bundnu máli kunna að lúta bragfræðilegum lögmálum fremur en málfræðilegum. Meðal annars í elsta lagamáli, sbr. (8), og í Heimskringlu, sbr. (7c), má hins vegar einnig finna dæmi um *gera* með nafnhætti. Þar af leiðandi er greinilegt að fyrrnefnd umritun með *gera* (gjörðarstoð), og öðrum sögnum, takmarkast ekki við kveðskap og þýðingar. Hún hlýtur því að hafa verið hluti af eðlilegu fornnorrænu máli.

<sup>11</sup>Slíkar setningagerðir virðist þó hafa verið mögulegar fram yfir aldamótin 1800/1900, sbr. orðabók Sigfúsar Blöndals (1920–1924: *gera*, C III). Sjá umræðu í §4.4.

<sup>12</sup>Sjá hins vegar lausamálsdæmi með *tjá* og *feta* í §1.2.4. Um *feta* er lausamálsdæmi á óprentuðum seðlum ONP. Ég kann Þorbjörgu Helgadóttur hjá ONP bestu þakkir fyrir að veita mér aðgang að óprentuðum sagnalistum orðabókarinnar með öllum söfnuðum dæmum um *feta*, 18 tilv., og *gera*, alls 2468 tilv. Til stendur að gera einnig seðla með hinum sögnunum aðgengilega.

## 1.2 Lýsandi yfirlit: lausamál (12.–14. öld)

Ekki þarf að orðlengja um að í fornnorrænu eru venjulega engar takmarkanir á sagnbeygingu, t.d. í líkingu við hömlur á beygingu aðalsagna í ensku, sbr. §3.1.1.<sup>13</sup> Í fornnorrænu getur venjulega hvaða sögn sem er staðið í persónuhætti, óháð setningafræðilegu umhverfi og hún stendur jafnframt í öðru sæti setningar, á undan neitun og öðrum setningaratviksorðum (sbr. t.d. Faarlund 2004:189-194). Nánari athugun á fornmalstextum og dæmum um *gera* með nafnhætti sem vitnað er til í eftirheimildum leiðir í ljós að gjörðarstoð er meira en umritun á aðalsögn í persónuhætti.<sup>14</sup> Setningagerðin birtist ef aðalsögn er sett í **brennidepil** (e. *focus*).

Brennidepill hefur tiltekin forskilyrði, er háður fyrri textasamhengi, endurspeglast t.d. í setningafræðilegum færslum en þarf ekki að koma fram sem áhersla í framburði (sjá t.d. Benincà & Poletto 2004a:52, Erteschik-Shir 2007:40-42 og tilv. þar). Hér er því um annars konar fyrirbæri að ræða en hefðbundna hljóðfræðilega setningaráherslu.<sup>15</sup> Brennidepill tengist málnotkunarlegum (pragmatískum) þáttum og er venjulega skilgreindur líkt og í (13) (sbr. Höskuld Þráinsson 2005:514, leturbr. þar):

- (13) Sá liður sem felur í sér **nýjustu** eða **mikilvægustu** eða **ófyrrisegjanlegustu** upplýsingarnar í setningunni er í **brennidepli** (e. *focus*) hennar (eða er brennidepill hennar).

Um fræðilegar hliðar brennidepils og brennidepilsliðar verður nánar fjallað í §4.2.1 og §5.1. Þar sem algengt er að neitun feli í sér slíka merkingu (sbr. t.d. Jespersen 1917:4-5, Givón 1979:79-81, Stein 1990:269-271) er eðlilegt að hún komi einkum fram í neikvæðu samhengi. Fornorræn gjörðarstoð kemur hins vegar einvörðungu fyrir þegar brennidepilsmerking tengist aðalsögnum, aldrei með hjálpar- eða háttarsögnum.<sup>16</sup>

Í frásögn af Benedikt frá Núrsíu í Viðræðum Gregors páfa, texta sem snarað var úr latínu yfir á fornnorrænu sennilega um eða upp úr miðri 12. öld, er eftirfarandi dæmi að finna:

- (14) þena man fundo grimmir Gopri .I. faman i hufi sitia hermen Totila k(ono)nf. oc logþo elð i huf hanf oc vilðo breña iní. En elðr **gørþi eigi festafc** i hufino. en iorþin bran umhverfif. (Viðræður Gregors páfa, útg. Þorvaldur Bjarnarson 1878:98<sub>32</sub>; AM 677 4<sup>o</sup> [1200-1225])

Þó að hér sé ekki um frumsaminn texta að ræða er af og frá að *gera* með nafnhætti tengist latneska frumtextanum.<sup>17</sup> Dæmi af þessu tagi er að finna jafnt í þýddum fornnorrænum ritum sem frumsömdum.<sup>18</sup> Ekki er um að ræða skýrt afmarkaðar textategundir heldur birtist setningagerðin í flestum tegundum texta sem ritaðar eru á 12. og 13. öld, t.a.m. í elstu kristilegum textum og lagatextum, en bregður einnig fyrir í konungasögum og jafnvel fornaldarsögum Norðurlanda og Íslendingasögum, sbr. næstu kafla hér á eftir.

Dæmi (14) *en eldr gerþi eigi festask í húsino ætti samkvæmt hefðbundinni greiningu sem umritun á*

<sup>13</sup>Þessum kafla er fyrst og fremst ætlað að vera lýsandi og að mestu leyti óháður setningafræðilegum straumum og stefnum. Sú setningafræðilega sýn sem þó birtist leynt og ljóst tekur mið af hefðbundnum straumum innan lögmála- og færíbreytukennningar (e. *principles and parameters*) líkt og hún birtist t.d. hjá Chomsky (1986, 1991), með nýlegri breytingum í naumhyggjustefnu (e. *minimalist program*), sbr. Chomsky (1995, 2000) og síðar. Sjá einnig Höskuld Þráinsson (2001, 2005).

<sup>14</sup>Frekari grein er gerð fyrir þessari athugun í viðauka I.

<sup>15</sup>Sjá einnig umræðu um samspil brennidepils og áherslu og setningafræðilegrar formgerðar á b.v. brennidepilslið og kjarnalið (e. *topic phrase*) í íslensku hjá Höskuldi Þráinssyni (2005:510-514).

<sup>16</sup>Dæmi um gjörðarstoð með hjálparsögnum koma mjög takmarkað fyrir í kveðskap, sbr. §2.1.

<sup>17</sup>Í latínu eru engin dæmi á b.v. (14). Þar sem (aðal)sögnin *facere* 'gera' kemur fyrir með nafnhætti er hún í orsakamerkingu líkt og *lata* í fornnorrænu. Í þýddum fornnorrænum textum eru raunar einnig dæmi um (aðalsögnina) *gera* með nafnhætti í slíkri orsakamerkingu, t.d. *gera sofa* 'lata sofa', og stafa þau dæmi áreiðanlega af latneskum áhrifum, sjá §1.4.2.

<sup>18</sup>Málið á þýddum kristilegum textum á 12. og 13. öld er venjulega talið með afburðum. ÍB (II-444) kveður t.a.m. elstu postulasögur skrifaðar í þróttmiklum stíl sem sé laus við latínuslettur, þýðingarkeim og setningaskipan sem brjóti í bága við mælt mál, auk þess sem réttara sé að tala um endursögn en eiginlegar þýðingar; frásagnirnar séu greinilega ætlaðar „fiskimönnum og bændum“. Í svipaðan streng tekur Finnur Jónsson (1904-1905:359-363) í bókmenntasögu sinni og fræg eru orð Jóns Helgasonar (1958:16) um að óvíða flói lindir íslensks máls tærari en í Íslenskri hómíliubók.

persónuhætti því að jafngilda setningunni *en eldr festisk eigi í húsino*. Brennidepilsmerkingin er hins vegar skýr í dæmi (14): menn leggja eld að húsi Benedikts og ætlun þeirra er að *brenna húsíð*. Öfugt við ætlun mannanna brennur húsíð hins vegar ekki heldur logar aðeins allt umhverfis það. Önnur leið til þess að orða sömu hugsun og í (14) hefði verið að bera andlagið eða aðalsögnina fram með andstæðuáherslu:

- (15) a. En eldr festisk eigi í HÚSINO ... (*andlag í brennidepli*)  
b. En eldr FESTISK eigi í húsino ... (*aðalsögn í brennidepli*)

Ástæða er til þess að ætla að gjörðarstoðin í dæmi (14) endurspegli frekar (15b) en (15a). Þetta sést einnig á eftirfarandi dæmi úr Íslenskri hómilíubók þar sem sjálf aðalsögnin *ávíta* er í brennidepli. Stíllt er upp andstæðu milli mismunandi breytni hins venjulega manns þegar hann er ávítadur og hegðun Krists við sömu aðstæður.<sup>19</sup>

- (16) vér reipomfc þót ver fém avitaþer of fannar fakar. oc liugom lýtom a anan a móte. en dominuf fvarape engo þa ef loget var a han. oc **gerþe** han **eige avita** ovine fína of fannar fynþer þeirra. at **eige fýnde** han **fik hefna mæinmæla** en véita **kenning**. (Íslensk hómilíubók, útg. Leeuw van Weenen 1993:32v2; Holm perg 15 4° [1200])

Það *hvernig* Kristur ávítar er í brennidepli, ekki t.d. að hann áviti *offum sannar synþir* eða ósannar, þar sem andlag sagnarinnar væri í brennidepli. Brennidepilsmerking aðalsagnarinnar kemur enn betur í ljós með skýringarsetningunni sem fylgir á eftir, þar sem nánar er útlistað í hverju munurinn felst.

Fleiri sambærileg dæmi eru sýnd í (17) úr Konungsbókargerð Grágásar (GKS 1157 fol, frá um 1250):<sup>20</sup>

- (17) a. Þar er menn verða secir vm vig þa scal søkiande **kiosa man** til veganda at domi [...]. en ef hann **gør eigi kiosa**. oc of telrat hann til sac bóta þa ne til hruðninga. (Grágás, útg. Vilhjálmur Finsen 1852:I-I 178<sub>15</sub>)  
b. En þa scal dōma vm frum sökna sem eigi væri a gögnin queþit. Ef domendr **gōra eigi dōma** vm sacir manna. þa scal ganga til lögbergs oc beiða domendr at ganga vt at dōma vm sacir þær er þeir hafá eigi lok a felld. (Grágás, útg. Vilhjálmur Finsen 1852:I-74<sub>6</sub>)

Gjörðarstoð tengist ekki neituninni beint, eins og sést t.d. á eftirfarandi dæmi án neitunar:

- (18) „Herra minn Jesus! huert ætlar modir þin at gera sinn veg? huert man fulltingjari varr ferdaz ætla? huat man drotning heimsins **sua mikil i sinu valldi gera hugsá**?“ (Maríu saga, Jarategnir XIV, útg. Unger 1871b:507<sub>11</sub>; AM 240 V fol [c1330-70])

Í (18) virðist gjörðarstoð vera til marks um mikla undrun, þar sem sögnin *hugsá* er í brennidepli, ekki andlag hennar. Mælandinn verður vitni að undri þar sem María birtist honum. Þetta dæmi er þó óvenjulegt að því leyti að brennidepillinn tengist ekki andstæðu en slík dæmi koma einnig fram í kveðskap (sbr. §2.1). Gjörðarstoð kemur aðeins fyrir í þriðju spurningu mælanda en einmitt þar er aðalsögnin í brennidepli. Í fyrri spurningunum tveimur er hins vegar áherslan á *hvert* María ætli en ekki að hún *ætli* burt.

Þessi munur á sviði brennidepilsins er enn skýrari ef (18) er borið saman við (19):

<sup>19</sup>Dæmið er eins í Norskrí hómilíubók:

- (1) Uér ræiðomfc þo at vér fem ávitaðer umm fannar fakar. ok liyugum lýtum á annan á móte. en droten fvaraðe engu þa er loget var á hann. ok **gerði æigi avita** uvini fína umm fannar fyndir þeirra. at **æigi fyndi** hann **hældr fic hæfna mæin-mæla** en **væita kenning**. (Norsk hómilíubók, útg. Indrebø 1931:78<sub>35</sub>; AM 619 4° [1200-1225])

<sup>20</sup>Almennt í setningum með neitun er svið neitunarinnar tvírátt að því leyti að það getur náð til alls sagnliðarins eða aðeins hluta hans (sbr. Givón 1979:82-84). Givón færir hins vegar rök fyrir því að með andstæðuáherslu sé þessari tvíráðni eytt því að eðlilegra sé þá að túlka svið neitunarinnar vítt þannig að öllum sagnliðnum sé neitað. Gjörðarstoð ætti því á sama hátt að draga úr tvíráðni, sem virðist ákjósanlegt t.d. í lagatextum.

- (19) Huern mun ek fulltings bidia i þeire naudsyn? Huer mun mier myskunna? **Rett eingi madr**, þuiat eigi er þar fylgi fyrir annars framferdir, sem huer hefir fullt at uinna suara fyrir sialfann sig. (Mariu saga, Jarategnir, útg. Unger 1871b:413<sub>1-5</sub>; Holm perg 1 4° [c1450-1500])

Verknaðurinn sem slíkur, þ.e. að biðja fulltingis og að miskunna, er ekki í brennidepli. Þetta sést glögg á því að svar við spurningunni tilgreinir *hver* það er sem muni miskunna og *hvern* sé hægt að biðja fulltingis. Gjörðarstoð felur alltaf í sér áherslu á verknað, þ.e. aðalsögnin er aðgerða- eða athafnarsögn sem úthlutar merkingarhlutverkinu gerandi.<sup>21</sup> Eftirfarandi dæmi sýna einnig umhverfi þar sem gera má ráð fyrir áherslu-merkingu en þar er um annars konar áherslu að ræða:

- (20) a. Ef er truid eigi ordum minum, truid þa iarteinum. (Silvesters saga, útg. Unger 1877:II-262<sub>11</sub>; Holm perg 2 fol [c1425-1445])  
b. Af því er nauðfyn at vér faltem æigi at æinf við ate ok dryc. hældr mæir við fyndum. ok liótum hugrenningum (Norsk hómiliubók, útg. Indrebø 1931:75<sub>20</sub>; AM 619 4° [1200-1225])

Í þessum dæmum er dregin upp andstæða sem felst í upptalningu ólíkra atriða (e. *list interpretation*) og felur í sér kjarnamerkingu (e. *topic*) en ekki brennidepil (sbr. t.d. Benincà & Poletto 2004b og §4.2.1). Þessi merking setti auk þess ekki aðalsögnina sjálfa í brennidepil heldur andlag hennar. Þar af leiðandi er ekki eðlilegt að beita þar gjörðarstoð.

Eins og nánar verður fjallað um í §4.2.2 og §5.1.2 minnir sú áherslumerking sem felst í gjörðarstoð um margt á herta neitun með neitunarhenglinum *-a/-(a)t* í fornnorrænu, t.d. *ferr-at hann* ‘hann fer ekki fet’ (sbr. Jespersen 1917).<sup>22</sup> Jafnvel er mögulegt að líta á gjörðarstoð sem arftaka slíkrar neitunar, því að hert merking neitunarinnar hverfur þegar *-a/-(a)t* fer að lokum að tákna venjulega neitun.<sup>23</sup>

Áður en veitt verður setningafræðilegt yfirlit yfir tegundir setninga með gjörðarstoð, sbr. §1.2.2, skulu nú sýndar helstu tegundir umhverfis í lausamáli.

### 1.2.1 Tegundir umhverfis

Samkvæmt Konráði Gíslasyni (1872:291) er gjörðarstoð í lausamáli takmörkuð við tiltekna setningagerð en í kveðskap er hún notuð í öllum tegundum setninga. Svipaðar lýsingar koma víðar fram í eftirheimildum en þetta er yfirleitt ekki skýrt nánar. Athugun mín staðfestir að fornnorræn gjörðarstoð er einkum í neikvæðum, takmarkandi setningum (sbr. Fritzner 1896). Ef litið er á skiptingu í jákvæðar og neikvæðar fullyrðingarsetningar kemur fram að mikill meirihluti er neikvæðar fullyrðingarsetningar, sbr. töflu 1.<sup>24</sup>

<sup>21</sup>Sjá umræðu í §5.1. Um merkingarhlutverk og tegundir sagna, sjá Höskuld Þráinsson (2005:486-495). Hugsanlegt dæmi um gera með skynjunarsögn er sýnt í §1.4.1, dæmi (52).

<sup>22</sup>Á slík tengsl hefur einnig verið minnst vegna áherslumerkingar *do* í ensku, sbr. §3.1.1.

<sup>23</sup>Í §5.1 verður gerð tilraun til þess að tengja uppkomu gjörðarstoðar hvarfi hertrar neitunar með formlegri hætti.

<sup>24</sup>Talning dæma er ekki án vandamála. Flest dæmi eru varðveitt í mismunandi handritum, stundum með talsverðum orðamun og „sömu“ textar eru til í mismunandi gerðum. Mörg dæmi eru um slíkt í Grágás. Reglan hér er að telja þau dæmi aðeins einu sinni, þ.e. ef *gerr eigi fara* (í sama textasamhengi) stendur bæði í Konungsbókar- og Staðarhólsbókargerð Grágásar, væri aðeins Kgs.-dæmið talið. Vafamál kemur hins vegar upp þar sem tveir textar bera ólíkan titil en innihalda að hluta til sama texta, með nokkrum orðamun. Venjan er að telja aðeins annað slíkra dæma en geta hins sem lesbrigðis, sbr. hér á undan.

Undantekning frá þeirri reglu er þó meðferð mín á (tveimur) dæmum úr Íslenskri og Norskrri hómiliubók, sem ég ákvað að fara með sem tvo ólíka texta. Rök mín fyrir því eru þau að textarnir eru að miklu leyti ólíkir og þeir hafa verið skrifaðir upp annars vegar á Íslandi, hins vegar í Noregi. Því má gera ráð fyrir að bæði norskum og íslenskum skrifara hafi þótt gjörðarstoð eðlilegt mál, enda eru gerðar aðrar málfræðilegar breytingar í þessum textum víða í grennd við dæmin (*of/um*, no. með/án greinis, umorðun á hugtökum o.s.frv.). Einnig eru sex talsvert ung dæmi, án neitunar og með nhm. (sjá (23)), sem vafasamt er að telja hér með, auk tveggja dæma með neitun í Göngu-Hrólfis sögu (1829-30:III-243<sub>1</sub>) og Rémundar sögu (1911:212<sub>4</sub>). Þá er til að lík dæmi komi í tvígang fyrir í sama texta, þannig Grágás (1852:1-178<sub>15</sub>, I-194<sub>16</sub>) og Völsunga saga (1906-08:8<sub>9</sub>, 89<sub>20</sub>). Sjá viðauka II.

Umhverfi með/án neitunar

	tíðni	hlutfall
með neitun	82	79,6%
án neitunar	21	20,4%
	103	100%

**Tafla 1:** Taflan sýnir skiptingu í setningar um *gera* með nafnhætti með og án neitunar í lausamáli. Athugið að dæmi án neitunar geta eftir sem áður verið neikvæð eða herðandi (sjá nánar töflu 2).

(21) a. *dæmi með setningarneitun*

Rett er at hann föri þo fram vörn þot hin **gere eigi svara** þessom orðum ef domendr lofa oc litiz þeim sva at hann vili vorn hans glepia iþvi oc er þat þings afglöpon ef sa duelr vorn. (Grágás, útg. Vilhjálmur Finsen 1852:I-69<sub>6</sub>; GKS 1157 fol [c1250])

b. *dæmi án setningarneitunar*

Hann sætr fót fyrri fot, huat er hann gætr, oc **gerer þiu siðr ganga**, sem þæir nauðga hann mæirr til at skunda. (Thómas saga erkibyskups, útg. Unger 1869:254<sub>24</sub>; Holm perg 17 4° [c1300, no.])

Séu dæmi í töflu 1 án setningarneitunarinnar *eigi* sundurgreind nánar kemur í ljós að stór hluti þeirra dæma er í neikvæðri/herðandi merkingu, sbr. töflu 2.

Tegund umhverfis

	tíðni	hlutfall
neitun	82	79,6%
neikvætt	7	6,8%
herðandi	5	4,9%
jákvætt	9	8,7%
	103	100%

**Tafla 2:** Taflan sýnir hvernig dæmi um *gera* með nafnhætti dreifast á mismunandi tegundir umhverfis í lausamáli. Greint er á milli fjögurra umhverfa: (1) með setningarneituninni *eigi*, (2) í neikvæðu umhverfi með ao. á b.v. *aldrei* og fn. á b.v. *engi* sem hafa neikvæða merkingu, (3) í herðandi umhverfi þar sem merking er ekki (endilega) neikvæð eins og t.d. *siðr* og *fastask*, (4) í jákvæðu umhverfi í venjulegum fullyrðingarsetningum með/án tíðarao. á b.v. *nú/þá* (yfirleitt til marks um breytingu).

(22) a. *dæmi með setningarneitun*

þa verðr mikil orrosta oc long oc mikit mannfal. ihuarra tuegiu lið. oc felr þo meira af villcina monum firir þvi at nordian konungr hævir lið minna. oc margir hava heima sætið. oc **gerðu æigi veita** honum. (Þiðriks saga af Bern, útg. Bertelsen 1905-11:II-67<sub>15</sub>; Holm perg 4 fol [c1275-1300])

b. *dæmi um neikvætt sambengi*

Oc bauþ oft Martino til borþz meþ ser oc **vildi gefa honom margar gjafar**. En hann **geyrþi við engom taca**. (Martinus saga byskups I, útg. Unger 1877:I-567<sub>24</sub>; AM 645 4° [c1225-1250])

c. *dæmi um herðandi sambengi*

En þvi meirr sem dro at pining drottins vars, þa fylgði Johannes honum, sem þeir er **fastast gerðu** honum fylgia (Jóns saga postula I, útg. Unger 1874:413<sub>10</sub>; AM 630 4° [1600-1700])

d. *dæmi um jákvætt sambengi*

„Herra minn Jesus! huert ætlar modir þin at gera sinn veg? huert man fulltingiari varr ferdaz ætla? huat man drotning heimsins **sua mikil i sinu valldi gera hugsa?**“ (=18)

Ef litið er á mun á tegund umhverfis eftir aldri handrita sést að flest dæmi um jákvætt (þ.e. ekki neikvætt eða herðandi) umhverfi eru í handritum frá 16. og 17. öld, sbr. töflu 3. Áætlaður ritunartími textanna er hins vegar 12.-14. öld. Ekki er ljóst hvernig ber að túlka þessa niðurstöðu en hún bendir sannarlega til þess að gjörðarstöð sé fremur óvenjuleg í venjulegum fullyrðingarsetningum í elsta máli. Í flokkinn *jákvætt umhverfi* rata reyndar ýmis dæmi sem mætti halda aðgreindum. Í elstu textum er þar í einu tilviki um að ræða færslu á fallhætti, sbr. dæmi (33), sem hægt er að færa rök fyrir að skuli greina á annan hátt (sjá §4.4), og í öðru er



Tegund umhverfis * aldur handrits						
	13. öld	14. öld	15. öld	16. öld	17. öld	Σ
neitun	60	4	11	2	5	82
neikvætt	2	0	3	0	2	7
herðandi	0	2	0	0	3	5
jákvætt	1	1	1	1	5	9
	63	7	15	3	15	103

Tafla 3: Taflan sýnir tegundir umhverfis eftir aldri handrita.

óljóst hvort greina ber fyllilið *gera* sem sagnorð eða lýsingarorð, sbr. dæmi (32).<sup>25</sup> Flokkurinn stendur því og fellur með ótvíræða dæminu í (22d)/(18), einkum ef litíð er til þess að dæmin sem varðveitt eru í handritum frá 16. og 17. öld eru öll með nafnháttarmerki:<sup>26</sup>

- (23) a. snuet hestumm ydrum og svarit þeim er nv koma til tals vid ydur. og **nv gerer** kongur **ath sia** ath þar rídur riddari Samson (Þiðriks saga af Bern, útg. Bertelsen 1905-11:I-16<sub>23</sub>; AM 178 fol [c1600-1700])
- b. annan dag ärla hefst annar bardagi af nyiu. og at kuelli annars dags þä stod ei fleira vpp af hans lidi en .xu<sup>c</sup>. manna. hallda menn vpp frid skilldi. og bindur huer säar sinna manna. Nu **giora** menn **at lita** huar mikill dreki sigler og skrautlegur og ogrynni annara skipa. (Nitida saga, útg. Loth 1965:26<sub>13</sub>; AM 529 4° [c1500-1550])
- c. Þetta sèr Núdus konúngsson, at hans hetjur eru fallnar í strá niðr, ok atferð þeirra Hjálmtèrs ok Ölvers, ok hugsar at hann muni þar koma í fullan raun, en þó treystir hann vel sínu afli ok hamíngju, því **gjörir** hann **at keyra** hest sinn með sporum, ok ríðr mót Hjálmtèr (Hjálmtés ok Ölvers saga, útg. Rafn 1829-30:III-467<sub>8</sub>; Holm papp 30 4° [c1650-1700])
- d. Nú er sagt frá því, at þeir kaupmenn bjugguz á Eyrum, ok Óláfr Hildisson var þar á laun með Árna fjoruskeif. Þeir báru út um daginn vöru sína. Óláfr gengr út á skip með vöru sína ok hafði hött síðan á hofði. Hermundur stýrimaðr **gerir at lita** manninn ok snýr at honum og spyr hverr væri. Honum verðr stanz at svara. »Hvært er þú eigi Óláfr Hildisson«? segir hann og hleypr at honum ok hrindr honum af bryggjunni á kaf<sup>27</sup> (Sturlunga saga, útg. Kälund 1906-11:I-17<sub>8</sub>; AM 440 4° [c1650])
- e. þat þikjumst ek heyra, at þær þikizt ofgóðir til at mæla við oss, en hverr sem þú ert, munum vèr þora at sjá yðr, aðr enn úti er, en þat er helzt minn grunr, at þetta muni vera Hálfðán konúngur Brönufóstri Hríngsson af Svíþjóð hinni köldu, hverja þú vannst af Ágnari hinum auðga, föðurbróður mínum, en **gjörðir** hann **at slá**, ætti mèr því eigi at þikja kosta vant við þik. (Sörla saga sterka, útg. Rafn 1829-30:III-427<sub>22</sub>; AM 560 d 4° [c1700-1725])
- f. Því næst mælti hón við óvini hans, at þeir skyldu braut reka hann af kirkjunni. Ok þeir **görou at hrinda** hánnum óþyrniliga; enn hann bar þat þó. (Tristrams saga ok Ísöndar, útg. Gíslí Brynjúlfsson 1878:185<sub>15</sub>; AM 543 4° [c1600-1700])

Eins og sjá má eru þessi dæmi yfirleitt ekki alveg hefðbundnar fullyrðingarsetningar heldur er oftast um að ræða breytingu, t.d. eitthvað nýtt eða óvænt.<sup>28</sup> Líkt og í öðrum dæmum sem vitnað er til í þessum kafla er

<sup>25</sup>Í fornálsorðabók C&V er enn eins slíks dæmis getið úr AM 677 4° (1200-1225): *góðir menn göra skýra sitt mál með sannsögli* (677<sub>12</sub>). Í útgáfu þess handrits er *skýra* hins vegar skrifað með hásteflingi (*skýra*), sem táknar langt /r/ í handritum. Góðir menn gjöra því mál sitt *skýrara* (*skýrra*) með sannsögli. Þessi merking er einnig ljós af samhenginu:

- (1) Torvellt oc erfíðfámlicr er fram at fōra gorningar mal lyginar en fa er fatt vill fegia þa þarf fa litt orþana at leita eða gera fer þat of vin fem milo ero roari goþer men en iller oc hlioþari. oc **gora fcyra** fitt mal fanfoglr men i fom orþom en lygner. (AM 677 4° [1200-1225], bls. 12, útg. Þorvaldur Bjarnarson 1878:15<sub>33</sub>)

C&V vitna því ekki orðrétt í dæmið. Ef um væri að ræða sögnina *skýra* í nafnhætti með gjörðarstöð, væri jafnframt við því að búast að í *fám orðum* væri í *færi orðum*; *gera* er hér því aðalsögn.

<sup>26</sup>Sjá einnig nmlsgr. 24.

<sup>27</sup>Upphaf Sturlunga sögu er aðeins varðveitt í síðari alda uppskriftum og útg. getur lesbrigða við dæmið. Í stað *gera* er sögnin *geta* höfð í AM 114 fol [c1630]. Ekki er ljóst hvort er upprunalegra. Fritzner getur t.a.m. ekki dæma um þessa persónulegu notkun á *geta* en F&T (1900:197) hafa dæmin *þá gátu menn at sjá land — þá geta þeir Hákon jarl at lita*.

<sup>28</sup>Í (23a) sýnir t.d. tíðaratviksorðið *nú* þá breytingu að konungur kemur auga á riddarann Samson. Andstæðan er fölginn í því að alla nóttina hefur konungur í hefndarskyni leitað riddarans en hvergi fundið hann. Konungurinn er staddur við hús riddarans

hér því einnig hægt að gera ráð fyrir brennidepilsmerkingu.

Sé nánar lítið á notkun nafnháttarmerkisins má sjá að *gera* tekur yfirleitt með sér beran nafnhátt, sbr. töflu 4. Ef *gera* er málfræðileg sögn er eðlilegast að fylliliður hennar standi án nafnháttarmerkis en orðasafnsbundin sögn tæki aftur á móti með sér beygðan nafnhátt með nafnháttarmerki, sbr. umræðu í §1.4. Við nánari athugun kemur í ljós að dæmi um *gera* með beygðum nafnhætti eru einkum í fornnorrænum textum sem varðveittir eru í handritum yngri en frá 13. öld eða yngri íslenskum textum, sbr. töflu 5.

Nafnháttarmerki		
	tíðni	hlutfall
án nafnháttarmerkis	84	81,6%
með nafnháttarmerki	19	18,4%
	103	100%

**Tafla 4:** Taflan sýnir hve oft *gera* tekur með sér beran nafnhátt (án nafnháttarmerkis) og beygðan (með nafnháttarmerki).

Nafnháttarmerki * aldur handrits						
	13. öld	14. öld	15. öld	16. öld	17. öld	Σ
með nafnháttarmerki	2	2	5	3	7	19
án nafnháttarmerkis	61	5	10	0	8	84
	63	7	15	3	15	103

**Tafla 5:** Taflan sýnir notkun nafnháttarmerkis eftir aldri handrita.

Möguleg skýring á þessum mun er að hann endurspegli endurtúlkun (e. *reanalysis*) á formgerð setninga með *gera* og nafnhætti þar sem nafnhátturinn tilheyrir nýrri tengiliðarvörpun; formgerðin er þá orðin tvær setningar.<sup>29</sup> Endurtúlkunin verður samkvæmt töflu 5 á 15. öld og í kveðskap má sjá svipaðar tilhneigingar til aukinnar notkunar á nafnháttarmerki með *gera* þegar á 14. öld, sbr. töflu 19. Í yngri uppskriftum er jafnframt nokkuð um að dæmum sé breytt, t.d. með því að skipta *gera* út fyrir sögnina *vilja* með nafnhætti eða með því að fjarlægja *gera* og persónubeygja heldur aðalsögnina (sjá nánar §1.3). Elstu dæmi um slíkar breytingar eru þó frá síðari helmingi 13. aldar svo um það leyti virðist setningagerðin vera farin að þykja óeðlileg. Dæmum með beygðum nafnhætti eftir 1300 ætti þar af leiðandi að taka með þeim fyrirvara að setningagerðin sé líklega túlkuð á annan hátt.

Í Íslenskri hómiliubók (frá um 1200) eru engin dæmi um nafnháttarmerki með *gera*. Í Konungsbókargerð Grágásar (frá um 1250) og í Staðarhólsbókargerð (frá um 1260-1270) er hins vegar eitt slíkt dæmi í hvorri, bæði með sögninni *taka við* en annars án nafnháttarmerkis:<sup>30</sup>

og eiginkona riddarans kveðst undrandi á því að Samson hafi ekki orðið á vegi hans því að þeir hafi riðið sömu leið; raunar standi riddarinn fyrir aftan hann. Þá *gerir konungr at sia*, öfugt við fyrr um nóttina.

<sup>29</sup>Nánar er fjallað um tvíræðni í formgerð í §1.4.

<sup>30</sup>Fleiri dæmi eru í fornnorrænu um breytileika í notkun nafnháttarmerkisins, t.d. með *eiga*, *geta*, *kunna*, *þora*, *þurfa* (sjá F&T 1900:196-99). Háttarsögnin *kunna* stendur t.a.m. alltaf með berum nafnhætti í Íslenskri hómiliubók (sbr. Arkel-de Leeuw van Weenen 1977:128) og *biðja* og *vilja* eru einnig án *at* (sbr. F&T 1900:199). Í nútímaíslensku taka hins vegar *kunna* og *biðja* báðar nafnhátt með nhm. Dæmi um breytileika í fornnorrænu eru sýnd í (1), með ópersónulegu sögninni *gera*, *fara* og án nhm. með *biðja*:

- (1) a. Enn hvat **gerir** mer nv **syrgia** ęða međa mik miklvm fōstvm. (Stjórñ, útg. Unger 1862:518<sub>19</sub>; AM 228 fol [c1300-25], ONP)
- b. Sagða ek yðr æigi at ecki myndi **gera at læita** Helye. (*sama rit*: 609<sub>16</sub>; ONP)
- c. Hon **ferr** nu at **hvila** (Saga af Pílatusi, útg. Unger 1874:153<sub>30</sub>; AM 226 fol [c1350-60])
- d. en þa er þv **fer sofa** (Úr læknisbók, útg. Schwabe 2008:2v3; AM 655 4° XXX [c1200-50])
- e. fyllid er nv tíð mín. þviat vnjr .maðr. vitraz mer oc fyndi mer rit oc **bað** mik **lefa**. (Viðræður Gregors páfa, útg. Hreinn Benediktsson 1963:61<sub>5</sub>; AM 921 4° IV 1 [c1250-75])

- (24) a. Þat er oc at sa a soc þa at sokia er með þat mal ferr er domendr **gera** eigi við at **taca**. (Grágás, útg. Vilhjálmur Finsen 1852:I-71<sub>14</sub>)
- b. Ef þeir menn ero samfiorðungs er omaginn er dømþr ahendr oc hinir er aðr hafa. þa scolo þeir föra omagann er aðr höfðo þangat til þes manz er a hendr er dømðr. Ef maðr **gerir** eigi við at **taca** við dømðum omaga samsfiorðungs oc varðar þat Fiör Bavgz Garð. (Grágás, útg. Vilhjálmur Finsen 1879:121<sub>14</sub>)

Dæmin í (24) eru því elstu ótvíræðu dæmi um nafnháttarmerki með gjörðarstoð. Þegar gjörðarstoð er horfin úr málinu er eðlilegt að síðari tíma afritarar fornra handrita skjóti inn nafnháttarmerkinu í slíkum dæmum, til marks um þá túlkun að um aðalsögnina *gera* sé að ræða, sem taki með sér nafnháttarmerki. Eftirfarandi dæmi sýnir ung lesbrigði sem getið er í Grágás (útg. Vilhjálmur Finsen 1883:319<sub>14</sub>) m.t.t. nafnháttarmerkisins:

- (25) Sva ok ef madr **gerir ei kaupa** tidir a kirku sa er a, þa er hann utlagr iij. morkum, enn sa eignaz kirkiu er tidir kaupir a.  
 LESBRIGÐI: AM 181 4° [c1650-1700]: *gerir ecki*; JS 5 4° [c1760-1770]: *gerir ei*; NKS 1915 4° [c1700-1800]: *gjörer ey ad*; Chr. Magnusen i 12° [c1760]: *vill ei*. (Grágás: Kristinna laga þátrr; JS 5 4° [c1760-1770])

Mismunur handritanna felst m.a. í því að *gerir ei(gi) kaupa* verður *gjörir ei að kaupa*, með nafnháttarmerki. Auk þess að breyta neituninni (*ei/ey, ecki*) hefur eitt handrit einnig skipt *gera* út fyrir sögnina *vilja*.

Í Króka-Refs sögu er dæmi um tvíræða formgerð, með og án nafnháttarmerkis:

- (26) Nú er at segia fra þeim Bardi, at þeir **giora bæde sigla** og róa ...  
 LESBR.: AM 586 4° [c1450-1500]: *giora bæde + at* (*sama rit:47*<sub>11</sub>, ONP) (Króka-Refs saga, útg. Pálmi Pálsson 1883:30<sub>14</sub>; AM 471 4° [c1450-1500])

Dæmi af þessu tagi eru óljós þar sem *bæði* kann að vera andlag aðalsagnarinnar *gera*. Um þetta verður nánar fjallað í §1.4.

## 1.2.2 Tegundir setninga

Skipting í aðal- og aukasetningar sýnir að setningagerðin takmarkast ekki við annaðhvort aðalsetningar eða aukasetningar, sbr. töflu 6.

Tegund setningar		
	tíðni	hlutfall
aðalsetning	62	60,2%
aukasetning	41	39,8%
	103	100%

**Tafla 6:** Taflan sýnir skiptingu í aðal- og aukasetningar.

- (27) *dæmi um aðal- og aukasetningu*
- a. Sigualldi beid ok geck eigi vndan. Konungr laust hann .ij. hogg vm herdarnar þuerar. Sigualldi **gerdi ecki a mot taka**. Konungr hætta þa enn sagdi at þeir gerdi illa at þeir brutu bod hans (Sverris saga, útg. Guðbrandur Vigfússon & Unger 1862-68:II-654<sub>7</sub>; GKS 1005 fol [c1387-1395])
- b. Virþe nu þa hver uarr hverfo ér hafeþ þessé goþf boþ. oc reyneþer i þui hvárt ér eroþ goþf men. þui kómr diofoL ftundom við sína men at þeir **gera eige heyra** keningar. Afþui at han þyckifc þa meft comafc fyr allan þrifnoþ þeirra. oc under sic spenia þá. þeirró en fumer er heyra vilia. oc fylger þo enge alúþ. (Íslensk hómilíubók, útg. Leeuw van Weenen 1993:40<sub>r24</sub>; Holm perg 15 4° [c1200])

Ekki blasir við hvers vegna þróunin varð síðar öll í átt til þess að hafa nafnháttarmerkið, sbr. íslensku. Lund (1862:358) nefnir að í allra elsta máli taki sagnir almennt oft með sér beran nafnhátt en að *at* komi inn síðar. Með þeirri breytingu styrkist nafnhátturinn og sé sjálfstæðari. Engu líkara er en að hér sé lýst málfræðivæðingu sem gangi svo til baka í yngra máli.

Það er mikilvæg staðreynd að gjörðarstoð skuli bæði vera í aukasetningum og aðalsetningum því að það bendir eindregið til þess að fyrirbærið tengist ekki hinum hefðbundna tengilið (TL) og aukatengingunni sem teppir höfuð hans í aukasetningum, sem er það sem greinir að aukasetningar og aðalsetningar.<sup>31</sup>

Í töflu 7 eru sýndar tegundir tenginga í dæmum um gjörðarstoð í fornnorrænu lausamáli. Nær öll dæmi um *gera* með nafnhætti í lausamáli eru í herðandi fullyrðingarsetningum, með eða án neitunar (sbr. hér að ofan). Um aðrar setningagerðir, svo sem spurnarsetningar og boðháttarsetningar, eru nær engin dæmi. Aðeins eitt dæmi er í neikvæðri boðháttarsetningu, sbr. (28) sem jafnvel er vafasamt, og einnig aðeins eitt í spurnarsetningu, sbr. (22d)/(18), þar sem *gera* er í fallhætti.

Tegund tengingar		
	tíðni	hlutfall
ótengd	26	25,2%
skilyrðistenging <i>ef</i>	28	27,2%
hliðskipunartenging <i>ok</i>	23	22,3%
gagnstæðistenging <i>en</i>	12	11,7%
skýringartenging <i>at</i>	4	3,9%
tíðartenging <i>er/þegar</i>	4	3,9%
tilvísunartenging <i>er</i>	2	1,9%
afleiðingartenging <i>svá at</i>	1	1,0%
orsakatenging <i>því at</i>	1	1,0%
viðurkenningartenging <i>þótt</i>	1	1,0%
hliðskipunartenging <i>eða</i>	1	1,0%
	103	100%

Tafla 7: Taflan sýnir tegundir tenginga í dæmum um *gera* með nafnhætti í lausamáli.

(28) *neikvæð boðháttarsetning*

Um morguninn eptir er Víðfórrull mjök snemma uppi ok biðr Rémund vakna. „Ok höfum oss í veg, því at vér megum ekki hér vera. **Görum því ekki at dvelja**, ok eigi heldr skulum vér oss í því kvelja.“

LESBR.: *vér megum ekki hér vera. Görum því = nú görir* AM 570 b 4° [c1500-1600], setn. vantar í Holm perg 7 fol [c1450-1475]. (Rémundar saga keisarasonar, útg. Broberg 1911:212<sub>4</sub>; AM 539 4° [c1600-1700], ONP)

Þar sem (28) er stakdæmi er óheppilegt að það skuli aðeins vera varðveitt svo í 17. aldar handriti.<sup>32</sup> Tæplega verður því fullyrt með vissu að gjörðarstoð sé eðlileg í boðháttarsetningum í fornnorrænu.

Samkvæmt þessu yfirliti kemur gjörðarstoð því fyrst og fremst fram í neikvæðum fullyrðingum sem eru aðalsetningar en slíkt setningafræðilegt umhverfi er hins vegar áreiðanlega algengasta samhengi þeirrar meintu áherslu sem birtist í dæmunum. Yfirlitið sýnir einnig að býsna mörg stakdæmi eru um tilteknar setningagerðir, svo sem boðháttar- og spurnarsetningar og eins setningar tengdar með aukatengingum öðrum en skilyrðistengingum. Boðháttar- og spurnarsetningar eru aftur á móti óalgengar setningagerðir í textunum, ekki síst í lögbókinni Grágás, og fremur lítið er um beina ræðu. Fjölbreytileiki tenginganna í dæmum um gjörðarstoð bendir til þess að hún tengist þeim ekki sem slíkum en tengingar á b.v. *en* og *ef* sýna sterkt tengsl við forskilyrði. Sá mikli munur sem er á fjölda dæma í skilyrðissetningum kemur þó aðallega til af því að í lögbókartextanum Grágás eru mörg dæmi af þeim toga, eins og við er að búast í slíkum texta. Í ljósi þessa er e.t.v. óvænt að færri dæmi séu um gjörðarstoð með gagnstæðistengingunni *en* heldur en aðaltengingunni *ok*, sem ætti að vera hlutlausari. Hins vegar er greinileg gagnstæðismerking í mörgum dæma tengdum með *ok*, og jafnframt algengt að undanfarandi hliðskipuð setning hefjist á *en*.

<sup>31</sup>Sjá þó umræðu um klotinn TL í §4.2.1 og §5.1.

<sup>32</sup>Enn tortryggilegra er að í handriti frá 16. öld standi *nú gerir ekki at dvelja* ‘nú stoðar ekki að dvelja’. Þó má vel vera að skrifari breytti dæmi með gjörðarstoð á þann hátt, ef (28) er upprunalegra. Ekki er heldur ljóst hvernig ber að túlka fjarveru dæmisins í handriti frá 15. öld. Loks er rétt að benda á að *dvelja* og *kvelja* rímar.

### 1.2.3 Setningafræðileg staða

Dreifing eftir setningafræðilegri stöðu sýnir að *gera* er yfirleitt í hefðbundnu sæti persónubeygðrar sagnar, með frumlagi í hefðbundnu frumlagssæti, sbr. töflu 8.

Setningafræðileg staða		
	tíðni	hlutfall
hefðb. sæti (T°/B°, B°)	74	71,8%
umröðun so.+frl. (T°)	22	21,4%
frásagnarumröðun (T°)	3	2,9%
undirskipun (S°)	3	2,9%
boðháttur (T°)	1	1,0%
	103	100%

**Tafla 8:** Taflan sýnir setningafræðilega stöðu stoðsagnarinnar *gera*. Greint er á milli fimm tegunda: (1) persónubeygð sögn í hefðbundinni stöðu með frl. í frumlagssæti, *frumlag-sögn* (tengibás T° eða beygingarbás B° í aðalsetningum, beygingarbás B° í aukasetningum), (2) umröðun á sögn og frumlagi vegna reglu um sögn í öðru sæti, *röklíður-sögn-frumlag* (tengibás T°), (3) frásagnarumröðun þar sem persónubeygð sögn er fremst í setningu, *sögn-frumlag* (tengibás T°), (4) undirskipun þar sem *gera* stendur í fallhætti með háttarsögn (*munu*), (5) boðháttur þar sem persónubeygð sögn stendur á undan frumlagi (tengibás T°).

Kjörsvið gjörðarstoðar virðist því vera í beygingarbás, ef gert er ráð fyrir að sögn í persónuhætti flytjist ekki sjálfkrafa upp í tengilið í aðalsetningum (sjá §4.1). Samkvæmt hefðbundnum hugmyndum um formgerð setninga kemur stoðin ótvírætt fyrir í beygingarbás (B°) í aukasetningum, sbr. (29):

- (29) Heilagur guds madr svarar henne at sidr, at hann **gorir** eigi **uppluka** hurdina, at hon mætti inn komaz. (Vitæ patrum II, útg. Unger 1877:II-516<sub>16</sub>; AM 225 fol [c1400])

Þetta er þó ekki eina hugsanlega lýsingin á setningum af þessu tagi. Ef gert er ráð fyrir flóknari formgerð í tengilið setninga (sbr. t.d. Rizzi 1997), þ.e. að á milli aukatengingar og beygingarliðar séu fleiri laus pláss, er ekki sjálfgefið að sögnin standi í B° í (29).<sup>33</sup> Í aðalsetningum kemur *gera* fyrir í tengibás (T°) annaðhvort vegna skyldubundinnar færslu sagnar í persónuhætti í annað sæti setningar (S2) samfara kjarnafærslu atviksorðs, sbr. (30a), eða vegna frásagnarumröðunar, sbr. (30b):

- (30) a. Nv **ger** sa eigi **vp** **halda** er fiðr. þá a söcna er land a. (Grágás: „Ef maðr finnr grip“, útg. Vilhjálmur Finsen 1852:II-185<sub>20</sub>; GKS 1157 fol [c1250])  
b. Þa er maðr er quaddr land sciptis oc **ger** hann eigi **handsala** oc verðr hann utlagr vm þat iii. morcom (Grágás: Landbrigðapátr, *sama rit*:II-87<sub>19</sub>)

Frásagnarumröðun ætti tæplega að bjóða upp á kjörskilyrði gjörðarstoðar því að henni er venjulega lýst á þann hátt að hún tengist eðlilegri framvindu frásagnar en ekki óviðbúnum upplýsingum (sjá Eirík Rögnvaldsson 2005:618 og tilv. þar). Dæmi af þessum toga væru því e.t.v. réttar greind sem færsla í brennidepilslíð, sbr. §5.1, þó að þau líkist frásagnarumröðun á yfirborðinu.

Í yfirlitinu í töflu 8 eru einnig dæmi þar sem *gera* er í sagnarbás (S°), undirskipuð háttarsögninni *munu*. Ég hef fundið þrjú dæmi sem mögulegt væri að greina á þann hátt, sbr. ótvíræða dæmið í (18) í *hv*-spurnarsetningu, dæmi (31) í neikvæðri fullyrðingu og (32) í venjulegri fullyrðingu.<sup>34</sup>

- (31) *neikvæð fullyrðing*: *gera undirskipuð háttarsögninni munu*  
Dat var mælt um þann mann at ængi maðr munnde sa væra er hann sæ at hann **munnde æi lægia gera** (Konungs skuggsjá, útg. Holm-Olsen 1945:26<sub>30</sub>; AM 243 b α fol [c1275], ONP)

<sup>33</sup>Sjá umræðu í §4.2.1 og tillögu að greiningu á gjörðarstoð sem færslu í brennidepilslíð á milli TL og BL í §5.1.

<sup>34</sup>Sambandið (*h*)*lægja gera* líkist dæmum þar sem *gera* er í orsakamerkingu (sbr. §1.4.2). Í þessu dæmi felur aðalsögnin *hlægja* 'koma til að hlæja' hins vegar strangt tiltekið þegar í sér orsakamerkingu og því væri orsakamerkingu *gera* „ofaukið“. Þetta dæmi er því tvírætt.

- (32) *venjuleg fullyrðing: gera undirskipuð háttarsögninni munu þa ugðo þeir þat einna mest, ef hann qveme, at hann mōndi rōkia gera tīþagørþ þeira, oc mōndo þar marger aðrer eftir (snua) siþan.* (Martinus saga byskups I, útg. Unger 1877:I-572<sub>31</sub>; AM 645 4<sup>o</sup> [c1225-1250])

Dæmi (32) er tvírætt að því leyti að *rōkia* kann að vera sögnin *rækja* ‘hafna’ eða samsvarandi lýsingarorð *rækr*. Nokkrum línum neðar í þessum sama texta kemur fyrir ótvírætt dæmi um sögnina *rækja* og mætti e.t.v. hafa það til marks um að ekki sé ólíklegt að í (32) sé um að ræða sögnina.<sup>35</sup> Þessi síðastnefnda staða sýnir að gjörðarstoð tengist ekki persónu- eða tíðbeygingu sagna á nokkurn hátt, öfugt við það sem gjarna er sagt um svipað fyrirbrigði í ensku og þýsku (sjá §3.1.1 og 3.1.3).

Loks er í (33) sýnt dæmi um gjörðarstoð í lausamáli með kjarna-/stílfærslu á fallhætti, sem kann að hafa verið skyldubundin eins og í mörgum öðrum germönskum málum, þ. á m. dönsku, þýsku og hollensku.<sup>36</sup>

- (33) *kjarna-/stílfærsla á sögn í fallhætti: gera í persónuhætti*  
Silvester mællti: «**Trua gjörði** hann þa vin guds.»  
(Silvesters saga, útg. Unger 1877:II-263<sub>31</sub>; Holm perg 2 fol [c1425-1445])

Sögninni *gera* er því skotið inn til þess að uppfylla kröfu um að með frumlagi standi sögn í persónuhætti. Brennidepilsmerkingin er í þessu dæmi hins vegar fólgin í færslu á aðalsögninni en ekki *gera*.<sup>37</sup> Sögnin virðist því hegða sér á svipaðan hátt og hver önnur hjálpar- og háttarsögn.

#### 1.2.4 Aðrar stoðsagnir en *gera* í lausamáli?

Umfram þau dæmi sem getið er í fornmálsorðabókum, sbr. §1.1, hefur lítið orðið ágengt í að finna dæmi um aðrar stoðsagnir í lausamáli en *gera*, sem oft er sagt að séu til bragfræðilegrar uppfyllingar í kveðskap. Sú staðreynd að slík dæmi komi yfirhöfuð fyrir í lausamáli er hins vegar mjög merkileg og ætti að vekja spurningar um réttmæti þess að tala fyrst og fremst um bragfræðileg not þeirra í kveðskap.

Eins og fyrr kom fram hafa Fritznar og C&V ekki dæmi um sagnirnar *feta* og *tjá* með nafnhætti í lausamáli. Fritznar (1896:*feta*, 2) tekur fram að með nafnhætti komi *feta* aðeins fyrir í kveðskap, í merkingunni ‘ná, geta’. Ég hef aðeins fundið eitt dæmi um *feta* með nafnhætti í lausamáli, á óprentuðum seðlum ONP.<sup>38</sup> Dæmið er úr Óláfs sögu helga og er sýnt með meira textasambengi í (34):

- (34) Asta spyr ef Olafur leiddi nóckut at huga huert eyrindi þeirra manna uœri þangat. Olafur suarar. skilz mer þat segir hann. en betra þickir mer nu at leika við sueina en at ihuga uandamal. Asta suarar. kalla ma at þetta se um fram þinn afla er þu hefir fyrir alldrs sakir. en þo bregðz mer miok i. ef eigi **fetr** þu nóckut þat **at mæla** at ek muni þar af min forlög marka. (Óláfs saga helga, útg. Johnsen & Jón Helgason 1941:738<sub>12</sub>; AM 61 fol [c1350-1375])

Engin merking er enn skráð við þetta dæmi hjá ONP en varla leikur nokkur vafi á því að merkingin í (34) er ‘geta’, þ.e. *ef eigi getr þú nokkut þat at mæla*. Dæmið sýnir því að sögnin *feta* takmarkast ekki við skáldamál. Líklegra er að hún sé þegar fornt/úrelt mál á málstigi elstu lausamálstexta en lifi eitthvað áfram í kveðskap.

<sup>35</sup>Dæmi um *rækja* í nánasta sambengi við tvíræða dæmið í (32):

- (1) a. ... oc qvat hann engva soc til þess **at rōkia** tīþagørð þeira (Martinus saga byskups I, útg. Unger 1874:573<sub>18</sub>)  
b. En inn næsta dag eftir for hann a braut or borgenne a heimleip oc var oglapr oc ipraðisc, er hann hafði blandasc i samlage þeirra, er honom þote **rōkiande vera** (*sama rit*:573<sub>32</sub>)

Nánar er fjallað um tvíræðni í formgerð, þ.m.t. orðflokka, í §1.4.

<sup>36</sup>Um þessa setningagerð er nánar fjallað í §4.4.

<sup>37</sup>Ástæða er til þess að ætla að þessi munur hafi einnig komið fram í mæltu máli. Stoðsögnin *gera* er áherslulaus í slíkum setningum í dönsku, hollensku og þýsku og áhersla er á kjarnafærða fallháttinn (sjá §4.4). Það sama sést á slíku dæmi úr 19. aldar íslensku, sbr. dæmi (200), og kjarnafærðir fallhættir bera áherslu (standa í risi) í fornnorrænum kveðskap, sbr. §2.1.

<sup>38</sup>Sjá um óprentaða seðla ONP nmlsgr. 12.

Um *knega* er nokkur fjöldi dæma í norskum lögum (Gulapings- og Frostapingslögum) en sögninni bregður einnig fyrir í kristilegum ritum. Fyrst skulu nú endurtekin dæmin sem sýnd voru í §1.1 með meira textasamhengi:

- (35) a. Nu er barnet sva ufrátt at eigi ma prefte na. þa scolo þeir menn er með því barne fara. geva því nafn oc drepa i vatn. oc mæla þessē orð ivir barneno. Ec sciri þic. N. i nafne faður. oc funar. oc anda heilax. þa **kna** þat **grava** i kirkiugarðe.  
LESBR.: kna = ma. (NGL:I-12<sub>32</sub>)
- b. Discipuluf. Hue lenge vaf hann ahimne. Magifter Eige alla eina ftund þuiat hann viltefc þegar ef hann vaf scapaþr oc fvr let et fana. Discipuluf Hui vaf hann eige þar lengr. Magister Þuiat at hann **cnatte engo bergia** af himnescom sötleik. þuiat hann huarf þegar fra sonno lifse oc fyldefc ilðzco. ef hann vas scapaþr. (Elucidarius, útg. Firchow & Grimstad 1989:317–8)

Við (35a), úr eldri Gulapingslögum, gáfu C&V (1874:*kná*, II) þýðinguna ‘then it can be buried in a churchyard’, þar sem *knega* virðist vera einhvers konar háttarsögn, lík *mega* a.m.k. að merkingunni til. Hún er því sennilega málfræðileg sögn en ólík *gera* að því leyti að vera ekki endilega sett til áherslu. Í (35b) var merkingin hins vegar sögð vera ‘he did not taste’, sem bendir til skyldleika við áherslumerkingu *gera*. Öll dæmi sem fornmálsorðabækurnar vitna til úr norsku lögbókartextunum hafa ótvírætt merkinguna ‘mega’.<sup>39</sup> Dæmi (35b) er vissulega líkt dæmum með *gera*, bæði hvað varðar hert neikvætt samhengi og tenginguna *því at* sem hvort tveggja bendir til brennidepilsmerkingar. Vegna ótvíræðu dæmanna í norskum lögum er erfitt að færa rök fyrir slíkri áherslumerkingu byggt á aðeins einu dæmi.<sup>40</sup>

Úr öðru kristilegu riti, Clements sögu, hafa C&V dæmi um *knega* með aðalsögninni *sjá*, sbr. (36a) með meira textasamhengi. Það er einnig í svipuðu samhengi og í norsku lögum, ekki í neikvæðu umhverfi. Í þeirri sögu hef ég fundið annað slíkt dæmi með *lita*, sbr. (36b), og úr Íslenskri hómilíubók með *sjá*, sbr. (36c):

- (36) a. „Biþiom ver aller bréþr meþ einföldom hug, qvoþo þeir, at drottenn varr Jesus Cristus sýni oss piningarvatt sinn Clemens pafa.“ Oc fello þeir þar aller til iarþar oc boþo litellatliga goþ, at þeir **knætte sia** licama ens sęla Clemens pafa. En þa gerþosc þer iarteiner enar hvarmiclo, at sęrenn fell út fra lande of .iiii. milor. ... (Clemens saga, útg. Unger 1874:150<sub>12</sub>; AM 645 4<sup>o</sup> [c1220])
- b. þa tóç Clemens pafe graftol i hønd sér oc hio tysvar palinom niþr under fotr lambino. En þar spratt þegar micil ó upp oc fór rennande, þviat goþ dvalþi eigi miscunn sina, þegar es þer enar helgo hendr oc enar litellato ęsto goþ giatar miscunsamligrar viþ sic. Oc lysti goþ ifer því, at af crafte oc verþleic ens helga Clemens veitte hann mesta þessa ena dasamlixto astgiøf viþ folkit. Þa urþo þeir aller fęgner iartein þesse, es goþ hafþi þeim veitta firer tru retta, oc sungo þeir hót lof goþe almatcom oc melto sva, at rennande ó gleþr borg goþs.  
Oc þa drifo marger heraþsmenn þingat, es þeir frago iarteiner þessar oc þeir so þessa ó renna oc up spretta, þar er þeir hōþþo avalt vitat fyrr þurran staþ. En þeim bra mioc viþ þesse tiþende oc vel, es þeir **knatto** þar **lita**. (*sama rit*:149<sub>15</sub>)
- c. sóma late hon ser a valt os at teoia finom vegfemþum. oc réinfa os fra læstom meþ milde heilagra beona fina. oc ællom hlutom góþom. at fylgia **knegem** vér hana **siá**. oc saman lofa meþ ællom helgom ihimenriki of allar alder veralda amen (Íslensk hómilíubók, útg. Leeuw van Weenen 1993:61r<sub>22</sub>; Holm perg 15 4<sup>o</sup> [c1200])

Öll þessi dæmi má túlka í brennidepilsmerkingu en þau er hins vegar einnig mögulegt að skilja á þann veg að *knega* merki aðeins ‘mega’. Brennidepilsmerkingin tengist þá sennilega ekki sögninni *knega* sem slíkri, enda er erfitt að sjá nokkra slíka merkingu í lagatextunum. Eðlilegast er því að greina *knega* sem hefðbundna háttarsögn í elsta lausamáli.

C&V (1874:*nema*, II) greindu *nema* sem hjálparsögn sem beitt sé til áherslu.<sup>41</sup> Dæmi þeirra eru öll úr

<sup>39</sup>Þessa túlkun styður vissulega einnig lesbrigðið *má* í öðru handriti sem útgáfan birtir neðanmáls, sbr. dæmi (35a).

<sup>40</sup>Ég hef ekki fundið fleiri dæmi um *knega* í Elucidarius.

<sup>41</sup>C&V ganga reyndar skrefi lengra en þetta og nefna sérstaklega líkindi við *do* í ensku: „as an auxiliary verb, emphatic, like Engl.

kveðskap nema lausamálsdæmin í (11), sem sýnd eru með meira textasamhengi í (37):<sup>42</sup>

- (37) a. Nv tecr Þiðricr oc leysir hendr sinar oc tecr vm hals hanom Ecça. oc sviptaz þeir nv af allo afli. Falka hestr Þiðrics hinn goði **nemr** þetta at **sia**. at hans herra þvrfi liðs. þa slitr hann i svndr beislit milli tanna ser oc leypr þar til er þeir sciptaz við. oc hefr vpp siðan sina baða hina fyrri foetr oc lystr sem harðast ma hann a bac Ecça. sva at mioc sva gengr i svndr rygrinn i hanom. (Þiðrics saga af Bern, útg. Unger 1853:117<sub>5</sub>; Holm perg 4 fol [1275-1300])
- b. Siðan tok hann byrði af baki mer ok gekk ut a skip, ok er at skammri stund a brott horfinn, ok þa er hann kemr aptr, er bagginn a brottu. Þa sagði hann mer, at hann mundi fara til Romaborgar, ok kvaðz þar mundu metorð oðlaz, at menn mundu gofga hann þar sem guð. Hann bað mik miok með morgum fogrum orðum, at ek skyllða fara með ser, en ek **nam eigi trua** a þat, er hann sagði, ok baðz ek undan forinni, ok sagða ek, at ek hefða fotarmein, ok at ek væra obuinn við sva langri for, en her er kona min ok born, ok ma ek eigi skiliaz við þau. (Péturs saga postula II A, útg. Unger 1874:176<sub>27</sub>; AM 630 4° [c1600-1700])

Dæmin í (37) líkjast vissulega nokkuð dæmum um *gera* í lausamáli, sem enginn vafi er á að sé til áherslu. Ekki síst á þetta við um (37b). Merkingin í (37a) virðist þó fremur tengjast þeirri upphafsmerkingu sem Fritznér (1896) og Grimm (1837) nefna, sbr. §1.1, þ.e. *kemur auga á*. Þetta dæmi minnir reyndar á (23a) *nú gerir konungr at sjá*, með *gera* í ekki ósvipuðu samhengi. Í (37a) er hins vegar ekki um neina andstæðumerkingu að ræða. Athyglisvert er að í Þiðrics sögu er annað dæmi um *nema*, hér um bil alveg eins og hið fyrra en með aðalsögninni *líta* í stað *sjá*:

- (38) Nv mælr Fasold við Þiðric. en hann la vndir dyrinv. Ef þv matt hava þinar hendr lavsar oc nær þv þinv sverði. þa saltv leggja neðan i qvið dyrino nær naflanom. oc væntir mic at þa mvni bita. En dyret þroengði hanom sva fast at varla feck hann roerðan sec. Falka hinn goði hestr Þiðrics **nemr** nv at **sia** hverso herra hans var navðvlega staddr. Nv slitr hann i svndr tavmana. er hann var bvndinn með. oc leypr til dyrsens oc færir sva baða firri foetr sina a lendar dyrino. at dyrit veictiz allt við oc fell nalega mioc sva til iarðar. (Þiðrics saga af Bern, útg. Unger 1853:121<sub>5</sub>.)

Ég hef rekist á eftirfarandi dæmi til viðbótar í Péturs og Matthías sögum postula (útg. Unger 1874):

- (39) *nema*
- a. Þeir toku likam ens sęla Petri postola ok grofu i stad þeim, er Vaticanus heitir. At þessu verki með þeim var madr sa göfugr, er Marcellus het, sem fyrr var nefndr. Enn þeir menn er komnir voru męlltu vid lydin: „Glediz þer ok fagnit, þviat þer **namut at eiga** ydr hialparmenn ena dyruztu vini drottins Jesus Kristz. Enn ok em ek nu hirðmaðr hins eilifa konungs, ok mattu nu trua, er þu ser, at ek em eigi dauðr, helldr lifi ek nu með guði minum. (Péturs saga postula II A, útg. Unger 1874:199<sub>41</sub> nmls.; AM 235 fol [c1400])
- a'. LESBR. AM 645 4° [c1220] (útg. Unger 1874:211<sub>11</sub>): Gleþezk ér oc fagnet, þviat ér **noþot at eiga** yþr hialpsmenn ena dyrstu vini drottens Jesu Cristz.
- a". LESBR. AM 655 XIII A 4° [c1250-1275] (útg. Unger 1874:212<sub>2</sub>): „Gleþiz þer nu oc fagnæþ, þviat þer **naþut at eiga** yþr hialpsmenn oc fultings hina dyrstu guþs vini postola drottins Jesus Cristz.
- b. En þa tokz upp hinn nyi hattr kennimanna kosnings, er Stephanus var valdr til diakns ok sex aðrir at raði allra postola En Petrus lagði a þa vixlur, ok var sva hans valld mikit, at þat **nam oðlaz** hvern af guði, sem hann kvað a, þa er hann lagði þeim hendr yfir höfuð. (Matthias saga postula I, útg. Unger 1874:770<sub>4</sub>; AM 630 4° [c1600-1700])

Hvorki merking né hlutverk sagnarinnar *nema* er alveg ljóst í þessum dæmum. Brennidepilsmerking er ekki útilokuð en vel mætti hugsa sér að *nema* hefði hér upphafsmerkingu, þ.e. *namut at eiga* 'tókuð að eiga (=eignuðust)', *nam oðlask* 'tók/fór að oðlast'.<sup>43</sup>

*do, did, with infin.*“

<sup>42</sup>C&V (1874:*nema*, I 3) sýna einnig dæmi úr norskum lögum með *nema*: *ef hann vill eigi nema trúa því* 'if he will not believe it'. Tilvísunin er í NGL, I. hluta, bls. 88. Þar er hins vegar aðeins aðalsögnin *nema* með *no. trú: en hann vill eigi nema a því tru* (NGL:I-88<sub>34</sub>).

<sup>43</sup>Forn lesbrigði í AM 645 4° frá um 1220 þar sem *nema* er *ná* bendir til þess að þá þegar þyki þessi notkun sagnarinnar *nema* óeðlileg í þessu samhengi. Elstu postula sögurnar eru frá 12. öld (sjá t.d. ÍB I:444).



Um ráða með nafnhætti, sennilega í annarri merkingu en ‘afráða, ákveða’, eru fáein dæmi:

- (40) a. En nv þykkir mer þat ráþ qvaþ hann at ver latem oc eigi þa raþa er meft vilia i gegn gangaþc. oc miþlom sva mól a miþli þeira at hverer tvegio hapi nacqvát sins máls. oc hopom aller ein Log oc ein siþ. Þat mon verþa satt ef ver flitom i sundr Logen at ver monom flita oc friþen. En hann lauc sva mali sino at hvarer tveggio iotto þvi at aller scylldi ein Log hapa þav sem hann **reþi upp at segia**. (Íslendingabók, útg. Holtsmark 1978:24<sub>26</sub>; AM 113 a fol, AM 113 b fol [1650, 1651])
- b. Tiundaland er gaufgast oc bezt bygt i Svía velldi þangat lytr allt rikit. þar ero Uppsalar. þar er konungs stoll. oc þar er erchibyscups stoll. oc þar er við kent Uppsala auðr. sva kalla Svíar eign Svía konungs kalla Uppsala auð. J hverri þessi deild lanzins er sitt laugþing. oc sin laug um marga lute. Jfir hveriom laugum er laugmaðr. oc reðr hann mesto við buendr. þvi at þat scola laug vera sem hann **reð upp kveða**.  
LESBR.: önnur hdr. hafa **reðr upp at kveða** (í útg. er leiðrétt eftir þeim). (Óláfs saga helga, útg. Johnsen & Jón Helgason 1941:159<sub>11</sub>; Holm perg 2 4° [c1250-1300])
- c. En er konungr spurde þessi tidendi þa sendi hann menn inn j Þrandheim ok stefndi til sin bondum þeim er hann **red at nefna**. (Óláfs saga helga, útg. Guðbrandur Vigfússon & Unger 1862-68:II-184<sub>34</sub>; GKS 1005 fol [c1387-1395])
- d. rena scal hugnom til fáttar. oc láta guþ þat frá at han vil fyr gefa hinom. þat ef fá hefir miþgortt við han. oc han vil taka líca yfir bót afhinom fem góþir men **ráþa at gera** til handa hinom. (Íslensk hómilíubók, útg. Leeuw van Weenen 1993:43<sub>r40</sub>; Holm perg 15 4° [c1200])

Fritzner (1896:ráða, 18) setur aftan við dæmi (40a) hjá sér „(=hann upp segði)“ og aftan við (40b) „(=sem hann kvað upp)“ til marks um að fyrir honum sé þetta umritun á persónuhætti aðalsagnar.<sup>44</sup> Venjulega er vitnað til dæmi (40b) *með nafnháttarmerki* (svo hjá F), en í aðalhandriti textans er dæmið án nafnháttarmerkis. Þessar upplýsingar eru dýrmætar því að hér er komin röksemd úr lausamáli fyrir því að telja *ráða* ekki til aðalsagnar, líkt og *gera* og *viða* í kveðskap þar sem *ráða* er hægt að nota án nafnháttarmerkis.

Um *tjá* með nafnhætti er eftirfarandi dæmi úr Íslenskri hómilíubók:

- (41) Afþui mæler han fva at han queþr fer lika oc þo eige líca. at han veit gløgt tueñar a byrgþer a þvi ráþe. Enda mon eige mega við dyliaþc at abyrgþen mon rænhott ganga. þuiat ver fióm eige fialdan þau en fomo dóme fem postolen fiálfr [minti] á hue mioc a venþc bæþe fótter vaweifelegar eþa fva banen bráþr. eþa næfta alzkynf angr. þat ef yver **tþr at ganga** of veroLd. (Íslensk hómilíubók, útg. Leeuw van Weenen 1993:36<sub>v6</sub>; Holm perg 15 4° [c1200])

Niðurstaða þessa yfirlits er sú að ekki virðist með sömu rökum og í undanfarandi köflum hægt að gera ráð fyrir að aðrar sagnir en *gera* hafi eitthvert skýrt afmarkað málfræðilegt hlutverk, svo sem áherslu eða brennidepil, utan sagnarinnar *knega* sem virðist vera háttarsögn. Fæð dæma um hinar sagnirnar bendir til þess að um fornt/úrelt málsnið sé að ræða, sem kann að lifa áfram í föstum samböndum. Þannig er t.d. *nema* notuð með sögnum sem tengjast því að koma auga á e-ð, *sjá* og *líta*, og með *ráða* eru sagnirnar *segja upp* og *kveða upp*. Þetta er því forvitnilegt að bera saman við málfar kveðskapar, þar sem þessar sagnir eru báðar nokkuð tíðar. Áður en það verður gert er rétt að líta á breytingar í handritum.

### 1.3 Breytingar á gjörðarstoð í handritum

Í handritum eru greinileg dæmi um að gjörðarstoð sé tekin út við afritun. Þetta sést með samanburði á mismunandi handritum sama texta þar sem gjörðarstoð er einkum skipt út fyrir aðalsögn í persónuhætti eða einhver önnur kunnuglegri sögn er sett í staðinn, oftast *vilja*. Um þetta hvort tveggja eru allnokkur dæmi.

Í Konungsbókargerð Grágásar (GKS 1157 fol. [c1250]) eru dæmi sem virðast uppfylla þessi kjörskilyrði gjörðarstoðar en þar er þó enga gjörðarstoð að finna:

<sup>44</sup>Raunar segir Fritzner í skýringum sínum að *ráða* sé beitt til umritunar *alveg eins* og *gera*.

- (42) a. Bvum varðar fiorbavgs garð ef þeir **segja** eigi hvart þeir ero quaddir eða eigi oc sva ef þeir liuga til. (Grágás: Vígslóði, útg. Vilhjálmur Finsen 1852:I-163<sub>19</sub>)
- b. Ef maðr **vill** eigi **taca við** dømþom omaga samfiörðungs oc varðar þat fiorbavgs garð (Grágás: Ómagabálkr, útg. Vilhjálmur Finsen 1852:II-12<sub>16</sub>)
- c. Ef maðr **vill** eigi **fara** til griðs þess er hann toc eða hann fer a brott af vist sini foratta lavst oc varðar honom þat iii. marca secþ. oc a bonden at sino heimile at stefna þar vm cavp ef hann hefir reitt. (Grágás: Þingskapabátr, útg. Vilhjálmur Finsen 1852:I-133<sub>18</sub>)

Þetta kunna því að vera „leiðréttingar“ þar sem gjörðarstoð hefur verið skipt út. Í Staðarhólsbókargerð Grágásar (AM 334 fol., frá um 1260-1270) eru þessi sömu dæmi með gjörðarstoð (sbr. einnig ONP):

- (43) a. Bvum varðar fiör bavgs garð ef þeir **gera** eigi **segja** hvart þeir ero quaddir eða eigi. oc sva ef þeir liuga til. (Grágás: Vígslóði, útg. Vilhjálmur Finsen 1879:326<sub>9</sub>)
- b. Ef maðr **gerir** eigi **við at taca við** dømðum omaga samsfiörðungs oc varðar þat fiör bavgs garð. (=24b) (Grágás: Ómagabálkr, útg. Vilhjálmur Finsen 1879:121<sub>14</sub>)
- c. Ef maðr **ger** eigi **fara** til griðs þes er hann tóe eða fer hann a brott af vist sine forurta lavst oc varðar honom þat iii. marca secð. oc a bóandin at sino heimili at stefna vm þat hvárt sem er þeirra. oc sva at stefna þar um kavp ef hann hefir reitt. (Grágás, útg. Vilhjálmur Finsen 1879:266<sub>19</sub>)

Eðlilegt er að telja dæmin í (43) með gjörðarstoð upprunalegri en dæmin án gjörðarstoðar í (42). Þá eru dæmin í Konungsbók jafnframt elstu merki um breytingar á gjörðarstoð í handriti.

Einnig eru dæmi þar sem 12. aldar textinn er aðeins varðveittur í handritum eftir 1300 og *vilja* er notuð þar sem eðlilegra væri að hafa gjörðarstoð, líkt og í (42), eða aðalsögnin er sett í persónuhátt. Ef gjörðarstoð hverfur úr málinu einhvern tíma eftir 1300 er eðlilegt að síðari tíma skrifari fjarlægji slíka ótæka setningagerð í afriti sínu. Eftirfarandi dæmi eru því einnig varðveitt með *gera*:

- (44) *vilja sett í stað gera*
- a Jón, sonr Hallkels húks, samnaði bónda-liði ok fór at þeim ok tók Kolbein óða ok drap hvert barn af skipi hans; síðan leitaði hann hinna ok hitti þá við vii. skipum, ok þorðusk þeir, en Hallkell, faðir hans, **gerði** eigi **fara** til móts við hann, sem þeir höfðu mælt; þar fell mart bónda góðra, ok varð sárr sjálf. (Hákonar saga herðibreids, útg. Finnur Jónsson [1898-1901]:402<sub>1</sub>; AM 35 fol [c1675-1700])
- a'. Síðan leitaði hann hinna ok hitti þa við .vij. skipom. ok borðvz þeir. enn Hallkell faðir hans **vildi** eigi **fara** til motz við hann sem þeir höfðu við mælltz. (Hákonar saga herðibreids, útg. Unger 1871a:348<sub>37</sub>; AM 45 fol [c1300-1325])
- b. En Maximilla kona iarlins gofug ok raðvond, su er þa elskaði hreinlifi, tok likama Andreas postola af krossinum ok smurði dyrligum smyrslum ok grof likama postolans vegsamliga. En Egeas var gripinn af diofli i alþyðu augliti, ok var dauðr aðr hann kom til hallar sinnar. En broðir hans Stratocles for með likam postolans; hann **gerði ser** ekki **nyta** af fe broður sins, ok mællti svá: „Fariz með þer allt þat, er þu attir, Egeas, en mer vinnr þorf trua Kristz, su er Andreas postoli kendi mer.“  
LESBR. í AM 239 fol. [c1350-1400]: *gerði ser ekki nyta* = **vildi ser** ekki **nyta**. (Andreas saga postula I, útg. Unger 1874:342<sub>31</sub>; AM 630 4° [c1600-1700])
- b'. En broðir hans Stratocles fylgdi likama Andree forðandiz alla hneyking. Ok er hann sa þessa hluti, sem gerðuz, þa **vildi** hann ecki **nyta ser** af öllu gozi Egee broður sins ... (Andreas saga postula II, útg. Unger 1874:381<sub>27</sub>; AM 647 4° [1400-1500])
- b'' En Egeas var gripin af diofli oc do fyr en han qvemi heim til husa sina, oc sa allir hans dauda vesæligan. Oc er brodir hans Strazocles sa þessi tidende, þa **vildi** han engan lut **eignasc**, þan er Egeas hafdi att, oc melti ... (Andreas saga postula IV, útg. Unger 1874:411<sub>40</sub>; AM 625 4° [c1300-1325])
- c. Enn allr lyðr stoð oc sa a Joan of iii. stundir dags oc sa þeir hann a engi veg lit bregða oc kaulluðo oc mællto: „Ein(n) er sannr guð sa er Joan boðar.“ Enn Aristodimus **gerði** eigi enn **at trua** oc mællti við Joan: „Enn er eptir ifi i hug minum. (Jóns saga postula II, útg. Unger 1874:453<sub>1</sub>; AM 656 4° [c1300-1325])
- c'. Eptir þat kallaði lyðrinn allr ok mællti svá: „Einn er sannr guð, þann er dyrkar Johannes.“ Aristodimus **vildi** enn eigi **trua**, en lyðrinn tok at asaka hann. (Jóns saga postula I, útg. Unger 1874:432<sub>9</sub>; AM 630 4° [c1600-1700])

- (45) *aðalsögnin sett í stað gera*
- a. En fyrir kenning Pals postola hurfu margir til retrar truar fra riddarasyslu ok fra hirð konungs ok gerðuz kristnir og **gerðu** eigi **aptr hverfa** til konungshallar ne riddarasyslu. LESBR.: AM 235 fol. [c1400] *gerðu eigi aptr hverfa* = **komu** eigi síðan. (Pétrs saga postula II, útg. Unger 1874:185<sub>19</sub>; AM 630 4° [c1600-1700])
  - a'. Enn af kenningum Pals hurfu margir til tru fra riddarasyslu oc fra hirð konungs oc giorðuz cristnir oc **hurfu** eigi **aptr** síðan til riddarasyslunnar. (Tveggja postula saga Pétrs ok Páls, útg. Unger 1874:306<sub>4</sub>; AM 656 I 4° [c1300-1325])
  - b. Salomon konungr smidadi guds musteri a sinum dógum. En hinn hæsti gud **byggir** eigi i þeim herbergium, er med manna höndum er gior, sem hann sialfr segir fyrir spamanninn: «Himinn er sæti mitt, en iordin fotbord fota minna.» LESBR. í AM 661 4° [c1500-1550]: *byggir eigi i þeim herbergium* = **giorer** eigi i þeim herbergium **at byggia** (Stephanus saga, útg. Unger 1877:II-296<sub>10</sub>; Holm perg 2 fol [c1425-1445])
  - c. En er Martinus kom i borgina, þa **gerdi** hann eigi **at ganga** i tidagerd þeira, helldr var hann a bænum i kirkiu um nætr ok söng þa tidir sinar. (Martinus saga byskups III, útg. Unger 1877:I-631<sub>12</sub>; Holm perg 2 fol [c1425-1445])
  - c'. En hann **gec** þeygi i tþagørþ meþ byscopom, helldr var hann of nøtr a bønóm i kirkiu. (Martinus saga byskups I, útg. Unger 1877:I-572<sub>36</sub>; AM 645 4° [c1225-1250])

Í þessum sömu textum eru einnig dæmi um *vilja* eða *skulu* þar sem þær sagnir eru óeðlilegar samhengisins vegna. Eðlilegra væri því að hafa sögnina *gera* í þessum dæmum en öfugt við dæmin í (44) hef ég hins vegar ekki fundið samsvarandi dæmi með gjörðarstoð:

- (46)
- a. Undromc ek þat um sva vitran man, er þu **skallt** þat **eigi skilia**, at ver erom fusir pislir at taca oc lif at lata fyr guds sacar. (Andreas saga postula IV, útg. Unger 1874:406<sub>18</sub>; AM 625 4° [c1300-1325])
  - b. Þat mattu þegar skilia, ef þu **villt** trua af ollo hiarta þino, en ef þu **vill eigi trua**, þa mattu þess aldrei viss verda. (Andreas saga postula IV, útg. Unger 1874:408<sub>10</sub>; AM 625 4° [c1300-1325])
  - c. „Hlyd mer, Andrea, oc tac þat rad er þic frelsi fra uthelingu blods þins, en ef þu **vill eigi sva**, þa mun ec lata veita þer leflat(!) a crosinom“ (Andreas saga postula IV, útg. Unger 1874:409<sub>19</sub>; AM 625 4° [c1300-1325])
  - d. En þu mont bida eilifar qválar, þær er þu mont eigi fordast i enni somu tru, ef þu **vill þa heldr trua** en adr, en ec hrellomc af gloton þini en eigi af piningu mini. (Andreas saga postula IV, útg. Unger 1874:409<sub>23</sub>; AM 625 4° [c1300-1325])
  - e. enn hann **villdi** suikia valld vndann sinum herra konunginum, þa er hann **villdi eigi** sinum suikarum **trua**, þi at hann **villdi** helldr þola enn moti standa. (Thómas saga erkibyskups, útg. Unger 1869:275<sub>7</sub>; AM 662 b 4° [c1350-1400])

Svipuð dæmi er einnig að finna í textum sem taldir eru mjög fornir en hafa þrátt fyrir það engin dæmi um gjörðarstoð. Nokkur lýsandi dæmi eru sýnd úr Veraldar sögu í (47), sem upphaflega er talin rituð um 1135 í Noregi (sbr. Seip 1955:69) en er varðveitt með íslenskum viðbótum frá síðari hluta 12. aldar (sbr. Jakob Benediktsson 1944:LIII):<sup>45</sup>

- (47)
- a. Einv sine var þat at Iosve dvaldi solina miog langa stvnd sva at hon **gek eigi fram** at veniv ... (Veraldar saga, útg. Jakob Benediktsson 1944:29<sub>1</sub>; AM 625 4° [c1300-1325])
  - b. þa er farnir varv miog forstodvmenn Troio nema Priamvs en hann **villdi alldregi vp gefaz** þa sviko þeir Antenor ok Eneas Priamvm ok lvkv vp borgina of nott fyrir Grikivm.  
LESBR.: all dri til handa ganga *B (sama rit:45<sub>11</sub>)*
  - c. A hans dagvum var Iesvs Christs krosfestr. þat mislikaði miog Tiberi(o) keisara ok villdi hann lata Iesvs hafa i goþatavlo en avlldvngar Rvmveria **villdo** því **eigi trva**. (*sama rit:52<sub>7</sub>*)
  - d. En þeir menn varo allir bansettir er a mot mæltv þeirri trv er þar var skyrd eða þeim bodordvm **eigi lyda** er þar varo vp tekin.  
LESBR.: eigi **villdv** þeim bodordvm **hlyda** *B (sama rit:60<sub>17</sub>)*
  - e. Ok fyrir því at þeir Abraham ok Aran bredr villdv eigi blota þa var þeim badvm skotið i elð brenanda. En elldrinn **mati ecki gera** at Abraham fyrir sakir verdleika hans oc helgi. En Aran let þar lif sitt i elldinvm ok ati eptir ein son er Loð het.  
LESBR.: *gera at* = til granz gera (B<sub>1</sub>), granda (B<sub>3</sub>) (*sama rit:15<sub>14</sub>*)

<sup>45</sup>Veraldar saga er varðveitt heil í sama handriti og ótvíræðu dæmin um breytingar á gjörðarstoð í Andreas sögu hér á undan.

Dæmin í (46) og (47) eru mis-sannfærandi og vissulega eru getgátur einar að að baki þessum dæmum liggja sögnin *gera*. Skýrust eru hins vegar (46b) og (46c). Í (46b) er sagt að viðmælandinn muni skilja ef hann *vill* trúa *af öllu hjarta*. Tæplega er vilji allt sem þarf. Í (46c) er jafnvel enn ljósara að í handritinu eigi að vera *gera* því að *gera eigi svá* er ákaflega algengt samband. Aftur á móti er sennilega einsdæmi að *vilja* skuli taka *svá* sem fyllilið. Þar er því engu líkara en að skrifarinn sé orðinn svo vanur að skipta gjörðarstoðardæmum út fyrir einhverja aðra sögn að hann gerir það jafnvel þar sem engin ástæða er til.

Setningafræðilegar breytingar í handritum væru verðugt rannsóknarefni í sögulegri setningafræði, enda geta þær gefið vísbendingar um hvenær tiltekna setningagerðir falla úr móð. Elstu breytingar á gjörðarstoð mætti jafnvel túlka sem óbeinar „umvandanir“ ekki ósvipað og víða kemur fram í enskri, þýskri og hollenskri (mál)sögu.<sup>46</sup>

## 1.4 Tvíræðni í formgerð

### 1.4.1 *gera* sem stoðsögn eða aðalsögn

Eins og vikið var að í kaflanum hér á undan getur verið túlkunaratriði hvort um er að ræða ótvíræða formgerð með stoðsögn eða einhverja aðra formgerð sem líkist dæmum um gjörðarstoð aðeins á yfirborðinu. Einkum þrennt kemur hér til álita:<sup>47</sup>

- (48) a. *Orðmynd er tvíræð*  
Ekki er ljóst hvort um er að ræða nafnhátt, nafnorð eða lýsingarorð.  
b. *Sögn er tvíræð*  
Ekki er ljóst hvort um er að ræða hjálparsögn eða aðalsögn.  
c. *Setningaskil eru tvíræð*  
Ekki er ljóst hvort hjálparsögn og aðalsögn séu innan sömu setningar.

Skilyrði fyrir því að hægt sé að tala um *gjörðarstoð* í fornnorrænu er að stoðsagnirnar séu innan sömu setningar og aðalsögnin. Einnig þarf frumlag stoðsagnarinnar og aðalsagnarinnar að vera það sama, stoðsögnin sjálf úthluti því ekki neinu merkingarhlutverki heldur ráðist það alfarið af aðalsögninni. Með öðrum orðum er því mikilvægt að greina á milli stoðsagnarinnar *gera*, sem stendur skyldubundið með aðalsögn í nafnhætti, og aðalsagnarinnar *gera* sem getur tekið með sér annan lið en sögn sem andlag.<sup>48</sup>

Roberts (1993:288 o. áfr.) greinir fyrstu dæmi um *do* í umritunum í miðensku sem lyftingarsögn, þ.e. áður en *do* málfræðivæddist sem aðferð við beygingu aðalsagna (sbr. Roberts 1993:288, 291, Ellegård 1953:58):

- (49) They worshipped the sonne whanne he **dede arise** (14. öld)  
'Þeir tilbáðu sólina þegar hún reis'

- (50) *gera*-formgerð með lyftingu: NL<sub>i</sub> do [BL t<sub>i</sub> SL]

<sup>46</sup>Í þessum þremur málum, ekki síst þýsku og hollensku, hefur mjög verið amast við setningagerðinni, einkum á þeirri forsendu að hún sé rökfræðilega óþörf (sjá t.d. Weijnen 1952:68, Ticken-Boon van Ostade 1988, Cornips 1998 og umfjöllun og yfirlit hjá Langer 2001).

<sup>47</sup>Ellegård (1953:143-145) minnst einnig á tvíræðni í ensku m.t.t. þess hvort andlag *do* er nafnháttur, nafnorð eða lýsingarorð. Hann telur ekki sennilegt að tvíræðni af þeim toga hafi ýtt mjög undir útbreiðslu fyrirbærisins né að uppruna gjörðarstoðar megi rekja til slíkrar tvíræðni. Ef einhver vafi léki á hvort um væri að ræða nafnorð eða sagnorð, og *do* væri aðeins þekkt sem aðalsögn með nafnorði, væri einboðið að telja fylliliðinn vera nafnorð.

<sup>48</sup>Eins og fram kemur í §1.4.2 getur *gera* einnig verið í orsakamerkingu. Sú setningagerð er hins vegar afar óalgeng í fornnorrænu og sjaldnast leikur nokkur vafi á því hvort um er að ræða gjörðarstoð eða þessa orsakamerkingu (aðal)sagnarinnar *gera*.

Formgerðin sýnir því að frumlagið *he* á upptök sín hjá aðalsögninni *arise* í sagnlið en lyftist síðan upp í BL. Sögnin *arise* úthlutar *he* því merkingarhlutverki en ekki sögnin *do*. Eðlilegt er að ætla að dæmi um gjörðarstoð í fornnorrænu beri að greina á sama hátt, sbr. dæmi (51):

- (51) Sól **gørþe eige** **fkína** þuiat postolar þorþo eige at veita monom liof kenninga sína a píllar tíþ criftfz. (Íslensk hómiliubók, útg. Leeuw van Weenen 1993:33r18; Holm perg 15 4° [c1200])

Samkvæmt þessari greiningu hefur *gera* því ekki ósvipaða stöðu og hjálpar- og háttarsagnir. Í fræðilegri umræðu er umdeilt hversu flókin formgerð með slíkum sögnum er, þ.e. hvort hún er einföld (e. *mono-clausal*) með einungis eina TL-vörpun eins og venja hefur verið að gera (sjá t.d. Warner 1993, Erb 2001, Faarlund 2004:204-205), eða tvöföld (e. *bi-clausal*) þar sem nýrri TL-hæð er varpað (sjá Erb 2001:11-15 og tilv. þar). Erb (2001:15-22) sýnir með nokkrum þekktum færsluprófum og merkingarviði neitunar og atviksorða að hjálpar- og háttarsagnir í þýsku, auk stoðsagnarinnar *tun* 'gera', hafa ótvírætt einfalda formgerð. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að eitthvað svipað gildi um hjálpar- og háttarsagnir í fornnorrænu.<sup>49</sup>

Í fornnorrænu er mögulegt að sjá á fallmörkun frumlags hvort um er að ræða stýringarsögnina *gera*, sem sjálf úthlutaði merkingarhlutverki, eða lyftingarsögnina *gera*, sem úthlutaði slíku hlutverki ekki, ef aðalsögnin stýrir falli öðru en formgerðarfalli (sjá t.d. Höskuld Þráinsson & Vikner 1995).<sup>50</sup> Með lyftingu væri við að búast að frumlag sagnar á b.v. *dreyma* stæði með sögninni *gera* í þolfalli (orðasafnsfall) fremur en með nefnifalli (formgerðarfall). Svo vill hins vegar til að engin (alveg) ótvíræð dæmi virðast vera um gjörðarstoð með ópersónulegum sögnum. Eftirfarandi dæmi er þó hugsanlegt að greina sem gjörðarstoð, þar sem *gera* stæði þá með þágufallsfrumlagi ópersónulegu sagnarinnar *harma*:<sup>51</sup>

- (52) Enn er þeir sea þetta, litr huerr til annars vdrandi frammar enn fra mega segia. Ok at sua senum leyniligum lutum ok sidsömum aukaz þeim tregi ok tar, sem þeim margfalldaz af þesso efni milldz harms, ok af þui **giorir þeim** nu af nyio sinn herra fast at **harma**. (Thómas saga erkibyskups I, útg. Unger 1869:275<sub>2</sub>; AM 662 b 4° [c1350-1400])

Ekki virðast vera dæmi um að andlag sagnar sem stýrir orðasafnsfalli standi fyrir ofan *gera*. Dæmi um slíka formgerð væri eftirfarandi dæmi með sögninni *hugsa*, sbr. (18), en sú sögn stýrir ekki orðasafnsfalli:

- (53) huat man drotnaig heimsins sua mikil i sinu valldi **gera hugsa**? (=18)

Eðlilegt er að túlka dæmið á þá leið að *hvat* sé andlag sagnarinnar *hugsa*. Þá sýnir það enn fremur að *gera* og aðalsögnin *hugsa* hljóta að vera innan sömu setningar, annars gætu sagnirnar ekki báðar verið undirskipaðar háttarsögninni *munu* og *hvat* ekki staðið sem ákvarðari með háttarsögninni.

Vegna þess að fornnorræna leyfir bæði *frumlag-sögn* (FS) og *sögn-frumlag-raðir* (SF), sbr. t.d. Eirík Rögnvaldsson (1994-95), veitir orðaröð í sagnlið litlar vísbendingar. Þetta á við um eftirfarandi dæmi:

- (54) a. hann **gerði** ser ekki **nyta** af fe broður sins (Andreas saga postula, útg. Unger 1874:342<sub>31</sub>; AM 630 4° [c1600-1700])  
b. Klarus prestr **gerdi** þvi alldregi **trua**. (Martinus saga byskups II, útg. Unger 1877:I-586<sub>17</sub>; AM 235 fol [c1400])  
c. Hann let vera nuno necquera i hufi sino. oc **gorþi** hene eigi **brat vífa**. fra famvifto síni þvi (at) hann trevftífic vel fino hrenlífi oc henar. (Viðræður Gregors páfa, útg. Þorvaldur Bjarnarson 1878:91<sub>16</sub>; AM 677 4° [1200-1225])

<sup>49</sup>Höskuldur Þráinsson (2005:421-422) sýnir hins vegar merki um sagnfærslu og andlagsfærslu með háttarsögnunum *ætla*, *þurfa*, *eiga* og *verða* í íslensku (allar með nhm.), sem bendir til þess að nafnhættir með þeim sögnum séu TL fremur en SL. Þetta sést á því að í slíkum nafnháttum virðist aðalsögnin flytjast upp fyrir setningaratviksorð, ólíkt t.d. *munu* og *skulu* án nhm. Sagnir sem tákna horf í íslensku, t.d. *þyrja*, *fara* og *vera* eru jafnframt taldar taka með sér SL-nafnhátt (sbr. Höskuldur Þráinsson 2005:422-424). Ef segja ætti að *gera* væri horfasögn (líkt og *do* í miðensku, sbr. Roberts 1993) ætti það sama að gilda um hana.

<sup>50</sup>Um aðgreiningu formgerðarfalls og orðasafnsfalls sjá t.d. Höskuldur Þráinsson (2005:318-319).

<sup>51</sup>Sögnin *harma* getur tekið með sér aukafallsfrumlag í þágufalli, sbr. Heimi Frey Viðarsson 2006. Sjá umræðu við dæmi (70).

Staða rökliða aðalsagnarinnar sýnir ekki hvort þeir tilheyra sömu setningu og *gera*. Í þessum dæmum úthlutar aðalsögn hins vegar ekki formgerðarfalli (ólíkt aðalsögninni *gera*) svo fallmörkunin sýnir a.m.k. að *gera* tekur ekki með sér andlagið.

Dæmi um vafamál þar sem ástæða er til að ætla að *gera* sé aðalsögn og nafnhátturinn sé setning fremur en sagnliður er eftirfarandi málsgrein:

- (55) Nu leggja til malsins þeir tveir menn, er i fylgd voru með postolanum, at miskunn se veitandi ungum all dri, segia þar með, at hann muni betr **gera** framleiðis, **kalla** tár hans váttá sanna iðran. (Jóns saga postula IV, útg. Unger 1874:506<sub>32</sub>; AM 649 a 4<sup>o</sup> [c1350-1400])

Í útgáfunni er greinarmerkjasetning samræmd og þar hefur því verið sett greinarmerki á undan aðalsögninni. Þetta er þó háð mati og eftirfarandi dæmi gæti fræðilega séð allt eins falið í sér gjörðarstoð, eins og sýnt er á einfaldaðan hátt í (56):

- (56) a. [<sub>TL</sub> at hann muni betr **gera** framleiðis [<sub>TL</sub> kalla tár hans váttá sanna iðran]]  
b. [<sub>TL</sub> at hann muni betr **gera** framleiðis **kalla** tár hans váttá sanna iðran]

Einungis getur verið um gjörðarstoð að ræða ef stoðsögn og aðalsögn eru innan sömu setningar eins og sýnt er í (56b). Dæmi af þessum toga hljóta þó alltaf strangt tiltekið að verða tvíræð — en þau hljóta einmitt einnig að hafa verið tvíræð fyrir málnotendum á 12. og 13. öld.<sup>52</sup>

Sömu vandamál koma upp í túlkun á gjörðarstoð í enskri málsögu eins og t.d. Ellegård (1953) víkur víða að í athugun sinni. Ellegård (1953) minnst einkum á dæmi með *either*, *neither* og *both*, þar sem hann túlkar *do* sem aðalsögn (tilv. eftir Ellegård 1953:133):<sup>53</sup>

- (57) a. he gart them ... **do both** **dyke** and **delue**  
b. And so thei **dede** bothe **deseiue** ladies and gentilwomen and **bere** **forth** diuerse languages on hem

Í fornnorrænu er einnig allnokkur fjöldi slíkra dæma, t.d. með *bæði*, *annathvært* og *annattveggja*, sem ekki er rétt að telja með öðrum dæmum um *gera* með nafnhætti. Í (58) eru sýnd nokkur dæmi:

- (58) a. þetta er vel boðit ok mikilmannliga, en bæði **gerðum** vér áðr **at eta** ok **drecka** en vér gengum frá skipum (Hrólfs saga Gautrekssonar, útg. Detter 1891:35<sub>10</sub>; Holm perg 7 4<sup>o</sup> [c1300-1325], ONP)  
b. Oc fyrir þenna dyn [...] **gera** ransmenn annat tveggja, **letta af** stulþvm oc **gera** betr, eða **flyia** brott i ena mesta fiarlægð. (Máriu jartegnir II, útg. Unger 1871b:I-162<sub>10-11</sub>; Holm perg 11 4<sup>o</sup> [c1325-1375])  
c. Þeir **gerdu** ok **sva**, **draga** lid at keisaranum ok **gefa** honum agirni sina at sök (Ambrósíus saga byskups, útg. Unger 1877:I-35<sub>27</sub>; Holm perg 2 fol [c1425-1445])  
d. Ok [her] uerdr honum sua illz kallt uid huarttueggja [saman], at hann hleypr at smalamanninum ok [hýðir] akafliga m[iok] ok bidr hann all dri **gera** [optarr] **at beria** fe hans med þeim uidi, er i þeim huammi er uaxin i hans landeign.<sup>54</sup> (Sturlunga saga, útg. Kálund 1906-11:I-6<sub>10</sub>; AM 122 b fol [c1375-1400])

Margt mælis gegn því að túlka þessi dæmi sem gjörðarstoð. Algengt er að nafnháttarmerki standi með nafnhættinum en það bendir til þess að um aðalsögnina *gera* sé að ræða, eins og sýnt var í (56a). Annað sem mælis gegn greiningu á þessum dæmum sem gjörðarstoð eru sambærileg ótvíræð dæmi þar sem andlag

<sup>52</sup>Að gjörðarstoð sé einnig möguleg þar sem *gera* er undirskipuð háttarsögninni *munu* sést t.d. í (18) og (31).

<sup>53</sup>Síðara dæmið segir Ellegård vera „unambiguously periphrastic“, þ.e. ótvírætt umritað. Með þessu orðalagi á Ellegård venjulega við ótvíræð dæmi um gjörðarstoð, þ.e. merkingarlausa umritun með *do*, og á þann hátt virðist Roberts (1993:283) túlka ummæli hans. Tæplega á þó Ellegård við það, heldur fremur að þetta tiltekna dæmi tákni ótvírætt *ekki orsakamerkingu*, öfugt við öll hin dæmin sem hann sýnir um t.d. *both*.

<sup>54</sup>Í útg. er fyllt í eyður í handritinu eftir skyldum uppskriftum, afmarkað með hornklofa.

*gera* er ljóst og/eða aðalsagnirnar eru í persónuhætti. Ótvíræð dæmi um að nafnháttur er setning en ekki sagnliður eru t.d. eftirfarandi:<sup>55</sup>

- (59) a. Eptir þat gengu menn á skip sín, **var þá bæði gert, siglt ok róit**, suðr um flóana. (Sturlunga saga, útg. Kálund 1906-11:II-33<sub>6</sub>; BLAdd 11127 [c1696])  
b. P(artalopi) mælti hvat velldr þvi. þat ma ek vel **gera at segia** þer, þat hann hyggir at vera keisari yfir Mikla gardi ok ætlar þangat at paskvm ok treystir sier svo jsinvm travllzskap ok sterkleik at hann fai yfir vnnid alla adra. (Partalópa saga, útg. Andersen 1983:102<sub>2</sub>; AM 533 4<sup>o</sup> [c1450-1500])  
c. **Sua giora** þessar systr, **fara nu ok rangsnua** allar fyrri giordir þessarar nunnu (Maríu saga II, Jartegnir XXXV, útg. Unger 1871b:584<sub>16-17</sub>; Holm perg 1 4<sup>o</sup> [c1450-1500])  
d. þviat þu **gerir** eigi bæði **elskar** ok **fyrirlætr**. (Mörtu saga ok Maríu Magðalenu, útg. Unger 1877:I-521<sub>31</sub>; AM 233 a fol [1350-1375])

Eins og vikið var að í §1.2, einkum í §1.2.1, er munur á dæmum í elstu textum og textum frá 13. og 14. öld (og elstu textum sem varðveittir eru í ungum handritum) m.t.t. nafnháttarmerkisins. Ég tel eðlilegast að greina þá breytingu sem endurtúlkun á *gera* með nafnhætti þannig að formgerðin í (56b) sé undir lok hins fornnorræna skeiðs valin fram yfir (56a). Sögnin *gera* í yngri dæmunum er því líklega sú sama og hægt er að nota sem staðgengil (e. *pro-verb*) fyrir sagnliði í öllum germönsku málunum, yfirleitt í sambandinu *gera það* (e. *VP pronominalisation*) en í ensku aðeins með sögninni, þ.e. með úrfellingu (e. *VP ellipsis*):

- (60) a. Did John go away? (en.)  
– Yes, he **did**.  
b. Ging Jan weg? (holl.)  
– Ja, **dat deed** hij.  
c. Fór Jón burt? (isl.)  
– Já, **það gerði** hann.

Í forníslensku má finna samsvarandi dæmi og þau notar Eiríkur Rögnvaldsson (1995:7-8) m.a. til þess að færa rök fyrir tilvist sagnliðar. Í (61a) er eitt dæma Eiríks sýnt, úr Fóstbræðra sögu (sjá tilv. þar). Hitt dæmið er úr 12. aldar texta með gjörðarstöð:<sup>56</sup>

- (61) a. Ingolfr seger: ‘Vann hann a Þormoði Bersasyni?’  
– Grima seger: ‘Sia enn sami **gerði þat**.’  
b. Þa tok Julianus ok let taka Marteinum ok vardveita ok villdi reyna, hvort hann mundi **gera þat**, sem hann hafði heitið. (Martinus saga byskups II, útg. Unger 1877:I-576<sub>37-38</sub>; AM 235 fol [c1400])

Eins og sjá má í (60a) er í ensku beitt liðfellingu, þ.e. þar er aðeins notuð sögnin *do*, án fornafnsins. Vikner (2000:456-457) bendir á svipuð dæmi í dönsku, frönsku og íslensku. Þau mál hafa ekki gjörðarstöð en þó hafa þau öll möguleika á að nota sögn sem samsvarar beint *gera* (da. *gøre*, fr. *faire*) sem staðgengil fyrir sagnlið (lat. *verbum vicarium*), líkt og sýnt var í (60) að ofan (tilv. eftir Vikner 2000:457):

- (62) a. Haltu á blýantinum eins og ég **geri**.  
b. Hold på blyanten ligesom jeg **gør**.

<sup>55</sup>Eins dæmis er getið í LP (*gorva*, 7) um lýsingarhátt með stoðsögninni fremur en nafnhátt, *gora herjat* í Bandadrápu (isl., 11. öld, sjá Skj. BI-191). Notkunin með gjörðarstöð er þar ennfremur talin sprottin upp af dæmum á b.v. *gerðu gyrðan* í Ragnarsdrápu 5 (sjá Skj. BI-2) þar sem enn eimi eftir af hinni „upprunalegu merkingu“.

<sup>56</sup>Enn skýrara dæmi úr elsta ritmáli væri e.t.v. eftirfarandi úr Maríu sögu egyptsku:

- (1) Þa tok hann ok song liksaung ok salutidir fyrir henne ok hugsadi, at hann villdi giarna fela likam hennar, ef hann þyrði; en hann ugdi, at henni mundi mislika, ef hann **gerdi þat**. (útg. Unger 1877:I-493<sub>32</sub>; Holm perg 2 fol [c1425-1445])

Í þessum texta hef ég hins vegar ekki rekist á dæmi um gjörðarstöð.

- c. Hold the pencil as I **do** (it).
- d. Tiens le crayon comme je le **fais**.

Hugsanleg dæmi um liðfellingu sagnliðar líkt og í ensku koma reyndar einnig fyrir í fornnorrænu, sbr. (63). Vandinn við þessi dæmi er þó sá að í fornnorrænu er algengt að andlög séu látin ósögð, þ.e. núllandlög (sjá t.d. Nygaard 1905, Þóru Björk Hjartardóttur 1993 og Faarlund 2004), mun víðar en leyfist í íslensku (sbr. t.d. Eirík Rögnvaldsson 1990 og Höskuld Þránínsson 2005:342-349).

- (63)
- a. margir góra þeir eigi iarteinir, es slikir ero sem hinir, es iarteinir gøra.  
– Hverso mattv þat sanna, at þeir se slikir, es **eigi gøra iarteinir**, sem hinir es **gera**? (Viðræður Gregors, útg. Unger 1877:I-199<sub>31-36</sub>; AM 677 4<sup>o</sup> [c1200-1225])
  - b. Síðan tók hann í hönd Høskuldi, ok sættusk þeir svá á málit, at Hrútr skyldi **gera** ok lúka upp gerðinni, áðr Ósvífr fœri braut. Síðan **gerði** Hrútr ok mælti: [...] (Njáls saga, útg. Einar Ól. Sveinsson 1954:39<sub>27-8</sub>; AM 468 4<sup>o</sup> [c1300-1325])
  - c. Fyr þessa sauk, segir Pall postoli, mætta ek hellzt dyrkaz, en ecki fyr minar sakir; ok þo at ek **giorða**, þa mætti mer eigi virða til ovizku [...] (Jóns saga postula II, útg. Unger 1874:267<sub>21</sub>; AM 234 fol [c1340])
  - d. Ef hann vill eigi ein böta garþinn eða gerða þar er tungarör hans er. þa scal þann hvar þeirra böta er **gerðe**. oc taca þar efne garð bota er þeir toco garðvirke. (Grágás, útg. Vilhjálmur Finsen 1879:452<sub>6</sub>; AM 334 fol [c1260-70])

Vegna þess hve fátíð dæmi af þessu tagi eru, andspænis dæmum með sambandinu *gerði þat*, er því sennilegra að þar sé um að ræða hefðbundin ósögð andlög en liðfellingu sagnliðar. Samsvarandi dæmi með liðfellingu sagnliðar eru raunar tæk í dönsku (tilv. eftir Houser o.fl. 2006:6):

- (64) Enten følger spillerne det, eller også **gør** de ikke.

Önnur tegund liðfellingar kemur fyrir í enskri og hollenskri málsögu þar sem andlag sagnanna *do/doen* ‘gera’ í orsakamerkingu er undanskilið og geta þá líkst mjög gjörðarstoð á yfirborðinu (sjá §3.1.1 og §3.1.2). Slík dæmi koma að mjög takmörkuðu leyti fyrir í fornnorrænu eins og nánar verður rætt um í næsta kafla.

#### 1.4.2 *gera* með nafnhætti í orsakamerkingu

Í fornnorrænu er hægt að nota *gera* í orsakamerkingu, venjulega með lýsingarorði:<sup>57</sup>

- (65) *gera í orsakamerkingu: lýsingarorð*
- a. þa toku þeir Sostenem þinghusshaufðingia ok **gorðu huðstrokin** i augsyn Gallioni (Páls saga postula II, útg. Unger 1874:252<sub>13</sub>; AM 234 fol [c1340])
  - b. Þa er Rafn kom út<sup>58</sup>, uar hann þegar **giorr hand-tekinn** ok **halldinn**. (Sturlunga saga, útg. Kálund 1906-11:II-314<sub>17</sub>; AM 122 a fol [c1350-1370])

Í þolandamerkingu getur ópersónulega sögnin *gera* einnig tekið lýsingarorðsfyllilið (= ‘verða’):

- (66)
- a. Sighuatr þottizt sia ath konungi **giorde kallt** ok mælti [...] (Óláfs saga helga, útg. Johnsen & Jón Helgason 1941:II-697<sub>27</sub>; GKS 1008 fol [c1450-1500])
  - b. Sló hun þá á við hann glímu nokkurri, þartil honum **gerði heitt**. (Þorsteins saga Víkingssonar, útg. Rafn 1829-30:II-435<sub>27</sub>; AM 152 fol [c1500-1525])
  - c. Nu giordizt svo mikit um drauma Gisla, at hann **giorir** svo **myrkræddan**, at hann þorir hvergi einn samann at vera [...] (Gísla saga Súrssonar, útg. Finnur Jónsson 1929:64<sub>33</sub>; [c1475-1500])

<sup>57</sup>Dæmin í þessum kafla eru flest sótt úr forn málsorðabókum, einkum Fritzner (1896:*gera*), C&V (1874:*göra*) og óprentuðum sagnalista ONP (*gera*), sbr. nmlsgr. 12.

<sup>58</sup>Orðinu *út* er skotið inn í útg. eftir öðrum handritum.



Einnig eru dæmi um *gera* í orsakamerkingu með aðalsögn í nafnhætti, sbr. t.d. Fritzner (1896:*gera*, 13) ‘lade en (e-n) gjøre noget’, fyrst og fremst eða einvörðungu í fornnorskum textum. Flest dæmin eru úr þýddum ritum. Í enskri og þýskri málsögu og í hollensku eru einnig slík dæmi, venjulega talin vera að latneskri fyrirmynd (sjá §3.1).<sup>59</sup> Dæmin í fornnorrænu eru oftast með nafnháttarmerki og mikill meirihluti þeirra er með sýnilegu andlagi, *frumlag – gera – andlag – nafnbáttur*, þ.e. setningagerð sem gjarna nefnist þolfall með nafnhætti (lat. *accusativus cum infinitivo*) eða afbrigðileg fallmörkun (e. *exceptional case marking*). Misjafnt er hvort andlagið er í þágufalli eða í þolfalli:<sup>60</sup>

- (67) *gera í orsakamerkingu: nafnbáttur (með þágufallsandlagi)*
- En konongrenn. veiti andsvor með skynsæmd. er hann skilldi eigi. er litils goz. vissi. oc firir því at hann vissi eigi. hui er. konongrenn hafðe sva gortt. þa **gerði** hann honom **at skilia** með þessom hætte. (Barlaams ok Josaphats saga, útg. Rindal 1981:12<sub>35</sub>; Holm perg 6 fol. [c1275])
  - Sorgir **gera þér** slíkt **at mæla** (Karlagnús saga, útg. Unger 1860:285<sub>38</sub>; AM 180 a fol [c1450-1500])
- (68) *gera í orsakamerkingu: nafnbáttur (með þolfallsandlagi)*
- En huer ma rœða eða tala. vm þitt valld. er þu **gerir** vatn **at renna** or harðum hegeitli. oc or fiallz/ gnípum fram leiddir forssa. (Barlaams ok Josaphats saga, útg. Rindal 1981:168<sub>31</sub>; Holm perg 6 fol. [c1275])
  - þat ok þess frio **gerir** mann ok vel **sofa**. (Medicalia: Læknisfrœði, útg. Larsen 1931:71<sub>1</sub>; RoyallrAcad 23 D 43 [c1475-1500])
  - huatt hefir feurd mín misgiortt vid þik sagdi hon. fru kuad hann þúi ath hon **giorir** mik **elska**. huern s(agdi) hon. sialfa ydr fru mín s(agdi) hann. (Ívens saga, útg. Blaisdell 1979:60<sub>2</sub>; Holm 6 4° [c1400-1425])  
LESBR.: þuiat hun **giorir** mig elska, AM 489 4° [c1450] (*sama rit*:60<sub>11</sub>); hon **bidur** mik elska ydur yfir alla luti framm, Holm papp 46 fol [1690] (*sama rit*:60<sub>20</sub>)

Einnig (eitt) dæmi af gerðinni *frumlag – gera – nafnbáttur*, án sýnilegs andlags:

- (69) Dreckur madur hann med vin. þa **gerir** þat **pissa** ok hreinsar. kvenna siukdom (Medicalia: Læknisfrœði, útg. Larsen 1931:64<sub>3</sub>; RoyallrAcad 23 D 43 [c1475-1500])

Í Thómas sögu erkibyskups eru eftirfarandi dæmi, annaðhvort með sömu setningagerð og í fyrri dæmunum en án frumlags, eða með aukafallsfrumlagi (og þá dæmi um gjörðarstoð):

- (70) a. Nu sem þessor herra pavans bræf koma legatunum, er þæim **gerer** skilia, at þæir mega nu ecke fram fara i þessum malum epter konungsens vilia ok sinum, þa skunda þæir þegar a Heinreks konungs fund (Fritzner: ‘dvs. da der gives dem at forstaa, da de komme til at forstaa’)  
(Thómas saga erkibyskups I, útg. Unger 1869:169<sub>2</sub>; Holm perg 17 4° [c1300])
- b. ok af þui **giorir** þeim nu af nyio sinn herra fast **at harma**. (Fritzner: ‘dvs. derved komme de nu til’)  
(Thómas saga erkibyskups I, útg. Unger 1869:275<sub>2</sub>; AM 662 b 4° [c1350-1400])

Síðara dæmið virðist fremur eiga heima í hópi dæma um gjörðarstoð þó að Fritzner telji það vera í orsakamerkingu.<sup>61</sup> Ekki verður séð að um ósagt frumlag sé að ræða, því að eðlilegt er að túlka forsetningarliðinn

<sup>59</sup>Í fornsænsku eru einnig dæmi um *göra* í orsakamerkingu, líklega að latneskri fyrirmynd (sjá Ellegård 1953:55<sub>n1</sub> og tilv. þar).

<sup>60</sup>Fallmörkun andlags getur verið óljós (þolfall/þágufall):

- (1) Nokor so mœðe vaar ok kranklæiki **gerer** oss æi mæira aat sinni yðr **at skrifwa** (DN VIII:125<sub>26</sub> [1338])

Þetta dæmi úr norsku fornbréfasafni (sem ekki er einsdæmi) endurspeglar líklega lærðan stíl fremur en bein latnesk áhrif úr frumriti.

<sup>61</sup>Í Blasíus sögu er dæmi um *harma* með þágufallsfrumlagi (sbr. Heimi Frey Viðarsson 2006):

- (1) en **harmar** mer sva miok, at við þvi er buit, at ec mona sonlæs verþa. (Blasíus saga, útg. Unger 1877:I-259<sub>4</sub>)

Venjulega tekur *harma* hins vegar með sér nefnifalls- eða þolfallsfrumlag í fornnorrænu.

af því sem það sem veldur harmi. Setninguna væri því ekki hægt að umorða á eftirfarandi hátt, eins og við væri að búast ef þeim væri andlag: *af því gjörir þat þeim nú af nýju sinn herra fast at harma.*

Þessi dæmi um *gera* með nafnhætti í orsakamerkingu virðast einkum vera í þeim fornorsku þýðingum sem annálaðar eru fyrir ónorrænan stíl og latnesk áhrif. Hvorki gjörðarstoð né *gera* með nafnhætti í orsakamerkingu eru þó talin einkenna lærðan stíl hjá Nygaard (1896). Tveitane (1968) minnst heldur hvergi sérstaklega á *gera* í úttekst sinni á lærðum stíl á einni latínuskotinni þýðingu, Vitæ patrum.<sup>62</sup>

Dæmi um *gera* í orsakamerkingu eru það fátíð að þau verða tæplega sögð bjóða upp á sömu tvíráðni í túlkun *gera* með nafnhætti og í t.d. enskri, þýskri og hollenskri málsögu, sbr. §3.1. Slík dæmi virðast aðeins koma fram í örfáum textum, sennilega einungis norskum, þar sem latnesk áhrif eru mikil.

Nú er hins vegar rétt að líta næst á gjörðarstoð í kveðskap.

## 2 Gjörðarstoð í fornorrænum kveðskap

Löng hefð er fyrir því að telja *gera* með nafnhætti í fornorrænu og í íslenskri málsögu til einkenna kveðskapar, sbr. §1.1 hér á undan. Þó að vel kunni að vera að gjörðarstoð sé á einhvern hátt útbreiddari í kveðskap, og einkenni kveðskapar í þeim skilningi, sbr. t.d. Konráð Gíslason (1872:288–290), verður í ljósi lausamálsins að *gera* ráð fyrir að *gera* með nafnhætti eigi sér einnig eðlilegt umhverfi í kveðskap.<sup>63</sup> Alveg áreiðanlegt er að gjörðarstoð er ekki beitt af bragfræðilegum ástæðum í óbundnu máli. Ein rannsóknarspurninga var því sú hvort notkun gjörðarstoðar væri *alltaf* skáldaleyfi. Hlyti notkun þeirra í bundnu máli ekki að eiga sér rætur í venjulegu máli, þrátt fyrir að þær séu algengari í kveðskap? Væri hægt að nota sagnir á b.v. *feta, gera, knega, nema, ráða* og *tjá* í kveðskap ef engin fordæmi væru fyrir hliðstæðri notkun þeirra í daglegu máli?

Enginn beinn vitnisburður er um afstöðu skálda til gjörðarstoðar en Óláfr hvítaskáld (f. 1210) fjallar um ýmis skáldaleyfi í kveðskap til þess að kveðandi haldist og nefnir *barbarisma* (sjá útg. Björn Magnússon Ólsen 1884). Dæmi um slíkt er t.d. þar sem stöfum er víxlað til þess að fá réttar hendingar, *brott > bort* : *skort* eða þar sem afröddun er beitt til þess að fá stuðla („Vm viðr lagning ablasningar verðr barbarismvs“, sbr. útg. 1884:68), *rammaztan > brammaztan* : *bringhæytanda*. Óláfr hvítaskáld virðist ekkert fjalla um notkun stoðsagna í málskrúðsfræði sinni, t.d. í umfjölluninni um barbarisma. Eitt dæmi sýnir hann t.d. þar sem sögnin *ráða* kemur fyrir í S°-kjarnafærslu en vekur þar aðeins athygli á gerð af *soloecismo* (‘málvillu’) sem hann nefnir talnaskipti, þ.e. þar sem fleirtala er notuð þar sem eðlilegra væri að hafa eintölu (útg. 1884:77):

(71) «Yppa radumz vðro kappi iota gramr i kvæði fliotv». her ær margfallig tala sætt fyrir æinfalldri tþlv.

Aftur kemur stoðsögnin *ráða* fyrir í vísnapari sem Óláfr hvítaskáld ræðir um í umfjöllun um viðlagning samstöfu (*prothesis*) (útg. 1884:86–87):

<sup>62</sup>Tveitane tilfærir þó eftirfarandi dæmi sem sé lýsandi fyrir þau latnesku áhrif sem birtast ákaflega sterkt í þessu riti (tilv. eftir Tveitane 1968:53<sub>19</sub>, leturbr. þar):

(1) benedictus Deus, qui vult omnes homines salvos fieri et ad agnitionem veritatis venire  
Blezadr gud, er vill alla mennina heila *gora* ok til vidrkenningar *koma* sannleiksins.

Hér hlýtur að vera átt við að menn séu *gerðir heilir* en jafnframt *gerðir koma* ‘látinir koma’. Þetta er því líkt (69).

<sup>63</sup>Eins og fram kemur hér á eftir eru þó í raun fleiri dæmi um *gera* með nafnhætti í lausamáli en í kveðskap. Í §1.2 kom fram að í fornorrænu lausamáli hefðu fundist um 100 dæmi, flest upprunalega frá 12. öld eða fyrri hluta 13. aldar. Í fornorrænum kveðskap hef ég hins vegar aðeins fundið 42 dæmi um *gera* með nafnhætti, yfir tímabil sem spannar sex aldir.

(72) «Vt **red** ingólfr læita ognreifr með hiðrlæifi». her ær samstafa logð við þetta nafn, læifr, ok lengt nafnit fyrir afbvrðar sakir hreysti hans.

Reyndar væri með nokkrum ólíkindum ef t.d. þeir Snorri og Óláfr hvítaskáld hefðu litið svo á að gjörðarstoð væri einkenni kveðskapar, eins og Konráð Gíslason (1872, 1892) gerir ráð fyrir, beitt til þess að kveðandi haldist, til uppfyllingar eða þvíumlíks, en hvorugur hafi hins vegar minnst á strangt tiltekið ótæka notkun stoðsagna í ritum sínum um kveðskap. Þvert á móti nota þeir gjörðarstoð báðir í kveðskap, og Snorri sjálfur (með *gera*) í óbundnu máli í þriðja hluta Heimskringlu (sbr. 1. kafla).

## 2.1 Lýsandi yfirlit: kveðskapur (9.–14. öld)

Að mínu mati hefur hingað til ekki verið tekið nægjanlegt mið af tilvist *gera* með nafnhætti (auk hinna sagnanna) í lausamáli og þeim spurningum sem það ætti að vekja um fyrirbærið í kveðskap. Þrjú grunnatriði má draga saman í þessu samhengi:

- (73)
1. *gera* með nafnhætti takmarkast ekki við kveðskap.
  2. Í lausamáli er *gera* með nafnhætti háð merkingarfræðilegum þáttum (áherslu/brennidepli).
  3. Í lausamáli er *gera* með nafnhætti háð setningafræðilegum þáttum (kjarnafærslu sagnar).

Um aðrar títtnefndar sagnir með nafnhætti í kveðskaparumritunum í lausamáli voru sýnd dæmi í §1.2.4, þ.e. *feta*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá*. Þær vísbendingar sem óbundið ritmál veita um daglegt fornnorrænt mál er að *gera* hafi verið beitt til þess að tákna áherslu. Ef eðlilegt er út frá samhengi að setja aðalsögn í brennidepil, virðist því vera leyfilegt að nota slíka gjörðarstoð. Í lausamáli var sú brennidepilsmerking nær iðulega tengd andstæðum en einnig komu fyrir dæmi með almennari brennidepli. Mikilvægt er þar af leiðandi að athuga hvort eðlismunur er á bundnu máli og óbundnu eða aðeins stigsmunur.<sup>64</sup> Útvíkkun á mörkum hins málfræðilega er hægt að skýra með bragfræðilegri uppfyllingu, styrkingu orðflokka og stuðlun. Í kveðskap er eðlilegt að láta reyna á þanþol málsins og að beita öllum tiltækum ráðum til þess að færa efni í viðeigandi búning formsins.<sup>65</sup> Hins vegar er ekki rétt að greina *öll* dæmi sem merkingarlausar, strangt tiltekið ótækar eða óþarfar umritanir. Fornskáldin hlytu að færa mál kveðskapar langt út fyrir eðlileg mörk, ef umræddar stoðsagnir væru alfarið uppfining þeirra.

Gjörðarstoð, eins og hún er notuð í elsta lausamáli, er að því leytinu til heppilegt tæki að hún gerir skáldinu kleift að hafa áhrif á stöðu aðalsagna í línu með það að markmiði að láta þær stuðla og/eða standa í risi. Aðalsögnin stendur þá í fallhætti og hefur sterkari stöðu hljóðfræðilega en sögn í persónuhætti,<sup>66</sup> sbr. styrkleikaskala þar sem persónubeygðar sagnir eru taldar til miðlungs sterks flokks orða (tilv. eftir Kristjáni Árnasyni 2002b:206).<sup>67</sup>

<sup>64</sup>Til dæmis um stigsmun mætti nefna að kjarnafærsla á sögn er möguleg í fornnorrænu lausamáli en ekki kjarnafærsla á heilum sagnlið (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1995). Þórhallur Eypórsson (2009) bendir hins vegar á að í kveðskap (undir ljóðahætti) er þessari takmörkun aflétt. Þar er því ekki eðlismunur á kveðskap og lausamáli, þ.e. færsla í ákvTL sem slík er leyfð (sjá nánar §4.4).

<sup>65</sup>Ellegård (1953:146–147) tekur t.d. fram að gjörðarstoð í elstu miðensku hafi í lausamáli aðeins komið fram með orsakasögnum á tilteknum svæðum en að á sama tíma hafi verið hægt að nota gjörðarstoð með fjölbreyttari tegundum sagna í kveðskap. Ennfremur eru elstu varðveittu dæmi um gjörðarstoð í ensku, hollensku og þýsku úr kveðskap fremur en lausamáli (sjá t.d. Ellegård 1953:56, Weijnen 1952:68–69 og Weiss 1956).

<sup>66</sup>Fallhættir falla einnig betur að þeirri kröfu dróttkvæðs háttar að síðasti bragliður hafi þungt rótaratkvæði og sé tvíkvæður (sbr. t.d. Kristján Árnason 2002b).

<sup>67</sup>Sjá umræðu hjá Sievers (1893:41–46), Heusler (1956:107–110), Kristjáni Árnasyni (2002b:205–206, 226–227). Sjá einnig Finn Jónsson (1892:67–72).

- Veikt: forsetningar, fornöfn, tengisagnir.  
 (74) Miðlungs: persónubeygðar sagnir, stigbreytt lýsingarorð, atviksorð önnur en tíðaratviksorð.  
 Sterkt: nafnorð, lýsingarorð, fallhættir sagna, tíðaratviksorð.

Lík hugsun kemur einnig fram hjá Kuhn (1933) þar sem hann greinir að orð og liði af misjöfnum styrkleika, þar sem setningaragnir eru veikastar en setningarhlutaagnir og setningahlutar hafi meiri styrkleika (byggt á Kuhn 1933:4-5, sbr. einnig Fidjestøl 1999, Kristján Árnason 2002b):<sup>68</sup>

- (75) a. *Setningaragnir*  
 Áherslulaus eða áherslulétt orð sem tilheyra ekki einstökum setningarhluta heldur allri setningunni, og eru því setningafræðilega sjálfstæðir hlutar.  
 Dæmi: sérstæð fornöfn, smáorð, atviksorð, persónuhættir, (fallhættir og sagnfyllingar).  
 b. *Setningarhlutaagnir*  
 Áherslulaus eða áherslulétt orð sem tilheyra einstökum orðum eða setningarhluta, og eru því setningafræðilega ósjálfstæðir hlutar.  
 Dæmi: hliðstæð fornöfn, greinar, forsetningar, (áherslulaus) forskeyti.  
 c. *Setningarhlutar*  
 Þyngri orð sem er eðlilegt að beri áherslu. (Dæmi: nafnorð, lýsingarorð(?))

Setningaragnir, t.d. persónubeygðar sagnir, eru því orð sem geta hugsanlega borið áherslu en flokkast sem slíkar því aðeins að þær séu áherslulausar eða áhersluléttar. Þar sem bragfræðilegt gildi gjörðarstöðar hvetur skáldið fremur en letur til þess að nota stoðsagnir má segja að kveðskapur hafi „innbyggðar“ tilhneigingar til þess að láta þetta málfræðilega einkenni í ljós. Hlutverk málfræðingsins er því að reyna að komast að því hver þessara dæma eru „eðlileg“ m.v. þau dæmi sem finnast í fornorrænu lausamáli.

Ef fyrrnefndar sagnir væru eins og flestar hjálparsagnir ætti þeirra kjörlendi að vera í upptakti og í hnigi. Ef sagnirnar væru notaðar til áherslu, eins og sýnd hafa verið dæmi um í lausamáli, ættu þær að geta staðið í risi. Ef þær væru til bragfræðilegrar uppfyllingar er þess að vænta að þær stæðu einkum í innra hnigi á milli risa.<sup>69</sup> Staða í hnigi er hins vegar kjörlendi persónubeygðra sagna yfirleitt í öllum þessum kveðskap (sbr. t.d. Sievers 1893:44, §24.1),<sup>70</sup> nema til komi setningafræðilegar færslur (sbr. t.d. Kuhn 1933:9, Kristján Árnason 1991:78). Því er ekki hægt að byggja athugunina á því atriði einu saman. Visbendingar um að sögnunum sé beitt til bragfræðilegrar uppfyllingar væru t.d. ef munur er á fylliliðum þeirra, einkum ef þær eru notaðar með fleiri tegundum sagna en í lausamáli (t.d. hjálpasögnum), eða ef þær standa einkum/ævinlega í einhverri tiltekinni bragstöðu (t.d. á milli risa). Sögn sem notuð væri til bragfræðilegrar uppfyllingar ætti ekki að standa í risi enda væri það í ósamræmi við hlutverk hennar sem bragfræðilega styrkingu á sögn í persónuhætti. Auk þess hlyti að fara illa á að málfræðilega ótæk beiting sagnar hefði svo áberandi stöðu í braglínu.

Þessir „spádómar“ rætast að verulegu leyti, upp að því marki sem fjöldi dæma um sagnirnar leyfa slíkar alhæfingar. Sagnirnar *gera* og *knega* skera sig venjulega skýrt frá *nema* og *ráða*, en *feta* og *tjá* eru óljósar sakir dæmaskorts. Greinilegt er að fyrsti flokkurinn er af málfræðilegum toga, þar sem *gera* er beitt til áherslu en *knega* líkist venjulegri háttarsögn, t.d. *mega*. Annar flokkurinn á eitthvað skylt við aðalsagnir, þar sem

<sup>68</sup>Skilgreiningar Kuhns (1933) eru fremur óljósar (sjá Kristján Árnason 2002b:203). Kuhn skilgreinir t.a.m. aðeins setningaragnir nákvæmlega með dæmum um orðflokka en ekki setningarhlutaagnir og setningahluta. Dæmum um orðflokka við þessi tvo síðarnefndu hugtök ber því að taka með þeim fyrirvara. Megininntakið er að tilteknum orðum er eiginlegt að bera áherslu, en öðrum er eiginlegt að vera áherslulaus.

<sup>69</sup>Sjá t.d. Deutschbein (1917:79) og Denison (1985) um bragfræðilega uppfyllingu *do* í þessari stöðu í ensku og t.d. Weiss (1956:191) og Langer (2001:42-43) í þýsku.

<sup>70</sup>Kuhn (1933:52) kveður merkingarþrungnar aðalsagnir (þýs. *Vollverben*) þó vera áherslumeiri en hjálparsagnir (þýs. *Hilfsverben*), en til hjálparsagna telur Kuhn ekki aðeins hefðbundnar hjálparsagnir, heldur einnig „háttarsagnir, allar aðrar sagnir sem taka með sér nafnhátt og tengisagnir ásamt *verða*“. Í síðari flokkinn falla því sagnirnar sex sem hér eru til umfjöllunar.

hægt og bítandi má merkja aukna tilhneingingu til þess að þær séu notaðar til uppfyllingar. Þetta á að hluta til einnig við um *gera* og *knega*, *gera* ekki síst í miðíslenskum kveðskap og síðar (sbr. hér á eftir).

Nú verður sýnt yfirlit yfir notkun stoðsagnanna í eddukvæðum og í dróttkvæðum.<sup>71</sup> Fyrst verður fjallað um merkingarfræðileg atriði, því næst um setningafræðileg atriði og loks bragfræðileg.

### 2.1.1 Merkingarfræðileg atriði

Niðurstöður athugunar á notkun *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í eddukvæðum eru dregnar saman í töflu 9.<sup>72</sup> Athygli vekur að í eddukvæðum eru dæmi um *gera* með nafnhætti afar fátíð; einkennilega fátíð ef henni væri kerfisbundið beitt til bragfræðilegrar uppfyllingar. Um *gera* með nafnhætti eru alls 11 dæmi, öll í kvæðum sem flokkast til hetjukvæða (sbr. t.d. flokkun í ÍB I:125 o.áfr.) eins og sýnt er í (76):

Kvæði (háttur) * sögn							
	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
Atlakviða (F)	0	0	3	0	0	0	3
Atlamál (M)	0	3	1	2	8	0	14
Fáfnismál (F/L)	0	0	2	0	0	0	2
Fjölsvinnsmál (L)	0	0	3	0	0	0	3
Grímnismál (L)	0	0	3	0	0	0	3
Grípisspá (F)	0	1	0	1	0	0	2
Guðrúnarhvöt (F)	0	0	1	0	0	0	1
Guðrúnarkviða I (F)	0	1	0	0	0	0	1
Guðrúnarkviða II (F)	0	2	0	0	0	0	2
Guðrúnarkviða III (F)	0	0	1	0	0	0	1
Hamðismál (F)	0	1	1	0	0	0	2
Hárbarðsljóð (F)	0	0	2	0	0	0	2
Hávamál (L)	0	0	0	1	0	0	1
Helgakviða Hjörvarðssonar (F/L)	0	0	3	0	0	1	4
Helgakviða Hundingsbana I (F)	0	0	1	1	0	0	2
Helgakviða Hundingsbana II (F)	0	0	2	2	0	0	4
Helreið Brynhildar (F)	0	0	1	0	0	0	1
Hymiskviða (F)	0	0	1	2	0	0	3
Oddrúnargrátr (F)	0	0	1	5	0	0	6
Rígsþula (F)	0	0	0	11	0	0	11
Sigrdrífumál (F)	0	0	1	0	0	0	1
Sigurðarkviða (F)	0	0	0	4	0	1	5
Sigurðarkviða hin skamma (F)	0	2	4	4	0	0	10
Vegtamskviða (F)	0	0	0	1	0	0	1
Völundarkviða (F)	0	1	0	2	0	0	3
Völuspá (F)	0	0	3	2	0	1	6
	0	11	34	38	8	3	94

**Tafla 9:** Taflan sýnir fjölda tilvika stoðsagnanna *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í eddukvæðum. Innan sviga er bragarháttur hvers kvæðis tilgreindur: F = fornryðislag, M = málaháttur og L = ljóðaháttur.

- (76) a. Atlamál (3 dæmi, neitun)  
 b. Grípisspá (1 dæmi, neitun)  
 c. Guðrúnarkviða I og II (3 dæmi, neitun)  
 d. Hamðismál (1 dæmi, neitun)  
 e. Sigurðarkviða hin skamma (2 dæmi, neitun/skilyrðissetning)  
 f. Völundarkviða (1 dæmi, skilyrðissetning)

<sup>71</sup>Hin hefðbundna skipting í eddukvæði og dróttkvæði orkar þó nokkuð tvímælis þar sem dróttkvæði (=hirðkveðskapur) geta einnig verið undir edduháttum. Á dróttkvæðum og eddukvæðum er m.a. sá munur að dróttkvæði eru gjarna eignuð nafngreindum skáldum og þau er því með nokkurri vissu hægt að aldursgreina. Þetta býður upp á þann möguleika að skoða notkun stoðsagna í dróttkvæðum yfir tiltekið tímabil, þ.e. allt frá miðri 9. öld fram á 14. öld, sbr. aldursákvörðun Finns Jónssonar 1912-15 (Skj.).

<sup>72</sup>Athugun á eddukvæðum byggist á prentuðum orðstöðulykli Kelloggs (1988). Sjá nánar í viðauka I.

Í flestum þessara dæma er *gera* beitt í sama umhverfi og í fornnorrænu lausamáli, þ.e. með hertri neitun þar sem aðalsögnin er í brennidepli sbr. t.d. (77) og (78):

- (77) „A hvǫða ec her inn renna | at endlǫngo hvsi,  
þyti af þiosti, | þeystiz vf becci,  
bryti fǫtr yca | brǫþra her tveggja,  
**gerþit** vatn **vęgia**; | vera mvn þat fyr necqvi.  
(Atlamál 26, útg. Bugge 1867:296)
- (78) Glǫmr var i hǫllo, | halir ǫlreifir,  
oc til gota **ecci** | **gerþot** **heýra**,  
aþr halr hvǫfvǫllr | i horn vm þát.  
(Hamðismál 18, útg. Bugge 1867:319)

Í (77) er straumþungi ár meginefni vísunnar og þar er eðlilegt að sögnin *vęgia* sé sett í brennidepil, þ.e. *áin vęgði ekki nokkrum sköpuðum blut*. Í (78) er slíkur gláumur í höll Gota að þeir heyra ekki til árárarmannanna í tæka tíð, svo þar er *heyra* dregin í brennidepil. Sögninni er því beitt í sams konar samhengi og á sama hátt og í lausamálstextum ættuðum frá 12.-13. öld, að því undanskildu að *gera* í eddukvæðum stendur nær alltaf með neitunarhenglinum *-a/(a)t*. Þetta bendir því til þess að kvæðin endurspegli málstig sem er stigi eldra en málið á lausamálstextunum.<sup>73</sup> Í dróttkvæðum eru elstu dæmi um hengilinn með *gera* frá 10. öld:

- (79) a. **gerra** garmr í snerru | geirvífa **sér hlífa** (Hákonardrápa 8, Skj. BI-56 (no.))  
b. (baugs **gerðut** við **vęgjask**) | verkendr Heðins serkjar; (Óláfsdrápa, erfdrápa 13, Skj. BI-153 (isl.))

Aðeins í tveimur síðustu eddukvæðunum sem talin eru upp í (76), Sigurðarkviðu hinnu skömmu og Völundarkviðu, er *gera* beitt á annan hátt en jafnan í lausamáli:

- (80) a. hon mvn þer vnna, | sem ec scyldac,  
ef ocr goþ vm scap | **gerþi verþa**.  
(Sigurðarkv. skamma 58, útg. Bugge 1867:256-7)
- b. sva beiþ hann | sinnar lióssar  
qvanar, ef hanom | **coma gerþi**.  
(Völundarkviða 5, útg. Bugge 1867:164)

Í þessum kvæðum er hugsanlegt að notkunarsvið *gera* hafi verið útvíkkað, af bragfræðilegum ástæðum vegna stuðlunar.<sup>74</sup> Í Sigurðarkviðu hinnu skömmu er eitt dæmi um *gera* með hertri neitun en í (80a) einnig í venjulegri (jákvæðri) fullyrðingarsetningu með tengisögninni *verða*.<sup>75</sup> Í fornnorrænu lausamáli eru dæmin undantekningarlaust með aðalsögnum. Það tiltekna dæmi er aftur á móti í skilyrðissetningu, sem e.t.v. dugir til þess að skapa rétt umhverfi fyrir gjörðarstoð. Í Völundarkviðu er aðeins eitt dæmi um *gera*, einnig í skilyrðissetningu og án neitunar eða herðandi smáorða, sbr. (80b).

Í eddukvæðum og dróttkvæðum koma hinar stoðsagnirnar einnig alljafna aðeins fram með aðalsögnum. Tvö forn dæmi um málfræðilegar sagnir eru sýnd í (81):

- (81) a. **Knátti** enn en átta  
oddhrið **vakið** síðan  
(Finns rauð gjöld) á grœnni  
(grams ferð) Manork **verða**.  
(Útfarardrápa 10, Skj. BI-459-60; isl., 12. öld)
- b. Þa **nam** ec frǫvaz  
oc frǫþ **vera**  
oc vaxa oc vel hafaz  
(Hávamál 141, útg. Bugge 1867:61)

<sup>73</sup>Í þessum dæmum sést að ekki virðist duga að nota aðeins neitunarhengillinn með aðalsögn til þess að tákna herta neitun (sjá §5.1.2), heldur kemur hvort tveggja fram, sögnin *gera* og hengillinn. Ef ekki er um eins konar tvöföldun að ræða hlýtur hengillinn þá þegar að hafa misst herðandi merkingu sína.

<sup>74</sup>Aldur Völundarkviðu er óljós en gert er ráð fyrir að kviðan hafi lengi varðveist í munnlegri geymd (sjá ÍB:I-130-136). Ekki er talið ósennilegt að Sigurðarkviða hin skamma sé mjög ung og jafnvel að hún hafi verið ort beint á bókfell (sbr. ÍB:I-150); dæmi um *gera* með tengisögninni *verða* styrkir þá tilgátu. Engin önnur dæmi eru um hjálparsagnir með *gera* og dæmi eru fátíð með öðrum stoðsögnum.

<sup>75</sup>Í þýskum mállýskum og í þýskri málsögu eru einnig dæmi um *tun* með sögnum öðrum en aðalsögnum, þ.m.t. *haben* og *können* (sjá Erb 2001:189).

Sé litið almennt á merkingu stoðsagnanna í eddukvæðum kemur í ljós að *gera* sker sig úr, sbr. töflu 10.

	Merking * sögn						Σ
	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	
brennidepill (neitun)	0	9	5	3	0	0	17
brennidepill (herðandi)	0	0	6	4	3	0	13
brennidepill (merking)	0	0	4	2	0	0	6
brennidepill (vafi)	0	1	12	7	4	2	26
kjarnafærsla	0	0	0	2	0	1	3
uppfylling?	0	1	7	20	1	0	29
	0	11	34	38	8	3	94

**Tafla 10:** Taflan sýnir hver merking stoðsagnanna *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* er eða gæti verið í eddukvæðum. Athugið að ætlast er til þess að upplýsingarnar í þessari töflu séu lesnar á **neikvæðan** hátt, þ.e. hlutfallslega há gildi í *brennidepill (vafi)* og *uppfylling?* ber að hafa til marks um að sagnirnar séu sennilega til bragfræðilegrar uppfyllingar. Há gildi í hinum flokkunum benda hins vegar til þess að notkun sagnanna geti hugsanlega falið í sér viðbótarmerkingu (einkum brennidepilsmerkingu).

Afar fátítt er að dæmi um *gera* séu flokkuð sem vafasamur brennidepill og sennileg uppfylling en hlutfallslega mörg dæmi eru um brennidepill með neitun. Rétt er að hafa það til marks um að *gera* sé ekki beitt í eddukvæðum í umhverfi sem hún gæti ekki einnig komið fram í í lausamáli. Sögnin *knega* er býsna oft sögð hafa vafasama brennidepilsmerkingu og e.t.v. til uppfyllingar. Ef *knega* er háttarsögn í merkingunni ‘mega, geta’ kann möguleg brennidepilsmerking að vera fólgin í möguleikamerkingu (e. *epistemic reading*) háttarsagnarinnar. Dreifingin með *ráða* er ekki afgerandi en ekki er útilokað að sums staðar sé um orðasafnsbundna merkingu að ræða ‘afráða, ætla’, jafnvel þó að sögnin taki venjulega með sér beran nafnhátt. Dæmi um *tjá* eru of fá til þess að hægt sé að draga af þeim ályktanir og engin dæmi eru um *feta*.

Hinar sagnirnar koma allar sjaldan fyrir í hverju kvæði, yfirleitt einu sinni eða tvisvar og að hámarki þrisvar, að frátaldri sögninni *nema* í Rígsþulu sem þar er 11 sinnum beitt, líklega til bragfræðilegrar uppfyllingar.<sup>76</sup> Til skírleiksauka er hægt að skipta dæmunum í þrennt, sbr. (82).<sup>77</sup>

- (82) a. Sögnin virðist sjálf að hafa merkingu (t.d. orðasafnsbundna- eða háttarmerkingu).  
 b. Sögnin virðist tengjast setningafræðilegum færslum (innskot á persónubeygðri sögn).  
 c. Sögnin virðist aðeins lúta bragfræðilegum atriðum (t.d. stuðlun, ris).

Þessar þrjár gerðir endurspeglar því gróflega liði (a), (b) og (c) í eftirfarandi dæmum úr eddukvæðum. Um þriðju gerðina, (c)-dæmin, má hins vegar yfirleitt finna samsvörum í lausamáli, sbr. §1.2.4. Dæmi um *nema* eru sýnd í (83).

<sup>76</sup>Þó er rétt að nefna að í Rígsþulu geta aðalsagnir í persónuhætti staðið í risi í sama umhverfi og annars staðar í kvæðinu virðist þurfa að skapa sterkara umhverfi með stoðsögn í persónuhætti og aðalsögnina í fallhætti (undirstrikað):

- |   |   |
|---|---|
| <p>(1) <u>Reið hann</u> meirr þaðan<br/>         myrkan við,<br/>         helug fiðll,<br/>         unnz at höllu kom;<br/>         skapt <b>nam at dyia</b>,<br/> <u>skelfði</u> lind,</p> | <p>hesti <u>hleypti</u><br/>         ok hiqrfi <u>brá</u>;<br/>         vig <b>nam at vekia</b>,<br/>         vøll <b>nam at rioða</b>,<br/>         val <b>nam at fella</b>,<br/>         va til landa. (Rígsþula 37, útg. Bugge 1867:147)</p> |
|---|---|

Ef *nema* er skotið inn í fimmta vísuorði til þess að gera sögninni *dýja* kleift að standa í risi (í fallhætti), er óvænt að sjá *skelfði* í risi í sjötta vísuorði (reyndar með umröðun), *hleypti* í áttunda og *brá* í níunda (allar þrjár í persónuhætti). Ekki er hægt að skýra þessi dæmi svo að aðalsögnnum í persónuhætti leyfist að standa í risi ef þær stuðla eða bera höfuðstaf á þessum stöðum; *brögða* stuðlar ekki, og það á víðar við um aðalsagnir í persónuhætti í kvæðinu sem standa í risi. Á hinn bóginn ber *vekja* sannarlega stuðul en stendur þrátt fyrir það með stoðsögn.

<sup>77</sup>Þessi þrískipting hefur áreiðanlega ekki þungt fræðilegt vægi. Ég tel skiptingu í gerðir heppilega að því leyti að í gerð 1 er mögulegt að gera ráð fyrir merkingu sem ráðist af stoðsögninni, í gerð 2 vegna setningafræðilegra atriða (færslna) og gerð 3 sem sennilegast er að megi rekja til bragfræðilegrar atriða. Vegna þess hve mjög skipting í gerð 1 og 3 er háð huglægu mati verður ekki gerð tilraun til þess að sýna hvernig öll dæmin dreifast eftir gerðunum (sjá hins vegar töflu 10 og 11).

- (83) a. Þa **nam** ec **fr̥vaz** | oc **fr̥þr vera** || oc **vaxa** oc **vel hafaz** (Hávamál 141, útg. Bugge 1867:61)  
 b. **Męla namo** | oc **mart hiala** (Grípisspá 6, útg. Bugge 1867:205)  
 c. **heim nam** hon **Helga** | **h̥and at s̥okia** (Helgakviða Hundingsbana II 14, útg. Bugge 1867:193)

Í (83a) er *nema* sennilega í merkingunni ‘taka, hefjast’ en þá er *nema* aðalsögn og krefst ekki frekari skýringa. Í (83b) hefur aðalsögnin *męla* verið kjarnafærð og sögninni *nema* skotið inn til þess að bera beygingarþætti (sjá §4.4). Í (83c) er erfitt að koma auga á nokkra sérstaka merkingu og liggur því beinast við að skýra það á bragfræðilegan hátt, þ.e. til styrkingar *sækja*. Slík dæmi eru þó einnig í lausamáli:

- (84) Hann bað mik miok með morgum fogrum orðum, at ek skyllða fara með ser, en ek **nam** eigi **trua** a þat, er hann sagði (=37b))

Um *tjá* eru ekki nema þrjú dæmi í eddukvæðum sem sýnd eru í (85):

- (85) a. **tiá** **byþlvngi** | **bl̥þa** vndir (Helgakviða Hjörvarðssonar 40, útg. Bugge 1867:178)  
 b. **hitt** **hergl̥atvþr** | **hyggia t̥þi** (Brot af Sigurðarkviðu 13, útg. Bugge 1867:239)  
 c. **Sol ter** **sortna** | **sigr** fold imar (Völuspá 54, útg. Bugge 1867:18)

Í (85a) gæti *buðlungi* sennilega borið tvö ris, sem gerði stoðsögnina bragfræðilega óþarfa, og í (85b) væri mögulegt að líta á *hyggja tēði* sem kjarnafærslu á fallhætti, sem krefst innskots sagnar í persónuhætti.<sup>78</sup> Í (85c) hefði skáldið hæglega getað beitt frásagnarumröðun á *sortnar* líkt og á *sigr* í síðlínu, og *bverfa af himni* | *heiðar stjornur* í næstu línu þar á eftir. Þetta braglínupar líkist reyndar merkingarlega talsvert dæmi úr lausamáli með *gera* og í sama texta er einnig dæmi um *tjá*:

- (86) a. Sól **gorþe** eige **fkína** (Íslensk hómiliubók, útg. Leeuw van Weenen 1993:33r<sub>18</sub>; Holm perg 15 4° [c1200])  
 b. þat ef yver **t̥r** at **ganga** of verold. (=41))

Ekki er óhugsandi að *tjá* sé forveri *gera* sem hafi verið notuð líkt og *gera* í lausamáli. Þetta styður samanburður við önnur germönsk mál þar sem sögn skyld *tjá* er notuð í líku samhengi (þ.e. *do* í ensku, *tun* í þýsku og *doen* í hollensku). Þessi sögn væri því mögulegur uppruni veiku þátíðarendingarinnar, sem oft er talin sniðin eftir þt. frg. \*dedō ‘gerði’ (sjá t.d. Tops 1974).<sup>79</sup> Setningafræðileg tengsl *tjá* og *gera* verða hins vegar lítið annað en getgátur án fleiri dæma um sögnina.

Í (87) eru sýnd dæmi um *knega*:

- (87) a. þat er **knegi** á Menglaðar | svásum armi **sofa**?“ (Fjölsvinnsmál 41, útg. Bugge 1867:350)  
 b. **flavst fagrvin** | **flíóta knátto** (Helgakviða Hundingsbana I 31, útg. Bugge 1867:184)  
 c. Sæcqvabeccr heitir enn fiorþi, | enn þar svalar **knego** || vnnir yfir **glymia** (Grimnismál 7, útg. Bugge 1867:77)

Í (87a) er sennilegast að merking *knega* sé ‘mega’ og ef svo er krefst dæmið ekki frekari skýringa. Í (87b) er setningin óbundin, samkvæmt hugmyndum Kuhns (1933), en þrátt fyrir það er persónubeygða sögnin aftast. Það dæmi er því eðlilegast að greina sem kjarnafærslu á heilum sagnlið. Ekki er alveg ljóst hvaða bragfræðilega ávinning *knegu* hefur í (87c), þar sem *knegu glymjja* virðist einfaldlega merkja ‘glymjja’, nema e.t.v. að styrkja fallháttinn *glymjja*. Persónuhátturinn *knegu* í lok síðlínunnar virðist aftur á móti nægilega sterkur til þess að standa í risi. Sambærileg dæmi með *knega* koma fram í lausamáli:

- (88) En þeim bra mioc við þesse tíþende oc vel, es þeir **knatto** þar **lita**. (=36b))

<sup>78</sup>Kuhn (1933) greindi þetta dæmi sennilega þannig að persónubeygða sögnin stæði aftast vegna þess að um bundna setningu sé að ræða, sbr. §2.1.2. Bindiorðið væri hér því *hitt*, en samkvæmt Kuhn geta fn. verið bindiorð. Eðlilegast væri hins vegar að skandera *hitt* í risi og því gegnir það hér ekki hlutverki bindiorðs, sem væru áherslulaus.

<sup>79</sup>Þá væri *-ði* í t.d. *sortnaði* rakið til þessarar sagnar, líkt og sagt hefði verið *sortna tēði*, þ.e. *sortna gerði*. Ef eðlilegt er að nota gjörðarstoð með sögninni *skína* í lausamáli um jafn óvenjulegan atburð og að sól skíni ekki, og þessar tvær sagnir tengjast, er ekki síður við gjörðarstoð að búast í kveðskap þar sem sagt er að sól *sortni*.



Með *ráða* eru engin dæmi í eddukvæðum um kjarnafærslu á fallhætti, sbr. (b)-dæmin hér að ofan. Í stað slíks dæmis er í (89) tekið dæmi úr Háttalykli:

- (89) a. *reis fra borði, | reð at sofna* (Rígsþula 19, útg. Bugge 1867:144)  
 b. *(veita reð vellbrjótr | valgjóð hræflóð)* (Háttalykill 25b, Skj. BI-499: 12. öld)  
 c. *einn þv þvi ollir, | ecci rettv leifa* (Atlamál 83, útg. Bugge 1867:306)

Í (89a) er *ráða* í orðasafnsbundinni merkingu, e.t.v. ‘búa sig til’ (oftar í miðmynd *ráðask*). Í (89c) má hugsanlega sjá áherslunotkun *ráða*, ef á slíka merkingu er fallist, sem svipar þónokkuð til *gera*, sbr. töflu 10. Í lausamáli kemur *ráða* einnig fyrir, þar sem þó er erfitt að sjá nokkra sérstaka brennidepilsmerkingu:

- (90) *þvi at þat scolo laug vera sem hann reð upp kveða.* (= (40b))

Yfirlit um mögulega merkingu stoðsagnanna í dróttkvæðum, sbr. töflu 11, sýnir að hvorki er um einn flokk sagna að ræða né helst merking/notkun sagnanna stöðug yfir allt tímabilið.<sup>80</sup>

		Sögn * merking * öld						
		9 öld	10. öld	11. öld	12. öld	13. öld	14. öld	Σ
<i>feta</i>	brennidepill (neitun)	0	0	0	0	0	0	0
	brennidepill (herðandi)	0	0	0	0	0	0	1
	brennidepill (merking)	0	0	1	0	0	0	0
	brennidepill (vafi)	0	0	0	1	0	0	1
	kjarnafærsla	0	2	0	0	0	0	2
	uppfylling?	0	0	1	1	1	0	3
<i>gera</i>	brennidepill (neitun)	0	2	1	2	2	1	8
	brennidepill (herðandi)	2	2	2	0	3	2	11
	brennidepill (merking)	0	0	0	0	0	2	2
	brennidepill (vafi)	0	1	0	0	1	1	3
	kjarnafærsla	0	0	0	0	2	0	2
	uppfylling?	0	0	0	0	1	4	5
<i>knega</i>	brennidepill (neitun)	0	0	1	0	1	0	2
	brennidepill (herðandi)	3	2	5	5	2	1	18
	brennidepill (merking)	0	3	4	1	3	1	12
	brennidepill (vafi)	1	4	0	1	10	1	17
	kjarnafærsla	1	2	3	5	3	0	14
	uppfylling?	0	1	1	3	15	2	22
<i>nema</i>	brennidepill (neitun)	0	1	1	0	1	0	3
	brennidepill (herðandi)	0	1	5	7	5	15	33
	brennidepill (merking)	1	0	0	1	1	2	5
	brennidepill (vafi)	1	0	0	4	4	3	12
	kjarnafærsla	0	0	1	1	0	0	2
	uppfylling?	0	1	3	4	4	15	27
<i>ráða</i>	brennidepill (neitun)	0	0	2	0	0	1	3
	brennidepill (herðandi)	1	2	9	9	5	4	30
	brennidepill (merking)	0	1	3	5	5	1	15
	brennidepill (vafi)	0	1	3	7	5	1	17
	kjarnafærsla	0	0	1	2	0	4	7
	uppfylling?	0	1	9	10	10	11	41
<i>tjá</i>	brennidepill (neitun)	0	0	1	0	0	0	1
	brennidepill (herðandi)	0	1	3	1	0	0	5
	brennidepill (merking)	0	0	1	0	0	0	1
	brennidepill (vafi)	0	1	1	0	0	0	2
	kjarnafærsla	0	0	1	1	1	0	3
	uppfylling?	0	0	1	1	1	0	3

**Tafla 11:** Taflan sýnir hver merking stoðsagnanna *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* er eða gæti verið í dróttkvæðum. Athugið að ætlast er til þess að upplýsingarnar í þessari töflu séu lesnar á **neikvæðan** hátt, þ.e. hlutfallslega há gildi í *brennidepill (vafi)* og *uppfylling?* ber að hafa til marks um að sagnirnar séu sennilega til bragfræðilegrar uppfyllingar. Há gildi í hinum flokkunum benda hins vegar til þess að notkun sagnanna geti hugsanlega falið í sér viðbótarmerkingu (einkum brennidepilsmerkingu).

<sup>80</sup>Athugun á dróttkvæðum byggist á hefðbundinni orðaleit í gagnagrunni *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, á dróttkvæðasafni Finns Jónssonar 1912-15 (Skj.), B-hluta. Sjá nánar í viðauka I.

Með *ráða* og *nema* er hlutfall dæma sem ég hef greint sem uppfyllingu orðið talsvert hátt á 11. öld og eykst mjög á 13. og 14. öld. Ef um helmingur dæmanna með þessum sögnum er greindur sem líkleg uppfylling er ekki hægt að taka mark á að allt að helmingur dæmanna sé til marks um brennidepilsmerkingu; það kann einfaldlega að vera tilviljun að stoðsögnin lendi þar sem gera mætti ráð fyrir áherslu. Dæmi um *gera* í lausamáli sýna hins vegar að brennidepilsmerking er þar engin tilviljun. Á 13. og 14. öld eykst einnig fjöldi vafadæma um *gera* og dæma um hana sem virðast einvörðungu vera til uppfyllingar. Það bendir því til þess að málfræðileg tengsl *gera* í kveðskap hafi þar rofnað.<sup>81</sup> Ekki er sama hlutfall milli dæma um *gera* með neitun í dróttkvæðum og í eddukvæðum og lausamáli, þar sem *gera* kemur nær alltaf fram með neitun. Í lausamáli er *gera* einnig í herðandi umhverfi (með og án neitunar) en slík dæmi eru fá.

Frá 10. öld eru dæmi með *gera*, t.d. í (91) úr lausavísu eftir Kormák Ögmundarson (ísl.), þar sem manni er fengið bitlaust og óstinnt sverð að berjast með, og í (92) úr Óláfsdrápu Hallfreðar vandræðaskálds (ísl.) með neitun:

- |  |   |
|--|---|
| <p>(91) Færðia mér at morði<br/>morðvönd (fétils storðar<br/>staðr esa strandar naðri)<br/>starreggjaðan Skeggi;<br/><b>gerði</b> (holt) fyr hjalti<br/>Hvítung í tvau <b>bíta</b><br/>(brotit hefð skarð í skerðum)<br/>Sköfnungr (fétils þrafna).<br/>(Lausavísa 27, Skj. BI-76)</p> | <p>(92) Sukku niðr af Naðri<br/>(naddfár) í þöð sárir<br/>(baugs <b>gerðut við vægjask</b>)<br/>verkendr Heðins serkjar;<br/>vanr mun Ormr, þótt Ormi<br/>alldýrr konungr stýri,<br/>hvars skriðr með lið lýða,<br/>lengi slíkra drengja.<br/>(Óláfsdrápa, erfídrápa 13, Skj. BI-153)</p> |
|--|---|

Í (91) kemur fram að þrátt fyrir að sverðið sé lélegt bitur það þó sverðið Hvítung í tvennt.<sup>82</sup> Dæmið í (92) er með neitun eins og flest dæmin í lausamáli, þ.e. hermennirnir sukku sárir af því að þeir vægðust ekki til fyrir orminum. Eigið vægðarleysi þeirra er því sett í brennidepil. Þetta sýnir e.t.v. svipaða notkun á *gera* og í lausamáli þegar á 10. öld. Elstu dæmi um sagnirnar *knega* og *nema* benda til þess að þeim sé beitt í umhverfi þar sem er brennidepilsmerking en hins vegar er ekki ljóst að sú merking felist endilega í stoðsögnunum sem slíkum. Í Ragnarsdrápu Braga gamla Boddasonar (800-850, no.) eru tvö dæmi um stoðsögn, annað með *nema*, hitt með *knega* (vísuhelmingar):

- |  |   |
|--|---|
| <p>(93) <b>Knátti eðr</b> við illan<br/>Jormunrekkr at <b>vakna</b><br/>með dreyrfáar dróttir<br/>draum í sverða flaumi; (Ragnarsdrápa 3, Skj. BI-1)</p> | <p>(94) Ok fyr hǫnd í holmi<br/>hveðru brynju Viðris<br/>fengeyðandi fljóða<br/>fordæða <b>nam ráða</b>; (Ragnarsdrápa 11, Skj. BI-3)</p> |
|--|---|

<sup>81</sup>Notkun á *gera* í síðari alda kveðskap staðfestir þetta en kvæði frá því eftir 14. öld hafa ekki verið skoðuð kerfisbundið. Hins vegar er ljóst að í slíkum kveðskap gegnir *gera* bragfræðilegu hlutverki, sjá t.d. miðislenskt kvæðasafn (útg. Jón Þorkelsson 1888:188, 264, 300, 487). Í *Ritmálskrá* Orðabókar Háskólans eru 11 slík dæmi úr kveðskap frá 17.-19. aldar. Í kveðskap Stefáns Ólafssonar (17. öld, sbr. útg. Jón Þorkelsson 1885-86:ii o.áfr.) er *gera* með nafnhætti beitt býsna víða, oft með nafnháttarmerki og varla til annars en bragfræðilegrar uppfyllingar:

- (1) Fyrir hnífinn, geira grér,  
**geri** eg nú að þakka þér,  
sem þú **gerðir** að senda mér;  
sæmilega hann beittur er. (Fáar stökur 6, útg. Jón Þorkelsson 1885-1886:I-522)

Í öllum þessum kveðskap er ber nafnháttur þó notaður í dæmum með kjarnafærslu á fallháttum, sem bendir til þess að hann líti málfræðilegum lögmálum. Þetta sést einnig á því að slík dæmi koma fyrir í óbundnu máli fram á 20. öld (sjá §4.4).

<sup>82</sup>Finnur Jónsson (1912-15:BI-76) sér einnig ástæðu til að láta áherslunnar getið í skýringum sínum (leturbr. hér): „Det var ikke et sværd med usvigelig æg, Skegge bragte mig til kampen, der er ingen bøjelig kraft i sværdet; (**dog**) bed Sköfnung Hviting itu nedenfor hjaltet ...“.

Í (93) er herðandi atviksorð, *eðr* ‘enn’, til marks um áherslu á siendurtekin atburð: Jörmunrekkr vaknaði *enn og aftur* upp við illan draum, þar sem hirðin öll var blóði stokkin í orrustu. Sögnin kann að merkja ‘mega’, þ.e. hann *mátti* enn og aftur búa við slíkar draumfarir. Í (94) segir á þessum stað frá Hjaðningavígum. Um þau víg kemur fram að Hildir ráði yfir eyjunni með því að hún vekur sífellt þá sem falla í valinn aftur til lífs og orrustan varir því allt til ragnaraka (sbr. einnig Skáldskaparmál, útg. Finnur Jónsson 1931:154-155). Yfirráð Hildar eru í brennidepli en merking *nema* gæti sem best verið ‘hefja, taka’, þ.e. *tók að ráða yfir eyjunni*.

Í Haustlög Þjóðólfs ór Hvini (9. öld, no.) eru sagnirnar *nema* og *knega*, sbr. (95) og (96) notaðar á svipaðan hátt (vísuhelmingar):

(95) margspakr of **nam mæla**  
mór valkastar bóru  
(vasat Høenis vinr hönnum  
hollr) af fornum þolli.  
(Haustlög 3, Skj. BI-14)

(96) **Knóttu** oll, en, Ullar  
endilóg, fyr mági,  
grund vas grápi hrundin,  
ginnunga vé **brinna**  
(Haustlög 15, Skj. BI-17)

Eins og í (94) virðist *nema* í (95) notað í upphafsmerkingu, *nam mæla* líkt og sagt væri *nú hóf örninn upp raust sína*.<sup>83</sup> Í (96) er dregin upp andstæða, sem er lík þeim kjörskilyrðum *gera* í fornnorrænu lausamáli, sbr. t.d. (14). Himinninn brennur allur en yfir jörðina gengur hagléi.

Í Harmsól Gamla kanóka (12. öld, ísl.) má sjá notkun sagnarinnar *nema* sem líkist einnig nokkuð *gera* í lausamáli.<sup>84</sup> Þar þýðist maður konu annars manns, sem vitanlega er tekið fram að sé bannað.

(97) Frétt hafa dyggvar dróttir,  
Dávið konungr síðan  
snilli vanðr ept synðir  
síðabót at tók skjóta;

blíðr **nam** þengill **þýðask**  
(þat's bann) konu annars,  
en réð, svát bar bróðum,  
búandmann af því svanna. (Harmsól 48, Skj. BI-560)

Ekki er ólíklegt að C&V eigi við dæmi af þessum toga þar sem kemur fram að *nema* megi hafa til áherslu líkt og *do* í ensku. Þó er ekki óhugsandi að merkingin sé sú sama og í Ragnarsdrápu og Haustlög.

Um *ráða* eru einnig forn dæmi, t.d. í Glymdrápu Þorbjarnar hornklofa (9. öld, no.) og í Máhlíðingavísu Þórarins svarta máhlíðings Þórólfssonar (10. öld, ísl.). Eins og í eddukvæðum má sums staðar greina brennidepilsmerkingu með sögninni en þetta er hins vegar oft óljóst:

(98) Hilmir **réd** á heiði,  
hjaldrseiðs, þrimu, galdra  
óðr við óeskimeiða  
ey vébrautar, **heyja**,  
áðr gnapsólar Gripnis  
gnýstærandi fœri  
rausnarsamr til rimmu  
riðviggs lagar skíðum. (Glymdrápa 1, Skj. BI-20)

(99) Nágoglum fekk Nagli  
nest dáliga flestum;  
kafsunnu **réd** kennir  
klökk í fjall **at stökkva**;  
heldr gekk hjalmi faldinn  
(hjaldrs) at vápna galdri  
(þurði eldr of aldir)  
Alfgeirr af hvot meiri.  
(Máhlíðingavísur 10, Skj. BI-107)

Í (98) er konungur sagður *ey óðr* ‘ætíð bálvondur’ berjast á heiði og mætti hafa til marks um áherslu. Í (99) er hins vegar greinilegri áhersla tengd andstæðu. Einn hermaður hleypur grátandi upp í fjall en annar gengur

<sup>83</sup> Aðstæður eru þær að goðin sitja við bálköst undir tré og reyna þar að elda mat. Allt kemur fyrir ekki og skáldið hefur orð á að vandræðin við eldamennskuna sé goðunum ráðgáta. Því næst tekur skyndilega örn („mór margspakr“) sem situr í trénu til máls og fram kemur að hann valdi.

<sup>84</sup> Ef val á stoðsögn er háð bragfræðilegum atriðum má benda hér á að *gera* væri tvíkvæð í 3.p.et.þt. *gerði*. Þá yrðu einu atkvæði ofaukið í braglínunni.

af hvöt meiri. Veikleiki þess fyrri er því settur í brennidepil.

Um *feta* eru dæmi allt frá 10.–13. aldar, t.d. í (100) úr Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar (10. öld, ísl.) og í (101) úr lausavísu Sigvats Þórðarsonar (11. öld, ísl.). Sögnin hefur yfirleitt merkinguna ‘geta’ en kemur einnig fram sem umritun líkt og t.d. *ráða*.

(100) Hygg vísi at,  
vel sómir þat,  
hvé ek þylja fet,  
ef ek þögn of get;  
flestr maðr of frá,  
hvat fylkir vá,  
en Viðrir sá,  
hvar valr of lá.  
(Höfuðlausn 3, Skj. BI-31)

(101) Áðr hefk gótt við góða  
grams stallara alla  
átt, þás ossum drótni,  
ógnðjarfs, fyr kné hvarfa;  
Björn, **fazt opt at arna**,  
íss, fyr mér at vísa  
góðs, meguð gótt of ráða  
gunnrjóðr, alls vel kunnud.  
(Lausavísa 6, Skj. BI-247)

Í (100) hefur fallhátturinn *þylja* verið kjarnafærður og er þar með í brennidepli: skáldið biður áheyrendur um að þegja svo að það geti flutt kvæði sitt. Sögnin merkir þar því ‘geta’. Í (101) er hins vegar ekki að sjá að *feta* hafi þá merkingu. Þar kveðst mælandi áður fyrr hafa átt gott við góða stallara konungs og Björn hafi oft lagt gott orð til með honum við konunginn. Í vísunni er stuðningur og velvilji Bjarnar settur í brennidepil og atviksorðið *opt* bendir ennfremur til áherslu.

Um sögnina *tjá* eru dæmi frá 10. öld til 13. aldar. Frá 10. öld eru dæmin í (102) úr Velleklu Einars skálaglamms Helgasonar (ísl.) og (103) úr lausavísu eftir Eyvind Finsson skáldaspilli (no.):

(102) Nú's þats Boðnar bára,  
berg-Saxa, **tér vaxa**,  
gervi í höll ok heyri  
hljóð fley jöfurs þjóðir.  
(Vellekla 6, Skj. BI-117)

(103) Blóðøxar **téa beiða**  
brakþings fetilstinga  
(oss gerask hnept) ens hvassa  
hefnendr (setu efni);  
(Lausavísa 1, Skj. BI-62)

Í (102) er ávarp til áheyrenda um að nú muni kvæðið („Boðnar bára“) vaxa og þeir skuli því gefa skáldinu gott hljóð og hlýða á. Vöxtur kvæðisins er í brennidepli og tíðaratviksorðið *nú* bendir til áherslu (breytingar, upphafs), sbr. (23a) með *gera* í lausamáli. Í vísuhelmingnum í (103) má færa rök fyrir vissri brennidepilsmerkingu, þ.e. hefnendur krefjast orrustu og þeirra er því ekki til setunnar boðið.

Um allar sagnirnar eru einnig dæmi þar sem enga sýnilega áherslu er að finna.<sup>85</sup>

- (104) a. brúðr es í fōr með fljóði, | **fatk** drós ok man **kjósa** (Þulur, kvennanöfn, Skj. BI-657: 12. öld)  
b. **gerðu fagna** | frændr hollvinum. (Qrvar-Odds saga, Ævidrápa 23, Skj. BII-329: 13. öld)  
c. **kná** valþiðurr **velja**, | veit ærna sér beitu (Haralds saga Sigurðarsonar 8, Skj. BI-400: 11. öld)  
d. **namk** á Askí | **upp at vaxa**; (Gautrekssaga II 4, Skj. BII-344: 13. öld)  
e. Flugstalla **réd** felli | fjörnets goða **at hvetja** (Þórsdrápa 1, Skj. BI-139: 10. öld)  
f. vargr **tér** ór ben **bergja** | blóðdrykk ok grōn **rjóða**. (Háttatal 11, Skj. BII-64: 13. öld)

Óvissa um áherslu eykst í yngri kveðskap, einkum á 13. og 14. öld en einmitt um það leyti hverfur gjörðarstoð með *gera* úr lausamáli, sbr. §1.2, og dæmum um hinar sagnirnar rétt bregður fyrir í elstu textum. Sagnirnar lifa því áfram í kveðskap og þeim virðist þá vera hægt að beita til bragfræðilegrar uppfyllingar. Býsna stór hluti þeirra dæma er einnig úr lærdómsvísu á b.v. háttatal Snorra Sturlusonar og háttalykil Rögnvaldar

<sup>85</sup>Dæmin í (104) eru elstu dæmi um sennilega uppfyllingu í dróttkvæðum. Með því er átt við að ég hafi metið dæmin svo að meiri líkur en minni séu á að engin áhersla felist í þeim verknaði sem aðalsögninni lýsir, sbr. töflu 11.

jarls og Halls Þórarinssonar, auk nafnlausra vísna í sögum sem óvíst er að hafi nokkurn tíma verið fluttar við hirðina og aðrar reglur kunna að gilda um.

## 2.1.2 Setningafræðileg atriði

Setningafræðileg staða stoðsagnanna í eddukvæðum er sýnd í töflu 12 og sambærilegar upplýsingar eru sýndar úr dróttkvæðum í töflu 13.

	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
hefðb. sæti (T°/B°, B°)	0	0	4	6	3	1	14
umröðun so.+frl. (T°)	0	0	14	19	4	0	37
frásagnarumröðun (T°)	0	5	8	10	1	1	25
fráfært (K3)	0	6	8	3	0	1	18
	0	11	34	38	8	3	94

**Tafla 12:** Taflan sýnir setningafræðilega stöðu stoðsagnanna *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í eddukvæðum.

		9. öld	10. öld	11. öld	12. öld	13. öld	14. öld	Σ
<i>feta</i>	hefðb. sæti (T°/B°, B°)	0	0	1	0	1	0	2
	umröðun so.+frl. (T°)	0	0	1	1	0	0	2
	frásagnarumröðun (T°)	0	0	0	1	0	0	1
	fráfært (K3)	0	2	0	0	0	0	2
<i>gera</i>	hefðb. sæti (T°/B°, B°)	1	3	3	1	3	4	15
	umröðun so.+frl. (T°)	0	0	0	0	2	3	5
	frásagnarumröðun (T°)	1	2	0	1	2	1	7
	fráfært (K3)	0	0	0	0	2	2	4
<i>knega</i>	hefðb. sæti (T°/B°, B°)	0	0	0	1	7	1	9
	umröðun so.+frl. (T°)	0	6	3	11	6	1	27
	frásagnarumröðun (T°)	4	4	4	1	3	1	17
	fráfært (K3)	1	2	6	2	18	2	31
<i>nema</i>	hefðb. sæti (T°/B°, B°)	1	2	3	9	4	11	30
	umröðun so.+frl. (T°)	0	0	5	8	8	17	38
	frásagnarumröðun (T°)	0	0	1	0	2	1	4
	fráfært (K3)	1	1	1	0	1	6	10
<i>ráða</i>	hefðb. sæti (T°/B°, B°)	1	3	8	11	2	11	36
	umröðun so.+frl. (T°)	0	1	11	16	6	9	43
	frásagnarumröðun (T°)	0	1	5	3	16	1	26
	fráfært (K3)	0	0	3	3	1	1	8
<i>tjá</i>	hefðb. sæti (T°/B°, B°)	0	2	1	0	1	0	4
	umröðun so.+frl. (T°)	0	0	5	3	0	0	8
	frásagnarumröðun (T°)	0	0	1	0	0	0	1
	fráfært (K3)	0	0	0	1	0	0	1

**Tafla 13:** Taflan sýnir setningafræðilega stöðu stoðsagnanna *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í dróttkvæðum.

Eins og fram kom í §2.1.1 er *gera* í eddukvæðum beitt í sama umhverfi og í lausamáli þar sem í brenni-depilsmerkingu felast ákveðin forskilyrði. Ég tel að þessi notkun endurspeglir í setningafræðilegri stöðu því að af 11 dæmum um *gera* í eddukvæðum eru fimm dæmi um frásagnarumröðun, sbr. (77) *gerþi-t vatn vægja*, og sex dæmi eru „fráfærð“, þ.e. þar stendur sögn í persónuhætti neðar en með frl. í hefðbundnu frumlagssæti:

- (105) Hverr vildi mer | hnossir velia,  
 hnossir velia | oc hvgat mēla,  
 ef þeir mētti mer | margra svta  
 trygdir vinna, | **ne** ec **trva gerða**. (Guðrúnarkviða II 20, útg. Bugge 1867:269)

Neitunin *ne* hefur hér ekki ósvipuð áhrif og tengingin *ef* sem er til marks um takmörkun/skilyrði, sbr. (80b) *ef honum koma gerði*. Eins og tengingin kveður neitunin nánar á um eitthvert atriði og setur það í

brennidepil. Þetta er því í þessum skilningi sama umhverfi og sýnir áherslumerkingu *gera* í eddukvæðum. Að því leyti sker *gera* sig úr hópi hinna sagnanna.

Merkingin „K3“ í töflu 12 og 13 vísar til þriðja lögmáls Kuhns (1933) um stöðu persónubeygðra sagna í *bundnum setningum*, andspænis stöðu þeirra í sjálfstæðum setningum (K4). Kuhn gerir ráð fyrir að í elsta kveðskap (undir fornyrðislagi og dróttkvæðum hætti) megi enn sjá merki fornrar hljóðskipunarreglu sem germönsk mál hlutu í arf frá sameiginlegum indóevrópskum forföður (sbr. Wackernagel 1892), sem fór með tímanum að lúta setningafræðilegum lögmálum (sbr. Kuhn 1933:50-51):<sup>86</sup>

(106) *Lögmál bundinna og sjálfstæðra setninga*

**K3** Sagnir í bundnum setningum standa allajafna ekki í hnigi, nema um sé að ræða hjálparsagnir, og eru yfirleitt aftarlega í setningunni.

**K4** Sagnir í sjálfstæðum setningum mega alltaf standa í hnigi, og eru yfirleitt í stöðu setningaragna.

Bindiorð eru því öll áherslalaus orð sem tengja saman setningar, þ.m.t. fornöfn, forna sagnarneitunin (*ne*) og atviksorð, auk hefðbundinna auka- og aðaltenginga. Hér er því um að ræða aðra skiptingu en hina hefðbundnu í auka- og aðalsetningar. Mín tilgáta er sú að vegna þess að bundnar setningar eru tengdar með orðum sem vísa til fyrri umræðu, þ.e. hafa forskilyrði, komi þessi munur á *gera* andspænis hinum sögnunum einmitt fram í því umhverfi. Þetta á að hluta til einnig við um sögnina *knega* þar sem hún er háttarsögn og lýtur slíkum forskilyrðum.

Í eddukvæðum má sjá að dæmi um aðrar sagnir en *gera* eru flest með umröðun sagnar og frumlags en í þann flokk rata helst dæmi með kjarnafærðum atviksorðum líkt og í yngstu dæmum úr fornnorrænu lausamáli í jákvæðu samhengi, t.d. (23a) *nú gerir konungr at sjá*. Þar lendir áherslan því á tíðaratviksorðinu en ekki á *gera*, ólíkt dæmum með neitun. Í þessum dæmum stendur stoðsögnin því jafnframt í hnigi og bragfræðilegur ávinningur er mikill. Eðlilegt er því að túlka hátt hlutfall dæma af þessu tagi sem bragfræðilegt tæki enda er þetta ekki algeng setningagerð í lausamáli.

Sama tilhneiging kemur fram með *knega*, *nema* og *ráða* í dróttkvæðum, einkum á 12.-14. öld. Fyrsta dæmi um *gera* með þessari setningagerð er frá 13. öld, rétt eins og í lausamáli. Setningafræðilegur munur á *gera* andspænis hinum sögnunum er hins vegar ekki nærri því eins skýr og í eddukvæðum. Það vekur athygli að hlutfallslega fleiri dæmi eru um *gera* í hefðbundnu sæti persónubeygðrar sagnar, þ.e. í T°/B° í aðalsetningum og B° í aukasetningum, en í T° vegna umröðunar. Þetta skýrist e.t.v. af því að í eddukvæðum eru flest dæmin með neitunarhengli, sem krefst venjulega færslu í T° í aðalsetningum (sbr. Þórhall Eyþórsson 1995, 2002), en í dróttkvæðum eru hins vegar flest dæmi án slíkrar neitunar.

Sé litið á skiptingu í aðal- og aukasetningar sést að stoðsagnirnar standa yfirleitt í aðalsetningum en þær eru hins vegar ekki útilokaðar í aukasetningum, sbr. töflu 14 og 15.

Tegund setningar							
	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
aðalsetning	0	8	25	35	6	3	77
auketning	0	3	9	3	2	0	17
	0	11	34	38	8	3	94

**Tafla 14:** Taflan sýnir skiptingu í aðal- og aukasetningar með stoðsögnunum *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í eddukvæðum.

<sup>86</sup>Sjá skilgreiningu á setningarögnum í (75). Um kenningar Kuhns (1933) og möguleg tengsl við gjörðarstoð í kveðskap verður nánar fjallað í §2.1.3.

Tegund setningar

	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
aðalsetning	4	22	70	75	99	13	283
aukasetning	3	9	15	7	14	1	49
	7	31	85	82	113	14	332

Tafla 15: Taflan sýnir skiptingu í aðal- og aukasetningar með stoðsögnunum *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í dróttkvæðum.

Eðlilegast er að túlka þessa dreifingu á þá leið að stoðsagnirnar tengist ekki skiptingu í aðal- og aukasetningar, heldur endurspegli minni fjöldi dæma í aukasetningum hlutfallslega lægri tíðni aukasetninga í kvæðunum. Þetta er sama niðurstaða og í lausamáli. Forvitnilegra er hins vegar að líta á tegundir tenginga í eddukvæðum og dróttkvæðum því að þar kemur fram merkilegur munur.

Tegund tengingar

	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
ótengd	0	7	23	35	5	3	73
hliðskipunartenging <i>ok</i>	0	1	1	0	1	0	3
gagnstæðistenging <i>en</i>	0	0	1	0	0	0	1
tilvisunartenging <i>sem/er</i>	0	0	4	0	1	0	5
skýringartenging <i>at</i>	0	0	0	1	0	0	1
skilyrðistenging <i>ef</i>	0	2	3	0	0	0	5
tíðartenging <i>er/þegar</i>	0	0	2	2	1	0	5
orsakatenging <i>því at</i>	0	1	0	0	0	0	1
	0	11	34	38	8	3	94

Tafla 16: Taflan sýnir tegundir tenginga með stoðsögnunum *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í eddukvæðum.

Tegund tengingar

	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
ótengd	4	21	59	70	96	11	261
hliðskipunartenging <i>ok</i>	0	0	4	3	2	0	9
gagnstæðistenging <i>en</i>	0	1	8	4	8	0	21
tilvisunartenging <i>sem/er</i>	0	1	8	4	8	0	21
skýringartenging <i>at</i>	1	3	2	1	0	0	7
skilyrðistenging <i>ef</i>	0	1	2	0	2	0	5
tíðartenging <i>er/þegar</i>	0	3	1	2	4	1	11
spurnartenging <i>ef/hvart</i>	2	0	1	0	0	0	3
afleiðingartenging	0	1	0	0	0	0	1
tilgangstenging	0	0	1	0	0	0	1
	7	31	85	82	113	14	332

Tafla 17: Taflan sýnir tegundir tenginga með stoðsögnunum *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í dróttkvæðum.

Yfirgnæfandi meirihluti dæma um allar sagnirnar er í ótengdum aðalsetningum, sbr. töflu 16 og 17. Þær tengingar sem algengast voru með *gera* í lausamáli, ekki síst gagnstæðistengingin *en* og skilyrðistengingin *ef*, eru sárásjaldgæfar í kveðskap. Aðeins eitt dæmi er um *gera* með skilyrðistengingunni *ef* í dróttkvæðum og tvö í eddukvæðum. Um gagnstæðistenginguna *en* er eitt dæmi í dróttkvæðum en ekkert í eddukvæðum. Þetta kemur nokkuð á óvart.<sup>87</sup> Með hinum sögnunum er ekki heldur tilhneiging til þess að notaðar séu tengingar með sterkum forskilyrðum, eins og von væri á ef þeim væri beitt í einhverjum málfræðilegum tilgangi tengdum áherslu eða háttarmerkingu. Næst því að uppfylla slík skilyrði kemst þó *knega*. Í lausamáli er *gera* í ótengdri setningu í um fjórðungi tilvika og í kveðskap er því um allt aðrar tilhneingar að ræða.

Eins og fram kom í umfjöllun um *gera* í lausamáli er þar nokkuð um að sögnin taki með sér nafnhátt

<sup>87</sup>Mikill fjöldi dæma um *gera* í skilyrðissetningum í lausamáli kemur þó einnig til af eðli textanna. Flest dæmi um skilyrðistengingar eru úr lagamáli þar sem eðli málsins samkvæmt er mikið um skilyrði og takmarkanir.

með nafnháttarmerkinu *at*, einkum í ungum handritum. Flest eddukvæðin eru eldri lausamálstextarnir og auk þess varðveitt í handriti frá miðri 13. öld. Eins og við er að búast er fylliliður *gera* (og *tjá*) í eddukvæðum ávallt án nafnháttarmerkis, sbr. töflu 18.

Nafnháttarmerki * sögn							
	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
með nafnháttarmerki	0	0	0	21	1	0	22
án nafnháttarmerkis	0	11	34	17	7	3	72
	0	11	34	38	8	3	94

**Tafla 18:** Taflan sýnir hvort fylliliður stoðsagnanna *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* stendur með eða án nafnháttarmerkis í eddukvæðum.

Öðru máli gegnir hins vegar um *nema*. Fjöldi dæma um nafnháttarmerki með þeirri sögn bendir til þess að þá þegar hafi hún ekki stöðu hjálparsagnar (málfræðivæddrar sagnar), ólíkt hinum. Hún væri því meira í átt við orðasafnsbundna sögn, enda var niðurstaða umræðunnar í §2.1.1 að hún merkti 'hefja, taka að'. Athyglisverðasta niðurstaðan hér er hins vegar að enn kemur fram greinilegur munur á *gera* og *knega*, jafnvel einnig *tjá*. Þær sagnir standa með berum nafnhætti eins og vænta má af hjálpar- og háttarsögnum og öðrum sögnum sem einvörðungu gegna málfræðilegu hlutverki (sjá t.d. Höskuld Þráinsson & Vikner 1995 og Faarlund 2004:158-159).

Eddukvæði bjóða tæplega upp á að skoða notkun nafnháttarmerkisins eftir aldri kvæðanna vegna þess hve aldur þeirra er óljós en þetta er mögulegt að athuga í dróttkvæðum. Ef litið er á notkun nafnháttarmerkis í dróttkvæðum, sbr. töflu 19, kemur í ljós að almenn aukning verður á 13. og 14. öld.

Sögn * nafnháttarmerki * öld								
		9. öld	10. öld	11. öld	12. öld	13. öld	14. öld	Σ
<i>feta</i>	með nhm.	0	0	2	0	0	0	2
	án nhm.	0	2	0	2	1	0	5
<i>gera</i>	með nhm.	1	1	1	0	1	5	9
	án nhm.	1	4	2	2	8	5	22
<i>knega</i>	með nhm.	1	1	1	0	1	5	9
	án nhm.	4	11	13	15	33	5	81
<i>nema</i>	með nhm.	0	1	1	3	4	13	22
	án nhm.	2	2	9	14	11	22	60
<i>ráða</i>	með nhm.	0	2	9	13	12	11	47
	án nhm.	1	3	18	20	13	11	66
<i>tjá</i>	með nhm.	0	0	3	0	0	0	3
	án nhm.	0	2	4	4	1	0	11

**Tafla 19:** Taflan sýnir hvort stoðsagnirnar *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* standa með aðalsögnum með eða án nafnháttarmerkis í dróttkvæðum, 9.-14. öld.

Á 14. öld fjölga dæmum um beygðan nafnhátt með sögnunum *gera*, *nema* og *ráða* enn frekar. Nær engin tilhneiging er hins vegar til þess að nota *feta*, *knega* og *tjá* með nafnháttarmerki, en *feta* og *tjá* eru nær horfnar á 13. öld. Dæmi um *gera* eru afar fá en á 14. öld er hlutfall dæma með nafnháttarmerki hátt eða 50%. Aukin tilhneiging til þess að hafa nafnháttarmerki með *gera* bendir til þess að sögnin fari á 14. öld að vera túlkuð sem aðalsögn, sbr. umræðu við töflu 5. Henni er þá í auknum mæli beitt til uppfyllingar, eins og kom fram í töflu 11.



### 2.1.3 Bragfræðileg atriði

Ef litið er á bragfræðilega stöðu stoðsagnanna kemur í ljós að dreifingin er allt önnur með *gera* en hinum sögnunum, sbr. töflu 20.<sup>88</sup> Stoðsögnin *gera* með nafnhætti stendur ávallt í risi og sker sig að því leyti úr. Þessa er að vænta ef sögninni er beitt til áherslu, líkt og einnig í ensku þar sem *do* fær sjálf áherslu. Í ljósi þess að *gera* stendur í risi í þessum kveðskap og aldrei í hnigi, andstætt persónubeygðum sögnum og hjálpar- eða kerfissögnum almennt, er eðlilegt að ætla að svo hafi einnig verið í venjulegu fornnorrænu máli. Hins vegar er ekki ljóst hvort hægt er að heimfæra þetta beint á dæmi með venjulegri setningarneitun (*eigi*) og dæmi án neitunar. Hinar stoðsagnirnar geta aftur á móti flestar staðið hvort heldur sem er í risi eða hnigi.

Bragstaða * sögn							
	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
upptaktur	0	0	12	4	1	0	17
hnig	0	0	7	24	6	1	38
ris	0	11	15	10	1	2	39
þar af lok línu	(0)	(3)	(8)	(4)	(0)	(1)	(16)
	0	11	34	38	8	3	94

**Tafla 20:** Taflan sýnir bragfræðilega stöðu stoðsagnanna *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í eddukvæðum. Aðgreining er þrískipt: (1) upptaktur = áherslulaus staða á undan fyrsta risi, (2) hnig = áherslulaus staða á milli tveggja risa, (3) ris = staða í braglínu sem ber áherslu. Ris eru sundurgreind þannig að greint er á milli riss í miðri braglínu og í lok braglínu.

Áberandi í töflu 20 og töflu 21 er einnig að stoðsagnirnar, aðrar en *knega*, standa almennt ekki í upptakti. Stór hluti dæma um *knega*, sem standa ekki í risi, eru í upptakti og kemur það sennilega til af því að sögnin getur verið háttarsögn. Helst væri von á að sagnir til uppfyllingar stæðu nær einvörðungu í hnigi, eins og *nema* og *ráða*.

Háttur * bragstaða * sögn								
		<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
dróttkvætt	upptaktur	0	0	2	1	4	0	7
	hnig	3	6	27	76	72	11	195
	ris	3	14	25	1	19	3	65
	þar af lok línu	(2)	(4)	(13)	(0)	(1)	(2)	(22)
		6	20	54	78	95	14	267
fornyrðislag	upptaktur	0	1	0	1	0	0	2
	hnig	0	1	5	2	2	0	10
	ris	1	9	26	1	16	0	53
	þar af lok línu	(0)	(6)	(22)	(0)	(1)	(0)	(29)
		1	11	31	4	18	0	65

**Tafla 21:** Taflan sýnir bragfræðilega stöðu stoðsagnanna *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í dróttkvæðum. Flokkað er gróft í tvo algengustu hætti dróttkvæða, þ.e. dróttkvæðan hátt og fornyrdislag. Aðgreining er þrískipt: (1) upptaktur = áherslulaus staða á undan fyrsta risi, (2) hnig = áherslulaus staða á milli tveggja risa, (3) ris = stöðu í braglínu sem ber áherslu. Ris eru sundurgreind þannig að greint er á milli riss í miðri braglínu og í lok braglínu.

Sögnunum *knega* og *gera* er í dróttkvæðum meira beitt í lok línu en hinum sögnunum, sbr. töflu 21.<sup>89</sup>

<sup>88</sup>Bragstaðan *ris* er sundurliðuð þannig að greina megi að ris í lok línu og fyrri ris. Þetta er gert vegna þess að sögn í persónuhætti sem stendur í risi í lok línu er oft afleiðing kjarnaferslu á fallháttum. Sjá einnig umræðu við töflu 21. Einnig hefði þurft að taka tillit til beygingarmyndra stoðsagnanna í þessum dæmum, þ.e. hvort orðmyndir eru einkvæðar eða tvíkvæðar, léttar eða þungar. Þetta getur haft áhrif á stöðu þeirra í braglínu en var því miður ekki athugað sérstaklega.

<sup>89</sup>Dreifing smærri hátta/afbrigða innan þessara tveggja flokka var það lík aðalháttunum, en dæmi jafnframt fá um hverja undirtegund, að ekki var ástæða til þess að sundurliða flokkun í hætti nánar. Til dróttkvæðs háttar eru einnig taldir hrynhendur háttur (26 dæmi), þó að í honum sé aukið við heilum braglið, og runhendur háttur (5 dæmi), auk ýmissa minniháttar afbrigða dróttkvæðs háttar á b.v. tiltekið, stamhendan hátt, hálfhneppt og stýft (12 dæmi). Til fornyrdislags eru einnig taldir málaháttur (1 dæmi) og kviðuháttur (24 dæmi), auk grænlenks háttar (1 dæmi).

Setningafræðilega merkir það yfirleitt að þeim er oftast beitt í tengslum við færslu á fallháttum.<sup>90</sup> Um *feta* og *tjá* eru einnig dæmi í þessari stöðu en vegna þess hve dæmi eru fá er erfitt að draga ályktanir. Sagnirnar *nema* og *ráða* eru hins vegar næstum aldrei í þessari stöðu og skera þær sig úr að því leyti. Þetta sýnir því hvort tveggja brag- og setningafræðilegan mun á annars vegar *knega* og *gera*, en hins vegar *ráða* og *nema*. Dæmi um *feta* og *tjá* eru helst til fá til þess að skera úr um hvorum hópnum þær ættu að tilheyra. Staða *gera* og *knega* í risi er jafnframt vísbending um að þær séu annars eðlis en *nema* og *ráða*. Bæði *gera* og *knega* standa býsna oft í risi en *nema* og *ráða* gera það hins vegar sjaldan.<sup>91</sup> Það er í samræmi við að *gera* og *knega* séu málfræðilegar sagnir sem hægt væri að nota til áherslu.

Sagnir sem beitt væri til uppfyllingar ættu varla að geta borið stuðul en sögn sem beitt er til áherslu ætti á hinn bóginn að geta það. Þessi spá gengur eftir ef litið er á hlutfallstölur en sagnirnar *gera*, *knega* og *ráða* virðast allar geta borið stuðul, sbr. töflu 22.

Stuðlun stoðsagna						
	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>
stuðlar	0	4	2	0	1	0
stuðlar ekki	0	7	32	38	7	3
	0	11	34	38	8	3

Tafla 22: Taflan sýnir hve oft stoðsagnirnar *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* stuðla í eddukvæðum.

Hlutfallslega mörg dæmi um *gera* bera stuðul, 4 dæmi (36,4%) en hlutfallslega fá dæmi um *ráða* stuðla, 1 dæmi (12,5%).<sup>92</sup> Þessi munur er skýrari ef litið er á dróttkvæði, sbr. töflu 23. Sögnin *knega* getur einnig borið stuðul en *tjá* stuðlar aldrei. Öll dæmin *nema* tvö<sup>93</sup> eru með henglinum *-a/(a)t*:

- (107) a. gróftv sva vndir, | gerpit hlvt þiggia; (Atlamál 96, útg. Bugge 1867:308)  
 b. karl ord vm qvað: | „knacat ec segia (Hymiskviða 32, útg. Bugge 1867:110))

Stuðlun í dróttkvæðum er með svipuðum hætti og í eddukvæðum að því leyti að *nema* stuðlar ekki en *gera* getur stuðlað, sbr. töflu 23.

Stuðlun stoðsagna						
	<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>
stuðlar	2	6	3	0	6	0
stuðlar ekki	5	25	82	82	107	14
	7	31	85	82	113	14

Tafla 23: Taflan sýnir hve oft stoðsagnirnar *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* stuðla í dróttkvæðum.

Ólíkt eddukvæðunum eru dæmi um stuðlun *gera* hins vegar fæst með neitun, aðeins tvö dæmi af sex (sjá (79)). Í (108) eru stuðluð dæmi án neitunar sýnd:<sup>94</sup>

<sup>90</sup>Sjá umræðu um *gera* og kjarnafærslu á fallháttum í §4.4. Fráfærðar stoðsagnir (K3) í kveðskap standa einnig í þessari bragstöðu og líkjast því oft slíkri færslu.

<sup>91</sup>Allnokkuð er þó um að *ráða* standi í risi í ungum, nafnlausum kveðskap með fornyrðislagi, sem tilheyra dróttkvæðum (16 dæmi). Flest eru dæmin lausavísur í fornsögum, einkum þó úr Ævidrápu í Örvar-Odds sögu. Athygli vekur að stór hluti þeirra dæma er með nafnháttamerki. Því er hugsanlegt að ef sögnin er ekki einvörðungu höfð til bragfræðilegrar uppfyllingar í þeim dæmum, sé þar um aðalsögnina *ráða* að ræða.

<sup>92</sup>Rétt er þó að hafa í huga að *ráða* með nafnhætti þarf ekki endilega að vera stoðsögn sem beitt er til bragfræðilegrar uppfyllingar, sbr. t.d. lausamálsdæmið (40a) úr Íslendingabók.

<sup>93</sup>Annað úr Sigurðarkviðu hinni skömmu með *gera* (=80a) en hitt úr Atlamálum 25 með *ráða(st)* (útg. Bugge 1867:296): *Raccar þar renna*, | *rapaz mioc geyia*.

<sup>94</sup>Dæmi (108b) á e.t.v. strangt tiltekið ekki heima í þessari umfjöllun þar sem *berjat* er lh.þt. en ekki nh. Þetta er eina dæmið um lýsingarhátt með *gera*.

- (108) a. **Gerði** glamma ferðar | **gný** drótt jöru Þróttar  
helkannanda hlenna | hlýmræks of troð **glymja**, (Glymdrápa 2, Skj. BI-20: no., 9. öld)
- b. Þás garð-Váli **gerði** | **Gotlands** vala strandir  
Virvils vítt of **herjat**. (Bandadrápa 4, Skj. BI-191: 11. öld)
- c. spurði grepp sá er **gjörði** | **glóðeims** at fésjóðum,  
ei var auðs á mýgi | uggr, Křists limu **hugga**. (Guðmundarkvæði 24, Skj. BII-425: 14. öld)
- d. **glæstrar** rekkju, ef **gjóra ei treystaz**, | **glóða** hreytir, Þór eða Óðni.  
(Katrinar drápa 6, Skj. BII-570: 14. öld)
- e. Sæt Mária **gjörði at gráta** | **gráti** mædd í sonarins láti,  
(Heilagra meyja drápa 5, Skj. BII-583: 14. öld)

Í dæmi (108a) frá 9. öld er frásagnarumröðun, sem setur sögnina í brennidepil, og þar með er ekki óeðlilegt að *gera* geti borið stuðul. Í dæmum með neitunarhengli hefur sögnin einnig þessa setningafræðilegu stöðu og getur jafnframt stuðlað, sbr. eddukvæði hér á undan. Í dæmunum þremur frá 14. öld er *gera* í hefðbundnu sæti (B°) en vafasamt er hvort hægt sé að greina brennidepilsmerkingu. Nafnháttarmerkið í (108e) bendir til þess að nafnhátturinn sé setning, þ.e. að *gera* sé aðalsögn og formgerðin líkt og í tvíæðum dæmum (sjá §1.4.1). Líklegast er að stuðlun *gera* tengist annaðhvort því að hún er aðalsögn, og hefur því aukinn styrkleika (sbr. t.d. Kuhn 1933:52), og/eða því að bragarhátturinn í (108c) og (108d) er hrynhent. Hrynhent hefur fjögur ris í stað þriggja í dróttkvæðum hætti (sjá t.d. Óskar Halldórsson 1977:48-49) og þar standa persónubeygðar aðalsagnir í risi, ólíkt t.d. dróttkvæðum hætti:

- (109) Sæt Mária **gjörði** at gráta | **gráti** mædd í sonarins láti,  
lát Júðanna **fældi** at fljóði, | fljóðit **horfði** á krossinn rjóðan; (Heilagra meyja drápa 5, Skj. BII-583)

Í þessum kveðskap er því ekki bragfræðileg þörf á að styrkja persónubeygðar aðalsagnir heldur kemur bragfræðileg stoð aðeins til af þörf á stuðlun.

Athyglisvert er að munur er einnig á edduháttum hvað notkun stoðsagnanna varðar, sbr. töflu 24. Mjög sjaldgæft er að stoðsagnirnar birtist í kvæðum ortum undir ljóðahætti, að sögninni *knega* undanskilinni sem 11 dæmi eru um (mörg hver þó sennilega í merkingunni ‘mega’), eitt dæmi er um *nema* en um *gera*, *ráða* og *tjá* eru þar engin dæmi.

Háttur \* bragstaða \* sögn

		<i>feta</i>	<i>gera</i>	<i>knega</i>	<i>nema</i>	<i>ráða</i>	<i>tjá</i>	Σ
fornyrðislag	upptaktur	0	0	5	4	0	0	9
	hnig	0	0	7	22	0	1	30
	ris	0	8	10	10	0	2	30
ljóðaháttur	upptaktur	0	0	7	0	0	0	7
	hnig	0	0	0	1	0	0	1
	ris	0	0	4	0	0	0	4
málaháttur	upptaktur	0	0	0	0	1	0	1
	hnig	0	0	0	1	6	0	7
	ris	0	3	1	0	1	0	5

**Tafla 24:** Taflan sýnir bragfræðilega stöðu stoðsagnanna *feta*, *gera*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá* í eddukvæðum. Greint er í edduhættina þrjá: fornyrdislag, ljóðahátt og málahátt. Aðgreining bragstöðu er þrískipt, sbr. töflu 20.

Hluta skýringarinnar á þessu er sennilega að leita í mismunandi eðli bragarháttanna, t.d. því lögmáli að í lok fulllínu ljóðaháttar (3. og 6. línu) standi tvíkvæð eða einkkvæð orð með léttum atkvæðum (sem er algengt form persónubeygðra sagna), stúfi samkvæmt fornu hljóðkerfi, en í fornyrdislagi eru í þessari stöðu oftast orð með þungu atkvæði (sjá Kristján Árnason 2002a:51-52 og tilv. þar). Kristján Árnason (2002a:52-53) bendir á að það sama á við um niðurlag síðlínu í ljóðahætti og því telur hann rétt að líta á frumlínu og síðlínu sem einingu fremur en tvær aðgreindar línur. Afleiðing þessa munar virðist mér því vera að hver braglína í

ljóðahætti hafi frjálarsari orðaröð þar sem þar eru mun fleiri lausar stöður (4 ris í fyrri, 3 ris í síðari línu) og jafnframt að persónubeygðar sagnir eigi þar almennt auðveldara uppdráttar (jafnvel í síðasta risi hvernar línu). Þetta gerir það að verkum að minni bragfræðileg þörf er á stoðsögnum í ljóðahætti en t.d. fornyrðislagi og dróttkvæðum hætti.

Þessi munur á háttum birtist einnig í lögmálum Kuhns (1933) um stöðu persónubeygðra sagna í bundnum og sjálfstæðum setningum, sbr. K3 í (106). Þau gilda t.d. í sumum kvæðum undir fornyrðislagi og með dróttkvæðum hætti en hins vegar ekki í ljóðahætti.<sup>95</sup> Samspil tveggja bragfræðilegra atriða kann að skýra þann mun. Annars vegar hefur ljóðaháttur fleiri ris en fornyrðislag, sbr. hér á undan. Hins vegar hefur hann aukið þanþol gagnvart áherslulausum orðum sem fylla bragstöður *bæði* í upptakti og innra hnigi, sbr. að K3 gildir ekki í ljóðahætti. Ljóðaháttur hefur því fleiri leyfilegar stöður fyrir áherslulaus orð en hinir hættirnir. Ef litið er á lögmál Kuhns sem bragfræðileg lögmál felast þessar takmarkanir nú þegar í K3 og í fyrsta lögmáli (=K1), lögmáli setningaragna (sbr. Kuhn 1933:8-9):

(110) *Lögmál setningaragna*

**K1** Setningaragnir standi í fyrsta hnigi setningar, sem forskeytt viðhengi fyrsta/annars áhersluorðs.

K1 felur í sér að setningaragnir standi annaðhvort í upptakti eða í innra hnigi. Þar sem sagnir í persónuhætti geta verið setningaragnir, sbr. (75), hefur þetta lögmál áhrif á stöðu persónubeygðrar sagnar. K3 tekur sérstaklega til fyrri bragstöðunnar, þ.e. upptakts eða forliðar, en K1 til þeirrar síðari, þ.e. innra hnigs. Ef litið er nánar á virkni K1 og K3 má sjá að þau skarast. Bragfræðilega séð felur K3 í sér að ef í upptakti/forlið stendur bindiorð (=bundin setning), hefur persónubeygða sögnin tilhneigingu til þess að standa aftar en í línunum án bindiorðs (=sjálfstæð setning).<sup>96</sup> Munurinn á bundinni og sjálfstæðri setningu er því sá að í bundinni setningu yrði K1 brotið ef persónubeygða sögnin stæði í öðru sæti setningar (=innra hnigi); þar væru báðar áherslulausu stöðurnar tepptar, tengingin/bindiorðið í þeirri fyrri en sögnin í þeirri síðari.<sup>97</sup>

Annars vegar eru því kvæði með tiltölulega frjálsa orðaröð þar sem leyfilegt er að fullnýta áherslulausar stöður. Hins vegar eru kvæði þar sem slíkar áherslulausar stöður eru takmarkaðar, samkvæmt K1.<sup>98</sup> Í fyrri hópinn fellur ljóðaháttur en í þann síðari fornyrðislag og dróttkvæður háttur. Tveir síðarnefndu hættirnir tilheyra þó ekki sínum flokki af sömu ástæðum. Fornyrdislag er knappt (=krafa um aðeins tvö ris er hátt sett) en dróttkvæður háttur er krappur að því leyti að þar keppa orð af miklum styrkleika um bragstöður í

<sup>95</sup>Sjá t.d. samantekt og yfirlit hjá Fidjestøl (1999:305).

<sup>96</sup>Þær tegundir orðflokka sem aftur geta verið setningaragnir eru ærið fjölbreyttar og óljóst með hvaða hætti þessi orð ættu að tengjast málfræðilega. Tengingar og bindiorð gætu sem best fallið undir þessa skilgreiningu, enda er hvort tveggja (venjulega) áherslulaust. Ef persónubeygða sögnin stendur aftar í bundinni setningu, lendir hún venjulega í risi.

<sup>97</sup>Reyndar eru jafnvel dæmi í lausamáli um að orðaröð í samræmi við K3 birtist í bundnum (tengdum) setningum:

- (1) a. Eigi fsculu þer ráðafc. því at þér læitið Iesum enf croffefta. Sva fem hann þetta mælte berlega. (Norsk hómiljubók, út. Indrebø 1931:83<sub>12</sub>)
- b. Fafta langa-fæftu væl. [...] En þo þær tiðir ræin-legft er nu talda ec. ok fva hælgar tiðir allar. (*sama rit*:88<sub>5</sub>)
- c. þa fæ þær ængla tva í hvitum clæðum. ok fægðu þæim at hann myndi koma til doms at dæma alla verold í því manz liki fem þa var hann. (*sama rit*:90<sub>23</sub>)

E.t.v. eru þetta aðeins tilvísunarsetningar en ég hef hvorki athugað tíðni né dreifingu þessarar setningagerðar.

<sup>98</sup>Einnig kann bragfræðileg staða á eftir bindiorði að vera of veik fyrir persónubeygða aðalsögn í kvæðum sem fylgja K1 og K3, þar sem aðalsagnir hafa meiri styrkleika en hjálparsagnir. Brot á lögmálum Kuhns (1933) virðast nefnilega frekar koma fram með hjálparsögnum en aðalsögnum, sbr. t.d. Getty 1997 (Bjólfskviða og Heliand) og Heimi Frey Viðarsson 2008b (Atlakviða og Völuspá). Styrkleikinn birtist jafnframt í því að þær geta borið höfuðstaf í upptakti síðlínu, sbr. t.d. (85c), í andstöðu við þá reglu að sterkasta orð hvernar línu stuðli (sbr. Sievers 1893:42, §22.2).

tengslum við orðamerki af völdum kenninga.<sup>99</sup> Ljóðaháttur er því rúmur háttur í samanburði við hina tvo. Það endurspeglar jafnframt í því að áherslulítil orð á b.v. (strandaðar) forsetningar geta staðið í risi aftast í línu (sbr. t.d. Þórhall Eyþórsson 2009).

Málfræðileg upprunaskýring Kuhns (1933) er á vissan hátt spennandi hugmynd en vegna þess hve skýringar hans hafa við nánari skoðun reynst tilviljanakenndar, sbr t.d. Getty (1997) og Fidjestøl (1999:153-157, 302-304), virðist full ástæða til þess að leita annarra skýringa. Mín tilgáta er jafnframt tilraun til þess að varpa ljósi á stöðu persónubeygðu sagnarinnar í bundnum setningum og tengja það þeim mun sem kemur fram á notkun stoðsagna í kveðskap sem lýtur K3 (og K1) og þeim kveðskap sem gerir það ekki. Þess verður vonandi ekki langt að bíða að hægt verði að prófa þessar skýringartilgátur á fornnorrænum kveðskap. Það bíður hins vegar frekari rannsókna.

---

<sup>99</sup>Gera verður ráð fyrir að fornyrðislag sé ekki einn fastmótaður bragarháttur, því að ekki öll kvæði undir fornyrðislagi sýna mun á bundnum og sjálfstæðum setningum, og ekki öll kvæði undir fornyrðislagi beita stoðsögnum í jöfnum mæli. Mín tilgáta segði að kvæði undir fornyrðislagi sem lúta bæði K1 og K3 ættu að hafa ríkari tilhneigingu til þess að beita stoðsögnum en kvæði sem leyfa frjálsum notkun á áherslulausum stöðum. Nánari athugun á edduháttum og dróttkvæðum hætti þyrfti hins vegar að svara þeirri spurningu hvort þetta eigi almennt við um þessar bragstöður eða einvörðungu ef fyrri stöðuna fyllir bindiorð.

### 3 Almennt um gjörðarstoð og önnur mál

Í þessum kafla verða tekin dæmi af tungumálum með gjörðarstoð líkri *gera* í fornnorrænu, fyrst vestur-germönsku málunum ensku, hollensku og þýsku, því næst verður vikið stuttlega að gjörðarstoð í rómönskum málum og loks er málgerðafræðilegt (týpólógískt) yfirlit um gjörðarstoð í tungumálum heims, byggt einkum á nýlegri úttekt Jägers (2006). Samantekt af þessu tagi vekur vitanlega ýmsar spurningar og ekki síst hvort eðlilegt sé að greina gjörðarstoð á sama hátt í ólíkum tungumálum. Einnig vakna spurningar um uppruna gjörðarstoðar, einkum þar sem hún kemur fram í skyldum málum. Þannig telur Lightfoot (1979:117) gjörðarstoð í ensku og gjörðarstoð í þýskri málsögu og í mállýskum t.d. ekki vera til marks um sameiginlegan germanskan uppruna setningagerðarinnar (andstætt t.d. Tieken-Boon van Ostade 1988), heldur sameiginlega nýjung: eðlilega tilhneigingu til þess að leita nýrra leiða við að tákna tíðarbeygingu.<sup>100</sup>

#### 3.1 Vestur-germönsk mál

##### 3.1.1 Enska

Enska er það tungumál sem þekktast er í málfræðilegri umræðu um þá umritun sagna í persónuhætti sem hér hefur verið nefnd gjörðarstoð (e. *do-support*). Í nútímaensku er sögnin *do* ‘gera’ stundum látin bera beygingarþætti (t.d. persónu, tölu og tíð) sem í málum á b.v. íslensku, dönsku og þýsku birtast venjulega á sjálfri aðalsögninni, líkt og í stjórnumerktu svigasetningunum í (111).

- (111) a. **Did** he **go**? (*já-/nei-spurnarsetning*)  
(\*Went he?)  
b. Where **did** he **go**? (*hv-spurnarsetning*)  
(\*Where went he?)  
c. He **did** not **go**. (*neikvæð fullyrðingarsetning*)  
(\*He went not)  
d. Mary is mad because John did not go.  
– But he **DID go**! (*andstæðuáhersla*)  
(\*but he WENT!)

Sögninni *do* er beitt í þessum tilgangi því aðeins að aðalsögnin þyrfti að flytjast fram fyrir frumlagið, eins og í spurnarsetningunum í (111a,b), eða að í setningunni sé neitun eða andstæðuáhersla sem hindri sagnbeyginguna, eins og í (111c,d).

Fornenska og (að hluta til) miðenska voru hins vegar eins og fornnorræna að því leyti að aðalsagnir gátu verið í persónuhætti í öllum tegundum setninga, þ.m.t. *já-/nei-spurningarsetningar*, setningar með neitun og með andstæðuáherslu:<sup>101</sup>

- (112) a. & **spacc** he **nohht** wiþþ tunge (*neitun*)  
og mælti hann ekki við tungu  
‘og hann talaði ekki upphátt’ (tilv. eftir Denison 1993:450, c1180)  
b. he **ne edstont nawt** as foles doð; ah ... (*andstæðuáhersla*)  
hann ekki stansar ekki sem fól gera en ...  
‘Hann hættir ekki, eins og fól, heldur ...’ (tilv. eftir Denison 1993:450, c1200-1230)

<sup>100</sup>Um uppruna gjörðarstoðar, einkum í ensku, sjá t.d. yfirlit hjá Denison (1993:274-287) og Auwera & Genee (2002).

<sup>101</sup>Þýðingar á dæmum miðast við tilv. rit. Sé þýðinga ekki getið við dæmin þar er yfirlit ekki gerð tilraun til þess að þýða þau.

- c. **Bileuest thou** this thing? (*ja-nei-spurning*)  
 trúir þú þessum hlut  
 ‘Trúir þú þessu?’ (tilv. eftir Han & Kroch 2000:2, ofanverð 14. öld)

Á 13. öld kemur upp sú nýjung að nota *do* í stað aðalsagnar í persónuhætti, fyrst að því er virðist í kveðskap en á 14. öld einnig í lausamáli (sbr. t.d. Ellegård 1953:56-58). Fyrstu varðveittu dæmi um þessa breytingu eru sýnd í (113) (tilv. eftir Ellegård 1953:56, 58):

- (113) a. ase ore elderne us **doth telle** (13. aldar kveðskapur)  
 b. þey worschipped þe sonne whanne he **dede arise** (14. aldar lausamál)

Í (113) er í báðum tilvikum um að ræða umhverfi þar sem gjörðarstoð er ótæk í nútímaensku, þ.e. í venjulegum fullyrðingarsetningum. Slík dæmi eru aðeins tæk í nútímaensku með andstæðuáherslu:<sup>102</sup>

- (114) a. John **went** out.  
 b. \*John **did go** out. (*do* án áherslu)  
 c. John **DID go** out.

Í (115) eru dæmi um gjörðarstoð frá 16. öld í umhverfi þar sem hún er nú skyldubundin en var á þeim tíma aðeins sterk tilhneiging (tilv. eftir Kroch 1989:134):

- (115) a. Why then **doth** my Rosalynde **grieve** at the frown of Torismond, who by offering her a prejudice proffers her a greater pleasure? (*hv-spurning*)  
 b. I **do not allow** but abhorre incontynence in ... (*neitun*)

Á 15. og 16. öld færast notkun á *do* í aukana í flestum tegundum setninga *nema* í venjulegum fullyrðingarsetningum (sjá Ellegård 1953:161-162). Mikil notkun *do* í því umhverfi er talin tilheyra lærðum stíl (sbr. Warner 1993:220). Sögnin *do* tekur nær alfarið við af beygingu aðalsagna í umhverfi á b.v. (112) og (115) þegar komið er fram yfir 1600. Sú breyting er þó ekki að fullu um garð gengin fyrr en á 18. og 19. öld (sbr. Kroch 1989:134 og tilv. þar).<sup>103</sup>

Þessu skylt er tegund setninga með *do* í miðensku þar sem sagnliður hefur verið kjarnafærður. Sú setningagerð er þó afar sjaldgæf í miðensku (sbr. Engblom 1938:46 og Ellegård 1953:126):<sup>104</sup>

- (116) a. An **rop me dude** aboute is nekke • he suor honghe he ssolde. (tilv. eftir Engblom 1938:46)  
 b. And the mayre seynghe that hys place was occupyd hylde hym contente, and went home agayne with owt mete or drynke or any thonke, but **rewarde hym** he **dyd** as hys dygnyte requyryd. (tilv. eftir Ellegård 1953:126)

Ellegård telur aðalsögnina í slíkum dæmum upphaflega hafa verið í persónuhætti (tilv. eftir Ellegård 1953:126):

- (117) a. And **touchede þe chest** þo he **dude** with his honde  
 b. **Bekende theme** the captyfis the kynghe **dide** hymselfen

Frá því á fornensku skeiði og fram á 16. öld var hægt að nota *do* í orsakamerkingu (sbr. t.d. Ellegård 1953:118, Denison 1993:256-260, Roberts 1993:284-287 og Visser 1969:1345-1346, §1212), e.t.v. að franskri eða latneskri fyrirmynd (sjá t.d. Ellegård 1953:90-108).<sup>105</sup>

<sup>102</sup>Sjá þó dæmi um gjörðarstoð í ensku í venjulegum fullyrðingarsetningum hjá t.d. Hirtle (1997), Culicover (2008:34, nmlsgr. 26) og rit sem þar er vitnað til.

<sup>103</sup>Árhugun Ellegárds (1953) nær aðeins fram til 1700.

<sup>104</sup>Í hollensku (§3.1.2) og þýsku (§3.1.3) er *doen/tun* ‘gera’ með kjarnafærslu á sögn eða sagnlið einnig sjaldgæf í fornum textum en möguleg í nútímamálunum, sbr. einnig stakdæmið í (33) úr fornnorrænu lausamáli.

<sup>105</sup>Þetta virðist vera sama setningagerð og í fornnorrænu, sbr. §1.4, auk t.d. þýsku á fyrri málstigum og hollensku. Visser (1969:1346, §1212) segir þessa notkun e.t.v. eiga rætur í frumgermönsku, því að hún komi einnig fyrir í gotnesku.

- (118) they shall **putt** or **done putt** in any certaine place  
'þeir skuli setja eða láta setja á einhvern öruggan stað' (tilv. eftir Roberts 1993:286, c1475)

Einnig eru samsvarandi dæmi um þolfall með nafnhætti, þ.e. með sýnilegu andlagi (sbr. Roberts 1993:284, tilv. eftir Ellegård 1953):

- (119) Sche **dede him etyn & drynkyn**  
'hún lét hann eta og drekka'

Dæmi um *do* í orsakamerkingu geta á yfirborðinu líkst mjög dæmum um gjörðarstoð (sjá t.d. Ellegård 1953:108-117 og Roberts 1993:291), enda hafa margsinnis verið leiddar að því líkur að tilurð gjörðarstoðar í ensku sé nátengd tvíræðum dæmi um *do* í orsakamerkingu (tilv. eftir Roberts 1993:291):

- (120) he **did carye** grete quantitee of Armure to the Guyldehalle (1386)  
*möguleg túlkun:*  
(a) 'hann lét flytja mikinn fjölda vopna til Guyldehalle'  
(b) 'hann flutti mikinn fjölda vopna til Guyldehalle'

Ellegård (1953:92) álitur t.d. að gjörðarstoð hafi ekki getað skotið rótum á meðan einnig hægt var að nota *do* ótvírætt í orsakamerkingu.<sup>106</sup>

Ekki hefur reynst auðvelt að benda á neinn sérstakan mun á því að notuð sé gjörðarstoð eða persónubeygð aðalsögn á þeim tíma sem gjörðarstoð var ekki skyldubundin. Í málfræðilegri umræðu hefur hún t.d. verið talin hafa táknað lokið horf (sjá Denison 1985 og Roberts 1993:296), sem byggist m.a. á að Ellegård (1953:195-201) sýnir misjafna tíðni gjörðarstoðar eftir sögnum, hærri tíðni með áhrifssögnum en áhrifslausum. Erb (2001:208-213) gælir einnig við þá hugmynd að gjörðarstoð í ensku, þýsku og hollensku tengist tiltekinni tegund af ákveðni sem hún nefnir staðhæfingu (e. *assertion*), sbr. §3.1.3. Þar er því um að ræða meiri áherslu en í venjulegri (=hlutlausri) fullyrðingasetningu en minni en með t.d. andstæðuáherslu.

Ellegård (1953:170-173) telur ólíklegt að gjörðarstoð megi upphaflega rekja til áherslumerkingar, enda séu dæmi mun fleiri um hlutlausa merkingu frá upphafi. Greinileg dæmi um áherslustoð séu fá í elstu dæmum en hann segir dæmin fara stigvaxandi eftir því sem gjörðarstoð verður algengari og merkjanleg aukning verði um 1550 (sbr. Ellegård 1953:172). Ellegård (1953:161) segir gjörðarstoð hins vegar vera hlutfallslega algengari með neitun og í spurnarsetningum en í öðrum setningagerðum, sama á hvaða tímabil sé litið. Engblom (1938) tekur örlítið annan (en skyldan) pól í hæðina. Hann segir freistandi að líta á *do* í neikvæðum setningum sem arftaka hertrar neitunar þegar hún var farin að missa merkingu sína (sbr. Engblom 1938:20).<sup>107</sup> Deutschbein (1917:78-80) telur *do* upphaflega hafa verið notað í áherslumerkingu („als Intensivum“) en síðar hafi það orðið merkingarlaust, t.d. í kveðskap til uppfyllingar í hnigi (Deutschbein 1917:79). Þetta er hins vegar ekki ljóst af dæmum Engbloms og Deutschbeins.<sup>108</sup>

Stein (1990:35 o.áfr.) telur *do* í miðensku hafa sett verknað í forgrunn og hafi því verið orðræðuögn (e. *discourse marker*). Í ótvíræðum dæmum um *do* sem gjörðarstoð hafi sögnin nær alltaf því hlutverki að gegna að tákna frömun (e. *foregrounding*) á upplýsingum. Algengt sé að slík frömun feli í sér andstæðu (sbr. Stein 1990:37-38) og þar er því komin hugsanleg skýring á áherslustoðinni í ensku. Frömun vísar þá sérstaklega til þess sem gerist andspænis því sem telst eðlilegt við þessar sömu kringumstæður. Annað einkenni er

<sup>106</sup>Sömu skýringu hefur Horst (1998, 2008) á takmörkun á þróun gjörðarstoðar í hollensku, þar sem orsakamerkingin er enn við lýði. Sjá §3.1.2.

<sup>107</sup>Engblom vísar í þessu sambandi m.a. til Deutschbein (1917:79, nmlsgr.): „Man könnte auch daran denken, daß die negativen (ebenso wie die fragenden) Sätze ein emphatisches Element enthalten und deshalb *do* hier durchgeführt ist.“

<sup>108</sup>Um möguleg tengsl hertar neitunar (sjá §4.2.2) og gjörðarstoðar í fornorrænu er fjallað í §5.1.2.



ennfremur að dæmin eiga sér venjulega undanfara í fyrra samhengi og eru kynnt með t.d. persónufornafni, staðartilvísun, tilvísunartengingum eða öðrum tilvísunum á b.v. *the same* ‘hinn sami’ og *the aforesaid* ‘hinn fyrrnefndi’ (sbr. Stein 1990:39-42). Eftirfarandi dæmi sýna þessa notkun (sbr. Stein 1990:39, sjá tilv. þar):<sup>109</sup>

- (121) a. **the aforesaid** John Pekker **did receive** all the parcels underneath written.  
b. **the same** Maistres **did choose** searchers of the saide craft for their time.  
c. **there** she **did staund** Gareth’s wounds.  
d. marvellous high hills upon the which is continually great abundance of snow, **which** by the heat of the sun **doth congeal** and becometh crystal.

Stein (1990:267-282) gerir tilraun til þess að lýsa þróuninni í ensku sem breytingu á áherslu, sem upphaflega hafi táknað andstætt ástand en síðar farið að tengjast sannleiksgildi (sbr. Stein 1990:268). Samkvæmt þessari lýsingu væri gjörðarstoð í fornnorrænu því eins og í ensku áður en áherslustoð fer alfarið að vísa til möguleikamerkingar eða sannleiksgildis. Þessa breytingu tengir Stein (1990:268, 278-282) einnig við þróun gjörðarstoðar í *já/nei*-spurningum, því að þær láti einmitt reyna á sannleiksgildi.<sup>110</sup>

Þar sem enska er ekki eina vestur-germanska tungumálið með gjörðarstoð, er rétt að líta nú á tvö önnur vestur-germönsk mál, hollensku og þýsku, til samanburðar.<sup>111</sup> Þar kemur gjörðarstoð fyrir í svipuðu umhverfi og í miðensku.

### 3.1.2 Hollenska

Í hollensku nútímamáli kemur gjörðarstoð einvörðungu fyrir í mállyskum en er ekki hluti af ríkismálinu nema samfara færslu á fallháttum (sbr. Cornips 1998, Langer 2001 og §4.4). Í fornhollensku (-1200) eru engin dæmi um þessa setningagerð, heldur virðist sögnin *doen* ‘gera’ ávallt vera aðalsögn (sbr. Horst 1998, 2008), líkt og í fornensku og fornháþýsku á svipuðu tímabili. Snemma á miðhollensku skeiði (1200-1350) koma fram dæmi þar sem *doen* tekur nafnháttarþyllilið í orsakamerkingu, e.t.v. að franskri og/eða latneskri fyrirmynd (sjá t.d. Grimm 1837:94, Horst 1998, 2008). Horst (1998:57-61) greinir á milli tveggja gerða í miðhollensku, gerðar 1 og gerðar 2. Með gerð 1 er síðari nafnliðurinn merkingarfræðilega andlag nafnháttararins. Með gerð 2 er síðari nafnliðurinn hins vegar frumlag nafnháttararins. Dæmi um hvora tveggja gerðina er sýnt í (122) (tilv. eftir Horst 1998:56):

- (122) a. ende willent scepenen, si sullen sin hus **doen breken** (1237)  
og vilji-það yfirvöld þau munu hans hús gera brjóta  
‘og ef yfirvöld vilja, láta þau brjóta hús hans niður’  
b. dat sine **dede criten/** van pinen (1270)  
að hún-honum gerði veina af sársauka  
‘svo að hún lét hann veina af sársauka’

Tölfræðileg athugun Horsts (1998:57-58) leiðir í ljós að á 13. öld eru nær öll dæmi af gerð 1. Þegar nær dregur 14. öld hefur hlutfallið hins vegar snúist við og flest dæmi eru af gerð 2. Af þessum niðurstöðum dregur Horst þá ályktun að gerð 2 hafi þróast út úr gerð 1, e.t.v. vegna tvíræðni í fallmörkun við samfall

<sup>109</sup>Auwers 1999 nefnir einnig að mörk setninga tengist e.t.v. notkun gjörðarstoðar í hollenskum mállyskum. Þeirrar tegundar er einnig getið hjá Jäger 2006, sbr. 4. gerð hans í (137).

<sup>110</sup>Þar sem gjörðarstoð í fornnorrænu felur ekki í sér andstæðuáherslu m.t.t. sannleiksgildis, heldur fremur til fyrra ástands eða þess sem telst eðlilegt, væri því ekki von á gjörðarstoð í *já/nei*-spurningum í fornnorrænu.

<sup>111</sup>Jiddíska er annað vestur-germanskt mál en hún er án gjörðarstoðar. Í SL-kjarnafærslu er t.a.m. beitt sömu aðferð og í hebresku við að skjóta inn persónubeygðri sögn, ekki sjálfgefni stöðsögn á b.v. *gera* heldur birtist spor/afrit kjarnafærðu sagnarinnar í persónuhætti (sjá t.d. Auwers 1999:288 og tilv. þar).

þolfalls og þágufalls, þar sem óbeint andlag í þágufalli var endurtúlkað sem merkingarfræðilegt frumlag nafnháttar, og/eða vegna tvíræðra sagna á b.v. *slá* sem ýmist gátu verið áhrifssagnir eða áhrifslausar (sjá nánar Horst 1998:59). Horst (1998:60-61) telur að gjörðarstoð í ensku hafi þróast út úr gerð 1, þar sem síðari nafnlíðinn má annaðhvort túlka þannig að hann sé samvísandi við (setningafræðilegt) frumlag setningarinnar eða að hann vísi aðeins til andlags nafnháttarins.

Dæmi um tvíræðni af þessu tagi í miðhollensku er dæmi (123) (tilv. eftir Horst 1998:60):

- (123) In die zale **dede** hi **spreiden**/ een utermaten swarte cleet (c1250)  
 í ákv.gr. sal gerði hann breiða óákv.gr. geipilega svart teppi  
 'Í salnum lét hann breiða biksvart teppi (eða: í salnum breiddi hann biksvart teppi).'

Þó að dæmið beri að túlka sem gerð 1, að aðstoðarmaður hafi breitt út teppið, er einnig hugsanlegt að skilja það sem svo að sá sem vísað er til með *hann* hafi gert það sjálfur.<sup>112</sup> Með gerð 2 komi hins vegar aðeins til greina að einhver annar hafi verið látinn gera það, og því hafi útbreiðsla gerðar 2 í hollensku komið í veg fyrir að málið þróaði með sér gjörðarstoð á líkan hátt og enska.<sup>113</sup>

Í hollensku síðari alda, allt frá 16. öld fram á okkar daga, eru ótvíræð dæmi um gjörðarstoð:<sup>114</sup>

- (124) a. So **doen** oec alle die aderen **loopen** tot enen aersgate waert (16. öld) (tilv. eftir Horst 2008:901)  
 b. Van t Aerdichst dat natuir **deed** in u voorhoof **malen** (17. öld)  
 af því yndislegasta sem náttúra gerði í yðar enni mála  
 'af því yndislegasta sem náttúran málaði á ennið á þér' (tilv. eftir Visser 1969:1502<sub>n2</sub>, sonnetta)

Löngum hefur gætt neikvæðra viðhorfa gagnvart þessari setningagerð og hún talin óþörf og óæskileg í ljósi þess að í stað *doen* sé einfaldlega hægt að nota aðalsögn í persónuhætti (sbr. Cornips 1998:84, Langer 2001 og tilv. þar). Hvorki sögulega né samtímalega er þess því getið að gjörðarstoð sé skyldubundin eins og í ensku. Fremur hefur verið litið á hana sem barnamál eða sem einkenni á máli þeirra sem e.t.v. séu ekki svo vel máli farnir yfirleitt (sjá yfirlit hjá Langer 2001:18, Cornips 1998:84 og tilv. þar).

Cornips (1998) athugaði sérstaklega notkun gjörðarstoðar í mállýsku sem töluð er í Limburg, með samanburði við aðrar hollenskar mállýskur með gjörðarstoð sem talaðar eru í Twente (í Overijssel) og í Groningen. Hún komst að þeirri niðurstöðu að *doen* með nafnhætti tjáði vanabundið horf. Til dæmis má hafa eftirfarandi brot úr frjálsum tali þar sem gjörðarstoð felur í sér aðra merkingu en samsvarandi dæmi án gjörðarstoðar, sbr. (125) sem sýnir vanabundið horf, andspænis (126) sem tengist einu einstöku atviki („incidental activity“) (sbr. Cornips 1998:98):

- (125) *vanabundið horf með gjörðarstoð*  
 a. ... een jongen (...) **doet** ook **vissen** ...  
 ... óákv.gr. strákur (...) gerir líka veiða ...  
 'einn strákur veiðir líka / er líka að veiða'

<sup>112</sup>Þetta er sama tvíræðni og vikið var að í dæmi (120) úr miðensku hér að ofan.

<sup>113</sup>Að hluta til virðist þetta vera sama skýring og hjá Ellegård (1953:92). Hins vegar hlýtur tilvist *doen* í orsakamerkingu í hollensku, jafnt í ríkismálinu sem í mállýskum með gjörðarstoð, að gera þessa skýringu tortryggilega; í hollenskum mállýskum lifa þessar ólíku merkingar *doen* hlið við hlið, og svo er einnig í þýskum mállýskum (sbr. Erb 2001:205<sub>n23</sub>). Ellegård (1953:25-26) bendir einnig á Grimm (1837) í svipuðu samhengi, þar sem kemur fram að *doen* án sýnilegs andlags hafi verið endurtúlkað án andlags þannig að *dedi soeken* 'hann gerði leita (=lét leita)' gat tekið að merkja 'hann leitaði' og *heten dede* 'heita gerði (=lét heita, nefndi)' einfaldlega 'hét' (sbr. Grimm 1837:94).

<sup>114</sup>Sjá Visser (1969:1502<sub>n2</sub>, §1419), Weijnen (1952:68-69), Langer (2001:14-22), Horst (2008:901-902) og tilv. þar. Dæmi Vissers um gjörðarstoð í hollensku eru þó fráleitt alveg ótvíræð. Frá 16. öld eru hins vegar sannarlega ótvíræð dæmi, sbr. dæmi (124a). Fá dæmi eru sýnd frá 17. öld, helst úr kveðskap, en fleiri frá 18. öld (sjá Weijnen 1952:68-69). Sjá einnig Weiss (1956:130-148).

- b. ... die **doet** me die auto altijd **nakijken**  
 ... sá gerir mér bílinn alltaf á-líta  
 ‘sá lítur alltaf á bílinn fyrir mig.’

(126) *einstakt atvik án gjörðarstoðar*

- a. ... hij **vist** ook wel eens ...  
 ... hann veðir líka stundum ...  
 b. ... ik heb vandaag nog alles **nagekeken**  
 ... ég hef í dag enn allt á-litið  
 ‘ég hef litið á allt enn einu sinni í dag.’

Þessi dæmi eru því til marks um málfræðivæðingu á gjörðarstoð í merkingu sem tjáir eitthvert tiltekið horf sem samsvarandi dæmi án gjörðarstoðar tjá ekki.<sup>115</sup>

### 3.1.3 Þýska

Í þýsku er tilurð, dreifing og núverandi notkun gjörðarstoðar með svipuðu móti og í hollensku, þó að erfiðlega hafi reynst að benda á nokkra sérstaka merkingu. Gjörðarstoð kemur í nútímaþýsku fram á öllum þekktum mállýskusvæðum í Þýskalandi og á öllum málsvæðum þar sem þýska er töluð (sbr. Erb 2001:182-184). Eins og í hollensku tilheyrir gjörðarstoð í þýsku ekki þýsku ríkismáli og mikið hefur verið amast við henni af málvöndunarmönnum og í skólakerfinu (sjá t.d. Langer 2001).

Í sögulegri athugun Weiss (1956) kemur fram að gjörðarstoð hafi þróast út úr notkun sagnarinnar *tun* ‘gera’ í orsakamerkingu. Þá breytingu að farið var að nota *tun* í annarri en orsakamerkingu segir Weiss (1956:180) hafi orðið í kringum 1300. Það er því um svipað leyti og sama breyting er talin hafa átt sér stað í ensku (sbr. §3.1.1). Þróunin í þýsku líkist hins vegar meirr þróuninni í ensku en samsvarandi fyrirbæris í hollensku því að *tun* er ekki hægt að nota í orsakamerkingu í nútímaþýsku öfugt við *doen* í hollensku. Ennfremur telur Weiss (1956:182) að tilvist gjörðarstoðar í alþýðukveðskap hafi ýtt undir útbreiðslu hennar (sbr. einnig Langer 2001:42-43). Í gagnasafni Weiss (1956:98-129,148-159) er stór hluti dæma um gjörðarstoð úr kveðskap og í meirihluta þeirra (68,33%) stendur nafnháttur í lok braglínu þar sem hann myndar rím (sbr. Weiss 1956:191).<sup>116</sup> Weiss (1956:192) talar því um umritun með *tuon* í miðháþýsku sem „málfélagslega afurð“ sem á því stigi tilheyrir ekki lausamáli heldur aðeins alþýðukveðskap.

Grimm (1837:94) greinir á milli *tun* í orsakamerkingu í fornháþýsku, sem sé ekki hjálparsögn, og hjálparsagnarinnar *tun* sem fyrst komi fram í miðháþýsku. Orsakanotkunin virðist fjara út í miðháþýsku, en hjálparsögnina *tun* kveður hann fyrst verða algenga í nýháþýsku alþýðumáli. Grimm (1837:94) tilfærir tvö dæmi um hjálparsögnina *tun* (=gjörðarstoð) í miðháþýsku en kveður dæmi vera fá (sbr. einnig Weiss 1956:191):

- (127) a. wie stêt iu daz, frou Minne, daz ir manliche sinne alsus **enschumpfieren tuot**?  
 b. daz si uns **tuon bewarn**

Í málfræðilegri umræðu er *tun* í þýskum mállýskum venjulega talið hafa ýmsum hlutverkum að gegna (sjá yfirlit hjá Langer 2001:54, Erb 2001:193-196):

<sup>115</sup>Í hinni yfirgripsmiklu setningafræðilegu rannsókn SAND-verkefnisins á hollenskum mállýskum virðist þetta atriði ekki hafa verið athugað mjög nákvæmlega (sjá Barbiers & Bennis 2007). SAND-athugunin sýnir þó að gjörðarstoð er ákaflega útbreidd, algengust í Norður-Brabant en finnst á flestum könnunarstöðum (sbr. Barbiers o.fl. 2006).

<sup>116</sup>Langer (2001:43<sub>n.32</sub>) bætir við að þegar um 1550 minnst Erasmus Alberus á hjálparsögnina *tuon* sem léleg skáld beiti af lítilli list til þess að mynda rím.

- (128) a. með viðtengingarhætti  
 b. í brennidepilsmerkingu  
 c. táknar horf, tíð og/eða hátt

Langer (2001:52-57) gagnrýnir sumar þessara lýsinga fyrir að einblína á hjálparsögnina og telur t.d. táknun viðtengingarháttar, horfs og tíðar með *tun* vera tilviljun.<sup>117</sup> Gjörðarstoð í lágþýsku hefur verið sögð tengjast áherslu- eða brennidepilsmerkingu (sjá Langer 2001:36, Erb 2001:208-209 og tilv. þar). Erb (2001:209-213) talar í þessu samhengi um hátt sem hún nefnir staðhæfingu (e. *assertion*) og táknar aukna áherslu. Venjuleg staðhæfing er því án gjörðarstoðar en þar sem meiri áhersla er lögð á verknaðinn (sem þegar hefur verið minnst á) sé skotið inn *tun*. Enn meiri áhersla sé síðan í setningum með kjarnafærslu á fallhætti (sjá §4.4).

Í þýskum mállýskum takmarkast gjörðarstoð ekki við mismunandi tegundir sagna (sbr. Erb 2001:188-189) og hana er hægt að nota í öllum tegundum setninga, þ.m.t. venjulegar og neikvæðar staðhæfingarsetningar, aukasetningar, spurnarsetningar og boðháttarsetningar (sbr. Gärtner & Steinbach 1994, Erb 2001:186-187):<sup>118</sup>

- (129) a. Isch **dun** im Garde **schaffe** (*venjuleg staðhæfing*)  
 ég geri í garðinum vinna  
 'Ég vinn í garðinum / ég er að vinna í garðinum'  
 b. Er **dhut's net gläawe**. (*neikvæð staðhæfing*)  
 hann gerir-því ekki trúa  
 'Hann trúir því ekki.'  
 c. as ik em **ropen dee**, keem he ni. (*aukasetning*)  
 þegar ég hann kalla gerði kom hann ekki  
 'Þegar ég kallaði á hann, kom hann ekki.'  
 d. **Tuesch<sup>t</sup>** iez bald **mëlchen?** (*spurning*)  
 gerir-þú núna fljótt mjólka  
 'Ætlaðu að mjólka kýrnar fljótlega?'  
 e. **Du dich** nor nedd **schnerre!** (*boðháttur*)  
 ger þig bara ekki skjátlást  
 'Láttu ekki blekkjast.'

Eina takmörkunin á notkun gjörðarstoðar í þýsku virðist vera með hjálparsögnum sem tákna horf eða þolmynd (sbr. Erb 2001:188-189). Í slíku umhverfi er gjörðarstoð sjaldgæf og henni er hafnað af sumum en samþykkt af öðrum. Talsvert algengara er hins vegar að gjörðarstoð sé notuð með háttarsögnum eða tengisögnunum *haben/sein* 'hafa/vera', þó að sumir málnotendur felli sig ekki við þá notkun heldur (sbr. Erb 2001:189-190).

Stoðsögnin *tun* 'gera' getur yfirleitt ekki heldur staðið í fallhætti (sbr. t.d. Erb 2001:197-198, Langer 2001:96-97) og því er erfitt að mynda setningar þar sem hún er undirskipuð háttarsögn eins og í fornnorrænu

<sup>117</sup>Til dæmis tengist táknun horfs ekki sögninni *tun* í dæmunum í (1), heldur felist sú merking í skáletruðu atviksorðunum (sbr. Langer 2001:53):

- |  |  |
|--|--|
| (1) a. Ich tue <i>den ganzen Tag lang</i> essen. | (2) a. Gestern tat ich Schokolade essen. |
| b. Ich tue <i>jeden Tag</i> schreiben.           | b. Gestern wollte ich Schokolade essen.  |
| c. Ich tue <i>dreißig Mal</i> klopfen.           |  |

Né felist nokkur sérstök tíðartáknun í gjörðarstoð í (2a) með *tat* fremur en með t.d. *wollte* í (2b) (sbr. Langer 2001:54).

<sup>118</sup>Gärtner & Steinbach (1994:51-53) benda á að í aukasetningum í þýskum mállýskum birtist *tun* hægra megin við sagnliðinn, til marks um að hægra megin við sagnlið í þýskum aukasetningum sé beygingarliður. Til samanburðar nefna þeir að í sænsku sé gjörðarstoð aðeins möguleg með kjarnafærslu, þar sem stoðsögnin er í öðru sæti, en ekki í aukasetningum: *\*eftersom han gjorde inte läsa boken*. Eins og fjallað er um í §4.4 er hins vegar vafasamt hvort þessar setningagerðir eru sambærilegar.

(sbr. t.d. dæmi (18)). Í þýskri málsögu og jafnvel í nútímamáli eru þó nokkur dæmi um stoðsögnina *tun* í nafnhætti og lýsingarhætti þátíðar (sbr. Erb 2001:198-202 og tilv. þar):

- (130) darumb wil ich ietz **sterben thon**.  
því vil ég nú deyja gera  
'þess vegna langar mig nú að deyja.'

Erb telur slíka notkun þó ekki vera virka og e.t.v. hafi hún aldrei verið virk. Hjálparsagnir sem aðeins geta staðið í persónuháttum kallar Erb (2001:201-202) kerfis-hjálparsagnir (e. *functional auxiliary*), en hjálparsagnir sem geti staðið í fallháttum séu hálf-orðasafnsbundnar eða orðasafnsbundnar hjálparsagnir (e. *semi-lexical* og *lexical auxiliaries*).<sup>119</sup> Því megi gera ráð fyrir að endurtúlkun hafi átt sér stað á eðli sagnarinnar *tun*, þar sem hún er í nútímaþýsku yfirleitt hlutverka-hjálparsögn.<sup>120</sup>

### 3.2 Rómönsk mál

Þrátt fyrir mikla leit hafa nær engin sannfærandi dæmi fundist um gjörðarstoð í rómönskum málum, ef undan er skilin norður-ítölsk mállýska sem fjallað er um hér á eftir. Weiss (1956:169-170) vitnar þó til notkunar á lat. *facere* 'gera' sem umritun í miðlatínu og *faire* í fornfrönsku, sbr. einnig Gougenheim (1929:330-338). Ellegård (1953:90-92) kveður dæmi sem komi til álita í frönskri málsögu vera af sömu gerð og tvíráðu dæmin í forn- og miðensku, þ.e. þar sem óljóst er hvort setningagerðin er í orsakamerkingu. Ellegård segist einungis hafa þrjú engilnormönsk dæmi sem sé erfitt að túlka í orsakamerkingu (tilv. eftir Ellegård 1953:91, sjá rit sem þar er vitnað til):

- (131) a. Hai! sire Boves, trop **fetes demorer!**  
b. Il se repeyre, ne **fist plus demorer**  
c. Les dames **funt** grant joie **demener**

Meðal annars vegna þess að engin ótvíræð dæmi hafa fundist um gjörðarstoð í hinum hefðbundnu rómönsku málum hafa málfræðingar jafnframt hallast að því að hliðstæð setningagerð í orsakamerkingu hafi komið í veg fyrir að málin þróuðu með sér gjörðarstoð (sbr. t.d. tilgátu Grimms (1837), Ellegárds (1953) og Horsts (1998, 2008) hér á undan). Eins og í hollenskum mállýskum er hins vegar merkileg undantekning frá þessu í ítalskri mállýsku sem nú verður vikið að.

Í ítölsku ríkismáli kemur gjörðarstoð ekki fyrir en í norður-ítalskri mállýsku sem nefnd er monnska kemur slík setningagerð hins vegar að hluta til fram í sama umhverfi og í ensku (sbr. Benincà & Poletto 2004a). Gjörðarstoð er beitt í *jálnei*-spurningum og í *hv*-spurnarsetningum eins og eftirfarandi dæmi sýna (sbr. Benincà & Poletto 2004a:41):

- (132) a. **fe-t** **majà?**  
gerir-þú borða  
'borðar þú?'  
b. **ke** **fe-t** **majà?**  
hvað gerir-þú borða  
'hvað borðar þú?'

<sup>119</sup>Kerfissvið hefur að fullu málfræðivæðst og gegnir einvörðungu tilteknu málfræðilegu hlutverki. Slíkt svið samsvarar lokuðum orðflokkum. Orðasafnssviðið gegnir ekki föstu málfræðilegu hlutverki og er opið svið. Hálf-orðasafnsbundið svið sýnir tilhneigingar í þá átt að málfræðivæðast, t.d. með því að hafa takmarkaða dreifingu og varpa ekki sinni eigin hámarksörpun (sjá Erb 2001:35-41 og rit sem þar er vitnað til). Svipuð aðgreining kemur fram hjá Benincà & Poletto 2004a, sbr. §4.3.

<sup>120</sup>Í þessu ljósi yrði jafnframt að gera ráð fyrir að *gera* í fornorrænu hafi verið hálf-orðasafnsbundin hjálparsögn, þar sem hana var hægt að undirskipa háttarsögninni *munu*.

Í monnsku er skyldubundið skotið inn *fa* ‘gera’ í þeim tilvikum sem aðalsögnin stendur á undan frumlagi. Eins og Benincà & Poletto (2004a) benda á er þetta einmitt setningafræðilegt umhverfi þar sem aðalsögn þyrfti að færast upp í tengilið. Samsvarandi dæmi án gjörðarstoðar er hins vegar ótækt:

- (133) a. \* *plöe-l?*  
rignir-það  
‘rignir?’
- b. *fa-l plöer?*  
gerir-það rigna  
‘rignir?’

Gjörðarstoð er ótæk í monnsku í öllu öðru samhengi þar sem hún er hins vegar skyldubundin í ensku, t.d. í óbeinum spurnarsetningum sbr. (134), með neitun sbr. (135), og með andstæðuáherslu sbr. (136) (tilv. eftir Benincà & Poletto 2004a:43-45):

- (134) a. (i domandjo) *ke l maja*  
ég spyr hvað sem hann borðar  
‘Ég velti fyrir mér hvað hann borðar’
- b. \* *i t domandjo ke fe-t majà*  
ég þig spyr hvað gerir-þú borða  
‘Ég spyr þig hvað þú borðar’
- (135) a. *l so mìa*  
það ég-veit ekki  
‘Ég veit það ekki’
- b. \* *fo mìa savè-l*  
ég-geri ekki vita-það  
‘Ég veit það ekki’

- (136) \* *ma ti te FET kantà bè!*  
en þú þú GERIR syngja vel  
‘Þú syngur [svo sannarlega] vel’

Söguleg þróun þessa fyrirbrigðis er ókunn þar sem engir fornir textar eru varðveittir með þessari mállýsku (sbr. Benincà & Poletto 2004a:52). Nánar er fjallað um fræðileg atriði tengd monnsku í §4.3.

### 3.3 Málgerðafræðilegt yfirlit

Jäger (2006) hefur athugað umritun með sögn á b.v. *do* ‘gera’ í um 200 tungumálum og skiptir málum í tvo flokka eftir því hvort gjörðarstoð er **skyldubundin** eða **valfrjáls**.<sup>121</sup> Skyldubundin gjörðarstoð í tungumálum heims er greind í fjórar gerðir (sbr. Jäger 2006:296):<sup>122</sup>

- Gerð 1** Umritun kemur til af fyrirbærum úr lokuðum orðflokkum innan sömu setningar, sem hefur svipuðu hlutverki að gegna og hefðbundnir flokkar tengdir sögnum.
- (137) **Gerð 2** Umritun táknar brennimerkingu, kjarnamerkingu eða spurnarmerkingu/kemur fram í setningagerðum með breyttri orðaröð.
- Gerð 3** Umritun táknar undirflokka tengda sögnum/kemur til af orðasafnsbundnum þáttum sagnar.
- Gerð 4** Umritun afmarkar sögn eða sagnlið sem samhangandi liði innan stærri formgerðar/kemur fram í samtengdum formgerðum.

<sup>121</sup>Þá skiptingu kveður Jäger (2006:227) þó að vissu leyti orka tvímælis, því að bæði sé algengt að finna megi ýmsar undantekningar frá því að stoðin sé skyldubundin og einnig sé algengt að valfrjáls stoð komi oft fyrir í einhverju tilteknu umhverfi, þó að það sé ekki skyldubundið. Valfrjálsa stoð sem kemur oft fyrir í ákveðnu umhverfi telur Jäger því bera vott um tilhneigingu í átt til málfræðivæðingar. Fyrir þessu færir hann þau alkunnu rök að gjörðarstoð í nútímaensku sé nú skyldubundin en hafi á fyrri stigum verið valfrjáls (sbr. t.d. Ellegård 1953).

<sup>122</sup>Sjá ítarlegri gerð af þessum skilgreiningum og umræðu hjá Jäger (2006:88-89). Sömu gerðir koma fram í tungumálum með valfrjálsa gjörðarstoð en þar eru skilyrðin hins vegar fremur tilhneiging en regla.

Dæmi um 1. gerð væri enska, þ.e. hengill eða orð úr lokuðum orðflokki hindrar sagnfærslu í beygingarlið. Þar hindrar neitunin *not* og hengillinn *n't* sagnfærslu. Greinilegt er að enska er fjarri því að vera sérstök að þessu leyti. Hjá Jäger (2006:132-133) falla 35 tungumál í þann flokk, t.d. búlgarska, japanska, kóreska og persneska, og yfirleitt er það neitun sem kemur í veg fyrir að beygingarþættir birtist á aðalsögninni. Cho (1994:234-235) segir gjörðarstoð í kóresku koma fram í neikvæðum fullyrðingarsetningum og ef áhersla er á sögninni:<sup>123</sup>

- (138) a. John-i o-ci      **ani-ha-ess-ta**  
 Jón-nf koma-CI ekki-gerði  
 'Jón kom ekki'  
 b. John-i o-ki-kkaci **ha-ess-ta**  
 Jón-nf koma-CI ekki-gerði  
 'Jón kom (meira að segja)'

Flestöll germönsk mál hafa gjörðarstoð af 2. gerð, þ.e. með kjarnafærslu á sagnarhaus eða heilum sagnlið sem krefst þess að skotið sé inn stoðsögn á b.v. *gera*. Af sömu gerð væri norður-ítalska mállýskan monnska þar sem t.d. spurnarfærsla krefst stoðar (sbr. Benincà & Poletto 2004a og §4.3), en það mál er ekki hluti af úrtaki Jägers.

Þriðja gerðin er gjörðarstoð sem háð er orðasafnsbundnum skilyrðum. Algennt er að um sé að ræða tökusagnir sem ekki geta tekið venjulegum sagnbeygingum og eru því lagaðar að málinu með þessum hætti. Dæmi um slík mál eru tyrkneska, hindí og japanska. Eftirfarandi dæmi sýnir þann mun sem er á tyrknesku andspænis t.d. þýsku að þessu leyti (tilv. eftir Jäger 2006:161):

- (139) a. san-a birisi **telefon et** -ti. (*tyrkneska*)  
 þér einn hringja gera -þt.  
 'Einhver hringdi í þig.'  
 b. Ich habe den Anhang **gedownloadet/downloadet** (*þýska*)  
 'Ég er búinn að „downloada“ viðhenginu.'

Í þýsku (eins og íslensku, sbr. þýðingu) fá tökusagnir því almennt hina reglulegu veiku beygingu og aukinheldur er hægt að brjóta sögnina upp í tvær einingar, *down* og *load* eins og undirstrikunin sýnir. Sögnin er því gegnsæ. Sá möguleiki er hins vegar ekki fyrir hendi í tyrknesku og þar þarf því að skjóta inn sögn sem samsvarar *gera* til þess að bera beygingarþættina.

Fjórdða gerðin er sögð sjaldgæfust gerðanna fjögurra (sbr. Jäger 2006:183). Hún felur í sér gjörðarstoð sem táknar mörk liða, t.d. ef um er að ræða setningar rofnar með beinni ræðu eins og í (140a) eða með innskotssetningu eins og í (140b) (sjá einnig Auwera 1999, tilv. eftir Jäger 2006:178-179):

- (140) *tshangla*  
 a. ji -gi      na -ga      muding thong bi -le a      -nyi **yek** -pa  
 ég -gerandi þú -stað. perla      sjá      gefa -nh. gera +kvk. segja -þt.  
 'Hann sagði: „Ég mun finna perlu handa þér.“'  
 b. ata      -gi      ma- **na**      -wa      -(a)n(yi) jang tson      -ga      lanyi      nyiktsing tsuk -pa  
 bróðir -ger. neit- samþykkja -nafngerv. -gera      ég fangelsi -stað. mánuður tveir      setja -þt.  
 'Eldri bróðir, ósammála, hnepti mig í fangelsi í tvo mánuði.'

Auk þessara fjögurra gerða fjallar Jäger (2006) annars vegar um valfrjálsa gjörðarstoð sem á sér yfirleitt málnotkunarlegar (pragmatískar) ástæður (5. kafli hans) en hins vegar merkingarlega gjörðarstoð sem markar

<sup>123</sup>Sjá umræðu í §4.2.1, -ci er nafngervö sögn.

tiltekna málfræðiformdeildir, einkum tíðir, hætti og horf (6. kafli hans). Merkingarlega gjörðarstoðin er ólík þeirri málnotkunarlegu að því leyti að hún kemur fram alveg í eigin krafti. Ekki er um það að ræða að önnur orð, t.d. neitun eða önnur atviksorð, komi í veg fyrir að sögnin taki beygingu, né er hún endilega háð málnotkunarlegum skilyrðum. Gjörðarstoðin felur því sjálf í sér tiltekna merkingu.

Dæmi um slíka gjörðarstoð er *doen* í hollenskum mállýskum sem táknar vanabundið horf (sbr. Cornips 1998).<sup>124</sup> Önnur tegund af merkingarfræðilegri gjörðarstoð er tákun háttá. Einn þeirra háttá, sem Jäger kallar svo, er áhersla (e. *intensive/emphatic*, sjá Jäger 2006:282-287, sbr. einnig Erb 2001:209-213). Áherslan felur þá í sér að athyglinni er beint að verknaðinum sem slíkum (eða hvernig hann er inntur af hendi) og möguleikamerkingar, t.d. hvort verknaðurinn á sér stað eða ekki. Gjörðarstoð af þessum toga, þ.e. þar sem stoðsögn stendur með aðalsögn og leggur áherslu á verknaðinn sem hún felur í sér, er algeng í tungumálum heims (sbr. Jäger 2006:286, 293-294).

Ainóska<sup>125</sup> er dæmi um mál með gjörðarstoð sem táknar áherslu (sjá Refsing 1986:208-211 og Jäger 2006:286-287) og líkindin við gjörðarstoð í fornnorrænu eru mikil. Rétt eins og í fornnorrænu er gjörðarstoð algeng með neitun í ainósku og undirstrikar þá neitunina, þ.e. að verknaðurinn sem sögnin felur í sér hafi ekki átt sér stað (Refsing 1986:209):

- (141) Nepka ye **ka** **somo** ki.  
 ekkert segja takmarkandi ekki gera  
 ‘Hann sagði hreint ekki neitt.’

Eins og í fornnorrænu er það hins vegar ekki neitunin sem slík sem krefst gjörðarstoðar; setningar með neitun krefjast ekki sjálfkrafa gjörðarstoðar (sbr. Refsing 1986:211-212). Það er sjálf stoðsögnin (*ki* ‘gera’) sem felur þessa merkingu í sér en ekki nærliggjandi orð á b.v. neitun eða herðandi atviksorð (Refsing 1986:210, sbr. einnig að hluta Jäger 2006:286-287):<sup>126</sup>

- (142) a. Nitan **apkas** a **ki** wa ...  
 hratt ganga við gera og  
 ‘Við GENGUM [svo sannarlega] hratt og ...’  
 b. Pírka ku **mokor** ku **ki** ayne ...  
 vel ég sofa ég gera síðan  
 ‘Ég SVAF [svo sannarlega] vel, síðan ...’  
 c. Kusuri ku **ku** **ka** **ki** ...  
 lyf ég drekka/taka takmarkandi gera  
 ‘Ég TEK [svo sannarlega] inn lyf ...’

Í ainósku er gjörðarstoð ekki heldur beitt í *jál/nei*-spurnarsetningum, eins og í fornnorrænu en öfugt við t.d. ensku. Gjörðarstoð kemur því ekki fram í spurnarsetningum nema um sé að ræða áherslu (tilv. eftir Jäger

<sup>124</sup>Jäger sýnir samsvarandi dæmi úr írskri ensku, þar sem ensk áherslustoð tákni vana fremur en andstæðuáherslu (sbr. Jäger 2006:282-283 og tilv. þar):

- (1) He **does plough** the field for us.  
 ‘Hann plægir (alltaf) akurinn fyrir okkur’

Jäger (2006:236) setur hollenskar mállýskur hins vegar í flokk valfrjálsrar málnotkunarlegrar gjörðarstoðar með sterkar tilhneigingar í þá átt að tákna vanabundið horf en eigi skammt í land með að málfræðivæðast. Hann telur þá mállýsku því ekki til mála sem noti sögn á b.v. *gera* til þess að tákna vanabundið horf (sbr. Jäger 2006:281-282, 291-293).

<sup>125</sup>Í málgerðafraeðilega gagnagrunninum Ethnologue (útg. Gordon 2005: ain) kemur fram að málið sé talað á norðureyjum Japans, áður einnig í Rússlandi, en sé nú í bráðri útrýmingarhættu. Refsing (1986:17-18) segir elstu heimildir um málið í Japan vera frá lokum 16. aldar og í Rússlandi frá upphafi 18. aldar.

<sup>126</sup>Athugasemdir innan hornklofa og hástöfun eru til marks um merkingaraukann sem Refsing og Jäger tákna með *do*.



2006:287):

- (143) a. hapo mici eci **nunukar** ya?  
móðir faðir þið gæta spurn  
'Gætið þið okkar, móðir og faðir?'
- b. hapo mici eci **nunukar ki** ya?  
móðir faðir þið gæta gera spurn  
'GÆTIÐ þið okkar [sannarlega], móðir og faðir?'

Merkilegasta niðurstaða málgerðafræðilegra yfirlita af þessu tagi er að fyrirbæri á b.v. skyldubundna notkun *do* í ensku skuli einnig vera að finna í mörgum öðrum tungumálum, jafnt innan sem utan germönsku málaættarinnar. Slíkar staðreyndir hafa viljað gleymast í umfjöllun um ensku. Greiningar á enskri gjörðarstoð hafa því gjarna reynt að gera hana að svo einstæðu fyrirbrigði í enskri sagnbeygingu að varla væri við henni að búast nokkurs staðar annars staðar.

## 4 Fræðilegar greiningar á gjörðarstoð og tengdum fyrirbærum

Ýmsar hugmyndir hafa verið um ástæður þeirra breytinga í ensku sem sýndar voru í §3.1.1 og ákaflega misjafnt er hvernig þessum breytingum hefur verið lýst fræðilega í málfræðilegri umræðu. Í þessum kafla verður vikið að fræðilegum hliðum nokkurra mikilvægra þátta sem málfræðingar hafa dregið fram í dagsljósið til skýringar á gjörðarstoð. Þessar greiningar stefna vitaskuld flestar að því að skýra það ástand að í ensku sé *do* orðin skyldubundin í tilteknu umhverfi, að í öðrum (skyldum og óskyldum) málum sé gjörðarstoð ýmist valfrjáls eða skyldubundin og að í enn öðrum komi gjörðarstoð alls ekki fyrir.

Fyrsta formlega, setningafræðilega greining á gjörðarstoð í ensku er hjá Chomsky (1957). Sýnin í þeirri greiningu er fyrst og fremst línuleg, sem gerir honum kleift að varpa fram reglu þar sem skotið er inn *do* ef línuleg tengsl viðskeytis (aðskeytis) og sagnar eru rofin, t.d. með ummyndunum á b.v. *já/nei*-spurningar, neitun og andstæðuáherslu (sbr. Chomsky 1957:64–65).<sup>127</sup> Gjörðarstoð er því greind sem lokaúrræði þar sem sjálfgefni sögn, *do*, er skotið inn til þess að bera beygingarþætti á b.v. persónu, tölu, tíð og hátt þegar engin önnur leið er möguleg.<sup>128</sup> Þetta mætti því kalla þrautargreiningu.

Greining á eðli gjörðarstoðar er í grófum dráttum svipuð í yngri kenningum Chomskys (1991, 1995, 2000), t.d. í kenningum tengdum lögmálum og færíbreytum, svo sem nýlegum afbrigðum af naumhyggju-stefnu. Þessir yngri straumar hafa hins vegar miðað að því að leiða þrautargreiningu á enskri gjörðarstoð af almennari breytingum á sagnbeygingu í ensku og mun milli tungumála hvað þær varðar, einkum breytingum á stillingu færíbreytna (e. *parameters*), og eðli þeirra liða sem hindra þá tegund sagnbeygingar sem Chomsky (1957) gerir ráð fyrir. Þessar greiningar þurfa því einnig að taka mið af þeirri staðreynd að sagnbeyging bæði í forn- og miðensku var með sama móti og t.d. í þýsku og íslensku, sbr. §4.1.2. Ennfremur hindra fyrirbæri eins og neitun og andstæðuáhersla enska sagnfærslu vegna þess að gert er ráð fyrir að neitun teppi nú bás í formgerðinni sem í miðensku og í öðrum germönskum tungumálum er auður, sbr. §4.2.

Eftir sem áður hafa þessar greiningar verið gagnrýndar fyrir að gera e.t.v. gjörðarstoð að sérstæðara fyrirbrigði en efni standa til, sbr. t.d. tilvist líkra setningagerða í ýmsum tungumálum heims, eins og vikið var að í 3. kafla. Einnig hafa margar breytinganna í ensku orðið í öðrum tungumálum án þess að þau þróuðu með sér skyldubundna gjörðarstoð eins og þá ensku og sömuleiðis eru dæmi þess að tungumál þrói með sér skyldubundna gjörðarstoð sem líkist þeirri ensku án þess að hafa tekið sömu breytingum og enska, sbr. einkum §4.3. Vegna þess hve nátengd gjörðarstoð er sagnbeygingu í ensku er eðlilegt að víkja fyrst að sagnbeygingu í tungumálum.

### 4.1 Gjörðarstoð og sagnbeyging (B-bás)

#### 4.1.1 Samtímaleg greining


Venja er að gera ráð fyrir að í málum með ríkulega sagnbeygingu flytjist sögn fyrst úr sagnlið (SL) og þaðan upp í beygingarlið til þess að fá beygingu eða gáta (e. *check*) beygingarþætti (sbr. t.d. Chomsky 1995:234, Höskuld Þráinsson 2001:20–23). Grundvallarformgerð setningar er þá táknuð líkt og í (144) þar sem rökliðir sagnar, frumlag og andlag, eiga sér upptök sín í sagnlið (e. *VP-internal subject hypothesis*). Hefðbundin hug-

<sup>127</sup>Sagnir fá samkvæmt þessari kenningu beygingarendingar sínar með svokölluðu aðskeytisstökki (e. *affix hopping*), þar sem aðskeyti er hengt á sögnina, *John read + s = reads* (sbr. Chomsky 1957:39).

<sup>128</sup>Sjá einnig sambærilega reglugreiningu Hausmanns (1974) á fornensku, þýsku ríkismáli (án gjörðarstoðar) og þýskum mállýskum (með gjörðarstoð).


mynd er því sú að upphaflega sé sögn óbeygð en að hún taki beygingu í máli eins og íslensku með því að flytjast í höfuð beygingarliðar (=B<sup>0</sup>) og sýnir þá samræmi við frumlagið sem hefur flust í ákvarðara beygingarliðarins (=ákvBL) samkvæmt ytra vörpunarskilyrðinu (e. *extended projection principle*, sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:204-205, Chomsky 1995:232-233):<sup>129</sup>

(144) *skyldubundin sagnfærsla t.d. í íslensku*



Til þess að gáta þætti og ákvarða samræmi þurfa frumlag og sögn að komast í gátunarfæri (e. *checking relationship*). Aðalsögnin *kyssa* er því flutt í beygingarhaus til þess að gáta þar sterka beygingarþætti, [+persónuhátt] og [+þátíð]. Frumlagið *Jón* er í hefðbundnu frumlagssæti (ákvarðaraplássi beygingarliðar) og ákvarðar þar rétt persónu- og tölusamræmi á sögninni. Ef sögn kemst ekki í slíkt gátunarfæri í tungumáli á b.v. íslensku sem hefur sterkan beygingarþátt í BL, er sagt að afleiðslan (e. *derivation*) hrynni (sbr. t.d. Chomsky 1995, 2000). Aðgreiningin í sterka og veika þætti lýsir því færslum sem fram fara ýmist ljóst eða leynt (e. *overt, covert*) í tungumálum (sjá Chomsky 1995:232 o.áfr.). Veika þætti þarf ekki að gáta með færslu, t.d. á persónubeygðri sögn í BL, heldur getur sú færsla á þáttum farið fram leynt. Sterka þætti þarf hins vegar skilyrðislaust að gáta áður en afleiðslan er send áfram til hljóðfræðilegs hluta málkerfisins, annars hrynnur afleiðslan og setningin yrði ótæk.<sup>130</sup>

Málkerfið í naumhyggju er oft dregið upp á eftirfarandi hátt (sbr. Chomsky 1995:378):



<sup>129</sup>Í naumhyggjustefnu er yfirleitt gert ráð fyrir að t.d. sögn eins og *kyssa* í (144) sé beygð í SL, *kyssti*, en að hún gáti aðeins beygingarþætti sína hjá BL. Sjá íslenska umfjöllun um naumhyggjustefnu hjá Höskuldi Þráinssyni (2001).


<sup>130</sup>Chomsky (1995:233) leggur áherslu á að aðgreining í sterka og veika þætti sé ekki skýring heldur lýsing: „formulation of strength in terms of PF convergence is a restatement of the basic property, not a true explanation.“ Þessi aðgreining getur hæglega falið í sér hringrök ef reynt er að *skýra* málfræðileg fyrirbæri með tilvísun í styrk þátta. Sterkir þættir krefjast sýnilegra færslna, því er BL þá sagður sterkur vegna þess að mál hefur sýnilega sagnfærslu og þ.a.l. er sögnin jafnframt sögð flytjast í BL af því að beygingarþáttur er sterkur (sjá t.d. umræðu og gagnrýni hjá Höskuldi Þráinssyni [bíður birtingar]).

- (145) a. Málkerfið samanstendur af tveimur aðgerðum: samruna (e. *merge*), sem setur saman liði, og færslu (e. *move*), sem flytur liði til. Síðarnefnda aðgerðin felur þá fyrri, þ.e. samruna, í sér og er því flóknari aðgerð.  
 b. Málkerfið byrjar með runu (e. *numeration*) sem tekin er úr orðasafni (e. *lexicon*).  
 c. Runan er tengd tveimur sviðum, annars vegar rökformi (RF) (e. *logical form*) þar sem merking og innri afstaða liða ræðst, hins vegar hljóðformi (HF) (e. *phonological form*) þar sem við taka hljóð- og hljóðkerfisfræðilegar aðgerðir.  
 d. Aðgerðin útskrift (e. *spell-out*) fjarlægir hljóðkerfisfræðilega þætti og sendir áfram í beygingarfræðilega hluta kerfisins.  
 e. Þættirnir raðast línulega saman og eru sendir áfram í hljóðform.

Sterkir þættir eru ótúlkanlegir (e. *uninterpretable*) í HF og þá verður því að fjarlægja (gáta) áður en afleiðslan er send áfram til HF. Þörf á að gáta sterka beygingarþætti (ljós færsla) er því lýsing á að sögn í persónuhætti t.d. í íslensku stendur á undan neitun og setningaratviksorðum á b.v. *oft*.<sup>131</sup> Í ensku birtist aðalsögnin hins vegar á eftir neituninni *not* og setningaratviksorði á b.v. *often*.

- (146) a. Jón elskar ekki Maríu. (147) a. John does not love Mary.  
 b. Jón kyssir oft Maríu. b. John often kisses Mary.

Þetta hefur verið haft til marks um að aðalsagnir flytjist hærra í formgerðinni í íslensku en í ensku, þó að reyndar sé staða ao. *oft* ekki eins traust kennileiti og ætla mætti.<sup>132</sup> Í málum eins og ensku er því gert ráð fyrir að beyging aðalsagna fari fram með lækkun (e. *lowering*, sbr. t.d. Chomsky 1986) á beygingarendingum frá B° í S°, líkt og hjá Chomsky (1957), eða leyndri þáttafærslu (e. *covert feature movement*, sbr. t.d. Chomsky 1995:264-265). Á hríslumyndinni í (148) er bætt við viðbótarsagnlið sem nefnist litla *s* eða *sL* (e. *vP*) og í ensku hefur sá liður ótúlkanlegan beygingarþátt sem þarf að gáta (sjá Chomsky 1995:367 o. áfr.; framsetning byggð á Adger 2003:170).<sup>133</sup>



Í naumhyggju er sett fram sú krafa að færslu sé ekki beitt nema hennar sé krafist. Til þessarar kröfu tekur t.d. svokallað frestunarskilyrði (e. *procrastinate principle*) sem kveður á um að best sé að bíða með færslur svo að þær geti farið fram leynt í RF eftir útskrift (sbr. t.d. Chomsky 1995:254). Frestunarskilyrðið táknaþar því takmörkun á aðgerðum í málkerfinu á þann hátt að einfaldasta leiðin skuli valin. Samkvæmt innbyggðu

<sup>131</sup>Sjá þó umræðu hjá Ásgrími Angantýssyni (2001) þar sem fjallað er um stöðu neitunar og setningaratviksorða á undan sögn í persónuhætti í íslensku.

<sup>132</sup>Höskuldur Þráinsson (bíður birtingar) bendir t.a.m. á að *oft* getur ýmist staðið á undan eða á eftir SL. Því er ekki sjálfgefið að sögn hafi ekki flust út úr SL þó að hún standi á eftir atviksorði á b.v. *oft*. Höskuldur nefnir einnig að munur á afstöðu sagnar til atviksorða gæti falist í ólíkri staðsetningu atviksorðanna, þ.e. því hvort þau eru ákvarðarar sérstakra formliða eða viðhengi á SL.

<sup>133</sup>Sjá nánar um *sL* hjá Chomsky (1995:314-316, 351-355). Upphaflega var munur á áhrifssögunum og áhrifslausum jafnan táknaður með *sL*. Áhrifssagnir fengu því merkingarhlutverkið gerandi með færslu í *s* en formgerð með áhrifslausri sögn var aðeins með einfaldan SL (sbr. Chomsky 1995:315).

lögmáli sem kalla mætti lágmarksfyrirhöfn („least effort“, sjá Chomsky 1991:426-433, 1995:138-146) verður því jafnframt hagkvæmasta afleiðslan allajafna fyrir valinu.<sup>134</sup> Færslur fara því ekki fram ljóst nema viðkomandi þáttur sé sterkur og leyndar færslur eru fýsilegri kostur.

Ástæða þess að gjörðarstoð kemur ekki fram í venjulegum fullyrðingarsetningum tengist því að þar er hægt að beita leyndri færslu. Þegar velja á milli mögulegu orðasafnsfylkjanna (e. *lexical array*, sbr. Chomsky 2000) í (149), sem setningin er smíðuð úr, hefur því setningin án *do* yfirhöndina, þar sem ekkert hindrar leynda færslu og *do* er óhagkvæm aðgerð samkvæmt naumhyggjustefnu (framsetning byggð á Hornstein, Nunes & Grohmann 2005:364):<sup>135</sup>

- (149) a.  $F_1 = \{ \{ T^{\circ}_1, T^{\circ}_1 \}, \{ John_1, s^{\circ}_1, kiss_1, Mary_1 \} \}$   
 b.  $F_2 = \{ \{ T^{\circ}_1, T^{\circ}_1, do_1 \}, \{ John_1, s^{\circ}_1, kiss_1, Mary_1 \} \}$

Í nýjstu afbrigðum naumhyggjustefnu, áfangabundinni afleiðslu (e. *derivation by phase*) er afleiðsla setningar byggð upp í áföngum fremur en að formgerð heillar málsgreinar sé mótuð í einni atrennu.<sup>136</sup> Því er innan hvors fylkisins í (149) undirskipað orðasafnsfylki (e. *lexical subarray*). Samkvæmt þessum kenningum er mótun TL og sL áfangi (sjá t.d. Hornstein o.fl. 2005:347-348). Í fyrsta áfanga verður til sL sem aðeins er hluti fylkisins en í öðrum áfanga verður innskot á *do*, ef  $F_2$  er valin. Í naumhyggjustefnu er hins vegar ekki leyfilegt að bera saman ólíkar afleiðslur og velja þá hagkvæmustu (sbr. Chomsky 2000). Því verður valið að byggjast á því hvort fylkið/runan sem byrjað var með gengur upp (e. *converge*), ef ekki er skotið inn *do*.<sup>137</sup>

Eftir sem áður verður ekki betur séð en að setningar í hefðbundnum fullyrðingarsetningum séu vandamál í naumhyggjustefnu ef gera á ráð fyrir að auðveldara sé að mynda nýja liði (t.d. skjóta inn *do*) en að flytja til orð (t.d. sagnfærsla). Aðgerðina færslu skilgreinir Chomsky (2000:135) þannig að hún sé þríþætt. Umfram aðgerðirnar samruna og samræmi felur færsla í sér aðgerð sem virkjar aðra liði til meðvirkni, þar sem með meðvirkni er átt við það þegar færsla dregur fleiri en einn hluta liðar með sér, stundum nefnt rottusmölun (e. *pied-piping*). Færsla er því flóknari en bæði samruni og samræmi til samans (sbr. Chomsky 2000:138). Því ætti setningagerð með gjörðarstoð að fela í sér setningafræðilega léttari aðgerðir en samsvarandi setningagerð með persónubeygðri aðalsögn.

Pollock (1989:385-391) tengir m.a. þá málbreytingu að aðalsagnir í ensku færast ekki upp fyrir setningaratviksorð við breytta stillingu á færribreytu sem ákvarðar hvort BL, þ.e. samræmisliður í þeim klotna BL sem Pollock gerir ráð fyrir, er gagnsær (e. *transparent*) eða ógagnsær (e. *opaque*). Ef SamrL er gagnsær, þ.e. sterkur (sbr. Chomsky 1991, 1995 og síðar), verður að flytja aðalsögn alla leið upp í SamrL, fram fyrir neitun í neitunarlið (NeiL) og önnur atviksorð eins og t.d. í frönsku og íslensku, en ef hann er ógagnsær, þ.e. veikur, flytjast aðalsagnir ekki eins og í ensku (sbr. Pollock 1989 með hefðb. breytingum á röð liða hjá Pollock 1997:252, sbr. tilv. þar):<sup>138</sup>

- (150) [<sub>SamrL</sub> NL Samr [<sub>NeiL</sub> Nei [<sub>TiðL</sub> Tíð [<sub>SL</sub> (ao.) SL ]]]]

<sup>134</sup>Chomsky (1991:433, 1995:146) nefnir að frávik frá þessu lögmáli í tungumálum skýrist mögulega af stílfræðilegum þáttum sem geti gert málnotandanum kleift að velja tiltekna óhagkvæmar afleiðslur fram yfir einfaldari.

<sup>135</sup>„F“ stendur fyrir fylki og tölustafirnar neðan línu tákna fjölda eininga (orða) sem munu byggja upp setninguna. Fylki eru stundum nefnd runur (e. *numeration*), sbr. t.d. Chomsky (1995).

<sup>136</sup>Sjá t.d. Chomsky (2000), Adger (2003:386 o.áfr.), Hornstein o.fl. (2005:345-365).

<sup>137</sup>Sjá umræðu hjá t.d. Hornstein o.fl. (2005:364 og tilv. þar). Sjá einnig §5.1.

<sup>138</sup>Í breskri ensku getur *have* þó flust í  $T^{\circ}$  í spurnarsetningum og gert er ráð fyrir að í ensku almennt flytjist bæði *be* og *have* úr SL í BL (sjá Pollock 1989:367-368 og tilv. þar).

Skýringin á þessum mun á aðalsögnum og hjálpar- og háttarsögnum er sú að aðalsagnir hafa hlutverkagrind (e. *thematic grid*) og úthluta því merkingarhlutverki. Það hafa hjálpar- og háttarsagnir hins vegar ekki. Veikur/ógagnsær beygingarliður hefur ekki bolmagn til þess að draga að sér sagnir með hlutverkagrind, sbr. Pollock (1989:386), Chomsky (1991:422-424).<sup>139</sup>

Í ensku hefur verið bent á að sagnbeyging sé mjög einfölduð frá því sem var á fyrri málstigum og það hefur verið sett í samband við innskot á *do* (sbr. t.d. Lightfoot 1979, Pollock 1989, Chomsky 1991:422-426, Roberts 1993 o.fl.). Ef gjörðarstoð í ensku er greind á þann hátt að um sé að ræða stillingu á færíbreytu sem ákvarðar hvort mál hefur sterkan eða veikan BL (sbr. hér á undan), er sú greining því ekki háð einu tilteknu tungumáli. Færíbreytur eiga að vera algildar og þar af leiðandi falla tungumál *annaðhvort* í hóp með ensku, þar sem BL er veikur sem veitir kjörskilyrði fyrir gjörðarstoð, eða með t.d. íslensku, þar sem BL er sterkur. Þar að auki er stilling færíbreytunnar um sterkan/veikan BL háð því að tungumál sýni takmarkaða sagnbeygingu (sbr. t.d. Roberts 1993) og samkvæmt því ætti að vera fráleitt að mál eins og íslenska eða þýska, með ríkulega sagnbeygingu, gætu þróað með sér gjörðarstoð.

Í hefðbundnum greiningum á enskri gjörðarstoð sem neyðarúrræði er því engu líkara en að um sé að ræða fyrirbrigði sem eigi sér vart hliðstæðu í öðrum mannlegum málum. Þeirri hugmynd hefur undanfarið mjög verið storkað í málfræðilegri umræðu (sjá t.d. málgerðafræðilegar athuganir á b.v. Auwera 1999 og Jäger 2006). Arnold (1994) og Erb (2001) gagnrýna einnig hefðbundnar greiningar á gjörðarstoð í ensku sem lokaúrræði (e. *last resort*). Ef hún væri það, kæmi í sögulegu ljósi á óvart að í miðensku skyldi nokkurn tíma hafa verið gripið til slíks úrræðis, þegar venjuleg sagnfærsla var einnig möguleg. Jafnframt kæmi rík tilhneiging hjá börnum á máltökuskeiði til þess að nota gjörðarstoð í stað sagnbeygingar í vestur-germönskum málum á óvart ef hún væri lokaúrræði.<sup>140</sup> Arnold (1994:127) greinir gjörðarstoð í ensku því ekki sem lokaúrræði heldur sem frumúrræði (e. *first resort*). Samkvæmt Arnold er ekki rétt að tala um *do* sem „stoð“, þ.e. *do* styðji ekki formgerð sem annars hryndi. Fremur sé *do* fyrirbæri sem sjálft þurfi stoðar tiltekinn varpana í beygingarlið við, þ.e. neitunar og áherslu, eða þátta sem krefjast færslu úr B° í T° til þess að koma fram.

Fyrirbæri á b.v. neitun og andstæðuáherslu taka að hindra sagnbeygingu í ensku þegar beygingarliður/-þáttur er veikur og sagnbeyging fer fram með leyndri þáttafærslu. Deilt hefur verið um ástæður þess að einmitt neitun og andstæðuáhersla hafi þessi áhrif í ensku, eða hvers vegna ætti að vera munur á neitunni *not*, sem hindrar beygingu aðalsagna, og öðrum atviksorðum á b.v. *never, always, indeed*, sem hindra hana ekki.<sup>141</sup> Þar sem neitun og andstæðuáhersla krefst gjörðarstoðar í ensku í sama umhverfi, hefur verið stungið upp á að til sé formlíður sem hýsi hvort tveggja neitun og andstæðuáherslu (sjá t.d. Laka 1990:95, Roberts 1993:280, Zanuttini 2001; sbr. einnig umræðu hjá Chomsky 1957:65). Þetta atriði er því forvitnilegt í ljósi þess að gjörðarstoð kemur einkum fram með neitun og áherslu í fornnorrænu, sem gæti því tengst þeim formlíð eins og nánar verður til umræðu í §4.2. Skýringin á þessu ástandi er jafnan sú að neitun í ensku standi í *höfði* NeiL (sbr. t.d. Chomsky 1991:426-430, Zanuttini 2001:520) og sagnbeyging takmarkist því af svonefndri hausafærsluhömlu (e. *head movement constraint*), sem kveður á um að ekki sé hægt að flytja haus

<sup>139</sup>Sjá einnig umræðu hjá Benincà & Poletto (2004b:81-84) og §4.3.

<sup>140</sup>Athyglisvert er til samanburðar að íslensk börn á máltökuskeiði beita ekki gjörðarstoð í stað sagnbeygingar (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur p.s.). Samkvæmt athugunum Sigríðar (1991:85-95, 2005) á færslum í barnamáli hafa íslensk börn náð allgóðum tókum á kjarnafærslu og umröðun sagnar og frumlags þegar þau eru tveggja ára. Í kringum 2;2 ára aldurinn eru kjarnafærðir liðir orðnir býsna fjölbreyttir og reglubundið er að kjarnafærsla valdi umröðun sagnar og frumlags (1991:93). Það bendir því til þess að eðlis-munur sé á vestur-germönsku málunum með gjörðarstoð annars vegar, og nútímaíslensku án slíkrar stoðar hins vegar. Ekki blasir við í hverju sá munur er fölginn en þetta vekur forvitnilegar spurningar um notkun *gera* í fornnorrænu barnamáli.

<sup>141</sup>Sjá t.d. nýlega gagnrýni hjá Culicover (2008) og rit sem þar er vitnað til.

yfir annan haus.<sup>142</sup> Því hafa málfræðingar beitt margvíslegum prófum til þess að komast að því hvort neitun hegði sér líkt og haus, hvort neitun standi í ákvarðara NeiL eða hvort hún sé viðhengi við sagnliðinn.

Í ljósi þessara staðreynda hefur Schütze (2004) varpað þeirri tilgátu fram hvort aðalsagnir flytjist ekki einfaldlega í tíðarlið í ensku, rétt eins og t.d. í öðrum germönskum málum, en að í setningum með neitun hindri neitun sagnfærslu í ensku í samræmi við hausafærsluhömluna. Aðalsagnir geti hins vegar ekki flust hærra en í tíðarlið, sem skýrir af hverju gjörðarstoð kemur einnig fram vegna færslna í TL (sbr. einnig Benincà & Poletto 2004b). Greining Vikners (2000) á því að gjörðarstoð komi fram í ensku en ekki t.d. í dönsku, íslensku og frönsku gerir ráð fyrir að umrædd hausafærsluhamla sé að verkum í öllum þessum málum en að í málum öðrum en ensku séu aðrar hömlur henni yfirsterkari, m.a. sú krafa að aðalsagnir flytjist í BL.<sup>143</sup> Færsla yfir haus (ef neitun er haus) er því mörkuð en leyfileg t.d. í íslensku til þess að fullnægja réttþætta skilyrði um sýnilega sagnfærslu í BL. Ástæða þess að gjörðarstoð kemur ekki fram í jákvæðu samhengi í ensku er því sú að þar þjónar *do* ekki neinum tilgangi. Bæði neitun og andstæðuáhersla eru hins vegar markaðri formgerðir og þar er því til einhvers að vinna að skjóta inn *do*. Einfaldasta formgerðin verður fyrir valinu í hvert sinn, upp að því marki sem reglur/hömlur málkerfisins leyfa.

Næst er rétt að líta á greiningar á gjörðarstoð í ensku í sögulegu samhengi.

#### 4.1.2 Söguleg greining

Síðla á miðensku skeiði og á elstu stigum nútímaensku var gjörðarstoð möguleg í öllum tegundum setninga, einnig í venjulegum fullyrðingarsetningum, sbr. yfirlitið í §3.1.1. Lightfoot (1979:115-120) tók m.a. gjörðarstoð sem dæmi um afleiðingu endurtúlkunar á kerfi háttarsagna í ensku. Endurtúlkunin fól að mati Lightfoots (1979:141) í sér að nýr formlíður varð til, hjálparlíður (e. *Aux*), og tíð verður þar með liður fremur en beygingarþáttur sagnar. Háttarsagnir í ensku, þ.m.t. *do*, eru á því stigi ekki lengur sagnir, líkt og í öðrum germönskum málum (og fornensku) eins og sést á því að þær hætta að geta staðið hlið við hlið og í fallháttum (sbr. t.d. Lightfoot 1979:98-99, Roberts 1993:243-246, Warner 1993:199-201). Þessi breyting er venjulega talin tengjast því að háttarsagnir misstu þann eiginleika að geta úthlutað merkingarhlutverki (sjá t.d. Roberts 1993:309-326). Áður en fyrirnefnd endurtúlkun á sér stað gátu t.d. *can* og *do* staðið í fallháttum, en slík dæmi hverfa á 16. öld:

- (151) a. To **conne deye** is to haue in all tymes his herte redy (1490; tilv. eftir Warner 1993:199)  
b. Now if I **would** then **doe** ... **tel** hym (1534; tilv. eftir Roberts 1993:294)

Roberts (1993:295) hefur hvarf slíkra dæma til marks um að lyftingarsögnin *do* sé orðin hjálparsögn, þar sem *do* sé orðið nátengt táknum tíðar í BL og sé jafnframt grunnmyndað þar (sjá Roberts 1993:315, þar sem H merkir 'háttarsögn'):<sup>144</sup>

$$(152) \text{NL}_i [\text{Tíð}^\circ \text{ do}/\text{H}_j \text{ Tíð}^{-1}] \text{t}_j [\text{t}_i \text{ SL}] \Rightarrow \text{NL} [\text{Tíð}^\circ \text{ did}/\text{H}] \text{SL}$$

Í samræmi við gagnsæislögmálið (e. *transparency principle*), sem felur í sér að ógagnsæjum eða sundurleitem flokkum er stokkað upp, leitar barn á máltökuskeiði leiða til þess að setja undir einn hatt sagnir á b.v. *may*,

<sup>142</sup>Sjá umræðu hjá Chomsky (1986:71) og Höskuldi Þráinssyni (2005:584-585).

<sup>143</sup>Greining Vikners (2000) grundvallast á sömu hugmyndum og t.d. hjá Chomsky (1991, 1995) í færribreytu- og lögmálakenningu og naumhyggju en þeim er varpað í hömlur (e. *constraints*) í bestunarkenningu (e. *optimality theory*). Slíkar hömlur eru ekki ófrávikjanlegar reglur líkt og t.d. hjá Chomsky, heldur takmarkanir sem leyfilegt er að brjóta (sjá Vikner 2000 og tilv. þar). Hömlunum er ráðað upp í stigveldi og formgerðir eru bornar saman eftir því hver brýtur minnst gegn hömlum málkerfisins þar sem brot á réttlágum hömlum eru vægari en brot á réttáttum.

<sup>144</sup> $X^{-1}$  er sá hluti liðar sem virkjar einingar í formgerð, þ.e. sem krefst færslu á lið í haus samræmisliðar (sbr. Roberts 1993:43). Þetta er nánast sama fyrirbæri og aðgreining í sterka og veika þætti (Chomsky 1995).

*will* og *can* („pre-modals“) og á svipuðum/sama tíma *do* (sbr. Lightfoot 1979:114). Þessar sagnir tóku að skera sig úr hópi annarra sagna, m.a. í beygingu, sem leiddi til ógagnsæis. Áður en til varð nýr flokkur í ensku varð því að læra um fjölda frávika innan flokks sagna og sá flokkur er því ekki í jafnvægi. Með endurtúlkun sem eyðir þessu ógagnsæi verður til nýr flokkur: háttarsagnir<sup>145</sup> sem flytjast ekki lengur úr SL í BL heldur eru þær grunnmyndaðar fyrir ofan SL (í BL) og geta ekki úthlutað merkingarhlutverki (sjá t.d. Pollock 1989, 1997, Warner 1993:191, 211–212).

Warner (1993:198–199) telur upp eftirfarandi atriði sem í lok 15. aldar og byrjun þeirrar 16. greina á milli aðalsagna og háttarsagna:<sup>146</sup>

- (153) a. Sagnirnar *can, may, will* og e.t.v. einnig *do* koma ekki lengur fyrir í nafnhætti.  
 b. Sagnirnar *can, may, will* takmarkast við háttarmerkingu og aðgreining kemur fram hjá *can, dare* og *need* í orðasafnsbundinni merkingu.  
 c. Dreifing bers nafnháttar (án *to*) verður enn meiri takmörkunum háð.  
 d. Núþáleg beyging með öllum háttarsögunum þegar *wite* (e. *know*) ‘vita’ hverfur úr málinu.

Háttar- og hjálparsagnir, þ.m.t. *do*, stefna í þá átt að mynda einn stóran grunnflokk (e. *basic-level category*) andspænis aðalsögnum (sbr. Warner 1993:211–214). Greining Warners (1993) hefur að hans mati það umfram greiningu Lightfoots (1979), sem gerir ráð fyrir skyndilegri endurtúlkun, að grunnflokkar leitast með tímanum við að hámarka aðgreiningu svo að skil milli flokka verði sem skörpust (sjá dæmi hjá Warner 1993:214–216). Þetta leiði því fljótt, en ekki samstundis, til ástandsins í nútímaensku. Warner (1993:226–232) tengir gjörðarstoð ennfremur því að á 15. öld veiklist reglan um sögn í öðru sæti (e. *verb-second, V2*), sem fyrst sé einkum með aðalsögnum.<sup>147</sup> Þetta endurspeglast t.a.m. í því að gjörðarstoð var upphaflega algengari með áhrifssögnum en áhrifslausum, sbr. §3.1.1.

Fræðimenn hafa löngum sett gjörðarstoð í ensku í samband við einföldun á beygingu aðalsagna, einkum á tölusamræmi. Það gera t.d. Lightfoot (1979), Pollock (1989) og Chomsky (1991), að hluta til einnig Warner (1993). Pollock (1997) telur einföldun á tölusamræmi ekki nægjanleg skilyrði og tengir veiklun BL í ensku við það að beygingarmyndir framsöguháttar, viðtengingarháttar og boðháttar renni saman. Warner (1993:231–234) nefnir einnig missi á formlegri tákun háttar í ensku andspænis t.d. öðrum germönskum málum.<sup>148</sup> Slíkar greiningar hafa hins vegar mætt harðri gagnrýni, þar sem gjörðarstoð lík þeirri ensku kemur fyrir í ýmsum tungumálum heims sem þó hafa ríkulegar sagnbeygingar (sjá t.d. Benincà & Poletto 2004a, Erb 2001 og §4.3 og §3.1.3).

Með hliðsjón af hefðbundnum greiningum á gjörðarstoð hefur þróuninni í ensku verið lýst á þá leið að sagnfærsla hafi verið með sama móti og t.d. í íslensku, sbr. (144), þar til beygingarendingar höfðu einfaldast svo mikið að ekki var lengur greint á milli fleirtölu og nafnháttar (sjá Roberts 1993:263–267). Roberts (1993:268) tímasetur þá breytingu um 1500. Þegar svo er komið er ekki lengur næg ástæða fyrir barn á máltökuskeiði að ætla að í tungumálinu sé sterkur beygingarliður sem ákvarði samræmi. Færsla aðalsagna

<sup>145</sup>Samkvæmt Lightfoot (1979) eru háttarsagnirnar (e. *modal*) í ensku þó ekki *sagnir* og *do* er í samræmi við það stundum nefnd virki (e. *operator*, sbr. t.d. Warner 1993:3). Því er íslenska þýðingin hér misvísandi.

<sup>146</sup>Sjá nánari umræðu hjá Warner (1993:199–206).

<sup>147</sup>Svipuð skýring kemur fram hjá Engblom (1938) og Ellegård (1953) þar sem málnotendur eru sagðir forðast ákveðnar yfirborðsraðir þar sem t.d. sögn stendur á undan frumlagi eða þar sem neitun stendur ekki strax á eftir sögn. Í því sambandi eru jafnframt nefndar setningagerðir þar sem innskot á *do* dregur úr tvíráðni og viðheldur þeirri reglu að frumlag standi á undan sögn en andlag á eftir (sjá Engblom 1938:25, Ellegård 1953:201 o.áfr., Kroch 1989 og tilv. þar).


<sup>148</sup>Sbr. einnig Schütze (2004) og Erb (2001) sem hafa *do* í ensku og *tun* í þýsku í háttarlið, fyrir ofan tíðarlið, þar sem *do/tun* táknar hátt. Í HáttL er ekki einvörðungu framsöguháttur og viðtengingarháttur, heldur einnig háttarsagnir í ensku (sbr. hér á undan), auk þess sem hann táknar mikilvægi, skyldu, möguleika, getu o.fl. (sbr. Schütze 2004).



í samræmislið helst þó áfram í nokkrar kynslóðir eftir að tölusamræmi hvarf í fleirtölu. Greining Roberts (1993) er þó í algerrí mótisögn við þær niðurstöður Ellegårds (1953:146) að (a) á þeim stöðum sem sérstök nafnháttarending hvarf fyrst (þ.e. í norðurhluta) eru málnotendur síðastir til að tileinka sér gjörðarstöð, og (b) að engin útfjöfnun varð á fleirtölu nútíðar og nafnháttar í suður- og suðvesturhluta, en einmitt þar birtist gjörðarstöð fyrst og er algengust.<sup>149</sup>

Tölfræðileg athugun Krochs (1989) á dæmasafni Ellegårds (1953) sýnir að einmitt um miðja 16. öld verður skyndileg breyting á mynstri gjörðarstöðar. Þrátt fyrir að tíðni gjörðarstöðar með mismunandi setningagerðum sé breytileg breiðist gjörðarstöð út með jöfnum hraða (e. *constant rate effect*) fram til 1550. Á síðari hluta 16. aldar er útbreiðslan hins vegar ólík eftir setningagerðum. Kroch (1989) og Roberts (1993:304-305) telja ástæðuna fyrir því að gjörðarstöð komi fyrir fram í spurnarsetningum en með neitun tengjast því að *not* sé í ákvarðara neitunarliðar fram á 17. öld. Á 17. öldinni sé aftur á móti *not* (eða hengilsmyndin *n't*) haus og þá fyrst tekur neitun að hindra lækku á beygingarþáttum, sbr. hausafærsluhömluna. Þar sem spurnarsetningar krefjast færslu frá B° í T°, en færsla aðalsagna frá S° í B° varð ómöguleg á síðari hluta 16. aldar, sbr. t.d. Roberts (1993:268, 273) og Han & Kroch (2000:3), er eðlilegt að þar komi skyldubundin gjörðarstöð fyrst fram.

Han & Kroch (2000) telja slíka skýringu á hægari útbreiðslu gjörðarstöðar í neikvæðum setningum en í spurnarsetningum vera ófullnægjandi, einkum ef litið er á boðháttarsetningar.<sup>150</sup> Ef gjörðarstöð birtist fyrst í spurnarsetningum vegna þess að þær krefjast færslu í T° í gegnum B°, ætti það sama að gilda um boðháttarsetningar, sem einnig krefjast færslu í T°. Sú er hins vegar ekki raunin, hvorki með né án neitunar. Han & Kroch (2000) telja því að gera verði ráð fyrir klofnum neitunarlið til þess að lýsa og skýra þróun gjörðarstöðar í enskri málsögu, þ.e. sagnfærslu yfir hærri og lægri neitun.<sup>151</sup> Formgerðin sem greining Hans & Krochs (2000) byggist á er sýnd í (154), þar sem á milli meintu neitunarliðanna tveggja er einnig horfsliður (e. *aspect phrase*), auk háttarliðar (e. *mood phrase*) (sbr. Han & Kroch 2000:7):



Með hærri og lægri neitun er átt við dæmi í miðensku á b.v. (155) (sbr. Han & Kroch 2000:5 og tilv. þar):

<sup>149</sup>Roberts (1993:268) slær þann varnagla að þrátt fyrir að málsvæði uppfylli þau skilyrði að ekki séu lengur nægilegar vísbendingar til þess að telja beygingarlið sterkan, sé ekki sjálfgefið að málið missi þá þegar sagnfærslu í samræmislið. Tilgáta hans feli aðeins í sér að mál með ríkulega sagnbeygingu veiti jákvæðar vísbendingar um sterkan samræmislið. Sjá hliðstæðar röksemdir um sagnbeygingu í norrænum málum hjá Höskuldi Þráinssyni (2001:35-37).

<sup>150</sup>Warner (1993:233-234) telur einnig ósennilegt að staða neitunar hafi þau áhrif sem t.d. Roberts (1993) gerir ráð fyrir, ekki síst vegna þess að *do* með neitun breiðist ekki út að ráði fyrir en á síðari fjórðungi 17. aldar og er ekki skilyrðislaust með neitun fyrir en á 19. öld.

<sup>151</sup>Hugmyndin um tvo neitunarliði er þó ekki frá þeim komin, sjá tilv. þar og t.d. Zanuttini 2001.

- (155) a. that sche wuld vwche-save **nowth to labowre** agens yw in this matere tyl ye kom hom.  
 að hún myndi lofa ekki að vinna gegn þér í þessu efni uns þú kemur heim  
 ‘... að hún lofaði að vinna ekki gegn þér í þessu máli uns þú kæmir heim’
- b. **to sorow noght** for hys syn as he sulde do  
 að syrgja ekki fyrir hans synd sem hann skyldi gera  
 ‘... að iðrast ekki synda sinna eins og hann ætti að gera’

Samkvæmt Han & Kroch (2000:8) fæst rétt greining á dreifingu gjörðarstoðar í mismunandi setningagerðum ef málið missir fyrst sagnfærslu frá háttarlið í tíðarlið, áður en það missir færslu frá sagnlið í háttarlið. Upphaf fyrri breytingarinnar tímasetja þeir við upphafi 15. aldar en breytingin er ekki um garð gengin fyrr en um 1575. Enska tekur hins vegar ekki að missa sagnfærslu frá sagnlið í háttarlið fyrr en í lok 16. aldar.

- (156) a. *missir HorfL-TíðL-færslu*  
 1. S° → HorfL.  
 2. Leynd þáttafærsla → TíðL (tíðarþáttur veikur).  
**Afleiðing:**  
 a. Gjörðarstoð í neikvæðum fullyrðingum með efri neitun.<sup>152</sup>  
 b. Gjörðarstoð í spurningum.
- b. *missir SL-HáttL-færslu*  
 1. S° flýst ekki.  
 2. Leynd þáttafærsla → HáttL (háttarþáttur veikur).  
 3. Leynd þáttafærsla → TíðL (tíðarþáttur veikur).  
**Afleiðing:**  
 a. Gjörðarstoð í neikvæðum boðháttarsetningum með efri og neðri neitun.  
 b. Gjörðarstoð í neikvæðum fullyrðingum með efri og neðri neitun.

Gjörðarstoð kemur fyrr fram í neikvæðum boðháttarsetningum eftir 1550 vegna þess að færsla frá S° í Horf° er ekki lengur möguleg og neitun hindrar leynda færslu þátta. Þessi formgerð gerir Han & Kroch mögulegt að greina á milli tveggja tegunda sagnfærslna, annars vegar yfir hærri neitun og hins vegar yfir lægri neitun.

Nú er rétt að líta nánar á þá formliði sem tengjast neitun og skyldum fyrirbærum.

## 4.2 Gjörðarstoð og formliðir tengdir neitun og áherslu


### 4.2.1 Neitun, andstæðuliður og brennidepilslíður

Í tungumálum heims er býsna sterk fylgni milli gjörðarstoðar og neitunar, þ.e. þar sem gjörðarstoð er skyldubundin í neikvæðum fullyrðingarsetningum (sbr. Auwera 1999, Jäger 2006:112-116). Jäger (2006:132-133) getur 15 annarra tungumála en ensku sem hafa slíka gjörðarstoð, þar á meðal búlgörsku, kóresku og persnesku. Neitun og andstæðuáhersla eru tvö skilyrða gjörðarstoðar í ensku og í generatífum greiningum er algengt að þessu tvennu sé spyrt saman. Chomsky (1957:65) vekur t.d. athygli á að þátturinn [+staðhæfing] þar sem fram kemur andstæðuáhersla hafi nákvæmlega sömu áhrif og [+neitun]. Þetta sé því í einhverjum skilningi alveg sama umhverfi.

- (157) a. John DOES come!  
 b. John **does not** come.

<sup>152</sup>Þar sem Han & Kroch (2000:10) gera ráð fyrir að boðháttarsetningar séu án tíðarþátta, hefur brottfall á tíðarfærslu engin áhrif á boðháttarsetningar. Aðalsagnir í öllum boðháttarsetningum halda því áfram að flýttast í T°.

Á svipaða lund og Chomsky (1957) greinir Laka (1990:95) þættina [+neitun] og [+staðhæfing] sem hluta af einum formlið,  $\Sigma L$  eða andstæðulið (e. *PolarityP*), beint fyrir neðan BL (sbr. einnig Culicover 1991, Roberts 1993:280, Schütze 2004). Í (158) er þessi andstæðuliður táknaður AndL:<sup>153</sup>



Sem rök fyrir því að setningarneitun og andstæðuáhersla tilheyri sama formlið hefur Laka (1990) dæmi þar sem þetta tvennt er greinilega í fyllidreifingu í ensku (sbr. einnig umræðu hjá Zanuttini 2001:520).

- (159) a. I didn't, as Bill had thought, go to the store.  
 b. I DID, as Bill had thought, go to the store.  
 c. \*I DID not, as Bill had thought, go to the store.

Dæmi (159a) er tækt þar sem þar er aðeins setningarneitun. Dæmi (159b) sýnir aðeins andstæðuáherslu og er einnig tækt. Dæmi (159c) sýnir hins vegar andstæðuáherslu ásamt setningarneitun og er því ótækt. Andstæðuáhersla og neitun eru samkvæmt þessu því tvær hliðar á sama tengingi.

Dæmi með andstæðuáherslu af þessum toga hafa einnig verið greind á þá leið að *did* og *didn't* sé andstæðubrennidepill (e. *contrastive focus*), eins og sýnt er í eftirfarandi dæmi (sbr. Erteschik-Shir 2007:51 og tilv. þar; κ = kjarni, β = brennidepill):

- (160) A: Did your wife kiss other men?  
 B: [My]<sub>κ</sub> wife [didn't]<sub>β</sub> kiss other men.


Munurinn á kjarna (e. *topic*) og brennidepli felst í því að kjarni er eitthvað þekkt eða gefið (e. *presupposed*) í umræðunni en brennidepill tengist nýjustu, mikilvægustu eða ófyrirsegjanlegustu upplýsingunum í setningunni.<sup>154</sup> Í (160) er kjarninn því *my wife* vegna þess að það er þekkt umræðuefni úr spurningu A. Sagnliðurinn *kiss other men* er hins vegar í brennidepli í spurningu A, sem nýjar upplýsingar, og í svari B er *didn't* (*kiss other men*) í andstæðubrennidepli sem háður er því forskilyrði í spurningu A að eiginkonan hafi/hafi ekki kysst aðra menn.

Í nýlegri umræðu um aukna formgerð í TL, sem rekja má til Rizzis (1997), er m.a. gert ráð fyrir sérstökum brennidepilslið (BrenniL, e. *focus phrase*) sem hýsir liði sem áhersla er lögð á (sbr. einnig Belletti 2004, Benincà & Poletto 2004b, Erteschik-Shir 2007:87 o.áfr.):<sup>155</sup>

<sup>153</sup>Beint fyrir neðan tíðarlið ef BL er klofinn í TíðL og SamrL líkt og hjá Pollock (1989).

<sup>154</sup>Sjá skilgreiningar hjá Höskuldi Þráinssyni (2005:508, 510). Sjá einnig umræðu hjá t.d. Erteschik-Shir (2007:43-48).

<sup>155</sup>Fingreining á TL eins og hjá Rizzi (1997) býður e.t.v. upp á eðlilegri greiningu á ýmsum fyrirbærum í fornnorrænu sem annars yrði að greina sem tvöföldun (e. *recursion*) á TL. Sjá gagnrýni hjá Eiríki Rögnvaldssyni (2000:77<sub>n.9</sub>) um tvöföldun TL í boðhætti og með kjarnafærslu. Belletti (2001) ýjar þannig t.d. að því að brennidepilsliður gæti varpað skýrara ljósi á setningagerðir í germönskum málum þar sem liðir virðast stundum ekki rúmast í formgerðinni á vinstri væng. Sjá einnig gagnrýni á hugmyndir um brennidepilslið í íslensku hjá Höskuldi Þráinssyni (2007:385-393).



Í kjarnalið (e. *topic phrase*), sem Rizzi (1997) gerir ráð fyrir að sé fyrir ofan og/eða fyrir neðan brennidepilslið, er áherslumerking tengd upptalningu eða samanburði (e. *list interpretation / contrasted topics*, sbr. Benincà & Poletto 2004b:67-68) sem líkist andstæðubrennidepli:

(162) Fyrirtækið framleiðir ávexti. Þá lífrænt ræktuðu selur það dýrt en hinir eru ódýrir.

Formgerðin í (161) á hins vegar við setningar á b.v. (163) þar sem (andstæðu)brennidepill er táknaður á vinstri jaðri setningarinnar, á undan frumlagi (sjá Rizzi 1997:286, sbr. einnig Erteschik-Shir 2007:90):

(163) IL TUO LIBRO ho letto (, non il suo)  
 ákv.gr. þína bók ég les ekki ákv.gr. hans  
 'Þína bók les ég, ekki hans'

Greinarmunur er gerður á brennidepli tengdum andstæðu og annars konar brennidepli t.d. tengdum nýjum upplýsingum (e. *new information focus*). Síðarnefnda tegundin tengist ekki forskilyrðum á b.v. neitun eða herðandi fullyrðingum (sbr. Benincà & Poletto 2004b:58, leturbr. þar):<sup>156</sup>

(164) a. *Antonio* sono.  
 Antonio er  
 'Þetta er Antonio'  
 b. Sono *Antonio*.  
 er Antonio  
 'Þetta er Antonio'

Andstæðubrennidepill er einnig mögulegur neðar í formgerðinni, inni í sagnlið, en þá fer þáttafærsla fram leynt og fyrirbæri á b.v. neitun og neikvæðisorð (e. *negative polarity items*) hindra færsluna (sbr. Rizzi 1997, Belletti 2004:36-38, Erteschik-Shir 2007:90). Í ítölsku er slík andstæðuáhersla aðeins möguleg í jákvæðum fullyrðingum, sbr. (165a), eða ef um er að ræða brennidepil sem tengist nýjum upplýsingum eins og í (164a), en ekki með neikvæðisorði eins og í (165b) (sbr. Belletti 2004:38):

(165) a. Ha detto la verità GIANNI (non Mario).  
 hefur sagt ákv.gr. sannleika Gianni (ekki Mario)  
 'Gianni hefur sagt sannleikann (ekki Mario)'  
 b. \*? Non ha detto la verità NESSUNO (non Gianni).  
 ekki hefur sagt ákv.gr. sannleika neinn (ekki Gianni)  
 'Ekki neinn/enginn hefur sagt sannleikann (ekki Gianni)'

Þessar takmarkanir gilda hins vegar ekki ef brennidepillinn er táknaður með ljósri færslu í BrenniL:

(166) a. Tutti hanno detto la verità.  
 allir hafa sagt ákv.gr. sannleika  
 'Allir hafa sagt sannleikann'

<sup>156</sup>Þessi tegund brennidepils er ekki möguleg í hefðbundinni ítölsku en dæmið í (164a) er úr sikileysku. Sjá einnig um þessa tegund brennidepils í íslensku og fornnorrænu í §5.2.

- b. No, *NESSUNO* ha detto la verità (non tutti).  
 nei enginn hefur sagt ákv.gr. sannleika (ekki allir)  
 ‘Enginn hefur sagt sannleikann (ekki allir)’

Þetta er því túlkað á þann hátt að andstæðubrennidepill tengist aðeins BrenniL í TL og þátturinn sé gát-  
 aður þar. Samkvæmt hugmyndum um algildismálfræði (e. *universal grammar*) er æskilegt að fyrirbæri á b.v.  
 andstæðubrennidepil tilheyri sama formlíðnum í öllum tungumálum heims, þó að misjafnt sé eftir tungu-  
 málum hvernig brennidepillinn er látinn í ljós.<sup>157</sup> Til nokkurs væri því að vinna ef hægt væri að sætta þessar  
 mismunandi kenningar um andstæðuáherslu/andstæðubrennidepil.

Með hliðsjón af greiningu t.d. Chomskys (1957) og Laka (1990) á einum formlíð, sem hýsi hvort tveggja  
 neitun og andstæðuáherslu, hefur verið bent á að í kóresku kemur gjörðarstoð einmitt fram í þessu sama  
 umhverfi (sjá Cho 1994), sbr. dæmi (138), þó að ekki sé sú greining óumdeild.<sup>158</sup> Cho (1994:235) segir  
 gjörðarstoð koma fram í neikvæðum fullyrðingarsetningum og ef áhersla er á sögninni. Gjörðarstoðin er  
 hins vegar ekki í spurnarsetningum, öfugt við ensku. Þetta er skýrt á svipaða leið og gert hefur verið fyrir  
 ensku, þ.e. að á milli beygingarliðarins og sagnliðarins séu formlíðir fyrir neitun (e. *NegP*) og áherslu (e.  
*EmpP*) sem hindri færslu aðalsagnarinnar upp í beygingarliðinn (sbr. Cho 1994:234-235). Cho stingur upp  
 á að gera ráð fyrir  $\Omega$ -lið sem felur í sér þættina [+ÁHERSLA] og [+NEITUN] og að einungis sá formlíður  
 hindri færslu aðalsagnarinnar í kóresku. Sú spurning sem þessar greiningar vekja er vitanlega hvort slíkur  
 andstæðuliður sé til í öllum tungumálum, hvort hann sé hluti af algildismálfræðinni, eða hvort þetta eigi  
 sérstaklega og fyrir tilviljun við um ensku og (e.t.v.) kóresku.

Í jórúba er jafnframt beitt gjörðarstoð í setningum með sams konar áherslu og í herðandi fullyrðing-  
 arsetningum í ensku (með eða án neitunar), þ.e. þar sem áherslan felur í sér sannleiksgildi og nær til allrar  
 setningarinnar, ekki aðeins aðalsagnarinnar (tilv. eftir Jäger 2006:136-137):

- (167) a. *še* la ma lo ašo yən.  
 gera 1.p.ft. ft. nota klút þessi  
 ‘Staðreyndin er sú að við ætlum að nota þennan klút.’  
 b. ki í *še* bàbá ló rà á.  
 ekki framv. gera faðir 3.p.et. keypti það  
 ‘Það var ekki pabbi sem keypti það.’

Venjulegar og neikvæðar fullyrðingarsetningar hafa hins vegar aðeins sögn í persónuhætti (tilv. eftir Jäger  
 2006:136-137):

- (168) a. wón *mú* mi. b. bàbá kó ló rà á.  
 3.p.ft. tóku 1.p.et. faðir ekki 3.p.et. keypti það  
 ‘Þeir handtóku mig.’ ‘Pabbi keypti það ekki.’

Ef brennidepill, þ.m.t. andstæðubrennidepill, er almennt táknaður í TL í tungumálum er erfitt að sjá hvernig  
 neitun og andstæðuáhersla í ensku ættu að „fara saman“ (vera sama fyrirbæri) eins og í hefðbundnum grein-  
 ingum á sagnfærslu og gjörðarstoð í ensku. Hið sama á við um kóresku og jórúba. Greining eins og hjá Rizzi

<sup>157</sup>Brennidepil má t.d. tákna með andstæðuáherslu í framburði, með setningafræðilegum færslum og/eða á beygingafræðilegan  
 hátt (sjá Benincà & Poletto 2004a:52, Erteschik-Shir 2007:40-42 og tilv. þar).

<sup>158</sup>Hagstrom (1996) fellst t.d. ekki á röksemdir Chos (1994) og segir gjörðarstoð í kóresku ráðast af því hvort sögn er nafngervð  
 (e. *nominalised*) með endingunni *-ci*, með neitun og brennidepli. Samkvæmt greiningu Hagstroms er gjörðarstoð í kóresku því  
 e.t.v. líkari gjörðarstoð í basknesku (sbr. t.d. Haddican 2006), þar sem einnig er gert ráð fyrir að aðalsagnir nafngervist ef þær eru  
 í brennidepli og krefjast þá gjörðarstoðar (sjá §4.4). Sá meinti nafngervingur hefur þó ýmis einkenni sagnar (sjá umræðu og yfirlit  
 hjá Jäger 2006:94-107).

(1997) hefur hins vegar þá ótvíræðu kosti í för með sér að tengsl andstæðuáherslu (andstæðubrennidepils) og neitunar hafa verið rofin. Tungumál á b.v. ainósku (sjá §3.3) og fornnorrænu þar sem gjörðarstoð tengist aðeins andstæðuáherslu hætta því að koma á óvart í slíkri greiningu. Gjörðarstoð með andstæðubrennidepli í ensku væri þá (leynd) færsla upp í TL (BrenniL), sem er takmörkunum háð í ensku sbr. hér á undan, en venjuleg setningarneitun er hins vegar neðar í formgerðinni.

#### 4.2.2 Neitun í ákvarðara og/eða höfði neitunarliðar

Ef neitun er greind sem sérstakur formlíður þarf að komast að því hvort neitun, í þessu tilviki setningarneitun, er haus neitunarliðar eða ákvarðari hans, sbr. hér á undan. Þetta virðist eðlileg tilgáta í ljósi þess að neitun í tungumálum heims á margt sameiginlegt með formlíðum, þ.e. neitun gegnir málfræðilegu hlutverki og er lokaður orðflokkur (sbr. Zanuttini 2001:514-523). Ef neitun er haus ættu að gilda sömu takmarkanir um hana og ótvíræða hausa, sbr. hausafærsluhömluna. Ef svo er ekki, er hægt að kanna hvort neitun hegðar sér líkar stærri einingum, hámarksvörpunum. Zanuttini (2001:524-527) sýnir dæmi um próf sem hægt er að beita til þess að kanna eðli neitunar. Hún fjallar þar t.d. um neitun í rómönskum málum sem hausa, þar sem neitun *ne/non* hindrar færslu hengla (e. *clitic movement/climbing*) í frönsku og ítölsku (sbr. Zanuttini 2001:524-525 og rit sem þar er vitnað til):

- |  |  |
|--|--|
| <p>(169) a. Jean <b>la</b> fait manger par/à Paul.<br/>Jón það lætur borða af/til Pál<br/>'Jón lætur Pál borða það.'</p> | <p>b. *Jean l'<b>a</b> fait <b>ne</b> pas manger à<br/>Jón það-hefur látið NEIT NEIT borða til<br/>l'enfant.<br/>hið-barn<br/>'Jón lét barnið ekki borða það.'</p> |
| <p>(170) a. Gianni vuole veder<b>li</b>.<br/>Jón vill sjá-þau<br/>'Jón vill sjá þau.'</p>                                | <p>(171) a. Gianni vuole <b>non</b> veder<b>li</b>.<br/>Jón vill ekki sjá-þau<br/>'Jón vill ekki sjá þau.'</p>   |
| <p>b. Gianni <b>li</b> vuole veder.</p>  | <p>b. *Gianni <b>li</b> vuole <b>non</b> veder.</p>  |

Þar sem færsla á henglinum *la/li* er hausafærsla og neitun hindrar þá færslu, hlýtur neitunin *ne/non* að vera höfuð liðar. Neitunarögnin *pas* í frönsku stendur á eftir persónubeygðri sögn en ekki á undan henni eins og *ne* og getur því varla verið haus (sbr. Zanuttini 2001:519):

- (172) a. Jean **ne** **les** manger pas.  
Jón NEIT það borðar NEIT  
'Jón lætur Pál borða það.'
- b. \*Jean l'**a** fait **ne** pas manger à l'enfant.

Þessum mun á tungumálum hefur verið lýst með sérstakri neitunarfærribreytu (sjá t.d. Zanuttini 2001:530 og tilv. þar):

- (173) a. NeiL velur SL.  
b. NeiL velur TíðL.

Í flestum germönskum málum er neitun eins farið og neitunarögninni *pas* í frönsku, þ.e. það stendur á eftir persónubeygðri sögn, takmarkar ekki hausafærslur og er því tæplega haus (byggt að hluta á Zanuttini 2001:527):

- (174) a. Jón **keypti ekki** bækurnar (*íslenska*)  
 b. Jan **købte ikke** bøgerne (*danska*)

Jóhannes Gísli Jónsson (1996:§3.4) og Christensen (2005) færa rök með og á móti sérstökum neitunarlið í íslensku og telja neitun bæði geta haft einkenni hauss og hámarksvörpunar.<sup>159</sup> Christensen (2005:174-175) segir í ensku, íslensku, norsku og sænsku annars vegar vera til neitun sem sé hámarksvörpun, í ensku *not* og í íslensku *ekki* [ɛhci], en hins vegar haus, í ensku *-n't* og í íslensku *-ekki* [ici], sem er hengdur á persónubeygða sögn. Christensen kveður neitun í dönsku hins vegar ekki vera hámarksvörpun heldur haus og nefnir þar m.a. að í dönsku sé ekki hægt að kjarnafæra neitun ólíkt t.d. íslensku. Í dönsku er ekki heldur til veikluð viðhengismynd af neituninni eins og í t.d. norsku, sænsku og íslensku. Jespersen (1917:45) minnst einnig á hengla af þessu tagi í norsku þar sem neitunin hengir sig á sögnina öfugt við dönsku:

- (175) a. Er **ikke** (erke) det fint? (*norska*)  
 b. Vil **ikke** De komme?  
 (176) a. Er det **ikke** fint? (*danska*)  
 b. Vil De **ikke** komme?

Christensen (2005:174) bendir á samsvarandi dæmi í íslensku:

- (177) a. **Hefur** Jón **ekki** lesið bókina?  
 b. **Hefur-ekki** Jón lesið bókina?

Þessi dæmi sýna því að XL-neitunin *ekki* [ɛhci] stendur á eftir frumlaginu í ákvNeiL en X°-neitunin *-ekki* [ici] er hengd á persónubeygðu sögnina og flyst með henni í TL með spurnarfærslu. Samsvarandi dæmi með XL-neitun ofar en frumlagið eru hins vegar ótæk:

- (178) \* **Hefur ekki** Jón lesið bókina?

Ef frumlagið er fornafn, er neitunin hengd á fornafnið en ekki á sögnina (sbr. Christensen 2005:174<sub>n46</sub>):

- (179) a. \* **Hefur-ekki** hann lesið bókina?  
 b. **Hefur-ann-ekki** lesið bókina?

Neitunin *-ekki* [ici] í þessum dæmum hegðar sér því á svipaðan hátt og meintir neitunarhausar í frönsku og ítölsku. Ef fornafnið *hann* er haus í (179a), hindrar hausafærsluhamlan færslu á þeim haus yfir annan haus. Hjá því vandamáli er komist ef neitunarhausinn er hengdur á fornafnið eins og í (179b). Höskuldur Þráinsson (2007:84-85) bendir hins vegar á að dæmi af þessum toga sýni ekki endilega að neitun sé haus (eða ákvarðari) sérstaks neitunarliðar, heldur geti *ekki* einfaldlega verið haus eða ákvarðari atviksliðar sem hengdur er á sagnliðinn. Enn frekari rök fyrir þessu er að *ekki* hegðar sér á líkan hátt og önnur setningaratviksorð á b.v. *aldrei*, *sjaldan* og *alltaf*, sem eðlilegt er að líta á sem viðhengi við SL (sbr. Höskuld Þráinsson 2007:85 og [bíður birtingar]).

Af umfjöllun um neitun í fornnorrænu er ljóst að forna neitunin *ne* + *-a/-(a)t* (og e.t.v. einnig *ne* + *eigi*) á margt sameiginlegt með t.d. *ne* + *pas* í frönsku (sjá t.d. Jespersen 1917, Kuhn 1936). Jespersen (1917:4-19) gerir merka tilraun til þess að lýsa almennt þróun neitunar í tungumálum sem síðar hefur fengið nafngiftina **hringrás Jespersens** (e. *Jespersen's cycle*). Sú hringrás felur í sér fjögur stig sem orða má á eftirfarandi vegu (byggt á Jespersen 1917:8, dæmi þaðan):

- (180) 1. Neitun er táknuð með einni neitunarögn.  
*Haraldr ne veit*; sbr. Lokasennu: þú gefa ne skyldir 'þú skyldir ekki gefa'.

<sup>159</sup>Sjá einnig umfjöllun hjá Höskuldi Þráinssyni (2007:79-87) og tilv. þar.

2. Neitun er táknuð með neitunarögn auk smáorðs sem herðir á merkingunni.  
*Haraldr ne veit-at / ne veit-at Haraldr* ‘Haraldr veit (alls) ekki ...’.
3. Smáorðið tekur sjálfst á sig neitunarmerkinguna og upphaflega neitunarögnin veiklast.
4. Upphaflega neitunarögnin er felld brot.  
*veit-at Haraldr* ‘Haraldr veit ekki’.

Christensen (2005:185-193) fjallar einnig um þróun neitunar frá frumnorrænu til fornnorrænu og áfram til dönsku m.t.t. Þess hvort um haus eða hámarksvörpun er að ræða. Í frumnorrænu hafi neitun aðeins verið haus, þ.e. *ni* (*ne*) sbr. 1. stig Jespersens. Smáorð með neitun á 2. stigi, þ.e. *eigi/ekki* er því hámarksvörpun.<sup>160</sup> Þegar smáorðin málfræðivæðast á 3. stigi og taka við hlutverki neitunar er þeim því orðið kleift að verða hausar. Ef eðlilegt er að greina annars vegar neitunina *ekki* í íslensku eins og Christensen (2005:188-189) sem viðhengi við SL sem flyst áfram í ákvNeiL og hins vegar hengillinn *-ekki* sem haus, ætti eitthvað svipað einnig að geta átt við um neitunina *eigi* í forníslensku. Það að setninganeitunin *ikki* í færeysku sé ávallt í ákvNeiL (sbr. Christensen 2005:172) bendir jafnframt til þess að hengillinn *-ekki* sé nýjung í íslensku.

Dæmi í fornnorrænu með neitunarhengli og persónufornafni hegða sér ekki eins og „samsvarandi“ dæmi í nútímamáli, sbr. (181) andspænis (182). Í fornnorrænu er *-a/-(a)t* hengt á sjálfa sögnina en ekki á fornafnið (sbr. Þórhall Eyþórsson 2002:203, sjá tilv. þar):<sup>161</sup>

- (181) a. \* **Hefur-ekki** hann lesið bókina?  
b. **Hefur-ann-ekki** lesið bókina? (=179a)
- (182) a. **Kallar-a**-ðu síðan / til kníá þinna (Akv 37)  
b. **Kallarðu-ekki** síðan til hjáa þinna ... (*samsvarandi nútímaíslenska*)  
c. \* **Kallar-ekki**-ðu til hjáa þinna ...

Þórhallur Eyþórsson (2002:198-201) færir rök fyrir því að sagnir með *-a/-(a)t* hafi flust alla leið upp í T° en að sagnir í venjulegum fullyrðingarsetningum hafi hins vegar aðeins flust í B° (sbr. Þórhall Eyþórsson 2002:195, sjá tilv. þar):

- (183) a. Byrði betri / **berr-at** maðr brauto at (Háv. 10, 11)  
b. **Kemr-a** nú Gunnarr (Gðr. III 8)  
c. ... / **skal-a** gestr vera // ey og einom stað (Háv. 35)

Frumlag standi því á eftir sögn með *-a/-(a)t* eins og í (183a). Kjarni sem eðli málsins samkvæmt er kjarna-færður, þ.e. *byrði betri* í (183b) og *skal* í (183c), standi hins vegar á undan slíkri sögn. Sögn með henglinum er því talin flytjast upp í TL ásamt kjarnanum til þess að gáta þáttinn [+NEITUN]. Slíkar færslur eru þekktar í öðrum málum þar sem einnig er gert ráð fyrir neitunarþáttum í T° (sjá t.d. Landau 2002, Þórhall Eyþórsson 2002 og tilv. þar). Ef setningarneitun er talin tengjast T° í öllum tungumálum heims, eins og ýjað er að í þessum ritum, væru hér komin rök fyrir því að líta einnig á takmörkun á sagnbeygingu í neikvæðum fullyrðingum sem takmörkun á færslu í TL.<sup>162</sup>

<sup>160</sup>Christensen (2005:186) gerir ráð fyrir að neitunarhengillinn sé fyrirbrigði sem aðeins komi fyrir í kveðskap, þrátt fyrir að vitna til ummæla Þórhalls Eyþórssonar (2002:195-196) um að sá hengill komi fyrir í elsta lausamáli.

<sup>161</sup>Híð nútímaíslenska *ekki* [ɛhci] og *-ekki* [ɪci] er sennilega líkara forníslensku neituninni *eigi* og henglinum *-gi*. Hengillinn *-gi* var hins vegar aldrei notaður með sögnum, heldur aðeins með fornöfnum, lýsingarorðum, atviksorðum og (sjaldan) nafnorðum, sbr. C&V (*-gi*, B) og Kuhn (1936:434-435).

<sup>162</sup>Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlileg hugmynd í ljósi þess að *setningarneitun* neitar (hefur svið yfir) allri setningunni. Þar með væri hægt að tengja allt umhverfi gjörðarstoðar í ensku við færslur í TL: neitað umhverfi, með andstæðuáherslu og í spurnarsetningum.



Þessi greining vekur hins vegar þá spurningu hvort rétt sé að tala hér aðeins um *neitunarþátt* í TL sem dragi til sín sögnina. Ef *-a/-(a)t* herti upphaflega á neituninni á 2. stigi Jespersens, er eðlilegt að sögn með henglinum hafi falið í sér brennidepilsþáttinn [+BRENNIDEPILL]. Sögnin færir því upp í TL/BrenniL til þess að gáta þann þátt (sbr. formgerð TL hjá Rizzi 1997). Dæmi Þórhalls úr eddukvæðum í (183) benda aftur á móti til þess að þrátt fyrir að neitunarhengillinn hafi erfitt neitunarhlutverkið við brottfall *ne* og orðið hlutlaus (4. stig Jespersens) endurspegli setningarfræðileg staða hans áfram fyrri áherslumerkingu.<sup>163</sup>

Samkvæmt þessari kenningu varðveita eddukvæðin málstig sem samsvarar 3. stigi Jespersens. Sú staðreynd að tungumál með neitunarhaus á undan persónubeygðri sögn hafi (haft) tilhneigingu til þess að herða á neituninni með smáorði á b.v. *pas* í frönsku og *eigi* og *-a/-(a)t* í fornnorrænu, sýnir að þörf er á að geta hert á neitun. Þegar smáorðið tekur yfir hlutverk sjálfrar neitunarinnar, í elstu fornnorrænu *ne*, missir málið því um leið þennan möguleika á hertri neitun. Sú spurning vaknar því hvort ekki sé hugsanlegt að áherslustöð með *gera* sé arftaki þessarar hertu neitunar.<sup>164</sup> Þessi hugmynd verður útfærð nánar í §5.1.

Katrín Axelsdóttir (2005) hefur athugað dreifingu neitana í fornnorrænum kveðskap og lausamáli.<sup>165</sup> Yfirlit um fjölda dæma um hengilinn í fornnorrænu er sýnt í (184), með fyrirvörum í nmlsgr. 165:

- (184) a. Rúnaáletranir: 6-10 dæmi.  
 b. Eddukvæði: 228 dæmi í Konungsbók, 18 annars staðar.  
 c. Dróttkvæði: 428 dæmi.  
 d. Lausamálsrit:  
     Grágás: 83 dæmi,  
     Íslendingasögur: 12 dæmi,  
     konungasögum: 9 dæmi,  
     aðrir lausamálstextar, einkum þýðingar: 37 dæmi.

Þórhallur Eyþórsson (1995:261-264) kveður afar sjaldgæft að frumlag standi á undan sögn í persónuhætti í aðalsetningum með hengilsneitun og að í þeim tilvikum sé sérstök áhersla lögð á frumlagið. Í elstu dróttkvæðum og í elsta lausamáli séu nær engin dæmi um að frumlag standi á undan sögn í persónuhætti í aðalsetningum (sbr. Þórhall Eyþórsson 1995:265).<sup>166</sup> Fyrirnefndar niðurstöður Katrínar Axelsdóttur (2005) eru á þá leið að hlutfall dæma um sögn með neitunarhengli fremst í setningu sé að vísu hátt, einkum í elsta kveðskap, en að úr þeirri tilhneigingu dragi nokkuð jafnt á yngri stigum. Ef þetta er rétt mætti hafa það til marks um að sá þáttur sem á fyrri málstigum dró sögn með henglinum *-a/-(a)t* í TL, hvort sem það var neitunar- eða brennidepilsþáttur, sé farinn að veiklast. Þetta er athyglisverð niðurstaða því að hér eru komin rök fyrir því að dæmi séu um takmörkun á færslum í TL í fornnorrænu frá því á fyrri málstigum.<sup>167</sup>

Í ONP er getið alls 81 dæmis um hengilinn *-a/-(a)t*. Í öllum nema tveimur dæmum (úr Njáls sögu og Grágás) virðist hengillinn standa í T° eins og í eddukvæðadæmunum í (183), ef undan eru skilin dæmi í aukasetningum þar sem aukategingin teppir þá stöðu. Nokkur dæmi eru sýnd í (185) úr Grágás og úr

Ef jafnframt væri álitíð að allar sagnir í ensku, einnig aðalsagnir, gætu flust í BL (en að þær flyttust enn hærra í öðrum málum), líkt og hjá Schütze (2004), hefur enska einfaldlega misst möguleikann á því að flytja aðalsagnir hærra upp í formgerðina en í BL.

<sup>163</sup>Þetta væri þá hliðstætt þeirri þróun mála í ensku (sbr. Roberts 1993:268) að skyldubundin sagnfærsla í beygingarlið hélt áfram um allnokkra hríð þrátt fyrir að sagnbeyging hafði einfaldast til muna.

<sup>164</sup>Þetta er gömul kenning um uppkomu gjörðarstöðar í ensku, sbr. §3.1.1.

<sup>165</sup>Athugun Katrínar Axelsdóttur er verk í vinnslu og hafa lokaniðurstöður ekki enn verið gefnar út. Umfjöllun um niðurstöður Katrínar hér á eftir byggjast á fyrirlestrargögnum sem vitnað er til með leyfi höfundar. Sjá einnig umfjöllun Þórhalls Eyþórssonar (2002) og tilv. þar.

<sup>166</sup>Frávik frá þeirri reglu munu þó vera nokkur í hliðskipuðum setningum í Grágás, þar sem persónufornafn fer á eftir tengingu (sbr. Þórhall Eyþórsson 1995:266).

<sup>167</sup>Nánar verður fjallað um slíkar takmarkanir í §5.1.

fornum kristilegum ritum í (186) (sbr. ONP: *-a*, *-at*):<sup>168</sup>

- (185) a. Ef hvargi atti til inn andapi eþa erfingi hans. oc **tekrat** þar fe er eigi er til. þa scal veita leg oc liksong. (Grágás: Kristinna laga þáttur, útg. Vilhjálmur Finsen 1852:I-9<sub>21</sub>; GKS 1157 4° [c1250])  
b. ... oc **erat** landeigandi skyldr at gjalda fe fyrir þat (*sama rit*:I-17<sub>13</sub>)  
c. Þott maðr gefe manne fe eða heimile asculdar stöðom þa **kemscat** hann til heimtingar vm þat fe nema hin sele honom sacar oc fiar heimtingar a hönd sér hvarom þeirra. (*sama rit*, um fjárgjafir:II-180<sub>3</sub>)
- (186) a. A himni vaf ec nu. oc veit ec hverir her mono andafc. oc **monat** þu i þvi floþi verþa. (Viðræður Gregors, útg. Þorvaldur Bjarnarson 1878:137<sub>3</sub>; AM 677 4° [c1200-1225])  
b. En hann hredifc, ef hann fa at blothuf vaf. oc gorþi Cros marc vvir fer þott hann **trvþi eigi** a crosin. oc **mattia** fofna fvr hretflo (*sama rit*:91<sub>25</sub>)  
c. En siþan ef þér boþet at þu **dryger eige** faurlifi. **Scallat** tu **ftela**. oc eige of ágiarn. Scaldtu eige bera liúgvitni. (Íslensk hómiliubók, Leeuw van Weenen 1993:89r23; Holm perg 15 4° [c1200])

Í elstu textum sem hafa gjörðarstoð bregður einnig fyrir gömlu *-a/-(a)t*-neituninni, sem sýnir að elsta lausamál er á 4. stigi Jespersens. Sjaldgæft er að hengillinn komi fram með öðrum sögnum en **hjálpár- og háttarsögnum** í lausamáli, en frávik eru frá því í Grágás. Í kristilegum ritum 12. aldar hef ég einvörðungu fundið slíkan hengil með hjálpar- og háttarsögnum (sbr. einnig dæmi hjá Fritzner, C&V og ONP).<sup>169</sup> Þessi munur á annars vegar aðalsögnum og hins vegar hjálpar- og háttarsögnum, a.m.k. í kristilegum ritum 12. aldar, er mjög forvitnilegur og hann mætti athuga nánar í elstu lausamálsritum. Mikilvægt er að komast að hvort munurinn er á yngri stigum aðeins sterk tilhneiging eða skilyrðislaus regla. Slíkar upplýsingar gætu varpað skýrara ljósi á þróun gjörðarstoðar og möguleg tengsl hennar við setningafræðileg einkenni neitunarhengilsins og færslu í BrenniL í fornorrænu, sbr. §5.1.

Í Grágás eru langsamlega flest dæmin með málfræðilegum sögnum (oftast *er-at* og *skal-at*) en þar eru hins vegar einnig dæmi með aðalsögnum, sbr. (185). Eðlilegast er að túlka þetta á þann hátt að Grágás varðveiti eldra málstig en kristilegu textarnir. Lagamálið byggist á aldagamalli munnlegri hefð og elstu hlutar Grágásar voru fyrst ritaðir á bókfell veturinn 1117-18.<sup>170</sup> Hjá C&V kemur fram að hengillinn sé notaður áfram allt til loka þjóðveldisins í lagatextum og þegar eiðar og lög voru flutt, löngu eftir að hann hverfur úr málinu á 12. öld, og einnig sem málfyrning í yngri ritum. Þetta sýnir hversu sterk þessi hefð hefur verið.<sup>171</sup>

<sup>168</sup>Ég hef einnig litið á dæmasafn Konráðs Gíslasonar (1846:228) og í fornálsorðabók Fritzners (1896: *-a*) og C&V (*-a*). Hjá ONP eru aðeins níu dæmi sýnd úr Grágás (Konungsbók og Staðarhólsbók) en hjá C&V er getið rúmlega 60 dæma úr Konungsbókargerð Grágásar einni, auk ýmissa fastra sambanda sem aðeins eru talin einu sinni. Konráð (1846) og Fritzner bæta til samans fimm dæmum um *-a* við dæmi ONP, flestum úr fornum kristilegum ritum. Athyglisvert er að sömu Grágásardæmin í (185) eru með neituninni *eigi* í Staðarhólsbók, sbr. ONP og tilv. þar.

<sup>169</sup>C&V (1874: *-a*) segja hengillinn hafa verið í venjulegu máli út 10. öld en að hann hafi farið minnkandi á 11. öld (byggt á dæmum úr kveðskap nafngreindra skálda).

<sup>170</sup>Víglóði er einn þeirra hluta Grágásar þar sem dæmi eru um gjörðarstoð. Samkvæmt Íslendingabók Ara fróða Þorgilssonar tilheyrði m.a. Víglóði hinni glötuðu Hafliðaskrá sem færð var á bókfell 1117-1118 (sbr. t.d. Hrein Benediktsson 1965:13). Það tímabil markar jafnframt elsta mögulega málstig þar sem gjörðarstoð birtist í lausamáli.

<sup>171</sup>Að vissu leyti gerir þetta sum Grágásardæmin tortryggileg, enda er aldur mismunandi hluta lagasafnsins mjög óviss. Vissir hlutar þess kunna að vera a.m.k. öld yngri en elstu kristilegu ritin, ef miðað er við ritunartíma elstu kristilegu rita um eða fyrir 1150, og elstu heillegu lögbókarhandritin, frá miðri 13. öld og síðari hluta þeirrar aldar.

### 4.3 Gjörðarstoð og spurnarfærsla (T-bás)

Annað tungumál sem forvitnilegt er að bera saman við gjörðarstoð í ensku er monnska, norður-ítölsk mállýska, þar sem gjörðarstoð er skyldubundin í þeim setningagerðum sem fela í sér færslu í höfuð tengiliðar (sbr. Benincà & Poletto 2004a). Benincà & Poletto greina stoðina því sem lokaúrræði, eins og í ensku. Öfugt við ensku er monnska hins vegar ekki með takmarkaða sagnbeygingu og því kemur gjörðarstoð þar á óvart, ef rétt er að tengja fátæklega sagnbeygingu og veika beygingarþætti/-liði við gjörðarstoð eins og venja hefur verið að gera. Dæmi um færslu í T° eru *já/nei-* og *hv-*spurnarsetningar eins og í eftirfarandi dæmi (Benincà & Poletto 2004a:68):<sup>172</sup>

- |       |    |             |                   |              |    |             |                 |
|-------|----|-------------|-------------------|--------------|----|-------------|-----------------|
| (187) | a. | <b>fe-t</b> | <b>majà?</b>      |              | c. | <b>fa-l</b> | <b>plöer?</b>   |
|       |    | gerir-þú    | borða             |              |    | gerir-það   | rigna           |
|       |    |             | ‘borðar þú?’      |              |    |             | ‘rignir?’       |
|       | b. | <b>ke</b>   | <b>fe-t</b>       | <b>majà?</b> |    | d.          | <b>*plöe-l?</b> |
|       |    | hvað        | gerir-þú          | borða        |    |             | rignir-það      |
|       |    |             | ‘hvað borðar þú?’ |              |    |             | ‘rignir?’       |

Í monnsku er því skyldubundið skotið inn *fá* ‘gera’ í þeim tilvikum sem aðalsögnin þyrfti annars að færast upp í T°. Benincà & Poletto (2004b:87) gera ráð fyrir að spurnarþátturinn sjálfur sé í TíðL (sjá tilv. þar) en að flytja þurfi sögnina úr tíðarlið í TL til þess að sögnin komist í samband við *hv-*spurnarvirkjann þar.<sup>173</sup>

Jäger (2006:146-159) nefnir 32 tungumál þar sem gjörðarstoð tengist spurnarsetningum. Misjafnt er hins vegar eftir málum nákvæmlega hvaða þættir krefjast stoðar, þ.e. hvort hún kemur aðeins fyrir í *já/nei-*spurningum eða einnig t.d. í *hv-*spurningum. Sjaldgæft virðist vera að tungumál hafi slíka stoð í öllum tegundum beinna spurninga sem krefjast venjulega færslu í T°, eins og í monnsku og ensku. Jäger (2006:158-159) getur eins slíks tungumáls, jórúba, en segir gjörðarstoð í *já/nei-*spurningum jafnframt vera valfrjálsa.

Í jórúba er *še* ‘gera’ notuð í *hv-*spurningum eins og eftirfarandi dæmi sýna (tilv. eftir Jäger 2006:135-136):

- |       |    |         |                 |         |           |            |           |          |  |
|-------|----|---------|-----------------|---------|-----------|------------|-----------|----------|--|
| (188) | a. | báwo    | ni              | o       | <b>še</b> | máa        | <b>ri</b> | owó      | sinkù?   |
|       |    | hvernig | vera            | 1.p.et. | gera      | framtið    | sjá       | peningar | grefta   |
|       |    |         |                 |         |           |            |           |          | ‘Hvernig sérðu fyrir þér að geta greitt fyrir jarðarförina?’ |
|       | b. | báwo    | l’ó             |         | <b>še</b> | <b>še?</b> |           |          |  |
|       |    | hvernig | kjarni.vera.það | gera    | gera      |            |           |          |  |
|       |    |         |                 |         |           |            |           |          | ‘Hvernig gerði hann það?’                                    |

Í *já/nei-*spurningum er *še* beitt en einnig er hægt að nota spurnarmarkann *njé* í stað *še* í upphafi setningar eða spurnarmarkann *bí* í lok setningar (tilv. eftir Jäger 2006:135):

- |       |    |            |      |        |
|-------|----|------------|------|--------|
| (189) | a. | <b>še</b>  | Òjó  | ló?    |
|       |    | gera       | Òjó  | fara   |
|       | b. | <b>njé</b> | Òjó  | ló?    |
|       |    | spurn.     | Òjó  | fara   |
|       | c. | Òjó        | ló   | bí?    |
|       |    | Òjó        | fara | spurn. |
|       |    |            | ‘Fór | Òjó?’  |

<sup>172</sup>Sjá einnig umfjöllun og dæmi í §3.2.

<sup>173</sup>Með þessu er átt við samband ákvarðara og hauss (e. *spec-head relation*, sbr. t.d. Chomsky 1986) eða að sögnin komist í gátunarfæri við spurnarvirkjann (e. *checking relationship*, sbr. t.d. Chomsky 1995).

Eðlilegasta túlkunin á dæmunum í (189) er að þar birtist þrjár leiðir til þess að komast hjá því að flytja aðalsögn í T° í spurnarsetningum, fremur en að *se* sé valfrjáls í slíkum spurningum.<sup>174</sup> Dæmi (189a) virðist hafa sömu formgerð og spurnarsetningar í monnsku, þ.e. þar er *se* í T°. Í (189b) og (189c) er aðalsögnin *ló* 'fara' á eftir frumlaginu og stendur því líklega óhreyfð í S°. Þetta er umhverfi sem ekki krefðist heldur gjörðarstoðar í monnsku (eða ensku), ef slík setningagerð væri leyfð. Þessi dæmi falla því vel að þrautargreiningu eins og gert er ráð fyrir í ensku og monnsku.

Benincà & Poletto (2004b) telja jafnframt að endurskoða þurfi hefðbundnar greiningar á ensku með hliðsjón af greiningu þeirra. Gjörðarstoð komi fram af völdum tveggja þátta: annars vegar vegna þess að B° er nægilega sterkur til þess að krefjast einhvers sýnilegs innihalds en hins vegar vegna þess að sögn er ómögulegt að víkka merkingarsvið sitt yfir á viðkomandi formlíð (sbr. einnig Pollock 1989). Sögn getur því aðeins flust í B° að um sé að ræða sögn sem ekki úthlutar merkingarhlutverki, t.d. hjálpar- og háttarsagnir (sbr. Benincà & Poletto 2004a:84-85). Þó verður að gera ráð fyrir að munur geti verið á málum m.t.t. hvaða flokka sagna sé ekki hægt að flytja úr B° í T°. Í monnsku er hægt að flytja hefðbundnar hjálpar- og háttarsagnir, gjörðarstoð er valfrjáls með hálfildings-hjálparsögnum (e. *semi-auxiliaries*) á b.v. *nda* 'fara' og *fa* 'gera', en skyldubundin hins vegar með aðalsögnum (sbr. Benincà & Poletto (2004a:81-82)).<sup>175</sup>

Gjörðarstoð í ensku og fátækleg sagnbeyging er þ.a.l. afleiðing þessarar breytingar en ekki öfugt, eins og flestar greiningar á ensku gera ráð fyrir. Þessi breytta sýn er jákvæð að því leyti að tenging sýnilegrar sagnbeygingar og gjörðarstoðar er rofin. Ríkuleg sagnbeyging kemur því ekki í veg fyrir að tungumál þrói með sér gjörðarstoð og fátækleg sagnbeyging leiðir jafnframt ekki endilega til þess að mál geri það, sbr. einnig Höskuld Þráinsson (2001) um skandinavísku meginlandsmálin. Hvor tveggja niðurstaðan er heppileg þegar kemur að því að greina gjörðarstoð í fornnorrænu, máli með ríkulega sagnbeygingu.

#### 4.4 Gjörðarstoð og færsla fallháttá (ákvarðari T-báss)

Venja er að gera greinarmun á kjarnafærslu (e. *topicalisation*) sem flytur heila liði (hámarksvarpanir) og stílfærslu (e. *stylistic fronting*) sem flytur smærri liði (hausu) og er í nútímaíslensku háð því að í setningunni sé frumlagseyða (sjá t.d. Maling 1980, Höskuld Þráinsson 2005:577-585 og tilv. þar). Í fornnorrænu eru ekki sömu hömlur fyrir hendi því að hægt er að stílfæra fallhætti (hausu) án frumlagseyðu (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1995, 2005:619-621 og tilv. þar, sbr. einnig Nygaard 1900:222-223, 232-233, Faarlund 2004:235-236). Í (190) eru sýnd dæmi um slíka færslu í 12. aldar textum með *vilja*, *verða*, *munu*, *mega* og *láta*:

- (190) a. *Vita vil* ec nv hvi þat gegner er necqverer .men. fegia firer oordna hluti adæyianda degi. (Viðræður Gregors páfa, útg. Hreinn Benediktsson 1963:61<sub>5</sub>)  
 b. „*Liða verðr* nu þetta erendi at sinni, ok þa er tomstund er til, þa man ek lata kalla Paulum a minn fund.“ (Páls saga postula II, útg. Unger 1874:260<sub>23</sub>)  
 c. Simon Petrus mællti við þa: „*Fara mun* ek at fiskia.“ Enn þeir svoruðu: „*Fara munu* ver oc með þer.“ (Tveggja postula saga Pétrs ok Páls, útg. Unger 1874:286<sub>17-18</sub>)  
 d. *Muna megu* þit þat, at þa er sialfir þit gengut til siukra manna ok lögðut hendr a ok kolluðut a nafn drottins Jesu Kristz, þa urðu þeir heilir. (Jóns saga postula, útg. Unger 1874:424<sub>10</sub>)

<sup>174</sup>Sú túlkun fær frekari stuðning af því að ef aðalsögn stendur á undan frumlagi er hún í fallhætti (sbr. Jäger 2006:136).

<sup>175</sup>Sbr. einnig aðgreiningu Erb (2001) í kerfis-hjálparsagnir. Benincà & Poletto (2004a) líta á þessa þrjá flokka sem mismunandi stígláttir, þar sem hjálpar- og háttarsagnir tilheyra sérstökum formlíðum tengdum tíð og hætti, hálfildings-hjálparsagnir tilheyra sL, hvort tveggja án merkingarhlutverks, en aðalsagnir tilheyra SL og úthluta merkingarhlutverki. Þar sem hjálpar- og háttarsagnir í fornnorrænu (og í íslensku) geta staðið í fallhátum, undirskipaðar öðrum hjálpar- og háttarsögnum, hafa þær samkvæmt þessu stöðu hálfildings-hjálparsagna, í sL, eða jafnvel aðalsagna, í SL.

- e. Þó at gvð hefni eða hefna lati feciom monnom illar atferþer þa girnifc hann eigu at heldr a þifl þeira a þa lvnð sem hann feþi reiði fina a hefndin. (Spakmæli Prospers, útg. Þorvaldur Bjarnarson 1878:430)

Í yfirlitinu í 1. kafla var sýnt dæmi úr fornislenskum texta um samskonar færslu á fallhætti (nafnhætti) með *gera*, sbr. (33). Dæmið er endurtekið í (191):

- (191) Silvester mællti: «**Trua gjörði** hann þa vin guds.» (Silvesters saga, útg. Unger 1877:II-263<sub>31</sub>)

Engin dæmi eru um færslur á heilum sagnliðum í fornnorrænu lausamáli (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1995:8) en í kveðskap ortum undir ljóðahætti eru hins vegar dæmi um slíkar færslur (sjá Þórhall Eypórsson 2009 og tilv. þar). Þórhallur sýnir dæmi úr eddukvæðum með *munu* og *skulu*. Ég hef aðeins fundið eftirfarandi dæmi með *gera*, úr lausavísu undir ljóðahætti:

- (192) Óðin blóta | **gerðak** aldri (Ketils saga hœngs VI 6 (13. öld), Skj. BII-306)

Í málfraðilegri umræðu er setningagerð af þessu tagi oft nefnd brennidepilsfærsla, kjarnafærsla eða frömun (e. *focalisation*, *topicalisation* eða *fronting*),<sup>176</sup> ýmist aðeins á sjálfri sögninni (S°) eða á heilum sagnlið (SL). Samanburður við þýsku og hollensku, sem leyfa S°-kjarnafærslu, og dönsku og sænsku, sem leyfa SL-kjarnafærslu, sýnir að gjörðarstoð eins og í dæmi (191) er ekki sama eðlis og gjörðarstoð í venjulegum fullyrðingarsetningum á b.v. þá sem sýnd er í dæmi (193) (=22c):

- (193) En því meirr sem dro at pining drottins vars, þa fylgði Johannes honum, sem þeir er fastast **gerðu** honum **fylgia** (Jóns saga postula I 413<sub>10</sub>)

Eins og fram kom í §3.1.2 og §3.1.3 kemur gjörðarstoð ekki fyrir í hollensku og þýsku ríkismáli, heldur aðeins í mállýskum. Annað gildir um notkun *doen/tun* í setningum með kjarnafærslu á S°, eins og sýnt er í (194), þar sem innskot á stoðsögn er skyldubundið, einnig í ríkismálunum (sbr. t.d. Barbiers & Bennis 2007:60, Langer 2001:7):

- (194) a. Branden doet de lamp niet meer.  
b. Essen tue ich schon immer am Liebsten.

Gjörðarstoð væri hins vegar ótæk í ríkismálunum í venjulegum fullyrðingarsetningum á b.v. (193) hér fyrir ofan, eins og sýnt er í (195):

- (195) a. \*De lamp **doet** niet meer **branden**.  
b. \*Ich **tue** schon immer am Liebsten **essen**.

SL-kjarnafærsla, þ.e. kjarnafærsla á heilum sagnlið, er að sama skapi tæk í t.d. dönsku og sænsku og krefst stoðsagnar (sbr. t.d. Houser, Mikkelsen, Strom-Weber & Toosarvandani 2006, Platzack 2008):


- (196) a. Johan lovede at køre bilen og kørde/køre bilen **gjorde** han.  
b. ... och körde/\*köra bilen **gjorde** han.

Í dönsku er valfrjálst hvort kjarnafærða sögnin gátar tíðarþætti sína (*kørde*) eða hvort sögnin er án tíðarþátta (*køre*). Í sænsku gátar sögnin hins vegar skyldubundið tíðarþætti (sbr. Platzack 2008). Samsvarandi dæmi án SL-kjarnafærslu með gjörðarstoð eru hins vegar ótæk, eins og í þýsku og hollensku:


- (197) a. \*Johan lovede at køre bilen og han **gjorde kørde/køre bilen**.  
b. \*... och han **gjorde körde/köra bilen**.

<sup>176</sup>Benincà (2001:40<sub>n.3</sub>) gerir greinarmun á þessum hugtökum og segir strangt tiltekið um mismunandi tegundir færslna að ræða (sjá §5.1). Sjá einnig Rizzi (1997:317-318) sem greinir setninguna *I think that only in that election did Leslie run for public office* sem færslu í brennidepilslið.

Þetta sýnir því að í dæmum um gjörðarstoð með S°-/SL-kjarnafærslu er ekki einvörðungu um að ræða ummyndun á setningu með grundvallarorðaröð. Ef sú væri raunin, væri ekki von á því að dæmin í (195) og (197) væru ótæk. Fleira en einföld kjarnafærsla á borð við þá sem sýnd er í (198) á óformlegan hátt er þ.a.l. að verki í þessum dæmum:

(198) Trua **giordi** hann ⟨trua⟩ þa vin guds.  


Hér verður gert ráð fyrir að setningagerð af þessu tagi sé færsla á S°/SL í ákvarðara brennidepilsiðar, þ.e. í ákvarðara TL samkvæmt hefðbundnum hugmyndum.<sup>177</sup> Eins og Platzack (2008) hefur stungið upp á að greina þessa setningagerð í skandinavísku nútímamáluunum er *gera* í þessum dæmum útskrifað *s°* í sL.<sup>178</sup> Færslur skilja samkvæmt hefðbundnum greiningum eftir sig spor í formgerðinni og til þess að sagnbeyging geti átt sér stað þarf BL að mynda samræmistengsl (e. *agree-relation*) við sL, þar sem sögn flyst úr S° í B° og samræmi er ákvarðað við frumlag í ákvBL.<sup>179</sup> Samræmistengsl rofna (keðja slitnar) ef t.d. BL liðstýrir ekki sL/SL og afleiðslan hrynur. Slíkt ástand myndast með SL-kjarnafærslu eins og í (199) þar sem sögn/sagnliður flyst beint í ákvTL, framhjá *s°* og B°:



Í (199) flyst SL *køre bilen* framhjá B° svo keðjan ⟨B°, *s°*⟩ er slitin. Til þess að gáta tíðarþátt á T°ið° er því aðeins einn kostur í boði, að skjóta inn sjálfgefinni stoðsögn (sbr. t.d. Adger 2003:194, Platzack 2008:8, Houser o.fl. 2006). Greining Platzacks (2008) sker sig þó úr að því leyti að *gjorde* er afleiðing útskrifar á sL, þ.e. sjálfgefið hljóðform þess liðar, sem flyst svo í T°ið° og áfram í T°.

Kjarnafærsla á S°/SL er venjulega sögð vera ótæk í íslensku, sbr. t.d. Halldór Ármann Sigurðsson (1992:73), Höskuld Þráinsson (2007:344,370), Platzack (2008:8-9).<sup>180</sup> Ef marka má athugasemdir við sögnina *gera* í íslensk-danskri orðabók Sigfúsar Blöndals (1920-1924: *gera*, C III) var S°-kjarnafærsla hins vegar möguleg í íslensku í upphafi 20. aldar. Þar kemur fram að slíka færslu sé hægt að nota til áherslu („for mere Eftertryk“) og vitnað er til fréttar í *Ísafold* frá 1905 (gleiðletrun upphafleg, ekki sýnd hjá Sigfúsi Blöndal).<sup>181</sup>

(200) **Búnaðarskólarnir.**

F e l l a **gerði** stjórnarliðið í neðri deild (með 13:8) tillögu frá þm. Skagfirðinga o. fl. um að láta búnaðarskólann

<sup>177</sup>Sjá einnig umræðu í §5.1.

<sup>178</sup>Þetta er rökrétt tilgáta ef sL er talinn tengjast úthlutun merkingarhlutverksins gerandi, líkt og t.d. hjá Chomsky (1995:315).

<sup>179</sup>Slíkt samband er einnig nefnt keðja (e. *chain*), sjá t.d. Adger (2003:192-194).

<sup>180</sup>Halldór Ármann kveður slík dæmi þó betri með berum nafnhætti en með nafnháttarmerkinu að.

<sup>181</sup>Í eldri íslensku koma slík dæmi einnig fyrir en þrátt fyrir mikla leit í *Textasafni* (TOH) og *Ritmálskrá Orðabókar Háskólans* (ROH) hef ég aðeins fundið dæmi um setningagerðina í kveðskap, sbr. t.d. eftirfarandi dæmi úr þekktu kvæði eftir Jónas Hallgrímsson með *opna*:

á Hólum í Hjaltadal haldast áfram. Þeir vilja flytja hann, norðlenska búnaðarskólann, til Eyjafjarðar, í námunda við Akureyri.

Eiðaskóli lagði Einar Þórðarson einnig til að fengi að standa. Það var felt með 14:6 atkv.

(Ísafold 1905, 32. árg., bls. 203.)

Í Ísafold er gleiðletrun beitt til þess að tákna áherslu í texta og henni er beitt víðar á þessari sömu síðu.<sup>182</sup> Hér er einnig vert að nefna að færslunni í (200) er beitt í *upphafi* frásagnar og krefst ekki mállegs undanfara. Maling (1980:191) bendir á (og eignar Kristjáni Árnasyni) að aðeins er hægt að *kjarnafæra* liði sem nefndir hafa verið áður (e. *presupposed*). (200) er því líkara stílfærslu (án frumlagseyðu) en kjarnafærslu, sbr. ótvíræðu stílfærsluna í (201) úr nútímaíslensku (RÚV, 30.07.2008) þar sem frásögn hefst á slíkri færslu:

(201) Ráðist var <ráðist> á karlmann rétt eftir miðnætti í nótt og hann rændur við Stórholt í Reykjavík.

Fornorræna dæmið í (191) felur í sér færslu á aðalsögninni *trúa* en þar hafði verið til umræðu hvort frumlagið gerði það. Í því dæmi er greinilegur andstæðubrennidepill vegna þess forskilyrðis að frumlagið hafi sannarlega gert það sem í aðalsögninni felst og því eðlilegt að greina færsluna sem **brennidepilsfærslu**. Yngri dæmin í (200) og (201) eru hins vegar ekki háð slíkum forskilyrðum heldur felur brennidepillinn þar í sér **nýjar upplýsingar**. Þá færslu er því einnig hægt að greina sem brennidepilsfærslu og hún virðist vera sama eðlis og færslan í (164a) í sikileysku.<sup>183</sup>

Þessi dæmi sýna að í íslensku síðari alda hefur færsla fallháttar önnur forskilyrði en í fornnorrænu. Því er best lýst á þann hátt að fornnorræna setningagerðin með *gera* og sams konar færsla í íslensku (fram á fyrrihluta 20. aldar) flytji liði í ólíka formliði, eða gáti aðra þætti, þó að þær séu eins á yfirborðinu. Færslan í (191) er háð tveimur þáttum, brennidepli og andstæðu,<sup>184</sup> og felur í þeim skilningi í sér miklar upplýsingar. Lengi hefur verið talið að færsla sagna með hlutverkagrind sé þyngri en annarra og að veikir formliðir ráði ekki við úthlutun merkingarhlutverka (sbr. t.d. Pollock 1989, 1997, Chomsky 1991, Benincà & Poletto 2004a o.fl.). Þeirri breytingu að slík færsla flytji á fyrri hluta 20. aldar aðeins liði með öðrum þessara þátta, brennidepli, mætti því lýsa sem takmörkun á styrk brennidepilsliðar. Ástæða þess að slík færsla krefst frumlagseyðu í nútímaíslensku gæti verið sú að brennidepilsliður hafi takmarkast enn frekar og dragi nú aðeins til sín aðalsagnir ef hluta merkingarhlutverkanna er úthlutað, þ.e. ekki hvort tveggja til frumlags og andlags.

Í næsta kafla verður gerð tilraun til þess að greina fornnorræna gjörðarstöð sem fyrstu merki um þessa takmörkun á styrkleika brennidepilsliðar.

(1) Við sem annars lesum laugin  
og lítil höfum vængjaslaugin  
**opna gerum** hróðrar hauginn,  
Herjans uglan sat þar á.  
*Fagurt galáði fuglinn sá.*

Síðan kvæða sendum drauginn  
séra Péturs kundi.  
*Listamaðurinn leingi sér þar undi.*  
(*Sunnanfari* 1895, 4. árg. 8. tbl., bls. 60)

Þó að bragfræðileg atriði kunni að ýta undir S°-kjarnafærslu í þessum dæmum er ljóst af ummælum Sigfúsar Blöndals og (200) að hún takmarkast ekki við kveðskap.

<sup>182</sup>Engar sérstakar leturbreytingar eru hins vegar á fyrsta orði hverrar fréttar, eins og stundum í fréttablöðum. Þessari áherslu-táknun er því sennilega hægt að treysta.

<sup>183</sup>Sjá einnig samsvarandi dæmi úr íslensku og fornnorrænu í (233) og (234).

<sup>184</sup>Sjá umræðu um aðskilnað þessara þátta í §4.2.1 og nánari umræðu í §5.1.

## 5 Greining á fornnorrænu

### 5.1 Tillaga að naumhygginni greiningu á fornnorrænu

Í ensku hefur gjörðarstoð öðlast býsna sérstætt hlutverk vegna samspils hennar við beygingu aðalsagna annars vegar og hjálpar- og háttarsagna hins vegar, sbr. einkum §4.1. Í fornnorrænu eru aðstæður aðrar, sagnbeyging er ríkuleg og almennt engar takmarkanir merkjanlegar á beygingu aðalsagna andspænis öðrum sögnum. Engar sérstakar setningafræðilegar takmarkanir blasa heldur við á færslu í tengilið, sbr. t.d. monnsku og jórúba í §4.3, eða hvernig slíkt ætti að tengjast gjörðarstoð í fornnorrænu. Fornorræna hefur þvert á móti skyldubundna sagnfærslu frá S° í B° og jafnvel áfram frá B° í T° (sbr. t.d. Faarlund 2004:193-194) auk þess sem gjörðarstoð er aldrei beitt í *já/nei-* eða *hv-*spurnarsetningum til þess að komast hjá færslu aðalsagnar í T°, sbr. §1.2. Þrátt fyrir þennan greinilega mun er eðlilegt að reyna að tengja fornnorræna gjörðarstoð samsvarandi fyrirbærum í öðrum tungumálum.

#### 5.1.1 Gjörðarstoð í stað sagnfærslu í brennidepilslið

Í köflunum hér á undan hefur víða verið vikið að hugmyndum um hagkvæmni formgerða þar sem einfaldar formgerðir eru valdar fram yfir aðrar. Hagkvæmni hefur undanfarna áratugi skipað sér fastan sess í ríkjandi málfræðigreiningum og hefur miðlægu hlutverki að gegna t.d. í títtnefndri naumhyggjustefnu Chomskys og í bestunarkenningu.<sup>185</sup> Þar sem rök eru fyrir því að færsla í TL sé í einhverjum skilningi mörkuð í fjölda tungumála, sbr. §3.3, og færsla fallháttá í ákvarðara TL felur jafnframt í sér áherslu/brennidepil og er (oft) háð forskilyrðum, sbr. §4.4, er freistandi að tengja gjörðarstoð færslum á vinstri væng setninga.

Gjörðarstoð í fornnorrænu er háð því að athyglinni sé beint að verknaði sem kemur á óvart og/eða er í andstöðu við fyrri umræðu, einkum í hertu neikvæðu eða (mun sjaldnar) hertu jákvæðu umhverfi. Þessi skilyrði eru sláandi lík einu skilyrða gjörðarstoðar í nútímaensku með neitun og andstæðuáherslu, sbr. §4.2. Ef halda ætti þeirri kenningu til streitu að gjörðarstoð í fornnorrænu marki andstæðuáherslu í svipuðum skilningi og enska, og neitun og andstæðuáhersla tilheyra sama formlið (sbr. §4.2.1), er hins vegar sérkennilegt að gjörðarstoð komi aðeins fram í öðru umhverfinu en ekki í hinu.

Fornorrænu er þó erfitt að beita sem rökum gegn greiningu t.d. Laka (1990), Culicovers (1991), Roberts (1993) o.fl. á sérstökum andstæðulið (AndL), sem hýsi hvort tveggja neitun og andstæðuáherslu, því að neitunin *eigi* væri ekki greind sem haus ólíkt ensku (sbr. t.d. Christensen 2005). Hin hefðbundna fornnorræna setningarneitun ætti því aldrei að hindra sagnfærslu, jafnvel þó að sagnbeyging færi fram með leyndri þáttfærslu líkt og í ensku. Annað gildir þó um hengilsneitunina með *-a/- (a)t* sem mynduð er í höfði neitunarliðar og er hengd á sögn í persónuhætti. Svo fremi sem beygingarþættir BL eru sterkir á hins vegar hvorki neitun né andstæðuáhersla að geta hindrað sagnfærslu í BL. Ef neitun kallaði á gjörðarstoð ætti andstæðuáhersla samkvæmt slíkri greiningu einnig að krefjast slíkrar stoðar, og öfugt.<sup>186</sup> Dæmi í §4.2.2 með neitunarhenglinum sýna að jafnvel þar sem gera má ráð fyrir að neitun sé haus sé skyldubundin sagnfærsla ekki takmörkuð við sagnir aðrar en aðalsagnir, þó að reyndar hafi verið bent á að slík neitun komi oftast fram með hjálpar- og háttarsögnum. Í vissum textum frá 12. öld virðast jafnvel aðeins vera dæmi um slíkan hengil með sögnum án hlutverkagrindar en við takmörkun af því tagi væri að búast ef þeir þættir sem draga sögnina til sín

<sup>185</sup>Sjá t.d. nmlsgr. 143, Vikner (2000), Höskuld Þráinsson (2007:77-78) og tilv. þar.

<sup>186</sup>Lághýska (sbr. Langer 2001:34 o.áfr.) og ainóska (sbr. Refsing 1986:208-211, Jäger 2006) væru einnig rök gegn þeirri greiningu, hvort tveggja mál(lýskur) sem greindar hafa verið með áherslustoð en ekki skyldubundna „neitunarstoð“.



eru veikir. Gjörðarstoð í fornnorrænu bendir því sterklega til þess að ensk gjörðarstoð með neitun og með andstæðuáherslu séu tvö ólík umhverfi sem beri að greina á ólíkan hátt. Spurningin er hvaða umhverfi þetta er.

Í málfræðilegri umræðu er merking af því tagi sem felst í fornnorrænni gjörðarstoð oft nefnd andstæðu-áhersla (e. *contrastive stress*) eða andstæðubrennidepill (e. *contrastive focus*).<sup>187</sup> Í brennidepilslið sem tilheyrir klotnum TL (sbr. Rizzi 1997) er gert ráð fyrir að hægt sé að gáta a.m.k. tvenns konar brennidepilsþætti, annars vegar fyrrnefndan andstæðubrennidepil en hins vegar brennidepil með nýjum upplýsingum (e. *new information focus*).<sup>188</sup> Brennidepill sem tengdur er nýjum upplýsingum er eins og spegilmynd af kjörskilyrðum gjörðarstoðar í fornnorrænu. Sú tegund brennidepils kemur t.d. ekki fram með skilyrðistengingu á b.v. *ef* og tengist ekki forskilyrðum á b.v. neitun eða herðandi staðhæfingar (sjá Benincà & Poletto 2004b:58). Slík skilyrði tengjast hins vegar **andstæðubrennidepli** og lægi því beinast við að greina stöðu fornnorrænnar gjörðarstoðar í setningafræðilegri formgerð sem BrenniL, innan TL. Gjörðarstoð gæti þá verið hagkvæm leið til þess að setja aðalsögn (verknaðinn sem hún lýsir) í brennidepil í ljósi þess að:

- (202) a. Færsla liða er að upplagi óhagkvæmari aðgerð en innskot/samruni (sbr. Chomsky 1995, 2000).  
 b. Færsla sagna með hlutverkagrind er þyngri en færsla sagna sem úthluta ekki merkingarhlutverki (sbr. Pollock 1989, 1997, Chomsky 1991, Vikner 2000, Benincà & Poletto 2004a).  
 c. Færslur í TL eru algeng skilyrði gjörðarstoðar í tungumálum heims (sbr. Jäger 2006).

Í fornnorrænu uppfyllir *gera* með nafnhætti greinilega fyrstu tvö hagkvæmniskilyrðin því að gjörðarstoð kemur einvörðungu fram með aðalsögnum.<sup>189</sup> Í stað þess að flytja aðalsögnina í markaðan bás ofarlega í formgerðinni er aðalsögnin kyrr á upphafsreit, þ.e. í SL. Að breyttu breytanda er þessi setningagerð því hagkvæmari en „samsvarandi“ setning án gjörðarstoðar. Ef beita ætti greiningu af þessu tagi koma hins vegar strax upp tiltekin vandamál. Greining á fornnorrænu þarf einhvern veginn að skýra að *gera* getur a.m.k. staðið í þrenns konar umhverfi samkvæmt hefðbundnum hugmyndum um setningafræðilega formgerð, sbr. §1.2.3:

- (203) a. á eftir frumlagi í aðalsetningum, þ.e. venjulega í T° eða B°,  
 b. á undan frumlagi í aðalsetningum, þ.e. venjulega í T°,  
 c. á eftir frumlagi í aukasetningum, þ.e. venjulega í B°,  
 d. á eftir persónubeygðri sögn og neitun, þ.e. venjulega í s° eða S°.

(204) [TL *gera* [BL *gera* [sL/SL *gera* ]]]

- (205) a. Sigualldi **gerdi** ecki **a mot taka**. (Sverris saga, =(27a))  
 b. Nu **göR** hin eigi **gialda** feet. (Grágás, =(3a))  
 c. Heilagur guds madr svarar henne at sidr, at hann **gorir** eigi **uppluka** hurdina (Vitæ patrum II, =(29))  
 d. huat man drotning heimsins sua mikil i sinu valldi **gera hugsu?**“ (Maríu saga, =(18))

Eins og þegar var bent á í §1.2 sýnir þessi setningafræðilega dreifing að *gera* með nafnhætti í fornnorrænu er tæplega umritun á persónuhætti eða tíð, eins og fyrirbærinu er nær alltaf lýst í hefðbundnum handbókum um fornnorrænu. Í nafnháttarsamböndum, þ.e. í dæmum þar sem *gera* er í nafnhætti undirskipuð háttarsögninni *munu*, er ekki gert ráð fyrir BL og því væri ekki hægt að beita þar umritun á persónuhætti. Hver svo sem hinn takmarkandi þáttur er í fornnorrænu verður að gera ráð fyrir að skilyrði gjörðarstoðar geti myndast svo neðarlega sem í hinum hefðbundna SL.

<sup>187</sup>Munurinn á þessu tvennu í málfræðilegum greiningum getur verið óljós, ef nokkur munur er gerður. Benincà & Poletto (2004b:56) benda þó á að andstæðubrennidepill þurfi ekki endilega að fela í sér hljóðkerfisfræðilega andstæðuáherslu, ef með andstæðuáherslu er aðeins átt við áherslu í framburði. Sjá einnig Breul (2004:38-43) og Erteschik-Shir (2007:30-37).

<sup>188</sup>Sjá umræðu í §4.2.1.

<sup>189</sup>Frávik frá þessu koma þó takmarkað fyrir í kveðskap, sbr. §2.1.1.

Í kjarnalið er skyld áherslumerking tengd upptalningu eða samanburði (e. *list interpretation, contrasted topics*) sem líkist andstæðubrennidepli (sbr. Benincà & Poletto 2004b:67-68). Gjörðarstoð kemur hins vegar ekki fram í slíku umhverfi í fornnorrænu, enda er aðalsögnin þar ekki í brennidepli (= (20)):<sup>190</sup>

- (206) a. Ef er truid eigi **ordum minum**, truid þa **iarteinum**. (Silvester saga)  
 b. Af því er nauðfyn at vér faitem æigi at æinf við **ate** ok **dryc**. hældr mæir við **fyndum**. ok **liótum hugrenningum** (Norsk hómiliubók)

Kjarni í kjarnalið er því ekki sá þáttur sem leitað er að. Ef þessi takmarkandi þáttur er brennidepilsþáttur, og brennidepilsþáttur tilheyrir BrenniL í efstu vörpuninni, TL, virðist óviðbúið að *gera* gæti birst í SL. Þó að brennidepilsþáttur sé hins vegar gátaður í BrenniL í TL er einnig hægt að tákna brennidepil neðar í formgerðinni, jafnvel í SL (sbr. §4.2.1). Þessu má lýsa þannig að þátturinn sé þá gátaður með leyndri þáttafærslu frá liðnum sem er í brennidepli þar sem hann er staddur í formgerðinni, eftir að ljósar setningafræðilegar færslur hafa farið fram (sjá Rizzi 1997:287, Erteschik-Shir 2007:90). Aðrir hafa túlkað þessa breytilegu setningafræðilegu stöðu brennidepils þannig að fleiri en einn brennidepilsliður geti verið í setningunni (sbr. Belletti 2001, 2004 og Benincà & Poletto 2004). Belletti (2001:64-65, 70-72; 2004:24-29) telur brennidepilspláss t.a.m. einnig vera hjá sL/SL á hægri væng formgerðarinnar.<sup>191</sup> Vegna þess að takmarkanir eru á því hvort andstæðubrennidepill getur komið fram í SL, sbr. umræðu við dæmi (165), er einnig hugsanlegt að ekki sé um sama formlíð að ræða.

Fornorræna virðist jafnvel sýna takmörkun af þessu tagi því að það dæmi um gjörðarstoð í fornnorrænu sem hefur brennidepil í SL og er jafnframt ótvírætt er ekki með andstæðubrennidepli, sbr. (207a), ólíkt flestum hinna dæmanna. Það sama á um við um tvíræða dæmið í (207b) um *gera* en tvíræða dæmið í (207c) kann að vera með aðalsögninni *gera* í orsakamerkingu (sbr. §1.4.1):<sup>192</sup>

- (207) a. huat **man** drotning heimsins sua mikil i sinu valldi **gera hugsa**?“ (Mariú saga, =(18))  
 b. þa ugðo þeir þat einna mest, ef hann qveme, at hann **möndi rökia gera** tþagørþ þeira (Martinus saga, =(32))  
 c. Ðat var mælt um þænn mann at ængi maðr munnde sa væra er hann sæ at hann **munnde æi lægia gera** (Konungs skuggsjá, =(31))

Ég tel að skýra megi á mjög eðlilegan hátt af hverju slíkur munur ætti að koma fram á brennidepli neðarlega í formgerðinni og brennidepli á TL-svæðinu ef sá þáttur sem þessar fyrrnefndu greiningar greina sem einn er skilinn í sundur, þ.e. annars vegar í brennidepilsþátt en hins vegar í andstæðuþátt. Í stað þess að telja tvo (að hluta til) ólíka brennidepilsliði vera í formgerð setningar er brennidepilsþáttur gátaður í BrenniL en andstæðuþáttur er gátaður í AndL fyrir neðan eða inni í BL. Samkvæmt þessari „samsettu“ kenningu er formgerð setningar með andstæðubrennidepli því á þessa leið:

- (208) [TL [BrenniL [±BRENNI] [BL [AndL [±AND] [SL ]]]]]

Ef andstæðuáhersla er táknuð í AndL leiða þær takmarkanir sem koma fram á brennidepli í SL náttúrulega af setningafræðilegri stöðu liðarins. Eina leiðin til þess að tákna andstæðubrennidepil í SL væri því með leyndri þáttafærslu þar sem þættirnir flytjast eftir útskrift úr SL í AndL, þ.e. eftir að sýnilegar setningafræðilegar færslur hafa farið fram. Hert neitun og andstæðuáhersla fela óhjákvæmilega einnig í sér brennidepilsmerkingu, þ.e. forskilyrðin sem áhersla er lögð á, og því flytjast liðir sem hafa meintan andstæðubrennidepill

<sup>190</sup>Sá greinarmunur er þó ekki alltaf gerður. Culicover (1991:33-37) kveður brennidepilsmerkingu t.d. vera táknaða í andstæðulið og gerir ekki greinarmun á þessum mismunandi tegundum. Ef svo væri ætti gjörðarstoð í fornnorrænu einnig að koma fram með neitun og jafnframt með öðrum gerðum brennidepils, svo sem þar sem andlag er í brennidepli.

<sup>191</sup>Belletti (2001) nefnir þau viðbótarrök fyrir því að sagnliðir hefðu flóknari formgerð að bæði TL og sL eru áfangar (e. *phase*) í uppbyggingu formgerðar hjá Chomsky (2000), sbr. hér á eftir. Eðlilegt er að sL sé áfangi ef TL tilheyrir sL.

<sup>192</sup>Sjá einnig umræðu um þessa tvíræðni við dæmi (31).

fyrrst í AndL, til þess að gáta [+andstæðu], og áfram í BrenniL, til þess að gáta [+brennidepil]. Þessi tilgáta hefur einnig þann kost í för með sér að andstæðubrennidepill er nú markaðri en t.d. brennidepill tengdur nýjum upplýsingum. Sá fyrri felur í sér gátun tveggja þátta og krefst því að lágmarki tveggja færslna umfram hefðbundna sagnfærslu, úr AndL í BrenniL, en sá síðari aðeins einn þátt og því að lágmarki einnar færslu, í BrenniL:

(209) *Munur á mörkun þáttafærslna með brennidepli og andstæðubrennidepli*

<b>brennidepill:</b>	[+brennidepil] [-andstæða]	= ein færsla
<b>andstæðubrennidepill:</b>	[+brennidepil] [+andstæða]	= tvær færslur

Í dæmum með andstæðubrennidepli er því til meira að vinna með því að skjóta inn *gera* en í dæmum með einföldum brennidepli. Það gæti skýrt af hverju gjörðarstoð kemur fram í því samhengi í fornnorrænu, ensku og fleiri tungumálum þar sem gjörðarstoð kemur aðeins fram með andstæðuáherslu. Í þessum skilningi væri til enn minna að vinna í hlutlausum fullyrðingum án brennidepilsmerkingar og því er gjörðarstoðar ekki að vænta þar.

Rizzi (1997:287) hefur einnig nefnt að tungumál geti látið brennidepil í ljós með hljóðfræðilega fylltu höfði, þ.e. þar sem brennidepilsþátturinn birtist sem ögn (e. *particle*).<sup>193</sup> Þetta er forvitnileg tilgáta að því leyti að hún felur á einfaldan hátt í sér að þrátt fyrir að *gera* standi ekki sjálf í ákvarðara brennidepilsliðar geti hún táknað (eða borið) áhersluna!<sup>194</sup>

(210) *Fornorræn gjörðarstoð er brennidepilsögn (tillaga sem verður hafnað)*

Í ljósi hagkvæmniskilyrðanna í (202), einkum með hliðsjón af (208), er færsla aðalsagnar með rík forskilyrði takmörkuð í fornnorrænu. Í stað slíkrar færslu birtist höfuð brennidepilsliðar (Brenni°), brennidepilsþáttur, í formi sjálfgefinnar sagnar, *gera*.

Hvernig *gera* ætti mögulega að fá skyldubundna sagnbeygingu er óljóst í þessari tilgátu en e.t.v. mætti gera ráð fyrir að hún fengi beygingu með leyndri þáttafærslu. Það skýrði þá jafnframt af hverju gjörðarstoð er svo algeng með neitun, t.d. neitunarhenglinum *-a/-(a)t* í eddukvæðum sem er haus (og/eða er hengdur á haus), sbr. §4.2.2.<sup>195</sup> Sé þessi kenning tekin bókstaflega ætti hljóðgerving brennidepilsþáttar aðeins að geta komið fram í brennidepilslið, sem hjá Rizzi (1997) er í TL. Dæmi um *gera* í aðalsetningum væru ekkert vandamál í slíkri greiningu, ekki frekar en í hefðbundinni greiningu með óklofnum TL, *gera* stæði í Brenni° (eða í T°) og frumlagið (eða t.d. kjarnafært tíðaratviksorð) í ákvKjarnL (eða í ákvTL):<sup>196</sup>

- (211) a. [TL [KjarnL [BrenniL [BRENNI gerra [BL garmr [SL í snerru | geirvífa sér hlífa ]]]]]] (Hákonardrápa, =(79a))  
b. [TL [KjarnL Sigualldi [BrenniL [BRENNI gerdi [BL [NeiL ecki [SL a mot taka ]]]]]]]] (Sverris saga, =(27a))

<sup>193</sup>Þetta væri líkt þeirri kenningu að tíðaratviksorð í fornislenskum boðháttarsetningum og *hvort* (einkum) í forn- og miðs-lenskum *já/nei*-spurningum sé hljóðgerving virkja (e. *operator*), boðháttarvirkja og spurnarvirkja sem draga til sín sögnina (sjá Eirík Rögnvaldsson (2000:75<sub>n.8</sub>) og Halldór Ármann Sigurðsson (1992:298<sub>n.38</sub>)).

<sup>194</sup>Samkvæmt Rizzi (1997) fær liður í ákvarðara brennidepilsliðar áhersluna og forskilyrðin eru táknuð í fyllilið þess liðar. Ef nauðsynlegt er að áherslan sé táknuð í ákvBrenniL yrði að gera ráð fyrir að *gera* stæði ýmist í ákvarðara eða í höfði BrenniL. Þar sem áherslan lendir á *gera*, eins og eðlilegast er í flestum dæmunum og m.a. í (216) *nú GÖRR hinn eigi gjalda fēit*, væri *gera* því í ákvBrenniL.

<sup>195</sup>Dæmi þar sem beyging *gera* sýnir ekki hefðbundið beygingarmynstur með gjörðarstoð bendir jafnvel til þess að á sagnbeygingunni séu takmarkanir, sbr. *gerr* í stað *gerir* t.d. í (211a) úr eddukvæðum og (205b) úr Grágás.

<sup>196</sup>Á eftir BL ætti að vera AndL, sbr. hér á undan, en þeim lið er sleppt til einföldunar. Í (211a) mætti sýna færslu á *gerr-a* áfram upp í T° til þess að gáta neitunarþátt (sbr. Þórhall Eyþórsson 1995, 2002). Spor/afrit t.d. eftir færslur frumlags og persónubeygðar sagnar eru ekki sýndar.

Í hefðbundnum greiningum væri BrenniL sleppt og *ger-r-a* væri í T°, *gerði* annaðhvort í T° eða í B°. Þá teppti aukatengingin einnig T° í aukatengingum og því yrði erfitt að skýra dæmi um *gera* í aukasetningum. Vegna þess að TL er klofinn í fleiri formlíði samkvæmt Rizzi (1997) rúmast *gera* hins vegar einnig í aukasetningum. Þá er tengingin í T° en *gera* í Brenni°:

(212) [TL [T at [KjarnL hann [BrenniL [BRENNI gorir [BL [NeiL eigi [SL uppluka hurdina ]]]]]]] (Vitæ patrum II, =(29))

Kenningar um BrenniL fela í sér að brennidepilsmerking sé vissulega möguleg í aukasetningum en að á því séu miklar merkingar- og málnotkunarlegar (pragmatískar) hömlur að slík merking komi þar fram.<sup>197</sup> Breul (2004:207) lýsir þessum mun þannig að brennidepilsmerking tilheyri venjulega móðursetningu því að fullyrðingin felist fremur í henni en dóttursetningunni.<sup>198</sup> Þessar takmarkanir endurspeglast í setningafræðilegri formgerð. Sú staðreynd er t.d. vel þekkt að munur er á brúarsögnum (e. *bridge verbs*), t.d. *segja*, og öðrum sögnum, t.d. *harma*, að því leyti að brúarsagnir virðast hafa meiri formgerð og leyfa t.a.m. færslur á spurnarorðum úr aukasetningum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2001:15-17, 2005:598-599). Þessu hefur verið lýst á þann hátt að brúarsagnir geti tekið með sér tvöfaldan TL (sbr. Iatridou & Kroch 1992, Höskuld Þráinsson 2001:16). Benincà & Poletto (2004b:60-61) minnst einnig á þennan mun á brúarsögnum m.t.t. færslna í aukasetningum og telja að brúarsagnir varpi klofnum TL, með KjarnL og BrenniL, en að aðrar sagnir varpi venjulega aðeins einföldum TL. Dæmi um gjörðarstoð í aukasetningum er hins vegar ekki hægt að skýra þannig að um sé að ræða brúarsagnir sem taki með sér skýringarsetningar sem hafi einkenni aðalsetninga.<sup>199</sup>

Ef greina á *gera* sem brennidepilsögn spáir það ranglega fyrir um mögulega setningafræðilega stöðu *gera*, sbr. (203), því að *gera* ætti þá ekki að geta staðið neðar en í höfði BrenniL, sem tilheyrir TL.<sup>200</sup> Við þetta bæta kenningar Belletti (2001, 2004) og Benincà & Poletto (2004b) um að BrenniL sé víðar en í TL litlu. Eftir sem áður er andstæðubrennidepill táknaður í BrenniL í TL í þessum kenningum en flyttist með leyndri þáttafærslu niður í neðri BrenniL. Ef *gera* væri brennidepilsþáttur hljóðgervður þyrfti hann að geta flust niður í neðri BrenniL með leyndri þáttafærslu í dæmum á b.v. (207). Þó að slík frestun færslu sé leyfð, og jafnvel æskileg samkvæmt frestunarskilyrðinu (sjá §4.1.1), er fullkomlega ósamrýmanlegt naumhyggjustefnu að þennan þátt sé hægt að skrifa út (gefa honum hljóðform) neðar í formgerðinni en hann er uppruninn. Þáttinn væri því hægt að gáta með leyndri færslu en framburðarmyndin *gera* myndi ekki standa í SL. Tillagan í (210) þarfnast því endurskoðunar.

Í §4.4 var vikið að dæmum um færslu fallháttanna í fornnorrænu og fleiri germönskum málum, sbr. (213). Þar var stungið upp á að greina skyldubundið innskot á *gera* í fornnorrænu eins og Platzack (2008) greinir sömu setningagerð í skandinavískum málum, sem útskrift á s° í sL:

- (213) a. Silvester mællti: «**Trua** **giþrdi** hann þa vin guds.» (Silvesters saga, =(191))  
 b. **Óðin blóta** | **gerðak** aldri (Ketils saga hoengs (lausavisa), =(192))

Í (213) er aðalsögnin *trúa* í brennidepli og flyst óbeygð í ákvarðara brennidepilsliðar (eða tengiliðar). Vegna reglu um sögn í öðru sæti og samræmis við frumlag (*hann, -k*) í BL (ytra vörpunarskilyrði) er sterkur

<sup>197</sup>Sjá umfjöllun og yfirlit hjá Breul (2004:206-215).

<sup>198</sup>Sjá sömu röksemdir hjá Benincà & Poletto (2004b:66-67) um stöðu fyrir kjarna/kjarnalið í aukasetningum.

<sup>199</sup>Af 41 dæmi um gjörðarstoð í aukasetningum eru fjögur dæmi um skýringarsetningar, þar af tvö með líklegum brúarsögnum, sbr. (29) með *svara* og (207c) með *mæla*. Sögnin *ugga* í dæmi (207b) er t.a.m. ekki brúarsögn en *gera* kynni vissulega að vera skotið þar inn vegna þess að þar sé ekki hægt að gáta brennidepilsþátt á annan hátt, ef BrenniL vantar.

<sup>200</sup>Stein (1990) hefur stungið upp á að greina *do* í miðensku sem ögn, nánar tiltekið orðræðuögn sem marki frömun á upplýsingum. Slík frömun felur samkvæmt Stein gjarna í sér andstæðuáherslu, sbr. umfjöllun við dæmi (121). Ef sú ögn tengist höfði formlíðar skapast svipað vandamál einnig í greiningu á setningafræðilegri stöðu *do*, eigi það að vera höfuð brennidepilsliðar.

beygingarþáttur í B° gátaður með því að færa sL í það pláss. Þar sem sL er tengdur úthlutun merkingarhlutverksins gerandi (sbr. Chomsky 1995) er eðlilegt að sjálfgefið hljóðform þessa liðar sé *gera*. Hliðstæðar sagnir eru notaðar í öðrum málum, t.d. da. *gøre*, þýs. *tun*, holl. *doen*, o.s.frv.

Ef hefðbundin dæmi um gjörðarstoð eru greind á hliðstæðan hátt og (skyldubundið) innskot stoðsagnar vegna færslu fallháttar, sem útskrifað s°, þarfnast setningafræðilega dreifingin í (203) ekki frekari skýringa. Stoðsögnin *gera* getur staðið í formgerðinni svo neðarlega sem í s° en hún getur jafnframt flust í BL til þess að gáta þar beygingarþætti og í BrenniL til þess að gáta brennidepilsþætti.

(214) *Fornnorræn gjörðarstoð er útskrifað s° í stað brennidepilsfærslu (endanleg tillaga)*

Í ljósi hagkvæmniskilyrðanna í (202), einkum með hliðsjón af (208), er færsla aðalsagnar með rík forskilyrði takmörkuð í fornnorrænu. Í stað slíkrar færslu er sögnin látin óhreyfð í SL en þættir gátaðir á s°, sem við útskrift fær hljóðform sagnarinnar *gera*.

Önnur rök fyrir því að rétt sé að greina *gera* sem útskrift á s° er sú að gjörðarstoð kemur venjulega fram með sögnum sem úthluta merkingarhlutverkinu gerandi.<sup>201</sup> Hún kemur því aðeins fyrir í umhverfi þar sem hægt væri að nota sambandið *gera þat*, sbr. umræðu við dæmi (60), sem eðlilegt er að líta á sem útskrifað s° þar sem *þat* stendur fyrir SL.<sup>202</sup> Ekki er hægt að prófa slíkar takmarkanir á dauðu tungumáli en í íslensku er erfitt að mynda slík dæmi með ópersónulegum sögnum:

- (215) a. Skein sólin allan gærðag?  
— Nei, það **gerði hún** nú ekki.  
b. Dreymdi þig vel í gær?  
— ?\*Nei, það **gerði mig** nú ekki.  
— \*Nei, það **gerði ég** nú ekki.

Ef *gera* er hér útskrifað s°, og sL tengist merkingarhlutverkinu gerandi, er við þessum takmörkunum að búast, bæði í sambandinu *gera það* og með gjörðarstoð.

Þessi greining felur því í sér að í fornnorrænu er tákun andstæðubrennidepils á sögnum takmörkuð við sagnir sem ekki úthluta merkingarhlutverki, þ.e. hafa ekki hlutverkagrind.<sup>203</sup> Þá geti sögnin ekki víkkað merkingarsvið sitt yfir á viðkomandi formlíð (sbr. Pollock 1989, 1997). Ef þessi takmörkun er alger fellur fornnorræna ágætlega að þrautargreiningu Chomskys (1991, 1995), þar sem innskot á *do* er mörkuð aðgerð sem aðeins er beitt ef allt annað þrýtur. Þetta mætti kalla hina **sterku tilgátu**. Ef hér er hins vegar aðeins um að ræða tilhneigingu, þ.e. takmörkun eða hömlu sem má brjóta, lægi beinna við að greina innskot á *gera* sem hagkvæmt „fyrsta úrræði“ (sbr. Arnold 1994). Innskot stoðsagnar með þungum færslum langt inn á vinstri væng formgerðarinnar, t.d. á aðalsögn hlaðinni forskilyrðum í brennidepli, kæmi þá upp vegna þess að þar er til einhvers að vinna (sbr. Vikner 2000). Þetta mætti kalla hina **veiku tilgátu**.

Veika tilgátan hefur það til síns ágætis að tæplega þarf að skýra uppkomu setningagerðar á b.v. *gera* með nafnhætti. Mikill fjöldi tungumála með gjörðarstoð, sbr. §3.3, væri röksemd fyrir því hve lítt mörkuð setningagerð af þessu tagi er. Vegna þess að andstæðubrennidepill felur í sér mjög markað umhverfi og markaðra en hefðbundinn brennidepill, sbr. tilgátu mína í (208) hér að ofan, væri því gripið til þessarar einföldunar til þess að létta álag í slíku umhverfi. Ef gjörðarstoð er svo ómörkuð væri eðlilegast að hún breiddist út í málkerfinu og tæki við af færslu aðalsagna í öðru umhverfi en aðeins með andstæðubrennidepli.

<sup>201</sup>Í kveðskap eru örfá dæmi um gjörðarstoð með öðrum sögnum en aðalsögnum, sbr. §2.1 og í (52) er hugsanlegt dæmi með skynjunarsögninni *harma*.

<sup>202</sup>Í fornnorrænu eru dæmi sem líkjast liðfellingu í ensku, sbr. (63), en þau mætti einnig greina sem andlagseyður. Sjá §1.4.1.

<sup>203</sup>Fornnorræn gjörðarstoð líkist þá monnskri, þar sem sagnir með hlutverkagrind flytjast ekki í TL í spurningum, sbr. §4.3.

Þessi spá gengur ekki eftir nema að mjög litlu leyti. Sú breyting verður síðla á forníslensku skeiði að dæmi um *gera* með nafnhætti hafa ekki ótvíræða brennidepilsmerkingu og koma í auknum mæli fram í umhverfi sem ekki er neikvætt, sbr. §1.2.1. Í þessum dæmum er nafnhátturinn gjarna með nafnháttarmerki. Það bendir til þess að endurtúlkun hafi orðið á formgerð með málfræðilegu stoðsögninni *gera* með nafnhætti þar sem *gera* var túlkuð sem aðalsögn, sem skýrir beygða nafnháttinn. Eins og felst í orðalaginu *endurtúlkun* myndi barn á máltökuskeiði ekki túlka setningu með gjörðarstoð á sama hátt og fyrri kynslóðir málnotenda. Sú setningafræðilega formgerð sem barnið telur að felst í hljóðastrengnum er því frábrugðin, þó að á yfirborðinu virðist vera um sömu setningagerðina að ræða (sjá t.d. Roberts 2007:122-127 og tilv. þar):

(216) *nú górr hinn eigi gjalda féit*

- (217) a.  $[_{TL} \text{ nú górr hinn eigi } [_{SL} \text{ gjalda féit } ]]$  (ein setning)  
 b.  $[_{TL} \text{ nú górr hinn eigi } [_{TL} [_{SL} \text{ gjalda féit } ]]]$  (tvær setningar)

Endurtúlkun eins og í (217b) hlyti að koma til af tvíræðum dæmum á b.v. þau sem fjallað var um í §1.4.1. Þetta endurspeglast einnig í mikið aukinni bragðfræðilegri notkun sagnarinnar í kveðskap, þegar í yngstu dróttkvæðum en ekki síst í rímnakveðskap (sjá nmlsgr. 81). Á síðari hluta 13. og á 14. öld virðist því áherslumerking gjörðarstoðar hafa gúfað upp.<sup>204</sup> Ef gjörðarstoð stafaði af algerum takmörkunum, sbr. sterku tilgátuna, yrði að halda því fram að á þessu skeiði hafi skilyrðin fyrir takmörkununum einnig breyst. Annars gæti slík endurtúlkun tæplega orðið.

Ef gjörðarstoð er greind til samræmis hinni veiku tilgátu yrði því að segja að krafa um að (aðal)sögn flytjist úr SL sé yfirsterkari kröfu um hagkvæmni í sagnbeygingu sem leyfði innskot á *gera*. Ella yrði orðasafnsfylkið  $F_2$  í (218), með *gera*, alltaf fyrir valinu, einnig í venjulegum fullyrðingarsetningum. Gegn *gera*-innskoti yrði því sennilega einnig að vera almenn hamla sem takmarkaði innskot á orðum/liðum.

- (218)  $F_1 = \dots \{ \{ T^{\circ}_1, B^{\circ}_1 \}, \{ \text{hinn}_1, S^{\circ}_1 \text{ geldr, féit}_1, \text{eigi}_1, \text{nú}_1 \} \}$   
 $F_2 = \dots \{ \{ T^{\circ}_1, B^{\circ}_1 \text{ górr} \}, \{ \text{hinn}_1, S^{\circ}_1 \text{ gjalda, féit}_1, \text{eigi}_1, \text{nú}_1 \} \}$

Hér kemur reyndar upp þekkt vandamál í greiningum á ensku á bæði *there*-innskoti (*það*-innskoti) og gjörðarstoð, sbr. umræðu við (149). Til þess að halda álagi í lágmarki er ekki heimilt samkvæmt naumhyggjustefnu að bera saman mismunandi setningar, þ.e. mismunandi orðasafnsfylki. Því er fylkið  $F_1$  ekki í „samkeppni“ við  $F_2$ .<sup>205</sup> Ekki er heldur leyfilegt að „líta inn í“ aðra áfanga til þess að sjá fyrir að færsla verði óhagkvæm, sbr. ónæmishömlu áfanga (e. *phase impenetrability condition*, sjá t.d. Hornstein o.fl. 2005:348 og tilv. þar). Ef ekki eru beinlínis takmarkanir á því að sagnir með hlutverkagrind gáti þætti tengda andstæðubrennidepli er því erfitt að beinlínis hindra  $F_1$ .

Sterka tilgátan felur í sér algera takmörkun á færslu aðalsagnar í brennidepilslið, sem byði upp á lausn á ofangreindu vandamáli. Til þess að réttlæta slíka greiningu er hins vegar nauðsynlegt að hægt sé að benda

<sup>204</sup>Önnur lýsing á þessari breytingu væri að gjörðarstoð á þessu skeiði sé föst setningagerð, ekki ósvipað föstu orðasambandi, sem dreifist síðan út um málkerfið (sjá Culicover 2008).

<sup>205</sup>Eðlilegt er að spyrja sig hér þeirrar spurningar hvort sú takmörkun sé nauðsynleg/raunveruleg, eða hvort hún þjónar aðeins fræðilegum tilgangi. Í bestunarkenningu fer val á úttaki (e. *output*) t.d. fram með því að bera saman allar hugsanlegar formgerðir og velja þá hagkvæmustu (sjá t.d. bestunargreiningu Vikners 2000, sbr. einnig nmlsgr. 143). Í slíkri greiningu er hægt að sýna að fornnorræn gjörðarstoð með andstæðubrennidepli sé valin fram yfir formgerð án gjörðarstoðar vegna þess að það er markað umhverfi, á hliðstæðan hátt og í ensku (sbr. Heimi Frey Viðarsson 2008a). Erfiðara er hins vegar að skýra af hverju hún kemur nákvæmlega fyrir í því umhverfi og aðeins í því umhverfi.

á eitthvað sem kann að hafa orðið valdur að slíkri takmörkun og í hverju takmörkunin er fólgin. Í §1.2 og §4.2.2 hef ég ýjað að því að tengsl kunni að vera á milli hertrar neitunar með neitunarhenglinum *-a/(a)t*, sem hengdur er á sagnir í persónuhætti og flyst skyldubundið (í aðalsetningum) í T° (sbr. Þórhall Eyþórsson 1995, 2002). Þetta samband verður athugað nánar í næsta undirkafla þar sem dregin verður upp mynd af því hvort og þá hvernig hugsanlegt er að þessar takmarkanir hafi komið upp.

### 5.1.2 Takmarkanir á færslum í brennidepilslið

Málstig fornnorræns kveðskapar nær aftur á 9. öld og því mun lengra aftur en elstu lausamálstextar, sem eru frá 12. öld. Eðlilegt er því að leita takmarkana á brennidepilsfærslu í kveðskap. Í elstu dæmum birtist gjörðarstoð með neitunarhenglinum *-a/(a)t*, sbr. §2.1.1. Dæmin eru endurtekin í (219):

- (219) a. **gerra** garmr í snerru | geirvífa **sér hlífa** (Hákonardrápa 8 (10. öld, no.), Skj. BI-56)  
b. (baugs **gerðut** við **vægjask**) | verkendr Heðins serkjar; (Óláfsdrápa, erfidrápa 13 (10. öld, ísl.), Skj. BI-153)  
c. **gerþit** vatn **vægja**; | vera mvn þat fyr necqvi. (Atlamál 26, útg. Bugge 1867:296)  
d. oc til gota **ecci** | **gerþot** **heýra** (Hamðismál 18, útg. Bugge 1867:319)

Í þessum dæmum kemur fram andstæðubrennidepill eins og í lausamálsdæmum 12. og 13. aldar. Upprunaleg merking hengilsins er hert neitun (sbr. Jespersen 1917) en þegar forna setningarneitunin *ne* hverfur, sbr. 3. stig hringrásar Jespersens, tekur hengillinn við af *ne* og táknar aðeins venjulega neitun.<sup>206</sup> Þórhallur Eyþórsson (2002) hefur lýst þessari breytingu á þann hátt að hengillinn sé það veiklaður að hann geti ekki einn og óstuddur táknað neitun í NeiL og flytjist því í T° til þess að gáta þar neitunarþátt. Önnur möguleg lýsing á því að sögn með neitunarhenglinum standi í T° er að hún flytjist þangað til þess að gáta brennidepilsþátt, sbr. kenningu Rizzis (1997) um klofinn TL. Þetta er ekki ósennileg tilgáta í ljósi þess að hengillinn táknaði á einhverju stigi herta neitun.<sup>207</sup>

Lausamálstextarnir sýna ekki hvenær breytingarnar frá 2. stigi Jespersens til 3. stigs og 3. til 4. stigs hefjast heldur aðeins að þær eru nær að fullu um garð gengnar á síðari hluta 12. aldar. Hins vegar verður í ljósi dæma úr dróttkvæðum að gera ráð fyrir að notkun sagnarinnar *gera* í áherslumerkingu eigi rætur að rekja a.m.k. aftur á 10. og jafnvel 9. öld. Allra elsta fornnorræna hlýtur því þá þegar að hafa upp að einhverju marki haft sömu tilhneigingar og virðist vera skyldubundið umhverfi gjörðarstoðar á 12. og 13. öld.<sup>208</sup>

Ein möguleg skýring á því að neitunarhengillinn skuli koma fram með *gera* er að brennidepilsmerking hengilsins hafi þegar á þessu stigi dofnað. Málstig kveðskapar virðist þá vera millistig í þróuninni til hertrar neitunar með *gera* í stað hengilsins. Dæmi af því tagi benda því til þess að breytingin hafi ekki verið skyndileg heldur birtist veiklaður hengillinn fyrst á stoðsögninni. Sú breyting verður ekki fyrir en síðar að *gera* er ein höfð í þessari merkingu með aðalsögnum en hengillinn er áfram hengdur á sagnir án hlutverkagrindar á síðari hluta 12. aldar.<sup>209</sup> Það eru því fyrstu merki um veiklaðan BrenniL, ef á þá tilgátu er fallist að hengillinn hafi áður flust fremst í setningu og gátað brennidepilsþátt (dæmi sbr. (186)):

<sup>206</sup>Sjá umræðu um neitun í fornnorrænu í §4.2.2.

<sup>207</sup>Ef TL er fingreindur eins og hjá Rizzi (1997) þarf ekki endilega að gera upp á milli þessara kenninga. Neituð sögn kann að flytjast í BrenniL til þess að gáta brennidepilsþátt og í efsta hluta TL til þess að gáta neitunarþátt.

<sup>208</sup>Jafnvel væri ómögulegt að halda öðru fram því að gjörðarstoð kemur fram í sama umhverfi í fornnorsku, forníslensku og e.t.v. þeirri fornnorrænu mállýsku sem töluð var á Grænlandi, ef Atlamál eru grænensk, eins og skýrt er tekið fram í Konungsbók eddukvæða (sjá t.d. ÍB:I-165).

<sup>209</sup>Í §4.2.2 voru sýnd dæmi úr Grágás þar sem hengillinn er hengdur á aðalsagnir, þó að hann sé algengastur með hjálpar- og háttarsögnum. Þar kom hins vegar einnig fram að í kristilegum ritum 12. aldar birtist hengillinn aðallega eða einvörðungu á hjálpar- og háttarsögnum. Þetta þyrfti hins vegar að athuga nánar.

- (220) a. A himni vaf ec nu. oc veit ec hverir her mono andafc. oc **monat** þu i því floþi verþa. (Viðræður Gregors)  
 b. En hann hredifc, ef hann fa at blothuf vaf. oc gorþi Cros marc vvir fer þott hann **trvþi eigi** a crosin. oc **mattia** fofna fvr hretflo (*sama rit*)  
 c. En þīþan ef þér boþet at þu **dryger eige** farlif. **Scallat** tu **ftela**. oc eige of ágiarn. **Scaldtu eige bera** liúgvitni. (Íslensk hómiliubók)

Dæmi (220c) sýnir glöggð að hengillinn og neitunin *eigi* eru notuð á víxl, sbr. *skal-at-tu stela en skaltu eigi bera ljúgvitni*. Á 12. öld hefur neitunarhengillinn ekki sína upphaflegu hertu merkingu svo nauðsynlegt er að láta slíka áherslu á hjálpar- og háttarsagnir í ljós með öðrum hætti:<sup>210</sup>

- (221) En þóat allar hofþfkepnor váttaþe han goþ vera. þa **vildu olvngif eige** hiorto ótrúra gyþinga trua han goþ vera. (Íslensk hómiliubók, útg. Leeuw van Weenen 1993:28r<sub>24</sub>)

Á þessu málstigi hefur því samkvæmt minni tilgátu orðið sú breyting á brennidepilslið að hann er ófær um að draga til sín persónubeygðar aðalsagnir:

- (222) a. \* þá **villd-at** hjortu ótrúra Gyðinga trúa ...  
 b. \* þá **trúð-at** hjortu ótrúra Gyðinga ...

Þegar hert neitunarmerking hengilsins tekur að hverfa, sem óvíst er hvenær gerðist (fyrir 10. öld), er skyldubundin færsla hengilsneitaðrar sagnar í brennidepilslið sérkennileg óregla sem veldur því að neitaðar sagnir flytjast (með ljóstri færslu) hærra en sagnir án neitunar. Brennidepilsliður er því orðinn ógagnsær í neituðu umhverfi samkvæmt gagnsæislögmáli Lightfoots (1979) og færsluna þarf að læra sérstaklega. Gagnsæislögmálið leiðir að lokum af sér málbreytingu sem ryður út óreglunni, þegar hún hefur náð vissum hápunkti.<sup>211</sup> Eins og Pollock (1989, 1997) hefur greint þá breytingu í ensku að samræmi verði ógagnsætt og hætti á þeirri stundu að geta dregið til sín sagnir sem úthluta merkingarhlutverki, má færa rök fyrir því að færsla aðalsagna í brennidepilslið sé mjög mörkuð í fornnorrænu á þessu stigi. Það umhverfi sem nú er til umræðu er því einfaldlega neikvæð fullyrðingarsetning, án sérstakrar áherslu. Málstig elsta kveðskapar og Grágásar sýnir að þrátt fyrir ógagnsæi færslunnar í tengilið/brennidepilslið er ekkert á því stigi sem hindrar færsluna, jafnvel ekki með aðalsögnum. Í þessu samhengi er ógagnsæið því ekki nægilega mikið:<sup>212</sup>

- (223) Ótakmarkaður BRENNIL (á málstigi a.m.k. eldra en 10. öld) dregur til sín:  
 S° [+θ]  
 S° [+NEITUN]  
 S° [+BRENNIDEPIL]  
 S° [+ANDSTÆDUBRENNIDEPIL]

Ef hins vegar, í ljósi ofansagðs, aðalsögn ber andstæðuáherslu og hana þarf að setja í brennidepil kemur tvennt til. Ógagnsæisskilyrði eru fyrir hendi og færslan sem þetta umhverfi krefst er mörkuðust þáttanna sem sýndir voru í (223). Þá fara hagkvæmniskilyrði að skipta verulegu máli. Í stað færslu aðalsagnar þar sem þarf að gáta alla þættina fjóra í (223), þ.e. [+θ], [+neitun], [+brennidepil] og [+andstæðu], er því aðalsögnin skilin eftir í SL.<sup>213</sup> Til þess að gáta þættina er nú s° virkjað og flutt í gegnum (neitunarlið,) andstæðulið, beygingarlið og hafnar loks í brennidepilslið. Þar sem gjörðarstoð kemur fram með andstæðubrennidepli má tengja hrun afleiðslunnar gátun brennidepilsþáttar eftir að andstæðuþáttur hefur verið gátaður:


<sup>210</sup>Mörg dæmanna um hengillinn með hjálpar- og háttarsögnum í elsta lausamáli koma þó fyrir í umhverfi sem gæti sem best táknað áherslu sambærilega andstæðubrennidepli með gjörðarstoð, sjá t.d. (220a,b). Þá væri hins vegar von á að *ok mun-at* væri en *mun-at* og að gjörðarstoð kæmi fram með *þott hann trúði eigi*.

<sup>211</sup>Lightfoot (1979) skilgreinir lögmálið ekki nánar, þ.e. ekki er hægt að benda á nákvæmlega hvaða þætti eða hve marga þætti þurfi almennt til þess að málbreyting verði. Sjá t.d. umræðu hjá Roberts (2007:127-129).

<sup>212</sup>Θ í (223) stendur fyrir merkingarhlutverkaþætti (e. *θ-features*), þ.e. það sem skilur aðalsagnir frá öðrum sögnum.

<sup>213</sup>Ef uppbygging setningar fer fram í áföngum gengur fyrsti áfanginn því upp en afleiðslan hrynur í þeim síðari, þar sem gáta þarf þessa fjóra þætti.





(225) *Fyrsti áfangi:*  
 [sL [sL ⟨geldr⟩ [+AND, +BRENNI, +TÍÐ, +SAMR] nú eigir féit ]] = √

Í (225) hafa andstæðu- og brennidepilsþættir (auk neitunarþættar) ekki verið gátaðir svo afleiðslan heldur áfram í annan áfanga:<sup>214</sup>

(226) *Annar áfangi:*

- [*AndL* [+AND]<sup>∇</sup> ⟨geldr⟩ [+AND]<sup>∇</sup> ]
- [*BrenniL* [+BRENNI]<sup>!</sup> ⟨geldr⟩ [+BRENNI]<sup>!</sup> ]
- [*BrenniL* ⟨geldr⟩ [+BRENNI]<sup>!</sup> [*BL* hinn [*NeiL* eigir ]]] = !

Afleiðsla annars áfanga hrynur vegna þess að gátun á þáttum aðalsagnarinnar *geldr* er ekki möguleg í brennidepilslið.<sup>215</sup> Brennidepilsþáttur er hins vegar nægilega sterkur til þess að draga til sín sagnir sem ekki úthluta merkingarhlutverki, svo afleiðsla með færslu á *s°*, sem skrifast út sem *gera*, er valin til þess að gáta þættina í (226). Ef ekki er hægt að líta inn í áfanga, sbr. ónæmishömlu áfanga, verður að byrja afleiðsluna upp á nýtt og velja *s°* í stað *S°*. Það val væri sambærilegt því að velja *F<sub>2</sub>* í (218) fram yfir *F<sub>1</sub>*. Þetta væri hins vegar fremur óhagkvæm lausn. Eins og hér hefur verið stungið upp á að greina gjörðarstöð, sem vali á *s°*, leyfir naumhyggja raunar að afleiðslan haldi áfram þaðan sem frá var horfið í (226). Þó að ekki megi líta inn í áfanga er jaðar (e. *edge*) áfanga sýnilegur í uppbyggingu afleiðslunnar.<sup>216</sup> Því þarf ekki að gera ráð fyrir að valið sé á milli *F<sub>1</sub>* og *F<sub>2</sub>*, heldur er einfaldlega þrifið í jaðar fyrri áfanga, sem einmitt er *sL*:

<sup>214</sup>Gátun tíðar- og samræmisþátta sagnar, auk neitunar, er ekki sýnd í þessari einfölduðu afleiðslu. Einnig gátar aðalsögnin *gjalda* merkingarhlutverkaþætti og tíðaratviksorðið *nú* kjarnaþátt í kjarnalið.

<sup>215</sup>Misbrestir á gátun kunna vissulega að verða neðar í formgerðinni, jafnvel þegar í andstæðulið. Eins og andstæðubrennidepill er túlkaður hér er strangt tiltekið ekki mögulegt að greina hvor liðanna hindrar færsluna.

<sup>216</sup>Sjá t.d. umræðu hjá Chomsky (2000), Hornstein o.fl. (2005:360-362) og tilv. þar.

(227) *Annar/þriðji áfangi (beint framhald annars áfanga í (226))*

- a. Jaðar fyrri lokins áfanga, =(225), valinn: [sL ... ] = √
- b. [AndL [+AND]<sup>v</sup> ⟨s°⟩ [+AND]<sup>v</sup> ]
- c. [BrenniL [+BRENNI]<sup>v</sup> ⟨s°⟩ [+BRENNI]<sup>v</sup> ]
- d. [BrenniL s° [+BRENNI]<sup>v</sup> [BL hinn [NeiL eigi ]]] = √

Þegar áfangar eru sendir til útskriftar og þaðan til hljóðforms er s° skipt út fyrir hina sjálfgefnu gerandasögn sem tilheyrir s°, þ.e. *gera* (sbr. einnig §4.4):

(228) *Útskrift áfanga send til hljóðforms:*  
Nú **görr** hinn eigi gjalda féit.

Mín tilgáta er því sú að ferill þeirra málbreytinga sem leiddu til málstigs með skyldubundinni gjörðarstoð í hertu samhengi (fram á 12. og fyrri hluta 13. aldar) hafi verið á þessa leið:

- (229) a. Sögn með neitunarhengli flyst skyldubundið í BrenniL til þess að gáta brennidepilsþátt. Þetta er málstig elsta kveðskapar, sem einnig má sjá leifar um í Grágás (sbr. §4.2.2).
- b. Hert neitunarmerking hengilsins dofnað með tímanum og hengillinn táknað að lokum einfaldlega hefðbundna setningarneitun.
- c. Enginn setningafræðilegur þáttur knýr á þessu stigi fram færsluna, þ.e. neitunin gátar ekki brennidepilsþátt í TL/BrenniL.
- d. Þetta málstig býður upp á þann möguleika að túlka þáttinn sem áður dró sögnina til sín sem veikan/veiklaðan þátt í samræmi við gagnsæislögmálið.
- e. BrenniL hefur nú ekki lengur bolmagn til þess að draga til sín sagnir með hlutverkagrind (aðalsagnir). Hjálpar- og háttarsagnir með neitunarhengli halda hins vegar áfram að flytjast í brennidepilslið þar sem þær úthluta ekki merkingarhlutverki. Þetta er málstig elstu kristilegu rita og að hluta til Grágásar.
- f. Til þess að setja aðalsögn í brennidepil er ekki lengur hægt að flytja hana í BrenniL svo nú er gripið til s° (=gera) til þess að gáta brennidepilsþátt. Gjörðarstoð verður nú skyldubundin í þessu samhengi.

Hér er *gera* því greind samkvæmt þrautargreiningu („last resort“), ekki ósvipað og í ensku. Þessari greiningu á gjörðarstoð mætti allt eins beita á ensku og sennilega öll önnur mál með áherslustoð af svipuðu tagi þar sem stoðin kemur fram í formi sagnar á b.v. *gera*. Eins og kenningin er sett fram hér skýrir hún þó ekki af hverju gjörðarstoð í ensku kemur skyldubundið fram í neikvæðu umhverfi. Mitt svar við því er tiltölulega óformlegt. Þar sem neitun er táknuð í höfði neitunarliðar í ensku og hengd (skyldubundið eða valfrjálst) á sögn, þ.e. með *do not* og *didn't*, hlaðast þeir neitunarþættir á færslu sagnarinnar og íþyngja henni.<sup>217</sup> Í ensku er þá takmörkunin meiri og/eða skýrist af eðli neitunarinnar.

Á svipuðum getgátunótum er freistandi að tengja eðli hengilsneitunarinnar í fornnorrænu því að gjörðarstoð hafi komið upp í málinu. Vegna þess að sú neitun var hengd á sagnir, og tengdist því sagnfærslunni með beinum hætti (m.a. vegna hausafærsluhömlunnar), hafi hagkvæmniskilyrði vegið þyngra en ella. Gjörðarstoð hefur þá fyrst aðeins komið fram í hertu neikvæðu umhverfi. Þegar hengilsneitunin fjarar út á 12. öld, og neitunin *eigi*, sem ekki var haus, tekur við af henni, er færsla neitaðrar sagnar með andstæðubrennidepli þ.a.l. ekki lengur jafn mörkuð og hún var með hengilsneituninni (enn, samkvæmt hausafærsluhömlunni). Þegar umhverfi gjörðarstoðar er skyndilega ekki bundið sömu takmörkunum og áður eru komin skilyrði fyrir endurtúlkun á *gera* þar sem hún er ekki lengur þrautarráð til bjargar hrynjandi afleiðslu. Í staðinn er hún túlkuð sem föst/stirðnuð formgerð og fer að koma fram í fjölbreyttara umhverfi, t.a.m. öllu hertu umhverfi. Í kveðskap hafði gjörðarstoð fyrr mátt beita á þann hátt, sbr. §2.1, þar sem hún er aðeins tengd öðrum þættinum, [+brennidepli]. Þeim mun á kveðskap og lausamáli má þá lýsa sem stigsmun en ekki eðlis-, sbr.

<sup>217</sup>Þetta jafngildir þeirri sýn á hausafærsluhömluna að hún takmarki færslur en hindri þær ekki (endilega), þ.e. eins og hún birtist í bestunargreiningum á b.v. Vikner (2000).

§2.1. Þetta jafngildir því að greina gjörðarstöð á elsta stigi samkvæmt veiku tilgátunni en að með síðari tíma þróun málfræðivæðist hún og fellur þá að sterku tilgátunni. Enn síðar rennur stoðsögnin *gera* svo saman við aðalsögnina *gera* þar sem hún tekur með sér beygðan nafnhátt og þannig er hún túlkuð frá 14. öld.

Að lokum verða nú fleiri setningagerðir sýndar sem benda til þess að eðlilegt sé að ætla að þörf sé á sérstökum brennidepilslið til þess að gera fornnorrænni setningagerð nægilega góð skil.

## 5.2 Fleiri setningagerðir með færslum í brennidepilslið

Önnur rök má tína til fyrir meiri formgerð í TL í fornnorrænu til þess að styrkja stoðir þessarar greiningar. Ýmsir liðir aðrir en aðalsagnir geta staðið í BrenniL, t.d. framfærð neitun í dæmum sem líkjast stílfærslu þar sem gera þarf ráð fyrir vörpun á milli hefðbundins TL og BL:<sup>218</sup>

- (230) a. Coftið er þes at halða fva þessar helgar tíþer at **eigi** **fed** er scilþer fra eilífrí hotið. (Brot úr hómilíum Gregors páfa hins mikla, útg. Þorvaldur Bjarnarson 1878:20<sub>8</sub>)  
b. Sa mon hialpafc er trvir. en fa fvr dómafç er **eigi** **trvir**. (*sama rit*:22<sub>8</sub>)  
c. ef **eigi** **fetr** þu nóckut þat at mæla at ek muni þar af min forlóg marka. (Óláfs saga helga, (=34))  
d. Snu þu fra augu min droten at **eigi** **fç þau** unyt. (Norsk hómilíubók, útg. Indrebø 1931:56<sub>31</sub>)  
e. Hvef væntum vér hvat hinir manu af liota **er** rænto hælga ftaðe ok vefla menn. ok fyrir-dømdo með rængu. ok bötto ecci yfir. ok **eigi** **iðraðofç** mið-verca sinna. (*sama rit*:66<sub>19</sub>)  
f. ok man hann fenda ós hinn hælga anda fem þæim fendi hann. ef **eigi** **ftænnðr vár u-lyðni** fyrir ok miðgerðir. (*sama rit*:94<sub>15</sub>)

Önnur orð en neitun geta birst í svipaðri stöðu, tíðaratviksorðin *nú* og *þá*, auk persónufornafnsins *hann* sennilega í ákvarðara kjarnaliðar:

- (231) a. Eigi sculu þer ráðafç. því at þér læitið Iesum enç croffelta. **Sva fem hann þetta mælte** berlega. (Norsk hómilíubók, útg. Indrebø 1931:83<sub>12</sub>)  
b. Fafta langa-fæftu væl. [...] En þo þær tíðir ræin-legft **er nu talda ec**. ok fva hælgar tíðir allar. (88<sub>5</sub>)  
c. þa fæ þæir ængla tva í hvitum clæðum. ok fægðu þæim at hann myndi koma til doms at dæma alla verold í því manz líki **fem þa var hann**. (90<sub>23</sub>)

Skýringar á dæmum af þessu tagi hafa oft verið á þá leið að í fornnorrænu sé hægt að tvöfalda TL, þ.e. að honum hafi mátt varpa aftur.<sup>219</sup> Þá rúmast þessir framfærðu liðir innan hefðbundinnar TL-BL-formgerðar. Ef slík tvöföldun væri möguleg í tungumálum væri hins vegar við mun meiri tilbrigðum í orðaröð að búast en aðeins að liðir á b.v. neitun og tíðaratviksorð birtist í þessari stöðu.

Við dæmin í (230) og (231) vil ég ennfremur bæta dæmum úr fornnorrænum boðháttarsetningum sem greinilegt er hafa meiri formgerð en hinar hefðbundnu TL-BL-hæðir. Þau dæmi fá fullkomlega eðlilega skýringu ef í TL er brennidepilsliður sem feitletruðu agnirnar flytjast í:

- (232) a. Saulus scalf oc melte: „Hvat vildu at ec gera?“ Drottenn melte við hann: „**Ris up ðu** oc far i borgina, oc mun þer þar sagt vera, hvat þu scalt gera.“ (Páls saga postula I, útg. Unger 1874:216<sub>19</sub>)  
b. Annanias het nøqerr ungr sveinn i borgenne oc vitraðez drottenn honom oc melte sva: „**Ris up ðu**, Annania, oc leita manz þess, es Saulus heiter, i husom Jude, oc legg þu hendr þinar yfer hœfoð honom, at hann take syn sina.“ (*sama rit*:216<sub>27</sub>)

<sup>218</sup>Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson (2004) gerir greinarmun á stílfærslu hámarksvarpana (í ákvBrenniL), sem krefst frumlagseyðu (sbr. Maling 1980), og stílfærslu hauss (í Brenni<sup>o</sup>), með frumlagseyðu eða frumlagi sem er veikt fornafn. Þó að í fornnorrænu sé einnig algengast að frumlag sé veikt fornafn í þessum dæmum er það ekki algilt, ólíkt nútímamáli (sjá t.d. Ásgrím Angantýsson 2001 um nútímamál). Þar sem færsla af þessu tagi er ávallt háð forskilyrðum í nánasta textasambengi (a.m.k. í fornnorrænu), og eðlilegt er að vísa til kjarna í umræðu með fornöfnum, er við því að búast að fornöfn séu algengari en þyngri liðir í slíkum dæmum.

<sup>219</sup>Sjá t.d. Iatridou & Kroch 1992 og tilv. þar. Sjá einnig dæmi hjá Faarlund (2004:250-252) og umræðu hjá Eiríki Rögnvaldssyni (2000:77-78<sub>n9</sub>, 2005:621-622) um stöðu í aukasetningum og tvöföldun í tengslum við boðhátt í fornnorrænu.

- c. Luc up þu mun min þa er bætr gægnir at mæla an þegia. en þu byrg hann þa er bettra er þagat en mælt. (Norsk hómiliubók, útg. Indrebø 1931:98<sub>8</sub>)
- d. Luk upp þu, drottinn, dyrr hiarta hans fyrir maalum þinum, at hann kenni þik vera skapara sinn ok neiti dioffi ok ollu glysi hans ok skurdgodum hans. (Ceciliu saga meyar, útg. Unger 1877:I-278<sub>5</sub>)

Ég veit ekki til þess að fornnorræn dæmi af þessu tagi hafi áður komið við sögu í málfræðilegri umræðu. Eðlilegast er að ætla að undirstrikuðu sagnirnar í þessum dæmum standi samkvæmt hefðbundinni greiningu í T<sup>o</sup> en að ögnin *upp* hafi verið færð í ákvarðara brennidepilsliðar til þess að gáta brennidepilsþátt. Ef boðháttarvirkinn í fornnorrænu er valfrjáls (sbr. Eirík Rögnvaldsson 2000) kann *rís* og *lúk* einnig að standa í ákvKjarnL eða ákvBrenniL, sem skýrir þá stöðu boðháttarsagna í fornislenskum boðháttarsetningum. Í ákvBrenniL lendir áherslan á aðalsögnunum en eðlilegra væri að hún lenti á ögninni. Hliðstæð setningagerð í hollensku bendir einnig til þess að ögnin, sem þar fær áhersluna, standi í ákvBrenniL, fremur en sögnin.<sup>220</sup>

Í íslensku og fornislensku er eðlilegt að flytja nöfn í kynningum fremst í setningu, þ.e. þar sem nafn viðkomandi er fréttæmt. Í (233a) er sýnt tilbúið íslenskt dæmi og í (233b) er upphafssetning Njáls sögu (sjá útg. Einar Ól. Sveinsson 1954:5; AM 132 fol [1330-1370]):<sup>221</sup>

- (233) a. **Jón** heiti ég  
b. **Mörðr** hét maðr, er kallaðr var gígja

Ef kjarnafærsla er skilgreind á þann hátt að hún flytji stærri einingar en stílfærsla ætti færslan í (233) að vera kjarnafærsla. *Jón* og *Mörðr* eru hins vegar ekki kjarnar því að þeir hafa ekki komið við sögu áður í dæmunum í (233). Færslan er því ekki kjarnafærsla (færsla kjarna) heldur færsla í brennidepil sem felur í sér nýjar upplýsingar, til marks um kynningu á nýrri persónu. Færslan í (233a) getur ekki heldur verið stílfærsla því að stílfærsla krefst frumlagseyðu í íslensku. Þessi brennidepilsfærsla er einnig möguleg í aukasetningum (a.m.k. tilvísunarsetningum), bæði í íslensku og í fornnorrænu eins og dæmin í (234) sýna. Í íslensku eru slík dæmi þó ritmálsleg.

- (234) a. (?) Þá hitti María mann sem **Jón** hét og var prestur.  
b. hann varð tældr af radum kennimanna eptir vig þess manz, er **Priscellianus** het. (Martinus saga byskups II, útg. Unger 1877:597<sub>27</sub>; AM 235 fol. [c1400])

Í §4.4 var einnig stungið upp á að greina færslur á fallháttum með *gera*-innskoti, sem stundum eru nefndar stílfærslur, sem brennidepilsfærslur. Mögulegt væri að greina takmörkun á færslu fallháttanna í ákvBrenniL (á fyrri hluta 20. aldar), þ.e. hvarf dæma á b.v. (33)/(191) *trúa gjörði hann þá frá 12. öld* og (200) *fella gerði nefnd [...] tillögu frá 20. öld*, á svipaðan hátt og í kaflanum hér á undan. Með því fást jafnframt eðlilegar skýringar á í hverju sá munur sem kemur fram á færslu fallháttanna í t.d. íslensku og hinum germönsku málunum kunnir að vera fólgin. Þar sem takmarkanir eru á færslu sagna sem úthluta merkingarhlutverki í brennidepilslið, og stílfærslu má greina sem brennidepilsfærslu (nýjar upplýsingar), sbr. §4.4, er um eins konar sívaxandi takmörkun að ræða:

<sup>220</sup>Í hollensku koma dæmi af þessu tagi fyrir ef um sérstaka áherslu er að ræða:

- (1) a. Sta op jij! 'Stattu upp!'  
stand upp þú  
b. Sta (jij eens) op! 'Stattu upp!'  
stand (þú aðeins) upp

Áherslan lendir í þessum tilvikum á ögninni sem bendir til þess að *op* í (1a) sé í ákvBrenniL, ekki aðalsögnin.

<sup>221</sup>Sjá einnig sambærilega færslu í sikileysku í (164a).

(235) *Stílfærsla getur flutt (= brennidepilslíður getur dregið til sín):*

- a. *Fornorræna*  
S° [+θ]  
S° [+BRENNIDEPIL]  
S° [+ANDSTÆDUBRENNIDEPIL]
- b. *Íslenska (fram á 20. öld?)*  
S° [+θ]  
S° [+BRENNIDEPIL]  
S° [+ANDSTÆDUBRENNIDEPIL]
- c. *Núttímalsenska*  
S° [+θ] (ekki úthlutun merkingarhlutverks til frumlags)  
S° [+BRENNIDEPIL]  
S° [+ANDSTÆDUBRENNIDEPIL]

Fornorræna leyfir samkvæmt þessu stílfærslu á aðalsögn í nafnhætti með andstæðubrennidepli/nýjum upplýsingum án frumlagseyðu. Þetta er hægt að umorða þannig að fornnorræn stílfærsla færi allar sagnir, jafnvel þó að þær úthluti merkingarhlutverkum til frumlags og andlags. Dæmi (200) og ummæli Sigfúsar Blöndals (1920-1924: *gera*, C III) sýndu að á 20. öld er slík færsla möguleg með nýjum upplýsingum, án frumlagseyðu. Í nútímamáli er stílfærsla aðeins tengd nýjum upplýsingum og hefur einvörðungu bolmagn til þess að flytja aðalsagnir ef þær úthluta ekki merkingarhlutverki til frumlags, sbr. kröfu um frumlagseyðu.

Aðgreining af þessu tagi kann að færa málvísindin nær því að hægt sé að greina af hverju sá munur stafar sem er á milli stílfærslu í forníslensku, sem ekki er háð frumlagseyðu, og samsvarandi færslu í nútímalsensku, sem krefst slíkrar eyðu. Þessi greining býður einnig upp á að tengja saman nokkrar mismunandi setningagerðir og greina þær allar á hliðstæðan hátt, þar sem á takast hömlur og hagkvæmniskilyrði sem tengjast mörkun færslna í brennidepilslíð.

### 5.3 Niðurstaða

Í þessum kafla hefur verið gerð tilraun til þess að greina fornnorræna gjörðarstoð með hliðsjón af greiningum á líkum og skyldum fyrirbærum í öðrum tungumálum, sbr. umræðu í 4. kafla. Stungið var upp á tvenns konar greiningartilgátum sem til aðgreiningar voru nefndar hin sterka og hin veika tilgáta. Þessar tilgátur verka á svipaðan hátt og leggja áherslu á að brennidepilsmerking gjörðarstoðar feli í sér markað umhverfi en eðli innskotsins er nokkuð frábrugðið. Það sem þessar tvær tilgátur eiga sameiginlegt er að gjörðarstoð er greind sem útskrift á s°, á mjög hliðstæðan hátt og með (brennidepils)færslu fallháttu í §4.4. Helstu rök fyrir þeirri staðhæfingu í veiku tilgátunni er setningafræðileg staða *gera* í dæmunum í yfirliti lausamáls og kveðskapar í 1. og 2. kafla, sem er í hefðbundnu höfði tengiliðar, beygingarliðar og sagnliðar.

Samkvæmt veiku tilgátunni er innskot á *gera* einfalt og hagkvæmt úrræði í stað færslu aðalsagnar með mikil forskilyrði í andstæðulið og brennidepilslíð, í ljósi hagkvæmniskilyrða í naumhyggjustefnu eins og hún kemur fram hjá Chomsky (1995, 2000 og síðar). Þessi greining er í fullkominni andstöðu við greiningar Chomskys að öðru leyti, þar sem innskot á *do* er þrautarúrræði. Hin veika greining er því meira í anda „óhefðbundinna“ greininga þar sem innskot á *do* í ensku er talið ó- eða lítt markað en að takmarkanir gildi um hvar því er beitt (sbr. t.d. Arnold 1994, Vikner 2000, Erb 2001 og fleiri gagnrýnisraddir sem á var minnst í §4.1 og §4.3). Innskoti á *gera* er þá einvörðungu beitt í mjög mörkuðu umhverfi þar sem ávinningur af því er meiri en t.d. í venjulegum fullyrðingarsetningum. Gallinn við þessa tilgátu er að hún er full almenn

og ekki er alveg ljóst af hverju gjörðarstoð kemur nákvæmlega fyrir með andstæðubrennidepli en ekki t.d. í spurnarsetningum (færslu í  $T^0$ ), líkt og t.d. í ensku og monnsku. Hún ætti a.m.k. hæglega að geta þróast á þá leið. (Þessi galli kann því einnig að vera styrkleiki.)

Sterka tilgátan er tilraun til þess að lýsa fornnorrænni gjörðarstoð sem algjerri takmörkun á færslum í brennidepilslið á hliðstæðan hátt og færsla aðalsagna í beygingarlið (tíðarlið) í ensku er ekki möguleg, sbr. innskot á *do* t.d. hjá Pollock (1989, 1997), Chomsky (1991, 1995), Roberts (1993) o.fl. Bent var á hugsanleg tengsl upphaflega hertrar neitunar með neitunarhenglinum *-al-(a)t* í fornnorrænu og fornnorrænnar gjörðarstoðar. Hengilsneituð sögn hafi skyldubundið flust í brennidepilslið til þess að gáta brennidepilsþátt. Þrátt fyrir að hert merking hennar hafi horfið heldur hún áfram að flytjast hátt upp í formgerðina en sú færsla er ekki lengur til þess að gáta brennidepilsþætti. Hlutverk brennidepilsliðar með þessari setningagerð verður ógagnsætt samkvæmt gagnsæislögmáli Lightfoots (1979) og liðurinn verður ógagnsær í skilningi Pollocks (1989, 1997), eða þættir hans taka að veikjast í skilningi Chomskys (1991, 1995). Þegar svo er komið fer mörkun færslna að hafa áhrif á sagnfærslu og farið er að skjóta inn *gera* í umhverfi hertrar neitunar með aðalsögnum. Sagnir án merkingargrindar halda hins vegar áfram að flytjast í brennidepilslið. Í mörkuðu umhverfi andstæðubrennidepils hrynur afleiðslan ef reynt er að flytja sögn með merkingargrind á vinstri væng formgerðarinnar. Fyrri áfangi af tveimur í uppbyggingu afleiðslunnar, *sL*, gengur upp og „gripíð“ er í jaðar hans þegar afleiðsla síðari áfangans, *TL*, hrynur.

Sterka tilgátan hefur því það fram yfir þá veikari að mögulegt er að tengja innskotið sögulegri þróun tiltekins umhverfis og greining á *gera* sem útskrifuðu *s*<sup>o</sup> er bein afleiðing þess að þrifíð er í jaðar fyrri lokins áfanga til bjargar afleiðslunni. Ef ekki er litið á þessar tvær tilgátur sem andstæður, eða að hvor útiloki aðra, er mögulegt að setta tvö ólík sjónarmið. Annars vegar að gjörðarstoð komi upp í tungumálum vegna þess að hún er hagkvæmari en hefðbundin sagnfærsla. Hins vegar að gjörðarstoð komi ekki upp nema það ástand skapist að hefðbundin sagnfærsla fari að lúta auknum takmörkunum. Tilgáturnar tvær endurspeglar því tvo póla. Veika tilgátan lýsir í þeim skilningi uppkomu fyrirbærisins sem tilhneigingu þar sem setningagerðin er á einhverju stigi valfrjáls. Þetta kann að vera elsta varðveitta málstig fornnorrænu og e.t.v. samgermanskur arfur. Sterka tilgátan lýsir hins vegar málfræðivæðingu á þessari tilhneigingu í mörkuðu umhverfi þar sem gjörðarstoð verður skyldubundin.

Að lokum var bent á nokkrar aðrar setningagerðir sem gætu verið færslur í brennidepilslið en hafa í yngra máli takmarkast frekar, þ.m.t. boðháttarsetningar og stílfærsla. Fráleitt er þó að ætla að þessi greiningartillaga sé hinn endanlegi sannleikur, því að nóg er um *ef* og ályktanir sem dregnar eru af fáum dæmum og óvenjulegum setningagerðum yfir langt tímabil sem rannsaka þarf betur.

## Samantekt og lokaorð

Í yfirliti 1. og 2. kafla kom fram að þær stoðsagnir með nafnhætti sem oft eru nefndar í einni andrá í handbókum mynda ekki einn samfelldan flokk. Þetta eru, auk *gera*, sagnirnar *feta*, *knega*, *nema*, *ráða* og *tjá*. Við öðru hefði verið að búast ef þeim væri einvörðungu eða fyrst og fremst beitt í bragfræðilegum tilgangi. Á þessum sögnum hefur komið fram skýr munur, bæði í lausamáli og í kveðskap. Í lausamáli er *gera* notuð til áherslu í herðandi umhverfi, líku umhverfi fyrrum hertrar neitunar með henglinum *-a/(a)t* og á hliðstæðan hátt og með andstæðuáherslu í ensku. Í þeim dæmum er aðalsögn venjulega dregin í brennidepil með vissum forskilyrðum tengdum brostnum væntingum eða einhverju óvæntu. Þessi merking var nefnd andstæðubrennidepill, sbr. einnig umræðu í §4.2.1 og §5.1.

Í dæmum um *gera* er viss formleg tvíræðni, sbr. §1.4, því að sögnin kemur einnig fyrir sem aðalsögn, t.d. með nafnorðsfyllilið. Án sýnilegs andlags er slík setningagerð tvíræð og mögulegt að nafnhátturinn sem *gera* tekur með sér sé ekki innan sömu setningar. Niðurstaða 1. kafla var hins vegar sú að *gera* eins og hún birtist í fornnorrænu með andstæðubrennidepli beri að greina á annan hátt en aðalsögnina *gera*. Þetta styður bæði skýr brennidepilsmerkingin, sem ekki er að finna í tvíræðu dæmunum, og vísbendingar í fallmörkun fylliliðar *gera*, m.a. í dæmum með sýnilegri lyftingu. Enn einn aðgreinandi þáttur milli aðalsagnarinnar og lyftingarsagnarinnar er að aðalsögninni er stundum beitt í orsakamerkingu, einkum í þýddum, norskum ritum. Notkun lyftingarsagnarinnar kemur hins vegar bæði fram í íslenskum og norskum ritum. Hún tengist ekki skiptingu í auka- og aðalsetningar, né virðist hún heldur tengjast beint B<sup>o</sup> eða öðru sæti setningar (S2), sbr. stöðu hennar í hliðskipuðu umhverfi með háttarsögn. Þetta er hliðstætt *tun* í þýsku (sbr. Gärtner & Steinbach 1994, Erb 2001, §3.1.3) og *do* í enskri málsögu (sbr. Roberts 1993, §4.1.2).

Í kveðskap er *gera* notuð í sama herta umhverfi, einkum í eddukvæðum. Í dróttkvæðum má sjá *gera* beitt í víðara samhengi en aðeins með andstæðubrennidepli, þar sem þó er oft hægt að koma auga á almennari brennidepilsmerkingu. Þrátt fyrir að þessi greining á merkingu sagnarinnar í kveðskap byggist að miklu leyti á huglægu mati, og ber að taka með þeim fyrirvara, er ótvírætt að brennidepilsmerking sagnarinnar í dróttkvæðum fer merkjanlega minnkandi á 13. og 14. öld. Í lausamáli eru einnig dæmi um slíka vægari brennidepilsmerkingu á 13. og 14. öld. Eðlilegt virðist að ætla að áherslumerking *gera* fjari út á þessu tímabili og renni saman við formlega tvíræða notkun sagnarinnar, sbr. §1.4.1. Þetta styður aukinn fjöldi dæma þar sem *gera* kemur oftast fyrir í jákvæðu umhverfi og tekur með sér nafnhátt með nafnháttarmerki. Þá eru einnig greinilegar breytingar á dæmum um gjörðarstoð í uppskriftum fornra handrita á 13. öld og síðar, sbr. §1.3, þar sem *gera* er skipt út fyrir sögn á b.v. *vilja* eða fylliliður *gera* er settur í persónuhátt og stoðsögnin fjarlægð.

Um hinar sagnirnar eru einnig dæmi í lausamáli með nafnhætti og hlutverk þeirra þar er misjafnt, sbr. §1.2.4. Um *feta* er aðeins eitt dæmi í lausamáli, í merkingunni 'geta' líkt og víðast hvar í kveðskap. Fleiri dæmi eru um *knega* og *nema*, sú fyrri er háttarsögn ('mega') en sú síðari er líklega orðasafnsbundin ('hefja, taka að'). Um *ráða* eru fjögur lausamálsdæmi en merking sagnarinnar er óljós. Um *tjá* er eitt lausamálsdæmi, sennilega í sömu eða svipaðri merkingu og *gera*. Það að þessar sagnir birtist í elsta lausamáli sýnir að þær eiga sér eðlilegt umhverfi í fornnorrænu. Líkt og með *gera* er mikil aukning dæma á 13. og 14. öld í kveðskap þar sem erfitt er að sjá að sagnirnar þjóni nokkrum málfræðilegum tilgangi, nema með *feta* og *tjá* sem hverfa úr kveðskap á 13. öld. Fyrst og fremst í yngri kveðskap, þegar sagnirnar eru horfnar eða við það að hverfa úr lausamáli, er því mögulegt að beita þeim í bragfræðilegum tilgangi.

Tiltölulega fá dæmi eru um allar þessar sagnir í kveðskap, sem dregur úr vægi niðurstaðnanna. Helsti

bragfræðilegi munur á sögnunum tengist hæfileika *gera* og *knega* til þess að taka þátt í stuðlun og stöðu þeirra í upptakti. Þetta sýnir hvort tveggja tilhneigingu til þess að þær standi á vinstri væng setningar, upp að því marki sem skil setningar og braglínu fara saman. Að þessu leyti skera sagnirnar *ráða* og *nema* sig úr, því að þær standa langsamlega oftast í hnigi á milli rísa og styrkja þannig aðalsögn í sessi í braglínu. Dæmi um *gera* og *knega* á elsta skeiði, og á meðan *gera* er beitt til áherslu í lausamáli, væru einnig einkennilega fá ef þeim væri beitt í bragfræðilegum tilgangi. Loks er rétt að nefna að munur virðist koma fram á bragarháttum. Lítið er um dæmi í kveðskap ortum undir ljóðahætti en fleiri dæmi undir fornryðislagi og dróttkvæðum hætti. Í §2.1.3 var þetta tengt eðlismun á háttunum. Í fornryðislagi og í dróttkvæðum hætti er bragfræðilegur ávinningur af stoðsögnum meiri vegna þess að orð af meiri styrkleika keppa við sagnir um áherslustöður.

Í 3. kafla var veitt yfirlit um notkun stoðsagna á b.v. *gera* í öðrum tungumálum, einkum vesturgermönsku málunum ensku, hollensku og þýsku. Einnig var vikið að hliðstæðu fyrirbæri í norður-ítalskri mállýsku, auk þess sem helstu niðurstöður málgerðafræðilegrar athugunar Jägers (2006) á slíkum setningagerðum voru reifaðar. Meginniðurstaða þessa grófa yfirlits var að gjörðarstoð með sögnum á b.v. *gera* væri nokkuð algengt fyrirbæri í tungumálum heims, þvert á það sem stundum mætti ætla af greiningum á gjörðarstoð í ensku. Fram komu sterk tengsl milli gjörðarstoðar og neitunar, áherslumerkingar og færslna á vinstri væng setningafræðilegrar formgerðar. Sýnd voru dæmi úr tungumáli, ainósku, sem hefur gjörðarstoð hliðstæða *gera*, sbr. §3.3, þar sem *ki* 'gera' er skotið inn ef sérstök áhersla er lögð á aðalsögn.

Í 4. kafla var fjallað um hefðbundnar greiningar á gjörðarstoð í ensku þar sem innskot á *do* virðist oft svo sérkennilegt fyrirbæri að það ætti vart að eiga sér hliðstæðu í öðrum mannlegum málum. Innskotið er tengt fjölda einstakra tilviljana í enskri málsögu svo sem einföldun á beygingarendingum sagna eða einföldun á táknum háttar, sem hvort tveggja átti sér þó stað í t.d. skandinavísku meginlandsmálunum og hollensku án nokkurra slíkra áhrifa. Megininntak þessara greininga var því að takmarkanir hefðu komið upp í ensku sem gerðu það að verkum að BL, sem dregur til sín allar sagnir ef beygingarþættir eru sterkir, missir styrkleika sinn og beygingarþættir verða veikir. Breytingu af þessu tagi má t.a.m. tengja gagnsæislögmáli Lightfoots (1979) þar sem flokkar sagna, eða liðir (Pollock 1989), eða þættir liða (Chomsky 1991), verða ógagnsærir eða veikir. Þegar ógagnsæri nær ákveðnum hæðum verður endurtúlkun á þessum fyrirbærum til þess að koma jafnvægi á málkerfið, með tilheyrandi málbreytingum: aðalsagnir hætta að flytjast úr sagnlið, málfræðilegar sagnir varpa eigin formlið utan sagnliðar/eru grunnmyndaðar í BL, o.s.frv.

Bæði var rætt um kenningar þar sem innskot á *do* er mjög markað og kemur aðeins fram þar sem eitthvað hindrar beygingu aðalsagnar (sbr. t.d. Chomsky 1991, 1995) og kenningar þar sem innskotið er hagkvæmt en kemur ekki fram nema í mörkuðu umhverfi þar sem til einhvers er að vinna (sbr. t.d. Arnold 1994, Vikner 2000). Meðal annars var fjallað um greiningar á neitun og andstæðuáherslu, sem stundum er talið tilheyra einum og sama formlið (sbr. Laka 1990 o.fl.). Ef áherslumerking gjörðarstoðar í ensku tengdist andstæðu- og neitunarlið kæmi hins vegar á óvart að gjörðarstoð í fornnorrænu væri aðeins með andstæðuáherslu en ekki skyldubundið með neitun. Önnur hugmynd sem minnst var á var að þessi áherslumerking tilheyrði brennidepilsið ofarlega í formgerðinni, í klofnum TL (sbr. Rizzi 1997 o.fl.).

Eins og minnst var á í 5. kafla tel ég að vænlegt væri að tvinna fyrrnefndar kenningar um andstæðulið og brennidepilsið saman. Líkt og Pollock (1989) gerir ráð fyrir að BL sé klofinn og hver liður sinni aðeins einu hlutverki (gáti aðeins einn þátt) er þá hægt að segja að í brennidepilsið sé aðeins þessi eini brennidepilspáttur gátaður, t.d. brennidepill tengdur nýjum upplýsingum. Í eða beint fyrir neðan BL, eftir því hvort BL er



talinn vera klofinn í SamrL og TíðL líkt og hjá Pollock (1989), er andstæðuliður þar sem andstæðuþættir eru gátaðir. Þar sem erfitt er að ímynda sér að hægt sé að draga upp andstæða mynd, háða forskilyrðum, án þess að setja hana um leið í brennidepil, flytjast því líðir með andstæðuþáttum áfram upp í brennidepilslið til þess að gáta þar brennidepilþætti. Af þessari samsettu greiningu leiðir nú sjálfkrafa að aðalsagnir með andstæðuáherslu þurfa að flytjast í TL/BrenniL en sú færsla er ekki möguleg í ensku. Því er *do* skotið inn í umhverfi með andstæðuáherslu sem lokaúrræði, rétt eins með öðrum færslum sem krefjast færslu í TL. Kosturinn við þessa greiningartillögu er að með þessu móti er hægt að tengja gjörðarstoð í ensku við takmarkanir á löngum færslum aðalsagnar á vinstri væng formgerðarinnar, í TL, t.d. í samræmi við þá niðurstöðu Jägers (2006) að sterk tengsl væru milli slíkra færslna og gjörðarstoðar í tungumálum heims og greiningu Benincà & Poletto (2004a) á gjörðarstoð í monnsku með gjörðarstoð í spurnarsetningum. Slíka greiningartillögu er einnig hægt að heimfæra yfir á gjörðarstoð í fornnorrænu eins og gert var í §5.1.

Með hliðsjón af þessum hugmyndum var fornnorræn gjörðarstoð greind líkt og í greiningum innan naumhyggjustefnu á gjörðarstoð í ensku. Sögninni *gera* er þar skotið inn í stað færslu aðalsagnar í brennidepilslið í mörkuðu umhverfi, þar sem andstæðubrennidepill (tvær færslur = tveir þættir gátaðir) er markaðri en brennidepill tengdur nýjum upplýsingum (ein færsla = einn þáttur gátaður). Samkvæmt tilgátu sem nefnd var veik tilgáta er innskot á *gera* hagkvæmara en færsla sagnar með merkingargrind og er því skotið inn í mörkuðu umhverfi. Samkvæmt annarri tilgátu sem nefnd var sterk tilgáta er innskot á *gera* óhagkvæmt en gripið er til þess ef færsla í brennidepilslið er farin að lúta takmörkunum. Tilgátan er á þá leið að vegna þess að færsla (fyrrum) hertrar neitunar með neitunarhenglinum *-a/(a)t* í brennidepilslið heldur áfram að vera skyldubundin þrátt fyrir að hert merking hengilsins sé horfin séu komin upp skilyrði fyrir því að telja brennidepilslið, eða þáttinn sem dregur sögnina til sín, vera veiklaðan, sbr. §5.1.2. Þetta byggist á þeirri túlkun að hengilsneituð sögn gáti ekki (aðeins) neitunarþátt í T°, sbr. Þórhall Eypórsson (2002), heldur (einnig) brennidepilþátt, til marks um herta neitun. Sú færsla sýnir á 12. öld merki þess að lúta hagkvæmniskilyrðum að því leyti að hún dregur aðeins til sín sagnir án hlutverkagrindar eða sýnir ríkar tilhneigingar í þá veru.

Ef gjörðarstoð er sannarlega skyldubundin í hertu umhverfi í fornnorrænu er í samræmi við sterku tilgátuna hægt að lýsa innskoti *gera* þannig að hrynjandi afleiðslu sé komið til bjargar, líkt og í ensku. Þessu var lýst á þann hátt að þegar afleiðslu fyrri áfanga af tveimur, uppbyggingu sL-SL, er lokið hrynji afleiðslan ef sögn með hlutverkagrind þarf að gáta bæði andstæðuþátt og brennidepilþátt. Þá hefur brennidepilsliður ekki bolmagn til þess að gáta þætti sagnarinnar, líkt og Pollock (1989, 1997) gerir ráð fyrir í ensku og Benincà & Poletto (2004a) í monnsku. Þegar afleiðsla síðari áfangans, uppbyggingu TL-BL, hrynur er jaðar fyrri lokins áfanga virkjaður og *s*° flutt í stað aðalsagnarinnar. Eftir útskrift er afleiðslan send til hljóðforms þar sem *s*° er borið fram sem sögnin *gera*, þar sem sL tengist m.a. úthlutun merkingarhlutverksins gerandi. Að lokum var bent á fleiri setningagerðir sem mögulegt væri að greina sem færslur í brennidepilslið og drög lögð að greiningu á stílfærslu þar sem krafa um frumlagseyðu í nútímamáli var túlkuð á hliðstæðan hátt og takmarkanir á færslum í brennidepilslið. Þar sé því um að ræða röð skyldra og tengdra takmarkana.

Þessi greining hefur því miðað að því að tengja saman hugmyndir um togstreitu hagkvæmni og takmarkana. Frekari rannsókna er þörf á réttmæti þess að gera ráð fyrir brennidepilslið og að sannarlega sé um að ræða færslu í slíkan lið. Með því að líta á þessar setningagerðir sem takmarkanir á færslum lengst á vinstri væng, í klofinn TL, er hins vegar mögulegt að greina glettilega lík fyrirbæri í fjölda óskyldra tungumála á hliðstæðan hátt, sem afleiðingu einnar breytingar. Þá er til allnokkurs að vinna.

# Tilvísanir

## Skammstafanir

- C&V = Cleasby & Guðbrandur Vigfússon (1874).  
DN = Unger & Huitfeldt (útg. 1874).  
F = Fritzner (1896).  
F&T = Falk & Torp (1900).  
ÍB = *Íslensk bókmenntasaga* (1992-1993).  
ÍO = *Íslensk orðabók* (2002)  
LP = *Lexicon Poeticum* (1931).  
N / N<sub>1917</sub> = Nygaard (1905) / Nygaard (1917).  
NGL = Keyser & Munch (útg. 1846).  
ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog* (1989-).  
ROH = *Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans*.  
Skj. = Finnur Jónsson (útg. 1912-15).  
STUAGNL = Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur.  
TOH = *Textasafn Orðabókar Háskólans*.

## Textar og gagnasöfn

- Andersen, Lise Præstgaard, útg. 1983. *Partalopa saga*. Editiones Arnarnæðanæ, Series B, vol. 28. C. A. Reitzel, Copenhagen.
- Bertelsen, Henrik, útg. 1905-11. *Þiðriks saga af Bern* I-II. STUAGNL XXXIV. S. L. Møller, København.
- Björn Magnússon Ólsen, útg. 1884. Den tredje og fjerde grammatiske afhandling i Snorres Edda. Tilligemed de grammatiske afhandlingers prolog og to andre tillæg. *Islands grammatiske litteratur i middelalderen* II. STUAGNL XII. København.
- Blaisdell, Foster W., útg. 1979. *Ívens saga*. Editiones Arnarnæðanæ, Series B, vol. 18. C. A. Reitzel, Copenhagen.
- Broberg, Sven Grén, útg. 1911. *Rémundar saga keisarasonar*. STUAGNL XXXVIII<sup>3</sup>. S. L. Møller, København.
- Bugge, Sophus, útg. 1867. *Norræn fornkvæði*. Islandsk samling af folkelige oldtidsdigte om Nordens guder og heroer, almindelig kaldet Sæmundar Edda hins fróða. Mallings, Christiania.
- Detter, Ferdinand, útg. 1891. *Zwei Fornaldarsögur*. Hrólfs saga Gautrekssonar und Ásmundarsaga kappabana nach Cod. Holm. 7, 4<sup>to</sup>. Max Niemeyer, Halle A. S.
- Diplomatarium Islandicum* I-X. 1857-1914. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma, máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn/Reykjavík.
- Donnini, Mauro, útg. 1988. *I "Dialogi" di Gregorio Magno*. Parafraasi in versi Latini (sec. XIII). Serie monografica di Benedictina, Sezione Monastica 5. Lorenzo De Lorenzi (ritstj.). Benedictina Editrice, Roma.
- Einar Ól. Sveinsson, útg. 1954. *Brennu-Njáls saga*. Íslenzk fornrit XII. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- Eiríkur Jónsson [E. Jónsson] & Finnur Jónsson. 1892. *Hauksbók*. Udgiven efter de Arnarnæðanske håndskrifter no. 371, 544 og 675 4<sup>o</sup> samt forskellige papirhåndskrifter. 1. hæfte. Det kongelige nordiske oldskrift-selskab, København.
- Eiríkur Rögnvaldsson o.fl. 1998. *Íslendinga sögur*. Orðstöðulykill og texti. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson (aðalritstjóri), Guðrún Ingólfsdóttir og Örnólfur Thorsson (ritstj.). 2. útgáfa. Mál og menning, Reykjavík.
- Finnur Jónsson, útg. [1898-1901]. *Heimskringla*. Nóregs konungs sögur af Snorri Sturluson III. STUAGNL XXIII. S. L. Møller, København.
- Finnur Jónsson, útg. 1900. *Landnámabók* I-III. Hauksbók. Sturlubók. Melabók m.m. Det kongelige nordiske oldskrift-selskab, København.
- Finnur Jónsson, útg. 1912-15. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*. B I-II, rettet tekst. Villadsen & Christensen, København. [Endurpr. 1967, Rosenkilde & Bagger.]
- Finnur Jónsson, útg. 1929. *Gísla saga Súrssonar*. Udgiven efter håndskrifterne af Det Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab. Gyldendal, København.

